

**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 3/2022**

**Gilsárdalsafrétt, sunnanverður**  
**Skriðdalshreppur og Breiðdalur**



**5. nóvember 2024**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b>	<b>2</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar	2
2.2	Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning	2
2.4	Mál nr. 3/2022, Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur	3
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b>	<b>7</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins	7
3.2	Kröfur vegna Geitdalsafréttar	7
3.3	Kröfur vegna Vatnsskóga í Skriðdal	8
3.4	Kröfur vegna Höskuldsstaðasels í Breiðdal	8
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b>	<b>9</b>
4.1	Inngangur	9
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	9
4.3	Vettvangsferð	10
4.4	Skýrslutökur	10
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b>	<b>11</b>
5.1	Landnám	11
5.2	Afréttir og afréttarnot	12
5.3	Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel í Breiðdal	13
5.3.1	Höskuldsstaðir í Breiðdal	13
5.3.2	Höskuldsstaðasel í Breiðdal	21
5.4	Þingmúli í Skriðdal	28
5.4.1	Múlaafrétt	36
5.4.2	Vatnsskógar í Skriðdal	39
5.4.3	Stefánsstaðir í Skriðdal	42
5.4.4	Borg í Skriðdal	44
5.4.4.1	Hjarðarhlíð í Skriðdal	47
5.4.5	Hátún í Geitdal	48
5.5	Búðartungur	49
5.6	Geitdalur í Skriðdal	51
5.6.1	Geitdalsafrétt	54
5.7	Hallormsstaður í Skógum	57
5.7.1	Gilsárdalsafrétt	66
5.8	Nærliggjandi jarðir og svæði í Breiðdal	67
5.8.1	Flaga í Breiðdal	67
5.8.2	Ánastaðir í Breiðdal	75

5.8.3	Ljósárland .....	77
5.9	Nærliggjandi jarðir í Berufirði og Hamarsfirði .....	84
5.9.1	Berufjörður í Berufirði .....	84
5.9.2	Fossárdalur í Berufirði .....	93
5.9.2.1	Eyjólfstaðir í Berufirði .....	97
5.9.2.2	Víðines í Berufirði .....	99
5.9.2.3	Eiríksstaðir í Berufirði .....	101
5.9.3	Hamar í Hamarsfirði .....	104
5.10	Nærliggjandi jarðir í Fljótsdal .....	108
5.10.1	Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal .....	108
5.10.2	Vallholt í Fljótsdal .....	115
5.10.3	Ytri-Víðivellir í Fljótsdal .....	115
5.10.4	Klúka í Fljótsdal .....	126
5.10.5	Fremri-Víðivellir í Fljótsdal .....	129
5.10.6	Víðivallagerði í Fljótsdal .....	132
5.10.7	Sturluflöt í Fljótsdal .....	134
5.11	Nærliggjandi jarðir í Geitdal og Skriðdal .....	136
5.11.1	Flaga í Skriðdal .....	136
5.11.2	Þorvaldsstaðir í Skriðdal .....	138
5.12	Eignir og ítök kirkna .....	140
5.12.1	Valþjófsstaður í Fljótsdal .....	140
5.12.2	Heydalakirkja í Breiðdal .....	144
<b>6</b>	<b>SJÓNARMÍÐ AÐILA .....</b>	<b>146</b>
6.1	Íslenska ríkið .....	146
6.1.1	Gilsárdalsafrétt .....	147
6.1.2	Geitdalsafrétt .....	147
6.1.3	Búðartungur .....	149
6.1.4	Múlaafrétt .....	150
6.1.5	Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels .....	152
6.2	Gagnaðilar íslenska ríkisins .....	153
6.2.1	Geitdalsafrétt og Höskuldsstaðasel í Breiðdal .....	153
6.2.1.1	Geitdalsafrétt .....	155
6.2.1.2	Höskuldsstaðasel í Breiðdal .....	158
6.2.2	Vatnsskógar í Skriðdal .....	160
<b>7</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR .....</b>	<b>170</b>
7.1	Inngangur .....	170
7.2	Almenn atriði .....	170
7.2.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	170
7.2.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	170
7.3	Landnám .....	173

7.4	Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur .....	173
7.4.1	Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels .....	174
7.4.1.1	Afmörkun .....	175
7.4.1.2	Eignarréttarleg staða .....	176
7.4.2	Múlaafrétt .....	179
7.4.2.1	Afmörkun .....	180
7.4.2.2	Eignarréttarleg staða .....	188
7.4.3	Búðartungur .....	193
7.4.3.1	Afmörkun .....	194
7.4.3.2	Eignarréttarleg staða .....	196
7.4.4	Geitdalsafrétt .....	200
7.4.4.1	Afmörkun .....	201
7.4.4.2	Eignarréttarleg staða .....	203
7.4.5	Gilsárdalsafrétt .....	207
7.4.5.1	Afmörkun .....	209
7.4.5.2	Eignarréttarleg staða .....	212
7.5	Um málskostnað .....	217
<b>8</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>219</b>
	VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR .....	I
	VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR .....	CXXV
	FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ .....	CXXVI
	FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ .....	CXXVII
	a) Efnisflokkun skjalaskrá .....	CXXVII
	b) Skjalaskrá í númeraröð .....	CLXI
	FYLGISKJAL III: KORT .....	CXCVI
	a) Úrskurðarkort í máli nr. 3/2022 .....	CXCVI
	b) Yfirlitskort um svæði 11 .....	CXCVI



## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 5. nóvember 2024 er tekið fyrir mál nr. 3/2022, Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson.

Aðilar máls eru:<sup>1</sup>

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendra.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmennt.)

Múlaþing vegna Geitdalsafreittar.

Björn Björgvinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Baldur Björgvinsson og Ingibjörg Björgvinsdóttir vegna Höskuldsstaðasels í Breiðdal.

(Jón Jónsson lögmaður.)

Sólmundur Már Jónsson, Ágúst Már Jónsson, Magnús Björn Jónsson, Björn Már Jónsson, Guðrún Rós Jónsdóttir, Ívar Björgvinsson og Ellert Már Jónsson vegna Vatnsskóga í Skriðdal.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

---

<sup>1</sup> Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Berufjarðar í Berufirði af hálfu Óskars Gunnlaugssonar og Baldurs Gunnlaugssonar; Eyjólfstaða í Berufirði af hálfu Öldu Jónsdóttur; Víðiness í Berufirði af hálfu Félagsbúsins Lindarbrekku ehf.; og Eiríksstaða í Berufirði af hálfu Guðnýjar Grétu Eyþórsdóttur og Hafliða Sævarssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað.

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendlög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Austfirðir (svæði 11) teknir til meðferðar

Með bréfi dagsettu 20. apríl 2021 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 11, Austfirði, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 8. október 2021 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur fimm sinnum, síðast til 25. janúar 2022.

Landsvæði þetta, hið sextánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,<sup>2</sup> tekur til sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og hluta Múlaþings.

Svæði 11 afmarkast svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að vestan afmarkast svæðið af farvegi Lagarfljóts, allt frá ósum þess á Héraðssandi að þeim stað þar sem Gilsá rennur í fljótið. Þaðan fylgja mörkin Gilsá og vesturmörkum Múlaþings gagnvart Fljótsdalshreppi þar til komið er að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar en mörkum þess og Múlaþings er síðan fylgt suðaustur til sjávar. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 11 barst óbyggðanefnd 25. janúar 2022. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt á vefsíðu nefndarinnar daginn eftir. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1.

---

<sup>2</sup> Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 11 var því sextánda og síðasta svæðið á meginlandinu þegar þarna var komið sögu.



febrúar 2022, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 6. maí 2022. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði, auk þess sem birtar voru auglýsingar í héraðsfréttamiðlum.

Kynningargögn um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, þ.e. á Seyðisfirði, Eskifirði, Egilsstöðum og Vopnafirði, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu rafrænt með beiðni um að hafa þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Ríkisútvarpið, Morgunblaðið og Bændablaðið fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 2.–3. febrúar 2022 og Múlaþing kynnti kröfurnar á vefsíðu sinni.

Tilkynningu um kröfugerð ríkisins var þinglýst á fasteignir á svæðinu 8. apríl 2022 í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var framlengdur tvisvar, síðast til 20. júní 2022. Innan frestsins bárust 32 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og eitt erindi að auki.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning á heildar kröfum fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi frá 15. nóvember 2022 til og með 15. desember 2022, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. desember 2022. Sveitarfélögum á svæðinu, þ.e. Múlaþingi og Fjarðabyggð, voru einnig send kynningargögn rafrænt og þau voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Eitt erindi barst nefndinni með athugasemdum.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók upphaflega til 25 skilgreindra svæða en við meðferð málsins féll íslenska ríkið frá kröfum til tveggja þeirra svo að eftir stóðu 23 svæði, auk þess sem gerðar voru breytingar á afmörkun nokkurra kröfusvæða.<sup>3</sup> Á móti bárust 32 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust en eftir fyrrgreindar breytingar á kröfugerð ríkisins voru samtals 25 kröfulýsingar gagnaðila ríkisins til úrlausnar.

#### **2.4 Mál nr. 3/2022, Gilsárdalsfrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur**

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 11, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 29. mars 2023, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í fjögur mál, nr. 1–4/2022, og að mál nr. 3/2022 nefndist *Gilsárdalsfrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Ljósár-*

<sup>3</sup> Í máli nr. 3/2022 fólu breytingar á afmörkun eins kröfusvæðis í sér að aukið var við kröfur ríkisins en um málsmeðferð vegna þeirrar breytingar fór skv. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.4 í úrskurði í máli nr. 3/2022.

*land*. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 3/2022 Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Valgerður Sólmes. Þá var gerð grein fyrir mati á sérstöku hæfi nefndarmanna og starfsmanns Þjóðskjalasafns Íslands sem hafði umsjón með gagnaöflun safnsins fyrir nefndina. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessi atriði.

Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 11 og stöðu málsmeðferðar. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar og vakin athygli á því að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömu leiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og m.a. upplýst að vettvangsferðir væru fyrirhugaðar síðsumars eða um haustið. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við.

Önnur fyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega 18. september 2023. Tilkynntar voru breytingar á skipan nefndarinnar í málunum, sem áður höfðu verið kynntar lögmönnum í tölvupósti, og að nefndina skipuðu í máli nr. 3/2022 Hulda Árnadóttir, Allan V. Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við breytta skipan nefndarinnar.

Greint var frá því að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um breytingar á kröfu-gerð ríkisins í málum nr. 1–3/2022 sem fólu í máli nr. 3/2022 í sér að þjóðlendlukröfulína á suðurmörkum kröfusvæðisins *Múlaafréttar* hefði verið færð að vatnaskilum samkvæmt greiningu Veðurstofu Íslands, til samræmis við kröfulínur gagnaðila ríkisins vegna Eiríksstaða, Eyjólfstaða, Víðiness og Berufjarðar í Berufirði. Kallað var eftir afstöðu þeirra lögmanna sem önnuðust hagsmunagæslu vegna viðkomandi jarða til þess hvort ágreiningi um merki viðkomandi jarða væri lokið og þeir staðfestu að svo væri.

Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar, auk þess sem kynnt var fyrirhugað skipulag vettvangsferðar 19.–21. september en lögmönnum höfðu áður verið sendar upplýsingar um þessi atriði í tölvupósti. Þá var gerð grein fyrir framhaldi málsmeðferðar, þar á meðal áformum um greinargerðarfresti málsaðila og samspili þeirra við aðra þætti málsmeðferðar en fram kom að lögmönnum yrði tilkynnt um nákvæma fresti þegar sæi fyrir endann á kerfisbundinni gagnaöflun nefndarinnar.

Vettvangsferð vegna máls nr. 3/2022 fór fram 19.–20. september 2023. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Með bréfi 13. október 2023 óskaði lögmaður íslenska ríkisins eftir því að óbyggðanefnd heimilaði að í máli nr. 3/2022 kæmi til úrlausnar aukin krafa ríkisins á suðurmörkum svæðis sem af hálfu ríkisins var nefnt Múlaafrétt, með vísan til 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í hinni auknu kröfu fólst að kröfulína ríkisins á suðurmörkum Múlaafréttar miðaðist að öllu leyti við vatnaskil í stað þess að liggja um Ódáðavötn. Óbyggðanefnd samþykkti á fundi 18. október 2023 að aukin krafa ríkisins kæmi til úrlausnar og veitti þeim sem kynnu að telja til eignarréttinda á svæðinu frest til 25. janúar 2024 til að lýsa gagnkröfum, sbr. 2. og 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en svæðið var þegar undirorpið gagnkröfu vegna Vatnsskóga. Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 var aukin krafa ríkisins og kröfulýsingarfrestur annarra kynnt með tilkynningu í Lögbirtingablaði 20. október 2023 og með blaðaauglýsingu. Einnig voru lögmennt málsaðila upplýstir um málið í tölvupósti 18. október 2023 og upplýsingar birtar sama dag á vefsíðu óbyggðanefndar.

Með tölvupósti 18. október 2023 voru lögmennt upplýstir um að kerfisbundinni gagnaöflun óbyggðanefndar teldist lokið og greinargerðarfrestir yrðu ákveðnir í framhaldinu. Gögn kynnu að bætast við síðar en þau yrðu þá send lögmenntum jafnóðum og þeim gæfist færi á að tjá sig um þau ef þeim þætti tilefni til. Daginn eftir var lögmenntum svo tilkynnt í tölvupósti að íslenska ríkið hefði frest til 22. nóvember 2023 til að skila greinargerð og að aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 20. desember 2023 til að skila greinargerðum. Síðar var frestur ríkisins framlengdur til 13. desember 2023 og frestur gagnaðila ríkisins var framlengdur tvisvar, síðara sinnið til 12. febrúar 2024.

Aðalmeðferð í málum nr. 1/2022 og 3/2022 var haldin sameiginlega 19. mars 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið væri hugsanlegt að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmennt og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsgöðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Tilkynnt var um breytt heiti á máli nr. 3/2022 sem nefndist eftir breytinguna *Gilsárdalsafreitt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur*. Einnig var gerð grein fyrir aukinni kröfu ríkisins í málinu, á suðurmörkum svæðis sem af hálfu ríkisins var nefnt Múlaafrétt, og málsmeðferð vegna hennar sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, en óbyggðanefnd hafði samþykkt 18. október 2023 að krafan kæmi til úrlausnar og upplýst lögmennt um það í tölvupósti, sbr. framangreint.

Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 1/2022 og 3/2022 sameiginlega. Lögmaðurinn tók fram að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–4/2022 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 4. nóvember 2024. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Þá gerði formaður grein fyrir því að málskostnaður sem ætlunin hefði verið að úrskurða gagnaðilum íslenska ríkisins í málunum rúmaðist ekki innan fjárheimilda óbyggðanefndar á árinu. Í ljósi þess hefði nefndin ákveðið að úrskurða um málskostnað að hluta samhliða efnislegum úrskurðum í málunum en fresta ákvörðun málskostnaðar að öðru leyti. Málin yrðu síðan endurupptekin í byrjun árs 2025 til að úrskurða um þann málskostnað sem út af stæði. Formaður lýsti því að nefndin teldi þetta ekki heppilegt en þó óhjákvæmilegt svo að unnt væri að kveða upp efnislega úrskurði í málunum á árinu 2024. Að öðrum kosti hefði nefndin þurft að fresta uppkvaðningu alfarið til ársins 2025. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemd við þetta fyrirkomulag. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>4</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í fimm svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

*Gilsárdalsafrétt:*

Upphafspunktur er þar sem Strýtilækur rennur inn í Gilsá (1). Er Gilsá fylgt suður til upptaka og þaðan eftir svæðismörkum á Hornbrynju (2). Frá Hornbrynju norður að upptökum Innri-Sauðár (3) og þaðan norður á Hraungarð eftir því sem vötnum hallar (4) að upptökum Strýtilækjar (5) sem er fylgt aftur í upphafspunkt.

*Geitdalsafrétt:*

Upphafspunktur er þar sem Fossá rennur í Geitdalsá (1) og er Fossá fylgt að upptökum í há Hraungarð (2). Frá Hraungarði suður eftir því sem vötnum hallar að upptökum Innri-Sauðár (3). Er Innri-Sauðá fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (4) og aftur í upphafspunkt.

*Búðartungur:*

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1) og er Innri-Sauðá fylgt að upptökum (2). Þaðan í hápunkt Hornbrynju á svæðismörkum (3) og suður eftir svæðismörkum að vatnaskilum (4). Vatnaskilum er fylgt að kröfusvæði ríkisins vegna Múlaafréttar (5) og þaðan í Leirdalsá (6) sem er fylgt þar til hún rennur í Geitdalsá (7) og eftir Geitdalsá í upphafspunkt.

*Múlaafrétt:*

Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá (1). Þaðan er Geitdalsá fylgt þar til hún rennur í Leirdalsá (2) og eftir Leirdalsá og í vatnaskil (3). Þaðan er vatnaskilum fylgt í Þrívörðuháls (8) og er Axará fylgt þar til Djúpagilsá rennur í hana (9). Þaðan vestur með Djúpagilsá að upptökum Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axarár (10). Frá Háups í Geitdalsá og er henni fylgt aftur í upphafspunkt.

*Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels (áður nefnt Ljósárland):*

Upphafspunktur er í Innri-Ljósá (1) og er ánni fylgt upp í fjallsbrún (2). Síðan er fjallsbrúninni fylgt alla leið á Dýrhundstind (3) og þaðan stefnu niður Járnhrygg fyrir utan Álfhól norður í Breiðdalsá (4) og er ánni fylgt þaðan aftur í upphafspunkt.

#### 3.2 Kröfur vegna Geitdalsafréttar

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Geitdalsafréttar er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, sbr. merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Frá Geitdalsá þar sem Fossá rennur í hana (1) upp með Fossá (2) og í Hraungarð (3). Að ofan ræður Hraungarður, allt inn að Innri Sauðá, sem hefur upptök sín úr Hraungarðsslakka (4) og fellur ofan í Geitdalsá (5). Þaðan út Geitdalsá (1).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

---

<sup>4</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

### 3.3 Kröfur vegna Vatnsskóga í Skriðdal

Af hálfu eigenda Vatnsskóga í Skriðdal er þess krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllu landi hennar og að heildarlandamerki jarðarinnar taki mið af byggingarbréfi, dags. 5. desember 1859, fyrir jörðina Vatnsskóga, eða Víðigrófar eins og hún nefndist á þeim tíma, og einnig samkvæmt landamerkjabréfi Þingmúla í Skriðdal með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, dags. 7. júní 1883.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands Vatnsskóga, mótmælt og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4 Kröfur vegna Höskuldsstaðasels í Breiðdal

Af hálfu eigenda Höskuldsstaðasels í Breiðdal er þess krafist að þjóðlendukröfu íslenska ríkisins verði hafnað og krafist staðfestingar á því að allt land innan eftirgreindra marka sé eignarland, sbr. merkjalýsingu og tilgreinda merkjapunkta:

Að utanverðu austan Breiðdalsár (1) um Fífilskriðulæk frá upptökum (2) þar til hann fellur í Breiðdalsá. Að norðanverðu ráða fjallseggjar (3-5) landamerkjum. Að innanverðu eru merki Merkidalur (6) og Merkigil (7), sem liggur niður úr Merkidalnum, niður í Merkilág (8) við Breiðdalsá (9). Þaðan sér í fossinn í Ánastaðagili. Aða sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðaselslands ræður Breiðdalsá merkjum (10). Að innanverðu sunnan Breiðdalsár eru landamerki um Járnhrygg (11-13) og til fjalls (14). Að utanverðu sunnan Breiðdalsár eru landamerki um innri Ljósá (15-18).

Til vara er krafist viðurkenningar á afréttareign komi til þess að einhver hluti landsins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar og framlögðu yfirliti um málskostnað.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–16 ásamt undirskjöllum, samtals 642 skjöl, auk 12 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stöð um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmonnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru jafnóðum gerð lögmonnum aðgengileg rafrænt og síðan bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni (skjals nr. 2), inngangs að sögulegri greinargerð safnsins og minnisblaða þess um tiltekin efni (skjala nr. 3(2)–3(6)), frumgagnayfirlits og jarðalista (hliðsjónargagna nr. 5–6) og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum (hliðsjónargagna nr. 7–9). Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 19. september og miðvikudaginn 20. september 2023 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Jafnframt voru með í för starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Vettvangsferðin hófst 19. september, skammt frá Höskuldsstöðum í Breiðdal. Málsaðili sagði frá Ljósárlandi og þeim skilningi heimamanna að það væri svæðið milli Innri- og Ytri-Ljósár, auk þess að greina frá ýmsum öðrum kennileitum. Ekið var til baka í átt að Höskuldsstaðaseli og numið staðar á móts við Járnhrygg, berggang sunnan Breiðdalsár sem sást vel frá veginum. Málsaðili greindi einnig frá því að árið 2006 hefði silfurberg hefði sótt innan kröfusvæðis ríkinu til viðgerða á Þjóðleikhúsinu og gerðir samningar við landeigendur vegna þess.

Ekið var yfir Breiðdalsheiði og á vegamótum við Axarveg. Þaðan sást vel yfir Djúpagilsá á norðurmörkum kröfusvæðis ríkisins á Múlaafrétt. Þaðan var ekið áfram upp Axarveg að þeim stað þar sem Axará sveigir til vesturs frá veginum í átt að Ódáðavötnum. Ekið var áfram upp Axarveg að vatnaskilum milli Skriðdals og Berufjarðar. Þar var horft yfir suðurmörk kröfusvæðis ríkisins sem kennt er við Múlaafrétt. Því næst var gert hlé á vettvangsferð í málinu.

Vettvangsferð var fram haldið miðvikudaginn 20. september 2023 á Axarvegi, við vegslóða sem liggur að Ódáðavötnum. Ekið var eftir vegslóða frá Axarvegi áleiðis að Ódáðavötnum og numið staðar á stað þar sem sást yfir hluta Múlaafréttar, Búðartungna og Geitdalsafréttar. Ekið var til baka að Axarvegi, norður eftir honum, út Skriðdal og svo inn Geitdal. Numið var staðar við Geitdalsbæinn og horft inn dalinn að kröfusvæði ríkisins á Geitdalsafrétt.

Þaðan lá leiðin yfir í Fljótsdal. Þar var ekið inn að Víðivallahálsi og upp á hann eftir línuvegi, þaðan sem sást vel yfir kröfusvæði ríkisins í Gilsárdal. Svo var ekið til baka niður línuveginn og að því búnu lauk vettvangsferð málsins.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila:

- Björn Björgvinsson vegna Höskuldsstaðasels í Breiðdal.
- Sólmundur Már Jónsson vegna Vatnsskóga í Skriðdal.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.



## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.<sup>5</sup>

### 5.1 Landnám

Í *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám í Fljótsdal, Gilsárdal, Skriðdal, Breiðdal og Berufirði:

Graut-Atli nam ena eystri strönd Lagarfljóts allt á milli Giljár og Vallaness fyrir vestan Øxnalæk.

[...]

Þorgeirr Vestarsson hét maðr gofugr; hann átti þrjá sonu; var einn Brynjólfr enn gamli, annarr Ævarr enn gamli, þriðri Herjólfur. Þeir fóru allir til Íslands á sínu skipi hverr þeira. Brynjólfr kom skipi sínu í Eskifjörð ok nam land fyrir ofan fjall, Fljótsdal allan fyrir ofan Hengiforsá fyrir vestan, en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðudal allan, ok svá Völluma út til Eyvindarár ok tók mikit af landnámi Una Garðarssonar ok byggði þar frændum sínum ok mágum.

[...]

Ævarr enn gamli bróðir Brynjólfs kom út í Reyðarfirði ok fór upp um fjall; honum gaf Brynjólfr Skriðudal allan fyrir ofan Gilsá; hann bjó á Arnaldsstöðum; hann átti tvá sonu ok dætr þrjár.

Ásröðr hét maðr, er fekk Ásvarar Herjólfsdóttur, bróðurdóttur Brynjólfs ok stjúpdóttur; henni fylgðu heiman öll lönd milli Gilsár ok Eyvindarár; þau bjöggu á Ketilsstöðum.

[...]

Hrafnkell hét maðr Hrafnsson; hann kom út síð landnámatíðar. Hann var enn fyrsta vetr í Breiðdal, en um vartit fór hann upp um fjall.

[...]

Ævarr var fyrst í Reyðarfirði, áðr hann fór upp um fjall, en Brynjólfr í Eskifirði, áðr hann fór upp at byggja Fljótsdal, sem áðr var ritat.

[...]

---

<sup>5</sup> Þessi kafli er að mestu byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 26. júní 2024, sem lögð var fram sem skjal nr. 3(2), sbr. einnig eldri gerð hennar, skjal nr. 3(1), dags. 14. júlí 2023. Þó hefur verið felld brott eða stytta umfjöllun um sumar heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar, sbr. einnig yfirlit um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar og jarðalista, hliðsjónargögn nr. 5–6. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 7–9, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram. Tilvísanir til skjalsnúmera vísa til skjalaskrár í fylgiskjali II en nánari upplýsingar en þar eru skráðar um uppruna skjala er að finna í heildarskilabréfi og greinargerð Þjóðskjalasafnsins.

Hjalti hét maðr, er nam Kleifarlönd ok allan Breiðdal þar upp frá; hans son var Kolgrímur, er mart er manna frá komit.

[...]

Herjólfir bróðir Brynjólfs nam Heydalalönd fyrir neðan Tinnudalsá ok út til Ormsár; hans son var Qzurr, er Breiðdælir eru frá komnir.

[...]

Þjóðrekr hét maðr; hann nam fyrst Breiðdal allan, en hann stókk braut þaðan fyrir Brynjólfi ok ofan í Berufjörð ok nam alla ena nyrðri strönd Berufjarðar ok fyrir sunnan um Búlandsnes ok inn til Rauðaskriðna öðrum megin ok bjó þrjá vetr þar, er nú heitir Skáli. Síðan keypti Björn enn hávi jarðir at honum, ok eru frá honum Berufirðingar komnir.<sup>6</sup>

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Hinn 4. júlí 1892 var sett reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil m.fl., nr. 105/1892. Þar segir m.a.:

12. gr.

Afrjett er þar, sem venja hefur verið, enda sje eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri, og eptir því skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. [...]

13. gr.

Hver búandi er skyldur til að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, sem hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafjett ellegar á afrjett annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu í heimalandi. [...] Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu frá þessari reglu, þar sem afrjettarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.<sup>7</sup>

Samsvarandi texti er í fjallskilareglugerðum frá árunum 1919 og 1936.<sup>8</sup>

Hinn 6. apríl 1920 skrifaði Ari Brynjólfsson í Breiðdalshreppi bréf til sýslumanns Norður-Múlasýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar hans var að enginn almenningur og ekkert afréttarland væri í hreppnum sem ekki tilheyrði einhverju lögbýli.<sup>9</sup> Sölvi Vigfússon í Fljótsdalshreppi svaraði fyrirspurninni á sömu leið með bréfi dagsettu 22. maí 1920.<sup>10</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.<sup>11</sup> Oddviti Breiðdalshrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 21. mars sama ár og sagði enga afrétti vera í hreppnum.<sup>12</sup> Oddviti Vallahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 27. apríl sama ár. Þar er fjallað um tvo afrétti. Annars vegar Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Hins vegar Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár. Um afmörkun segir eftirfarandi:

<sup>6</sup> *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 296, 298–299, 307–309, skjal nr. 4(7).

<sup>7</sup> Skjal nr. 4(9).

<sup>8</sup> Skjöl nr. 4(10)–4(11).

<sup>9</sup> Skjal nr. 2(319).

<sup>10</sup> Skjal nr. 2(318).

<sup>11</sup> Skjal nr. 2(371).

<sup>12</sup> Skjal nr. 2(373).

Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.

Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m.vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hræfar-skörð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.<sup>13</sup>

Oddviti Skriðdalshrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 13. nóvember sama ár. Þar segir að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múla-afrétt og Geitdalsafrétt. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Liggja þær suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð.<sup>14</sup>

### 5.3 Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel í Breiðdal

#### 5.3.1 Höskuldsstaðir í Breiðdal

Með kaupbréfi dagsettu 20. ágúst 1457 þar sem Guðmundur Magnússon keypti jörðina Höskuldsstaði af sr. Jóni Pálssyni, og galt þar fyrir með jörðinni Tungu í Fáskrúðsfirði og lausafé, kemur fram að:

Jön sagde Höskuldstader ætte. skögarteig firir sunnann vatnzfötinn. oc Prætutungur firir sunnann ána í Breiddal. enn hálf firir nordann tungurnar. oc land allt i Raudatindz-gijl.<sup>15</sup>

Hinn 12. maí 1601 vitnaði Hjálmur Einarsson að hann hafi verið viðstaddur þegar Sturli Jónsson gaf Árna syni sínum á brúðkaupsdegi jörðina Höskuldsstaði. Í skjalinu er fjallað um land handan Breiðdalsár, þ.e. sunnan við hana, og er sú lýsing svohljóðandi:

Kom þá til tals. ad su sama fyrirskrifud jörd ætte yfer umm Breiddals ä takmarkad land ä millum järnhryggs oc liösär hinnar ytre.<sup>16</sup>

Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir frá vitnisburði frá 1633 um að Sturli Jónsson hafi gefið Árna syni sínum Höskuldsstaði á brúðkaupsdegi. Svo virðist sem sá gjörningur hafi átt að hafa farið fram 22. ágúst 1457. Þá segir einnig frá vitnisburði frá 12. maí 1601 um að sr. Hjálmar Einarsson hafi gefið Brynjólfi Árnasyni vitnisburð um gjörninginn frá 22. ágúst 1457.<sup>17</sup>

Árið 1603 vitnaði Egill Ásbjörnsson um landamerki Höskuldsstaða. Í skjalinu segir eftirfarandi:

ad eg hef alldreii heyrnt eda vitad annad sannara en jórden Hoskuldstader hafe ätt takmarkad land fyrir sunnann äna i Breiddal. framm ä järnhrygg er liggur uppi fialled. ofann ad gotumm. skamt fyrir utann Alfhöl og uti liosäna ytre oc var ieg vidstaddur oc til vitnis

<sup>13</sup> Skjal nr. 2(485).

<sup>14</sup> Skjal nr. 2(372).

<sup>15</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 15–17; V, bls. 154–155; skjöl nr. 4(25)–4(26).

<sup>16</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>17</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

tekinn. af Asbirni Þorsteinssyni þá minn faðir Asbiorn Arnason selde honum jörðena Flógu í Breiddal sex hundrud ad dyrleika. med tilteknu takmorkudu lande. framm i liosána ytre. þui hann lyste þui fyrir honum ad jördenn Höskuldstader ætte landed framann ad þessare liösa ytre oc framj jarnhrygg. sem jeg hef adur vitne umm bored. oc þetta hefur haft oc hallded vered atolulauust meir enn i fiorutýge ár.<sup>18</sup>

Hinn 4. maí 1613 vitnaði Halldór Mikaelsson um landamerki Þorgrímsstaða gagnvart Höskuldsstöðum. Halldór kvaðst hafa verið byggð jörðin Þorgrímsstaðir af sr. Einari Magnússyni og þá aldrei lengra út en í Rauðatindsgil. Í skjalinu segir enn fremur:

Þui bygge eg þier ecke leingra enn i þetta sama Raudatindzgil. það liggur gagnvart uppi fialled. oc stendst ä vid fossinn i Anastada gili. Þui hefe eg þetta land fyrir utan raudatindsgil i leyfe Brynjólfs Arnasonar. enn ecke neins anars haft þau är sem eg hefe bued ä Þorgrýmstóðum. oc þetta hefur hallded vered eign jardarennar Höskuldstada i þau xx är edur meir. sem eg hefe vered fyrir sunnann Breiddalsheide.<sup>19</sup>

Svipuð lýsing kemur fram í vitnisburði Marteins Magnússonar frá 1619 um landamerki Þorgrímsstaða.<sup>20</sup> Í vitnisburði Ívars Magnússonar frá sama ári segir eftirfarandi:

So felldann vitnisburd ber eg Jvar Magnuszon Brynjólfe Arnasyne i klárumm sannleika. ad eg hef alldrei huorke heyrnt nei vitad anad sannara enn jördenn Höskuldstader ætte land allt fyrer nordan ana i Breiddal. fram i Raudatindzgil. Þetta hefur haft ~~eg~~ oc hallded vered eign jardarennar Höskuldstada meir enn i xx är ätölulauust oc þetta Raudatindzgil firrskrifad stendur gagnvart vid fossinn i Anastadargile. oc þeim sómu landamerkiüm lýste Brandur heitinn B'rgerszon opt sinnes fyrer mier. ad sier hefde i þetta sama Raudatindzgil bigt vered af Sturla h(eitnum) Jonssyne. oc til sannenda hier umm. set eg mitt jnnsigle fyrir nedan þetta ~~mitt~~ vitnisburdar bref. So og heyrdi eg Sighuat h(eitinn) Einarsson lya þui fyrir mier. ad sier hefde bigt vered ad þessum sómu landamerkiüm. framm i þetta firrnefnt Raudatindzgil. Anno 1619.<sup>21</sup>

Í vitnisburði Jóns Þorlákssonar frá 1620 um land Höskuldsstaða segir:

Suo felldann vitnisburd ber eg Jon Þorlakszon umm landeign jardarennar Höskuldstada i Breiddal. epter þui sem eg heyrdi minn saluga fodur seigia oc adra ellstu menn sem þar var kunnugt ~~um~~ til. ad Höskuldstadir ættu land med ummerkium þessum. i það stora gil fyrir utan bæenn. siönhending uppi fialled. og ofann i Breiddals ä. og fram i Raudatindsgil. gagnvart vid fossinn i Anastada gile. enn fyrir sunnann äna i Breiddal eiga Höskuldstader tilteked takmarkad land. uti liosána ytre. og framm i jarnhrygg. oc liggur þesze same hryggur uppi fialled og ofan ad gotum hart nær. skamt fyrir utan alfhöl kallad er. hefur þetta haft oc halldist vered rietteleg landeign fyrrgreindra Höskuldstada atölulauust i öll þau är sem sem eg hef tilvitad i Breiddal. oc hef eg tilvitad oc i Breiddal vered optast sýdan eg var týu vetra. oc hef eg nu fimmtan vetur umm sextýge ár. Suo lýste minn saluge fader fyrer mier ad þä hann kom fyrst i Breiddal. sagde hann þar hefde ellste madur vered ad nafne Hallsteirn Hialmson. oc hefde sagt oc lyst fyrir sier ad jörden Höskuldstader hefði alt ad þessum fyrrskrifudumm landamerkiüm atölulauust.<sup>22</sup>

Í landamerkjabréfi jarðanna Jórvíkur og Höskuldsstaða í Breiddal, dagsettu 24. ágúst 1645 og samþykktu af Brynjólfi biskupi Sveinssyni vegna Berufjarðarkirkjujarðarinnar

<sup>18</sup> Skjal nr. 2(150). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

<sup>19</sup> Skjal nr. 2(150). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>21</sup> Skjal nr. 2(150). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

<sup>22</sup> Skjal nr. 2(150). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

Jórvíkur í Breiðdal og af Sturlu Brynjólfssyni vegna Höskuldsstaða og síns föðurs Brynjólfs Árnasonar, segir um landamerkin:

Landamerki fyrrskrifadra Jarda j Mille, ur Gili því er næst Rennur Höskuldstöðum því Stædsta, þar það Rennur Rettsynis ofan j Â, og so Retta siön he[n]ding er vid äna stendur ur því i fiäll upp, Enn afsögdu á bádar Sydur alla Buge og Skacka Hvorre ä annars land, og skylde Hver umm sig byggia og bruka Ätölulaust i allann mäta af þeim i möti vid ætte. Skylldu Menn Siönhending taka Nidur Vid B[r]eýdDals A, ur Midre Eýre þeirre, er Giled fellur Vid Ana, og so upp i Giled sem þar rædur i Öpenn Gliufuren, og so rett i fiäll upp.<sup>23</sup>

Hinn 24. maí 1684 vottaði Jón Þorláksson sýslumaður landamerkjabréf Jórvíkur og Höskuldsstaða frá 24. ágúst 1645.<sup>24</sup>

Bréfið var auglýst á manntalsþingi að Heydölum 24. maí 1687.<sup>25</sup>

Hinn 10. mars 1685 vitnaði Jón Einarsson að hann vissi engin réttari skjöl um landamerki Höskuldsstaða en vitnisburðarskjölin frá 1457, 1601, 1603, 1613, 1619 og 1620.<sup>26</sup>

Hinn 11. nóvember 1685 gaf Jón Þorláksson land milli Ljósáanna í Breiðdal. Í afriti af gjafabréfinu frá 25. júní 1883 segir að gjafabréfið hafi verið lesið við lögpingsrétt við Öxará 11. júlí 1720 og við rétt að Berunesi 12. júní 1732. Í afritinu segir:

Það gjöri eg Jón Thorláksson eignarmaður þeirra jarða Höskuldsstaða í Breiðdal og Flögu samastaðar, að Höskuldsstaðir skulu sjer ei eigna land yfir við eða í millum Ljósáanna, hvað eg gef Flögu með frí og frelse og henni skal héðan af tilheyra epter (skjölum?) sem eg ..... og mína eign vera. Hér á móte (eiga?) Höskuldsstaðamenn fríabeit og grasatekju fyrir (sunnan?) sig yfer um ána í þetta land, nær um nauðsynjar. Þetta staðfeste eg með minni egin hende og signete hér að neðan í votta viðrvist, sem sín nöfn ásamt mínu þar að neðan hér under setja.<sup>27</sup>

Hinn 17. október 1687 fékk Jón Þorláksson Gísla Eiríkssyni lögréttumanni Höskuldsstaði til eignar, tíu hundruð að dýrleika.<sup>28</sup>

Í lögfestu sr. Salómons Björnssonar fyrir Ljósárlandi, dagsettri 25. maí 1791, segir eftirfarandi um réttindi ábúanda Höskuldsstaða í Breiðdal:

Herámöte má Ábuande Höskuldstada i Breiddal Löglega nota ser Þá Jskyldu, er Höskuldstader eiga i ofann greint Liósaarland, sem er Frí=Beit, og Grasatekia, nær umm Nauðsyniar. Þó fyrirbyð eg Ydr Biörn Jónsson, ábuande Höskuldstada i Breiddal Skógarhögg i Liósárlande, og allar adrar Landsnytiar, er ey tilheyra áminstre Jskildu i Landed, under Áverka og Landnáms-Bætur.

Eirninn, fyrirbid eg Ydur Biörn Jonsson ofmikla, Jsetning Búfiár edur annara gripa i Liósarland, Vetur og Sumar hereffter, ad somiklu leite sem su sama mætte skada kirkunnar Rett, Edur þena til Underþrickingar Landseta Minum á Flögu Þorde Hildebrands-syne, hvörn eg lýse eiga mejre Rett til Brukunar og Búfiár Jtölu i Liósárland enn Ydur<sup>29</sup>

<sup>23</sup> Skjal nr. 2(171). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

<sup>24</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2(171).

<sup>26</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>27</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>28</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 275, skjal H-10.

<sup>29</sup> Skjal nr. 2(175).

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Höskuldsstaðir metinn níu hundruð. Eigandi jarðarinnar var Gísli Halldórsson í Njarðvík.<sup>30</sup>

Í byggingarbréfi fyrir Flögu í Breiðdal, dagsettu 21. október 1824, er fjallað um nytjar frá Höskuldsstöðum:

Er Hós[kuld]sstad[a]bon[d]a tilskilin Frý Grasa[tekj]a og [bei]t Firer Fie [...] na[...] [ed]ur ej Skogvidarkropp sier til Eldevid[ar] [...] lande so firerbydst hón[umm] ad leifa [mönn]umm Skogaryrking ed[ur] kolagjórd i tiedumm synumm leygumala ejnasta [ad] H[a]jnn no[te] sier Skogenn med mestu sparseme til sinar ejgenn Hussbrúkunar<sup>31</sup>

Við manntals- og skattaþing að Heydölum 5. maí 1827 var þinglesinn samningur, dagsettur 12. nóvember 1826, þar sem ekkjan Helga Þorvarðardóttir gaf syni sínum, Þorvarði Gíslasyni, sinn part í jörðinni Höskuldsstöðum gegn því að hann sæi um hana hennar lífstíð.<sup>32</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 7. júní 1833 var þinglesið afsal, dagsett 30. maí 1833, hvar bóndinn Þorvarður Gíslason seldi Jónasi Magnússyni eitt hundrað í jörðinni Höskuldsstöðum fyrir 30 spesíur.<sup>33</sup>

Hinn 3. mars 1840 seldi Þorvarður Gíslason tvö hundruð í jörðinni Höskuldsstöðum til sonar síns Gísla Þorvarðssonar. Kaupbréfið var þinglesið á manntalsþingsrétti að Heydölum þann 29. júlí 1840. Sérstaklega var getið um að Þorvaldur hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir því selda.<sup>34</sup>

Hinn 26. maí 1843 gaf Þorvarður Gíslason sonum sínum, Gísla og Brynjólfi, tvö hundruð hvorum í jörðinni Höskuldsstöðum, fjögur hundruð samtals. Dætrum sínum, Ragnheiði, Helgu og Ingibjörgu, gaf hann þrjú hundruð í Höskuldsstaðaseli, eitt hundrað hverri. Gjafabréfið var þinglesið að Heydölum þann 7. júní 1843. Sýslumaður gat þess að Þorvarður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir téðum jarðar-pörtum.<sup>35</sup>

Hinn 7. ágúst 1843 seldi Brynjólfur Þorvarðarson bróður sínum Gísla Þorvarðarsyni tvö hundruð í jörðinni Höskuldsstöðum. Kaupbréfið var þinglesið á manntalsþingsrétti að Heydölum þann 18. júlí 1844.<sup>36</sup>

Hinn 12. júní 1846 riðu eigendur Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, Gísli Þorvarðarson og Jónas Magnússon, ásamt skoðunarmönnum á land og engjar nefndra jarða til að skipta þeim, hagbeit, skógi og landsnytjum. Skiptin voru ákvörðuð þannig:

Skiptinn eru þannig sem fylgir að hlutadeigendur ásamt nefndum skoðunarmönnum komi sér samann um að Höskuldstaðir 6 hndr. að dýrleika ættu að utann, frá Jorvikur-land á merkium í fialli, inni svo kallad ytsta blágil, og utog nidur í leyrfoss á Sel gliufri, þaðann í brattamel, þaðann í ein bua svo í svarta klett útog ofann torfflaga mýri og í djupa grafning sem liggir fyrir utann selbæinn, svo ur nedra enda grafningsins og inn

<sup>30</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2(177).

<sup>32</sup> Skjal nr. 2(450).

<sup>33</sup> Skjal nr. 2(451).

<sup>34</sup> Skjöl nr. 2(82) og 2(423).

<sup>35</sup> Skjöl nr. 2(83) og 2(445).

<sup>36</sup> Skjal nr. 2(85) og 2(403).

eptir gjörðum vörðum frammi Sellæk og svo nidur í breiddals á Enn Höskuldstaðasel<sup>4</sup>  
hndr. ad dyrl á land allt ur ~~stra~~ nynefundum landamerkjum inntil Þorgrimstada landamerkja.

—

Samt til adgjætslu við þessi Skipti komu hlut ad eigendur ser saman um ad Höskuldstada bondi Skuli hér eptir hafa frya kua og nauta gaungu í svo kölludum Selflóa, móti því ad Sel bondi hafi til slægna ~~svo nefndann~~ Eingi það er Höskuldstadir eiga fyrir innan Fífilskridu læk og nedann brir, samt leyfiss Selbónða ad veria med varad nynefnt einga stikki einkum í nedra, nl. frá fardögum til þess 29<sup>u</sup> vikur af Sumri

—

landstikki það er liggur fyrir Sunnan breiddals ána, millum Jarn hriggs og innri ljósár samt ítak í liosár landi nóta hvöru tveggju eptir Jardar magni<sup>37</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Höskuldsstaðir metin níu hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður álíti fjögur hundruð af mati Höskuldsstaða tilheyrta hjáleigunni Höskuldsstaðaseli.<sup>38</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel:

12 Höskuldsstaðir

með afbýlenu Höskuldsstaðaseli sem talid er 4<sup>hndr.</sup> Eingenn landamerki eru á milli bæanna, og er því ad meta bádar þessar jardir í einulagi. Túnin, einkum á heimajörðunni eru í betralagi, eingiar allnægar, fremur landlétt, og landþraungt, ekkert sumarland fyrir géldfé, lítil vetrarheit. Þessar jardir meta vyrdingarmenn saméginlega á 600<sup>rbd.</sup> (Er N9 supra)<sup>39</sup>

Í bréfi sr. Péturs Jónssonar á Berufirði til sýslumanns, dagsettu 5. mars 1850, er fjallað um Ljósárland í tengslum við jarðamat á Flögu í Breiðdal. Sr. Pétur sagði ábúanda Flögu hafa gefið sér til kynna að við gerð jarðamatsins hafi eigandi Höskuldsstaða þótt vafi á hvorri jörðinni landið tilheyrði, Höskuldsstöðum eða Flögu. Af því tilefni sendi sr. Pétur inn skjöl til að sanna að Ljósárland tilheyrði Flögu en ekki Höskuldsstöðum.<sup>40</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 6. júní 1851 mótmælti Gísli Þorvarðarson, bóndi á Höskuldsstöðum, lögfestu Péturs Jónssonar prests í Berufirði fyrir Ljósárlandi í landi kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal, þar sem hún hafi ekki verið samkvæmt máldögum sem hann hafði fyrir Höskuldsstaðalandi.<sup>41</sup>

Með skjali dagsettu 15. desember 1865 bannaði Gísli Þorvarðarson á Höskuldsstöðum Ragnheiði Þorvarðardóttur í Höskuldsstaðaseli að byggja engjastykki fyrir innan Fífilskriðulæk og neðan brýr, sem hann hafði léð manni hennar Jónasi heitnum Magnússyni.<sup>42</sup>

Hinn 16. febrúar 1866 skrifaði Gísli Þorvarðarson á Höskuldsstöðum til sáttanefndar Breiðdalssáttaumdæmis um að taka fyrir mál hans og ekkjunnar Ragnheiðar Þorvarðar-

<sup>37</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>38</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

<sup>39</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>40</sup> Skjal nr. 2(254).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(386).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2(93).

dóttur. Gísli skýrði frá því hvernig í kjölfar skipta milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels árið 1846 hefði Jónas heitinn Magnússon fengið að nýta landstykki fyrir innan Fífilskriðulæk og neðan brýr og síðar ekkja hans, áðurnefnd Ragnheiður. Ragnheiður hafi hins vegar byggt öðrum jörð sína Höskuldsstaðasel og þar með nefnt landsvæði sem væri eign Gísla. Sáttanefnd tók málið fyrir á fundi þann 24. febrúar 1866 en sáttatilaun reyndist árangurslaus.<sup>43</sup>

Hinn 28. febrúar 1866 skrifaði Gísli Þorvarðarson til sýslumanns og óskaði eftir að hann tæki fyrir mál sitt og Ragnheiðar Þorvarðardóttur. Í bréfinu sagði Gísli að hann hefði frétt að Ragnheiður væri búin að byggja Höskuldsstaðasel og þá með því landsvæði sem tilheyrði sér. Í kjölfarið hafi hann reynt að leita satta um málið sem ekki hafi gengið eftir. Í lok bréfsins segir:

En ef það álízt að jeg geti ekki eptir nefndum skiptagjörning, tekið engið án þess að gjörningurinn sje upprofinn – þá uppástend jeg í öðrulagi: að skipt sje ~~landi~~ með dómi, landstærð eptir dýrleika hvorrar jarðar, og að landstykki það er liggur fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri ljósár og járnhryggs, og sem er mótsvið Sel land utan til, verði skipt Seli. – og í þriðja lagi: að ekkjan R. Þorvarðsdóttir, sje skylduð til, eptir málavoxtum að borga allann af sök þessari leiddann og leiðandi kostnað, þar hún hefur hafnað satta boðum mínum<sup>44</sup>

Hinn 22. maí 1866 stefndi Gísli Þorvarðarson ekkjunni Ragnheiði Þorvarðardóttur á Höskuldsstaðaseli vegna þess að hann ætlaði að brúka til afnota undir Höskuldsstaði engjastykki það, eða engi, er lá milli Sels og Fífilskriðustekks, fyrir neðan brýr, sem hann samkvæmt samningi eða skiptum, er þann 11. júní 1846 gjörðist milli hans og nú látins manns Ragnheiðar, Jónasar Magnússonar, þóttist vera eigandi að og hafa umráð yfir. Ragnheiður hafi hins vegar án samþykkis eða heimildar byggt öðrum manni ásamt Höskuldsstaðaselslandi.<sup>45</sup>

Hinn 31. júlí 1866 var að ósk bændanna Gísla Þorvarðssonar og Guðna Jónssonar riðið engjar og álitin landstærð eftir gjæðum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Fram kemur í skjalinu að heimajörðin Höskuldsstaðir var álitin sex hundruð að dýrleika en afbýlið Höskuldsstaðasel fjögur hundruð. Um landamerki segir:

Því næst var riðið yfir eingjar og álitin landstærð eptir gjæðum, urðu því allir álitismenn samkvæmir: að Selá skuli ráða landamerkjum milli áðurnefndra Jarða eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögu allt ofan í Gljúfur – og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og út og ofan melhryggina fyrir ofan Seltúnið, allt í lángaGrafning fyrir neðan Reiðgötur og þaðan frá nýgjörðri vörðu beina sjónhending ofan mírana í aðra nýja vörðu á bakkanum við Breiðdals á. – Enn beitarlandsstikkið fyrir sunnan ána: milli innri Ljósáar og Járnhryggs, skuli brúkast frá báðum Jörðunum sameiginlega eptir Jarðar tiltölu.<sup>46</sup>

<sup>43</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(145).



Í maí 1883 skráði Einar Gíslason lýsingu um landamerki milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Björn Eiríksson undirritaði samþykki fyrir lýsingunni sem er svohljóðandi:

Landamerki milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels eru þessi:

Selá ræður landamerkjum eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögum allt ofaní gljúfur, og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og Einbúa og út og ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaselstúnið og alt í Langagrafning (nú Mógrafning) fyrir neðan reiðgötur og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð sem er á bakkanum við Breiðdalsá. –

Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá milli innri Ljósár og Járnhyggs nota báðar jarðirnar sameiginlega og tiltölulega eptir jarðardýrleika. –<sup>47</sup>

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er í skjölum Breiðdalshrepps varðveitt skjal sem fjallar um landamerki Flögu og lands sem Höskuldsstaðir eigi fyrir sunnan Breiðdalsá. Skjalið er dagsett 19. maí 1883 og undirritað af Einari Gíslasyni á Höskuldsstöðum. Sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði undirritaði skjalið 1. júní sama ár en efni þess er svohljóðandi:

Landamerki milli Flögu og lands þess sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá samkvæmt máldögum á kálfskinni með 5 hangandi innsiglium dagsettum 7. apríl 1686 er: ytri-Ljósá. –

Höskuldsstöðum 19. maí 1883

Einar Gíslason

(ábúandi og eigandi ½ jarðarinnar)

Ofanskriðuðum landamerkjum milli kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá, mótmæli jeg undirskrifaður alveg, því nú í nær því 200 ár hefur Jnnri Ljósáin verið landamerkin milli hins svokallaða Ljósárlands, sem heyrir undir Flögu og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstöðum tilheyrir fyrir innan Jnnri Ljósána samkvæmt gjafabréjfi Jóns sýslumanns Þorlákssonar dagsettu 11. nóv. 1685, lögfestum og öðrum skilríkjum.

Berufirði 1. júním. 1883

Þ Þórarinnsson

Land það fyrir sunnan Breiðd.á sem er fyrir utan innri Ljósá og Ljósár land nefnist hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða og umráðamaðr Flögu presturinn í Berufirði – gjört samning/um dagsettan 23. október ~~fa~~ 1884 og er sá samningur staðfestur samþykktur af stipt yfiröldunum þ. mán 188 og hljóðar þannig<sup>48</sup>

Hinn 23. október 1884 gerðu Einar Gíslason og H. Bjarnarson, eigendur Höskuldsstaða, og sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði svohljóðandi samning um skipti á Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal:

Vjer undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í

<sup>47</sup> Skjal nr. 2(144).

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(146).

Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri Ljósá fyrir sunnan Breiðdalsá og í vörðu, sem stendur utan til á hinum svokallaða Svartabakka fyrir utan svokallaðan Ljósálæk og þaðan skáhallt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum merkigontu upp í Ketilhnúk og þaðan beint uppí fjallseggjjar, en sá partur Ljósarlandsins, sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.<sup>49</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Höskuldsstaða er dagsett 23. júní 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Heydölum 29. júní 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki milli Höskuldsstaða og Jórvíkur er bein sjónhending úr miðjum Áraurum fyrir utan Höskuldsstaði uppúr árgilinu fyrir utan túnið, eptir merkivörðum í ytra „Klofagil“ og í „Breiðatindakoll“.

Eptir það ráða fjallseggjjar landamerkjum innað Seldalsstafni og Selá eptir það því sem hún fellur úr Seldalsdrögum, allt ofan í gljúfur, og þaðan út brúnina fyrir neðan „Fornustekka“ og „Einbúa“ og út að ofan melhrigginn fyrir ofan Höskuldsstaðasels-túnið og allt í „Langagrafning“ (nú „Mjóagrafning“) fyrir neðan reiðgötur, og þaðan beina sjónhending ofan í „Merkjaskurð“, sem er á bakkanum við Breiðdalsá. –

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Járnhriggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaði – og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadyrleika

Land það fyrir sunnan Breiðdalsá –, sem er fyrir utan innri „Ljósá“ – og Ljósárland nefnist – hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða, og umráðamaður Flögu – presturinn í Berufirði – gjört samning um, og ákveðið landamerki, 23. dag októbermanaðar 1884, og er sá samningur samþykktur af styptisyfirvöldunum 4. marts. 1885.

Samningur hljóðar þannig:

„Vjer undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða „Ljósarlandi“, milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri „Ljósá“ fyrir sunnan Breiðdalsá – og í vörðu, sem stendur utantil á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósálæk“ og þaðan skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu, og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum „Merkigontu“ – uppí „Ketilhnúk“ og þaðan beint uppí fjallseggjjar; en sá partur „Ljósarlandsins“ sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.“

Höskuldsstöðum 23. júní 1885,

Einar Gíslason (eigandi hálfra Höskuldsst.)

Sigurður Hallsson (ábúandi Ánastaða)

H. Bjarnarson (eigandi hálfra Höskuldsstaða)

Hjer að framangreind landamerki milli Höskuldsstaða og kirkjujarðanna Jórvíkur og Flögu í Breiðdal, samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðarkirkju.

Berufirði 26. júní 1885

Þ. Þórarinsson.

Björn Eiríksson (ábúandi Höskuldsstaðasels).<sup>50</sup>

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(149).

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(9).

Við manntalsþing að Heydölum 20. júní 1892 var þinglýst afsalsbréfi, dagsettu 30. maí 1892, hvar erfingjar Einars sáluga Gíslasonar frá Höskuldsstöðum seldu Einari bónda Gunnlaugssyni hálfu Höskuldsstaði, þrjú hundruð að fornu mati, fyrir 1.863 kr.<sup>51</sup>

Með kaupsamningi dagsettum 29. júní 1903 seldi Hóseas Bjarnason Einari Gunnlaugssyni háflendu Höskuldsstaða, 8,1 hundruð að dýrleika að nýju mati, fyrir 2.000 kr.<sup>52</sup> Afsal fyrir eigninni er dagsett sama dag en það var þinglesið 4. júlí 1903.<sup>53</sup>

Með kaupsamningi dagsettum 29. júní 1903 seldi Einar Gunnlaugsson á Höskuldsstöðum Marteini Björnssyni, vinnumanni í Höskuldsstaðaseli, 1/8 hluta úr jörðinni Höskuldsstöðum fyrir 500 kr. Í afsalinu, dagsett sama dag, er getið um afmörkun og einnig sameignarstykki Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels sem sé sunnan Breiðdalsár. Þar segir:

Enn fremur skal þess getið, að jarðarhundruð þessi falla innan af Höskuldsstaða landareign, þannig: að Fífilskriðulækur ræður landamerkjum millum Höskuldsstaðasels og Höskuldsstaða, frá upptökum til Breiðdalsár. Einnig fylgir sameignar stykki tédra jarða, sunnan Breiðdalsár, sem eru 2/3 úr nefndu stykki, og ræður Ynnriljósá að utan en Járnhryggur að innan, merkjum sameignar lands þessa.<sup>54</sup>

Afsalsbréf fyrir eigninni var þinglesið við manntalsþing að Selnesi 4. júlí 1903.<sup>55</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Höskuldsstaðir var metin á 4.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé lítið. Eigandi jarðarinnar var Einar Gunnlaugsson.<sup>56</sup>

Við manntalsþing að Breiðdalsvík 22. júní 1925 var þinglesið skjal þar sem Einar Gunnlaugsson seldi Jóni Magnússyni jörðina Höskuldsstaði fyrir 10.500 kr.<sup>57</sup>

### 5.3.2 Höskuldsstaðasel í Breiðdal

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Höskuldsstaðasels ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Höskuldsstöðum.<sup>58</sup>

Hinn 26. maí 1843 gaf Þorvarður Gíslason sonum sínum, Gísla og Brynjólfi, tvö hundruð hvorum í jörðinni Höskuldsstöðum, fjögur hundruð samtals. Dætrum sínum, Ragnheiði, Helgu og Ingibjörgu, gaf hann þrjú hundruð í Höskuldsstaðaseli, eitt hundruð hverri. Gjafabréfið var þinglesið að Heydölum þann 7. júní 1843. Sýslumaður gat þess að Þorvarður hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir tédum jarðarpörtum.<sup>59</sup>

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(453).

<sup>52</sup> Skjal nr. 2(147).

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(148).

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(143).

<sup>55</sup> Skjal nr. 2(454).

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(455).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>59</sup> Skjöl nr. 2(83) og 2(445).

Hinn 28. maí 1843 seldi Gunnlaugur Bjarnason á Flögu, fyrir hönd ónafngreindrar eiginkonu sinnar, Jónasi Magnússyni eitt hundrað í jörðinni Höskuldsstaðaseli. Kaupbréfið var þinglesið að Heydölum þann 7. júní 1843. Sýslumaður gat þess að seljandinn hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir hinu selda.<sup>60</sup>

Hinn 25. júní 1843 seldi Sigurður Sigurðsson á Hallbjarnarstöðum Jónasi Magnússyni eitt hundrað í jörðinni Höskuldsstaðaseli. Kaupbréfið var þinglesið að Heydölum þann 18. júlí 1844. Sýslumaður gat þess að seljandinn hafi ekki áður haft þinglýst eignarskjal fyrir hinu selda.<sup>61</sup>

Hinn 12. júní 1846 riðu eigendur Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, Gísli Þorvarðarson og Jónas Magnússon, ásamt skoðunarmönnum á land og engjar nefndra jarða til að skipta þeim, hagbeit, skógi og landsnytjum. Skiptin voru ákvörðuð þannig:

Skiptinn eru þannig sem fylgir að hlutadeigendur ásamt nefndum skoðunarmönnum komi sér samann um að Höskuldastadir 6 hndr. að dyrleika ættu að utann, frá Jorvikurland á merkium í fialli, inni svo kallað ytsta blágil, og utog nidur í leyrfoss á Sel gliufri, þaðann í brattamel, þaðann í ein bua svo í svarta klett útog ofann torfflaga mýri og í djupa grafning sem liggur fyrir utann selbæinn, svo ur nedra enda grafningsins og inn eptir giörðum vörðum frammi Sellæk og svo nidur í breiddals á Enn Höskuldstadasel<sup>4</sup> hndr. að dyrl á land allt ur ~~stra~~ nynefndum landamerkjum inntil Þorgrimstada landamerkja.

Samt til adgiætslu við þessi Skipti komu hlut að eigendur sér saman um að Höskuldstada bondi Skuli hér eptir hafa froya kua og nauta gaungu í svo kölludum Selflóa, móti því að Sel bondi hafi til slægna ~~svo nefndum~~ Eingi það er Hoskuldstadir eiga fyrir innan Fifilskridu læk og nedann brir, samt leyfiss Selbónða að veria með varad nynefnt einga stikki einkum í nedra, nl. frá fardögum til þess 29<sup>au</sup> vikur af Sumri –

landstikki það er liggur fyrir Sunnan breiddals ána, millum Jarn hriggs og innri ljósár samt ítak í liosár landi nóta hvöru tveggju eptir Jardar magni<sup>62</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Höskuldsstaðasel ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Höskuldsstaða. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður álíti fjögur hundruð af mati Höskuldsstaða tilheyra Höskuldsstaðaseli.<sup>63</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Höskuldsstaðasels getið sem afbýlis Höskuldsstaða. Þar segir eftirfarandi:

12 Höskuldsstaðir

með afbýlenu Höskuldsstaðaseli sem talid er 4<sup>hndr.</sup> Eingenn landamerki eru á milli bæanna, og er því að meta báðar þessar jarðir í einulagi. Túnin, einkum á heimajörðunni eru í betralagi, eingiar allnægar, fremur landlétt, og landþraungt, ekkert sumarland fyrir géldfé, lítil vetrarheit. Þessar jarðir meta vyrdingarmenn saméginlega á 600<sup>rd.</sup> (Er N9 supra)<sup>64</sup>

Hinn 16. febrúar 1866 skrifaði Gísli Þorvarðarson á Höskuldsstöðum til sáttanefndar Breiðdalssáttaumdæmis um að taka fyrir mál hans og ekkjunnar Ragnheiðar Þorvarðar-

<sup>60</sup> Skjal nr. 2(84).

<sup>61</sup> Skjöl nr. 2(86) og 2(403).

<sup>62</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>63</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(52).

dóttur. Gísli skýrði frá því hvernig í kjölfar skipta milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels árið 1846 hefði Jónas heitinn Magnússon fengið að nýta landstykki fyrir innan Fífilskriðulæk og neðan brýr og síðar ekkja hans, áðurnefnd Ragnheiður. Ragnheiður hafi hins vegar byggt öðrum jörð sína Höskuldsstaðasel og þar með nefnt landsvæði sem væri eign Gísla. Sáttanefnd tók málið fyrir á fundi þann 24. febrúar 1866 en sáttatilaun reyndist árangurslaus.<sup>65</sup>

Hinn 28. febrúar 1866 skrifaði Gísli Þorvarðarson til sýslumanns og óskaði eftir að hann tæki fyrir mál sitt og Ragnheiðar Þorvarðardóttur. Í bréfinu sagði Gísli að hann hefði frétt að Ragnheiður væri búin að byggja Höskuldsstaðasel og þá með því landsvæði sem tilheyrði sér. Í kjölfarið hafi hann reynt að leita satta um málið sem ekki hafi gengið eftir. Í lok bréfsins segir:

En ef það álizt að jeg geti ekki eptir nefndum skiptagjörning, tekið engið án þess að gjörningurinn sje upprofinn – þá uppástend jeg í öðrulagi: að skipt sje ~~landi~~ með dómi, landstærð eptir dýrleika hvorrar jarðar, og að landstykki það er liggur fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri ljósár og járnhryggs, og sem er mótsvið Sel land utan til, verði skipt Seli. – og í þriðja lagi: að ekkjan R. Þorvarðsdóttir, sje skylduð til, eptir málavoxtum að borga allann af sök þessari leiddann og leiðandi kostnað, þar hún hefur hafnað satta boðum mínum<sup>66</sup>

Hinn 22. maí 1866 stefndi Gísli Þorvarðarson ekkjunni Ragnheiði Þorvarðardóttur á Höskuldsstaðaseli vegna þess að hann ætlaði að brúka til afnota undir Höskuldsstaði engjastykki það, eða engi, er lá milli Sels og Fífilskriðustekks, fyrir neðan brýr, sem hann samkvæmt samningi eða skiptum, er þann 11. júní 1846 gjörðist milli hans og nú látins manns Ragnheiðar, Jónasar Magnússonar, þóttist vera eigandi að og hafa umráð yfir. Ragnheiður hafi hins vegar án samþykkis eða heimildar byggt öðrum manni ásamt Höskuldsstaðaselslandi.<sup>67</sup>

Hinn 31. júlí 1866 var að ósk bændanna Gísla Þorvarðssonar og Guðna Jónssonar riðið engjar og álitin landstærð eftir gjæðum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Fram kemur í skjalinu að heimajörðin Höskuldsstaðir var álitin sex hundruð að dýrleika en afbýlið Höskuldsstaðasel fjögur hundruð. Um landamerki segir:

Því næst var riðið yfir eingjar og álitin landstærð eptir gjæðum, urðu því allir álitismenn samkvæmir: að Selá skuli ráða landamerkjum milli áðurnefndra Jarða eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögu allt ofan í Gljúfur – og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og út og ofan melhriggina fyrir ofan Seltúnið, allt í lángaGrafning fyrir neðan Reiðgötur og þaðan frá nýgjörðri vörðu beina sjónhending ofan mírina í aðra nýja vörðu á bakkanum við Breiðdals á. – Enn beitarlandsstikkið fyrir sunnan ána: milli innri Ljósáar og Járnhryggs, skuli brúkast frá báðum Jörðunum sameiginlega eptir Jarðar tiltölu.<sup>68</sup>

<sup>65</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>67</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(145).

Við manntalsþing að Heydölum 24. júní 1875 var upplesið kaupbréf, dagsett 1. maí 1875, þar sem Guðni Jónsson á Skriðu seldi Magnúsi Jónassyni hálf hundrað úr Höskuldsstaðaseli fyrir 120 kr.<sup>69</sup>

Í maí 1883 skráði Einar Gíslason lýsingu um landamerki milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Björn Eiríksson undirritaði samþykki fyrir lýsingunni sem er svohljóðandi:

Landamerki milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels eru þessi:

Selá ræður landamerkjum eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögum allt ofaní gljúfur, og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og Einbúa og út og ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaselstúnið og alt í Langagrafning (nú Mógrafning) fyrir neðan reiðgötur og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð sem er á bakkanum við Breiðdalsá. –

Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá milli innri Ljósár og Járnhryggs nota báðar jarðirnar sameiginlega og tiltölulega eptir jarðardýrleika. –<sup>70</sup>

Í dómsmálabók Suður-Múlasýslu 1881–1887 er skráð að við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1883 hafi verið þinglesin landamerkjaskrá fyrir jörðina Höskuldsstaðasel. Færslan hefur svo verið yfirstrikuð í þingbókinni.<sup>71</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1884 var þinglýst afsalsbréfi Margrétar Guðmundsdóttir, dagsettu 25. júní 1883, fyrir þremur hundruðum og 15 álnum í Höskuldsstaðaseli til Björns Eiríkssonar.<sup>72</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Höskuldsstaðasels er dagsett 25. júní 1885 en hún var þinglesin við manntalsþing að Heydölum 29. júní 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

Að utanverðu ræður „Selá“ landamerkjum eptir því sem hún fellur frá „Seldalsdrögum“ allt ofaní gljúfur og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og „Einbúa“, og útog ofan melhrygginn fyrir ofan Höskuldsstaðaselstúnið og allt í „Langagrafning“ – nú „Mógrafning“ fyrir neðan reiðgötu, og þaðan beina sjónhending ofan í merkjaskurð, sem er á bakkanum við Breiðdalsá.

Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri „Ljósár“ og „Járnhryggs“ er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega eptir dýrleika og tiltölulega eptir jarðardýrleika.

Að innanverðu eru merki: „Merkidalur“ og „Merkigil“, sem liggur niður úr „Merkidalnum“ niður í „Merkilág“ við Breiðdalsá; þaðan sjer maður í fossinn í Ánastaðagili.

Að sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðasels ræður Breiðdalsá merkjum.

Höskuldsstaðaseli 25. júním. 1885

Björn Eiríksson.

<sup>69</sup> Skjal nr. 2(446).

<sup>70</sup> Skjal nr. 2(144).

<sup>71</sup> Skjal nr. 2(378).

<sup>72</sup> Skjal nr. 2(436).

Framanskráð landamerki Höskuldsstaðasels samþykkir

Einar Gíslason, eigandi ½ Höskuldsstaða

H. Bjarnarson, eigandi hálfra Höskuldsstaða.

Sigurður Hallson (ábúandi Ánastaða)<sup>73</sup>

Við manntalsþing að Heydölum 21. júní 1888 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 29. maí 1888, þar sem Hildur Jónasdóttir á Valþjófsstað seldi Birni Eiríkssyni 105 álnir í Höskuldsstaðaseli fyrir 210 króna skuld.<sup>74</sup>

Við aukarétt að Heydölum 4. júní 1896 voru útnefndir þeir Páll Benediktsson, hreppstjóri á Gilsá, og Gísli Högnason á Gilsárstekk til að virða jörðina Höskuldsstaðasel með húsum og semja um hana skriflega virðingargjörð.<sup>75</sup>

Með kaupsamningi dagsettum 29. júní 1903 seldi Einar Gunnlaugsson á Höskuldsstöðum Marteini Björnssyni, vinnumanni í Höskuldsstaðaseli, 1/8 hluta úr jörðinni Höskuldsstöðum fyrir 500 kr. Í afsalinu, dagsett sama dag, er getið um afmörkun og einnig sameignarstykki Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels sem sé sunnan Breiðdalsár. Þar segir:

Enn fremur skal þess getið, að jarðarhundruð þessi falla innan af Höskuldsstaða landareign, þannig: að Fífilskriðulækur ræður landamerkjum millum Höskuldsstaðasels og Höskuldsstaða, frá upptökum til Breiðdalsár. Einnig fylgir sameignar stykki téðra jarða, sunnan Breiðdalsár, sem eru 2/3 úr nefndu stykki, og ræður Ynnriljósá að utan en Járnhryggur að innan, merkjum sameignar lands þessa.<sup>76</sup>

Afsalsbréf fyrir eigninni var þinglesið við manntalsþing að Selnesi 4. júlí 1903.<sup>77</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Höskuldsstaðasel var metin á 3.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að upprekstrarland sé lítið. Eigandi jarðarinnar var Björn Eiríksson.<sup>78</sup>

Við manntalsþing að Breiðdalsvík 1. júlí 1918 var þinglesið afsal Björns Eiríkssonar á Höskuldsstaðseli til Marteins sonar síns, dagsett 25. júlí 1917, fyrir 1,2 hundruðum úr eignarjörð hans Höskuldsstaðseli ásamt þeim húsum sem þessum jarðarparti fylgdu. Við sama þing var þinglesið afsal sama Björns til Hóseasar sonar síns, einnig dagsett 25. júlí 1917, fyrir níu hundruðum að nýju mati í jörðinni Höskuldsstaðseli ásamt þeim húsum sem þeim jarðarparti fylgdu.<sup>79</sup>

Hinn 5. febrúar 1938 fóru fram skipti á jörðinni Höskuldsstaðaseli. Skiptin fóru fram samkvæmt landskiptalögum nr. 57 frá 31. maí 1927. Skiptalýsingin var móttækin til þinglýsingar 28. mars 1938 en í henni er skiptunum lýst þannig:

<sup>73</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>74</sup> Skjal nr. 2(447).

<sup>75</sup> Skjal nr. 2(448).

<sup>76</sup> Skjal nr. 2(143).

<sup>77</sup> Skjal nr. 2(454).

<sup>78</sup> Skjal nr. 2(72).

<sup>79</sup> Skjal nr. 2(449).

Marteinn Björnsson sem átti 1/8, einn áttunda hluta jarðeignarinnar, fékk í sinn hlut Mýrar og Græfur, neðan við túnið, sem takmarkast af Selá sem fellur saman við Bæjarlæk og niður í Breiðdalsá, að innan. Breiðdalsá að neðan. Landamerkjum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels að utan og neðri kant tungirðingar, þaðan sjónhending í neðri enda Mógrafnings að ofan.

Beitarland sé sameiginlegt og einnig skógarhögg.

Engi það sem er sunnan Breiðdalsár kom í hlut Hóseasar, móti því kom í hlut Marteins innsti hluti Balanna, sem takmarkast af beinni stefnu úr mið Kambgili í Ánastaðabakka.<sup>80</sup>

Hinn 20. nóvember 1941 afsalaði Hóseasi Björnssyni 7/8 hlutum úr Höskuldsstaðaseli til Jarðakaupasjóðs ríkisins.<sup>81</sup>

Hinn 29. janúar 1942 fór fram skoðunargerð og lýsing á húsum Höskuldsstaðasels til að ákveða leiguliðabót af þeim. Í skjalinu kemur fyrir stutt lýsing á jörðinni sem er svohljóðandi:

Land(ið) jarðarinnar liggur á milli Höskuldsstaða – og Þorgrímsstaðalands austan Breiðdalsár. Undirlendið fram með ánni er grösugt, en um það falla fjallalækir, sem aurlaup koma stundum úr, og verður að hafa aðgætni með svonefnda Selá, að hún ekki brjóti sér nýjan farveg og skemmi engjarnar. Yfirleitt eru engjarnar fremur blautar en grasfeinar. – Hlíðar fjallsins eru að miklu kjarri vaxnar, með litlum grasblettum á milli. Í fjalli er allgóð beit. – Sunnan Breiðdalsár, á Höskuldsstaðasel dálitla skák frá ánni og upp til fjallseggia, aðallega beutiland. Frá verslunarstað – Breiðdalsvík – ca. 30 km. Frá símstöð ca. 3 km. Þjóðvegurinn liggur þvert yfir land jarðarinnar fast við línu. Um skifti á jörðinni milli eigenda vísast til skiftagerðar dags. 5. feb. 1938.<sup>82</sup>

Hinn 9. mars 1943 skrifaði sýslumaður Suður-Múlasýslu Hóseas Björnssyni með fyrirspurn um landamerki jarðarinnar Höskuldsstaðasels. Til stóð að byggja 7/8 hluta jarðarinnar og nauðsynlegt var að færa inn í skjalið landamerkjalyýsingu. Í bréfi sýslumanns er vísað í landamerkjabréf dagsett 25. júní 1885 og skiptagerð frá 5. febrúar 1938.<sup>83</sup> Með bréfi til sýslumanns Suður-Múlasýslu, dagsettu 5. maí 1943, sagði Hóseas Björnsson að rétt væri skýrt frá landamerkjum Höskuldsstaðasels í bréfi sýslumanns frá 9. mars sama ár.<sup>84</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 10. september 1943 var Hóseasi Björnssyni byggð jörðin Höskuldsstaðasel frá fardögum 1942. Um landamerki er vitnað til landamerkjabréfs frá 25. júní 1885 og þá er vísað til bréfs frá 5. febrúar 1938 um skipti á landi milli þáverandi eigenda Höskuldsstaðasels.<sup>85</sup>

Með byggingarbréfi, dagsettu 29. október 1943, voru Hóseasi Björnssyni byggðir 7/8 hlutar í þjóðjörðinni Höskuldsstaðaseli. Um landamerki jarðarinnar var vísað í landamerkjabréf frá 25. júní 1885 en einnig bréf, dagsett 5. febrúar 1938, um skipti á

<sup>80</sup> Skjal nr. 2(363).

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(361).

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(362).

<sup>83</sup> Skjal nr. 2(156).

<sup>84</sup> Skjal nr. 2(155).

<sup>85</sup> Skjal nr. 2(152).



landi Höskuldsstaðasel. Þá segir í byggingarbréfinu að undanskilinn byggingunni sé 1/8 hluti jarðarinnar sem var í eigu Marteins Björnssonar.<sup>86</sup>

Með afsalsbréfi, dagsettu 19. september 1946, seldi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd Jarðakaupasjóðs ríkisins, 7/8 hluta í jörðinni Höskuldsstaðaseli til Hóseasar Björnssonar.<sup>87</sup>

Hinn 20. september 1946 lýsti Hóseas Björnsson því að land 7/8 hluta jarðarinnar Höskuldsstaðasels væri, ásamt húsakosti og fylgifé, ættaróðal skv. lögum nr. 116 frá 30. desember 1943 um ættaróðul og erfðaábúð. Í yfirlýsinguna er skráð sama lýsing á landi jarðarinnar og kemur fyrir í skoðunargerð sem fram fór 29. janúar 1942.<sup>88</sup>

Hinn 27. ágúst 1990 var gerð svohljóðandi landamerkjalyking fyrir Höskuldsstaðasel:

Landamerki Höskuldsstaðasels í Breiðdalshreppi eru þessi:

Að utanverðu austan Breiðdalsár eru landamerki um Fífilskriðulæk frá upptökum þar til hann fellur í Breiðdalsá.

Að innanverðu eru merki Merkidalur og Merkigil, sem liggur niður úr Merkidalnum, niður í Merkilág við Breiðdalsá. Þaðan sér í fossinn í Ánastaðagili.

Að utanverðu sunnan Breiðdalsár eru landamerki um Innri Ljósá.

Að innanverðu sunnan Breiðdalsár er landamerki um Járnhrygg.

Að sunnanverðu milli Ánastaðalands og Höskuldsstaðaselslands ræður Breiðdalsá merkjum.

Að norðanverðu ráða fjallseggjar landamerkjum.

Við frágang landamerkjaskjals þessa falla úr gildi landamerki Höskuldsstaðasels, sem þinglýst var á Eydalamanttalsþingi 29. júní 1885, (sbr. bls. 44 í Landamerkjabók sýslumannsembættis Suður-Múlasýslu).

Höskuldsstaðaseli 27. ágúst 1990

Bragi Björgvinsson

Framanskráð landamerki Höskuldsstaðasels í Breiðdalshr. samþykkja:

Eigandi Ánastaða og Þorgrímsstaða

Eigendur Höskuldsstaða

Gunnar Erlingsson

Pétur Behrens

Marietta Maissen

Vottar:

Hlífur Erlingsson

Ragnheiður Hóseasdóttir<sup>89</sup>

<sup>86</sup> Skjal nr. 2(364).

<sup>87</sup> Skjal nr. 2(359).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(360).

<sup>89</sup> Skjal nr. 10(2).

## 5.4 Þingmúli í Skriðdal

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Þingmúla.<sup>90</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Ólafskirkju að Þingmúla frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Olafskirkia j Mvla a heimaland allt oc Skriduland oc Flögu. ij hluti j Hualsnesi.

Reka a Olafssanndi ccc tiræd.

Backalannd. Hallbiarnarstadi.

Skogarteig j Merkiar kvijslum.

Lx timburz i Hallormsstada skogumm hvert ár.

[...]

Skog j Sandfells land.<sup>91</sup>

Í Stefánsmáldaga frá 1491–1518 segir að Þingmúlakirkja hafi átt allt heimaland og 40 hundruð í fastri eign.<sup>92</sup>

Í skrá um afhendingu Þingmúlastaðar frá um 1520 þegar Halldór Einarsson afhenti og sr. Jón Guðmundsson tók við er ekkert fjallað um jarðeignir eða ítök.<sup>93</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Þingmúlakirkju:

Kirkian ad Mula ä heimaland alltt og Skriduland og Flögu. tuo hlute i Hualznese. reka ä Olaffzsande. iij<sup>c</sup>. tiræd. Backaland. Hallbiarnarstade. Skogarteig i Merkeär kuijslum. Lx. timburs i Hallormsstada skogum huertt ár.<sup>94</sup>

Með vitnisburði dagsettum tveimur dögum eftir Maríumessu árið 1598 vitnaði Skeggi Þorleifsson um skógarteig Múlakirkju í Stóra-Sandfelli. Um afmörkun skógarins segir:

ad Hun ä Skogenn allann frá þeirre aa, sem fellur Næst Sandfelle lytla, og ad þeim Læk, sem Næstur er Sandhölum<sup>95</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 segir meðal annars:

12 Augusti Olaffs kuirka J múla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og haft haffa Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar einnenn allar øxarärdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu hauga lande, Allann hallffann geitdal og Búdartüngur effre og Ytre. Skrydu land med Somu vmmerkium sem ädur eru sogd ad fylgie stadarlandenu og flogu .6. Hundrud med þess um landamerkium, framm J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og Suo ä fiäll vpp enn vtfrä vt J Þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flögu eyre offan J äna tuo hlute J hualnese. Reka A Olaffs sande. Þriü hundrud týræd. Backaland. HallBiarna stade vnder somu landamerkium er ädur voru greind. Skögar teyg J merkeär küysl-vmm Sextýu timburz J Hallormstada Skögum huertt ár.

<sup>90</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(15).

<sup>91</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 203–204, skjal nr. 4(33).

<sup>92</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 29, skjal nr. 4(56).

<sup>93</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 769–771, skjal nr. 4(61).

<sup>94</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 685, skjal nr. 4(34).

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(167).

Heffur Sera Gissur Gyslason stadinn Hallded með þessum landa merkium atolu lausum ä siounda og tuttugasta är.<sup>96</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890. Í þeirri síðastnefndu segir að ítaki í Stóra-Sandfellsskógi hafi verið sleppt.<sup>97</sup> Sömu upplýsingar og koma fyrir í biskupsvísitasíunni frá 1641 birtast einnig í texta frá miðri 18. öld í kirkjubók Þingmúla.<sup>98</sup> Þá koma sömu upplýsingar um kirkjujarðir Þingmúla fram í prófastsvísitasíu frá 27. maí 1788.<sup>99</sup>

Með vitnisburði dagsettu 11. ágúst 1702 vitnaði sr. Bjarni Gissurarson um reka á Ólafssandi til handa Þingmúlakirkju.<sup>100</sup>

Hinn 4. júní 1703 lögfesti Eiríkur Sölvason Þingmúla eða eins og segir í lögfestunni:

Eg Erikur Saulvason lögfeste Hier J dag Eign Olafs Kyrkiu, ad Þyngmúla J Skriddal lögfeste eg Heimaland allt, Greindrar Kyrkiu: Hálfann Jorunar dal allann framm ä Stafshede til þess Votnum hallar /: Eirnenn allann oxarär dal framm ä óxj til þess Vótum hallar, ad frateknu Haugalande allann Halfann Geitdal og büdartungur Efre og ytre /: Reka ä Olafs Sande þriu hundrud tÿræd / Skögarteig i Merke är kuÿslum /: lx timburs i Hallor[m]Stada Skoogum hvort är /: Skoog J Sandfells land /: Logfeste eg tódur og Eingiar Hüs og Haga / Reka og Skooga Vótn og Veide Stade og allt það Sem til gagns ma hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum landsnÿtium Sem þui lande eiga ad filg'ia ad fornu og nÿu /: fyrerbÿd Eg hiedan af Huorium manne Sier ad nytia Brúka edur beita Jrkia edur J ad Vinna nema mitt Sie lof edur leife til<sup>101</sup>

Lögfestan var upplesin samdægurs í Þingmúlakirkju og aftur á sama stað hinn 12. júlí 1705.<sup>102</sup>

Hinn 2. júlí 1718 lögfesti Eiríkur Sölvason Þingmúla eða eins og segir í lögfestunni:

Jeg Erikur p: Saulvason logfeste hier i Dag Eign. Olafs kirkiu ad Þyngmúla J Skriddal lögfeste eg heimaland allt greindrar kirkiu./: Haalfann Jorunardal allann framm ä Stafshede til þess Votnum hallar /: Eirnenn allann Øxarärdal frammä Øxe til þess Votnum hallar, ad fräteknu haugalande /: allann Halfann geitdal og büdartungur efre og ytre /: Reka ä Olafs Sande (þriu hundrud tÿræd) Skoogarteig J merke aar Kuÿslum /: lx tÿmburs J Hallormstada Skoogum huert är /: Skoog J Sandfellsland /: og allann halfann Reka ä Kliptar Sande (Sió hundrud fadma lanngan): logfeste eg todur og Eingiar hollt og hag Hüs og Skooga Reka Vötn og Veidestade og allt það Sem til gagns mä hafa Jnnann greindra takmarka, med óllum lands nytium þeim Sem þui lande eigu ad filgia ad fornu og nÿu /: J Sama mäta lögfeste eg allt Hallbiarna Stadaland og floguland med óllum gógnum og giædum Jnnann riettra landamerkia /: fyrerbÿd eg huorium manne hiedan af, Sier ad nytia bruka edur beita, yrkia edur J ad Vinna, nema mitt Sie lof edur leife til<sup>103</sup>

Lögfestan var upplesin að Þingmúla samdægurs.<sup>104</sup>

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>97</sup> Skjöl nr. 2(200)–2(203).

<sup>98</sup> Skjal nr. 2(238).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(240).

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(166).

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(165).

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(165).

<sup>103</sup> Skjal nr. 2(165).

<sup>104</sup> Skjal nr. 2(165).

Við manntalsþing að Þingmúla 30. maí 1755 var upplesin kvörtun sr. Halls Ólafssonar um það hvernig heyskapur, hagi og torfrista hefðu eyðst síðustu 20 árin í Þingmúla.<sup>105</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla 30. maí 1783 var upplestið afristingskort viðvíkjandi þrætuskógarparti milli Stóra-Sandfells og Þingmúla, út gefið af Högna Torfasyni 28. maí 1873. Einnig var þinglesin útmælingargjörð yfir greindan þrætuskógarpart sem Þingmúlakirkja hafði gert kröfu til í landi Stóra-Sandfells og liggur milli þeirrar ár sem fellur næst Sandfelli litla og þess lækjar sem næstur er Sandhólum.<sup>106</sup>

Í vísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 15. júlí 1786 segir að Þingmúlakirkja eigi skóg í Sandfellslandi sem sé 20 hesta högg í Stóra-Sandfellskógi og eftir ályktun sýslumanns og skoðunarmanna, dagsettri 27. maí 1786. Sama kemur fram í prófastsvísitasíu frá 5. júlí 1818.<sup>107</sup> Í prófastsvísitasíu frá 5. maí 1844 er getið sammings sem presturinn í Þingmúla hafi gert við eiganda Stóra-Sandfells um yrkingu skógar þar í landi.<sup>108</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 28. júlí 1812 kemur fram að Þingmúlakirkja haldi sínum eignum og ítökum, jafnvel þótt sum þeirra séu staðarhaldara gagnslaus.<sup>109</sup> Í prófastsvísitasíu frá 7. júní 1852 eru taldar upp kirkjujarðir Þingmúla, s.s. Borg með Stefánsstöðum og Flaga í Skriðdal.<sup>110</sup> Sömu upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar, sem getið er í eldri vísitasíum, er fjallað um í úttekt Þingmúlakirkju frá 2. október 1862. Þar er að vísu ekki fjallað um jörðina Flögu í Skriðdal.<sup>111</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Þingmúla ekki tilgreindur. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja.<sup>112</sup>

Hinn 1. júlí 1834 skrifaði sr. Hjálmar Guðmundsson á Hallormsstað til biskups og sagði að presturinn í Þingmúla, sr. Engilbert Þórðarson hafi talið Múlakirkju eiga skógarítak í landi Hallormsstaðar sem hann væri ósammála. Sr. Hjálmar óskaði eftir aðstoð biskups við að útkljá málið.<sup>113</sup> Biskup svaraði erindinu með bréfi dagsettu 4. ágúst 1834 og sagði að óþarft væri að deila um efnið heldur skyldu þeir reyna komast að sameiginlegri niðurstöðu. Með bréfinu fylgdu staðfest afrit af máldögum Vilchins og Gísla biskups Jónssonar.<sup>114</sup> Sama dag skrifaði biskup til sr. Guttorms Pálssonar prófats og bað hann um að ganga í milli og koma í veg fyrir að lagadeila hlytist af.<sup>115</sup>

Hinn 12. janúar 1837 skrifaði sr. Engilbert Þórðarson í Þingmúla til biskups um skógarlandið Víðirgróf og sagði Heydalamenn hafa sótt í það of mikið.<sup>116</sup> Biskup

<sup>105</sup> Skjal nr. 2(401).

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(486).

<sup>107</sup> Skjöl nr. 2(239) og 2(242).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(243).

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(241).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>112</sup> Skjal nr. 2(37).

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(326).

<sup>114</sup> Skjal nr. 2(347).

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(348).

<sup>116</sup> Skjal nr. 2(327). Sjá einnig kafla 5.12.2 um ítök Heydalakirkju í Skriðdal.

svaraði bréfi sr. Engilberts þann 21. mars 1837 og sagði að örnefnið Víðirgróf kæmi ekki fram í máldögum Heydala- eða Þingmúlakirkna og því hefði hann ekki tök á að leysa úr málinu. Með bréfinu fylgdi útdráttur úr máldögum Heydalakirkju. Þá sagðist biskup hafa skrifað amtmanni um að sýslumenn aðstoði við að verja réttindi kirknanna.<sup>117</sup> Hinn 12. ágúst 1837 skrifaði biskup til sr. Guttorms Pálssonar og sr. Guttormi Þorsteinssonar um kvartanir sr. Engilberts. Biskup kvaðst hafa skrifað amtmanni bréf þann 21. mars 1837 um efnið og að amtmáður hafi svarað erindinu þann 15. júlí sama ár.<sup>118</sup>

Í skýrslu sr. Engilberts Þórðarsonar í Þingmúla, dagsettri 5. júní 1839, yfir inntektir og útgjöld Þingmúlaprestakalls segir að dýrleiki jarðarinnar sé óviss. Fjallað er um skógarítök, m.a. í Stóra-Sandfelli og Hallormsstaðarskógi. Einnig segir frá reka-réttindum við Héraðsflóa og hjáleigum staðarins.<sup>119</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þingmúli ekki metin að dýrleika. Jörðin var kirkjueign (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi Þingmúli verið metinn 12 hundruð að dýrleika. Þá segir að mat hjáleiganna Borgar, Stefánsstaða og Hátúna byggist á vitnisburðum sýslumanns og prests.<sup>120</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 segir eftirfarandi:

Hún á heimaland allt og Skriduland og eru nú á því býgðar hjáleigurnar Borg og Stefánstadir; hálfann Jörunnardal (=Þórudal) framá Stafnsheidi til þess vötnum hallar, allann Öxarárdal framá Øxi til þess vötnum hallar að fráteknu Haugalandi, sem nær að Vatnsdalsá; allann hálfann Geitdal, og Búdartúngu, efri og ytri; hún á Flögu 6 hndr., tvo hluti í Hvalnesi 20 hndr. Hallbjarnarstadi 16 hndr. og Bakkaland er þeim fylgir og mun þar með meintur Víðirlækur; Hún á reka á Ólavs sandi 300 tíræd; hálfann reka á Klyftasandi á móts við Valþjófsstada kirkju í Skógarteig í Merkiár kvíslum (~~í~~; 60 timburs í Hallormsstada skógum hvört ár; hún á og skóg í Sandfellslandi eptir Vilchins máldaga [neðanmáls:] seinna tiltekid 20 hesta högg í Stórasandfellskógi ár hvört.<sup>121</sup>

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þingmúlakirkju tilheyrði skógarítak í Litla-Sandfellskógi og þá væri innst í Skriðdal skóglendi nokkurt, kallað Víðirgróf, sem eignað væri Þingmúlakirkju.<sup>122</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Þingmúla:

8 Þingmúli

með afbýlinu Hátúnum sem talid er 2<sup>hndr</sup> landamerki eru einginn þar á milli. Staðnum tilheyrir skógarhögg í Sandfells og Hallormsstaða skógi, hálfur reki á Olafs og Kliptar-söndum fyrir héraðsflóa, og hagaganga í Víðirgróf. Túnin eru yfirhöfud í meðallagi, útheyskapur eins, eingiar sumar liggja fyrir áföllum af vatnságangi, útigangur í

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(350).

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(349).

<sup>119</sup> Skjal nr. 2(340).

<sup>120</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>121</sup> Skjal nr. 2(244).

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(343).

betralagi, landrými mikid, skógarkropp lítið til eldsneytis. Þessa jörd með öllum ítökum og hlunnindum sem talinn eru, meta vyrðingarmenn saméginlega á 1250<sup>hd</sup>.<sup>123</sup>

Í skýrslu sr. Bjarna Sveinssonar í Þingmúla, dagsettri 16. maí 1854, um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að dýrleiki jarðarinnar sé óviss. Þá eru taldar upp hjáleigur og dýrleiki þeirra. Um ítök er fjallað um rekasanda við Héraðsflóa og skógarhögg í Stóra-Sandfellsskógi og Hallormstaðarskógi. Um önnur ítök segir:

b. Öðrum leigd:

afrjettarlandid Vydigróf leigt fyrir 2 kyndur veturgamlar arl.) 4 rd 87 s

c onotud einginn ítök sem þekkjanleg eru af skjölum kyrkjunnar<sup>124</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 5. desember 1859 byggði presturinn í Þingmúla Árna Magnússyni kirkjulandið Víðirgróf. Í byggingarbréfinu segir m.a.:

Með brefi þessu biggi eg Bjarni Sveinsson prestur að Þingmúla Arna Magnússyni kyrkjulandid Vydigróf eda land allt frá Vatnsdalsá og inná Öxi þar sem vötnum hallar suduraf, austaramegin Oxarár á fjall upp frá Fardögum 1860 til fardaga 1861 og so lengi sidann sem hann vill þar vera og uppfyllir eptirfylgjandi skilmala:

[...]

2, hann skal njota og nota sjer landid til allral öglegra afnota samt veidi i Skriduvatni undan landi sinu. Hann ma og eptir eigin vild ljá beit Stephanstadamanni hvort heldur til sumar eda vetrarbrukunar með þeim skilmálum sem þeir gódfúslega koma sjer saman um. Lika gefst honum leifi til ad taka fje til sumargaungu af so morgum sem hann kann ad þurfa til ad fa styrk til fjarsafna a haustum. Þo má þesshattar leifi ekki ná so langt ad fje það vegna haga þreingsla þurfi ad ganga yfir Öxará so miklum fjölda hætt i afrett landsdrottins.

3, Fjarsofnum grenjaleitum og öðrum vanalegum leigulida skildustörfm skal hann vera skyldur að gegna á eigin kostnað forsvaranlega.

4, Skogarkropp það sem nú er eptir i Vydigróf má hann eins og adrar landsnytjar nota sjer til eigin brukunar en ekki ljá öðru nema litid eitt i ytrustu naudsia og þó með þeim skilmálum ad hann fái þar fyrir heystyrk eda eitthvad það sem honum alitst óumflianlega naudsynlegt.<sup>125</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1870 var Þorbergi Bergvinssyni hreppstjóra byggður Þingmúlastaður í Skriðdal frá fardögum 1870 til fardaga 1871. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

6. Afrétt Þingmúla staðar, sem eigi er öðrum byggð, skal hann hafa um leið til byggingar og gjaldi serstaklega af henni 10<sup>rd</sup> á ári – og er honum þá heimilt að taka grasafólk og fé af öðrum í afréttina, fyrir akveðna borgun, en gæti jafnframt allra þeirra skyldna, sem lands lögin skilja á afréttarbonda. –<sup>126</sup>

Í ódagsettri skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1872 til fardaga 1877 er landi Þingmúla lýst, sagt frá afrétt sem fylgi staðnum, Geitdal og Búðartungum. Fjallað er um landkosti og vísað í álitsgjörð um að

<sup>123</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>124</sup> Skjal nr. 2(341).

<sup>125</sup> Skjal nr. 6(4).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(247).

staðurinn geti sanngjarnlega verið leigður með upprekstri á afréttina án annarra nota hennar með 160 álna landskuld. Þá er fjallað um Geitdal og Búðartungur undir lið um tekjur af ítökum, ískyldum og hlunnindum sem fylgi prestakallinu eftir máldögum og biskupsvísitasíum en texti skýrslunnar um þessi atriði er svohljóðandi:

Jörðin á heimaland eigi lítið, en mikill hluti þess er hrjóstrugur, melar, urðir og skriður úr Múlanum. Kjarngott er landið víðast hvar, þar sem grasvegur er. Afrétt fylgir staðnum víðlend og góð þó mikill hluti hennar sé hrjóstugur. Má taka margt fé þangað á sumrum. Staðurinn á lítið tún heima og heldur illa ræktað. Annað tún dálítið á staðurinn hjá beitarhúsum, sem einnig vantar góða rækt. Af þessum tünnum fást nú í meðalári um 65 til 70 hestar töðu. Engjar heima eru eigi litlar en snöggar og víða reitingssamar. Má fá af þeim þegar vel er nýtt um 240 hesta af góðu heyi. Til eru og flóa engjar í miklum fjarska inn á afrétt, sem stundum má fá töluvert hey af þegar vel vex til fjalla. En mjög langt er til að nota þær.

[...]

Fénaðargeymsla er og ervið og afréttin sem féð sækir inn á mjög liðskyld.

[...]

Eptir meðfylgjandi álitsgjörð hefur hreppstjóri sveitarinnar og virðingarmaður álítið að staðurinn sé sanngjarnlega leigður með upprekstri á afréttina án annara nota hennar með 160 álna landskuld sem borgist þannig:

[...]

Afgjald af afréttinni fyrir utan frjálstan upprekstur staðarins og hjáleiganna 20 álnir á 55½ 11 kr. 4 aur.

[...]

2 Tekjur af ítökum ískyldum og hlunnindum sem fylgja prestakallinu eptir máldögum og Biskupa Vísitatium.

[...]

b. Øðrum leigð:

[...]

„Hálfur Jórunnardalur“ leigður með Hallbjarnarst.

„Øxarárdalur“ inn að aðal afrétt, leigður með staðarhjáleigunum

„Hálfur Geitdalur“ fylgir heimalandi staðarins inn að afréttinni

„Búðartungur“ sem lítið gagn er að, er<sup>127</sup> taldar með afrettinni.<sup>127</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum er dagsett 7. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrivarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrivarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(474).

Þingmúla 7. júní 1883.

Páll Pálsson

Framanskriðuð landamerki milli Þingmúla í Skriðdal og Þorgrímsstaða í Breiðdal samþykkir.

Þorgrímsstöðum 8. júní 1883.

Guðm. Finnbogason.

Framanskriðuð landamerki milli Berufjarðar í Beruneshr. og Þingmúla í Skriðdalshrepp samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðar kirkju.

Berufirði 8. júní 1884.

ÞÞorsteinsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur Antoníus Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd Þjóðjarðarinnar Hauga samþykkur Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur GEinarsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkur Benidikt Eyjólfsson.

Fyrir hönd Geitdals samþykkir Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Fyrir hönd Tóarsels samþykkir Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson.<sup>128</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 20. febrúar 1893 var Páli Þorsteinssyni byggð kirkjujörðin Þingmúli. Þá var honum byggð afrétt sem staðnum fylgdi og einnig er í byggingarbréfinu greint frá landamerkjum jarðarinnar:

Landamerki jarðarinnar eru: Sunnan Múlans á milli Borgar og Þingmúla svo nefndir „Þrímelar“; að austan Múlaá; að norðan Geitdalsá og á Hátúnadal grjótgardur sá hinn forni, er þar sjest enn kippkorn fyrir utan Dalhús. Landið frá garði þessum og inn að aðalafirjettinni er fráskilið þessari byggingu þar á móti er hið venjulega slægnaítak í Hallbjarnarstaðalandi, „Lónatangi“ leigt með jörðinni.

[...]

Auk þessa byggi eg leiguliða afirjett þá, sem staðnum fylgir til allrar löglegrar notkunar, að undanteknum rjetti til slægna í henni fyrir árlegt eptirgjald 10 – tíu – krónur, sem greiðist í peningum á sama gjalddaga sem landsskuldin<sup>129</sup>

Hinn 23. ágúst 1904 var prófasturinn Jóhann L. Sveinbjarnarson staddur að Vallanesi í embættisskoðunarferð. Skráð er í vísitasubók Suður-Múlaprófastsdæmis 1892–1925 að kirkjujörðinni Þingmúla hafi verið skipt í þrjár jarðir og að stiftsyfirvöldin hafi samþykkt breytinguna með bréfi dagsettu 24. mars 1904. Um jarðirnar þrjár, Þingmúla, Múlastekk og Hátún, segir eftirfarandi:

1. Þingmúli, og eru takmörk hennar: að austan Múlaá, að framan, milli Múlastecks og Þingmúla bein lína úr merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn á Múlanesi gengur lengst út, og þaðan niður í Múlaá, og sama bein lína ræður upp í Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá, og að framan norðan megin „merkilækur“ skammt út fyrir utan Kálfeyri. Auk þess færir jörðinni slægnaítakið Lónatangi, austan Múlaá í Hallbjarnarstaðalandi.

<sup>128</sup> Skjöl nr. 2(5) og 2(377).

<sup>129</sup> Skjal nr. 2(287).



2. Múlastekkur. Landamerki að utan, hin áður nefnda lína ur merkikletti í garðshornið þar sem stíflugarðurinn á Múlanesi gengur lengst út etc, og að innan eins og áður milli Borgar og Þingmúla.

3<sup>o</sup> Hátún. Landamerki að utan: Merkilækur, að norðan Geitdalsá, að framan: forn Grjótgarður utan við Dalhús, að austan háröxlar Múlans.<sup>130</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Þingmúli var metin á 1.800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar með hjáleigum hafi verið þinglýst. Þá segir að jörðin eigi ekki upprekstrarland og að Múlaafrétt sé ekki meðfylgjandi jörðinni. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja. Um landamerki segir:

Landamerki heima-jarðarinnar eru nú: Að utan Múlaá, að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn í Múlanesi gengur lengst út og þaðan niður að Múlaá og sama bein lína ræður upp á Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá mörkum og að framan norðan megin Merkilækur skamt fyrir utan Kálfeyri.<sup>131</sup>

Þá er í fasteignamatið skráð svohljóðandi athugasemd:

Athugasemd:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00

Þess skal einnig getið að Skriðuvatnshólmi heyrði áður til prestssetrinu að Þingmúla, og að nú hefir sóknarpresturinn í Vallanesi afnot hans, leigir holmann til slæгна. Metinn kr. 400,00<sup>132</sup>

Við aukarétt 23. maí 1923 voru Jón Runólfsson oddviti og Helgi Finnsson bóndi útnefndir til að meta til peningaverðs kirkjujarðirnar Þingmúla, Víðilæk og Múlastekk í Skriðdalshreppi.<sup>133</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Þingmúla í Skriðdal, sem framkvæmd var 1. júlí 1923 en dagsett 3. júlí sama ár og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu 4. júlí sama ár, segir að hún sé eftir síðasta fasteignamati að heildarverði 2.800 kr. Um land jarðarinnar segir:

Engið liggur á eina hönd, sunnan undir Múlanum meðfram Múlaá. Nokkur hluti þess er hinn svo nefndi Lónatangi sem liggur innan landamerkja Hallbjarnarstaða, en hefur frá ómunatíð fylgt Þingmúla til slæгна.<sup>134</sup>

Jörðinni fylgdu engin hlunnindi og var hún að lokum metin á hið sama og áður, 2.800 kr. með öllu.<sup>135</sup>

Við aukarétt 4. júlí 1923 var staðfest matsgjörð á kirkjujörðinni Þingmúla í Skriðdalshreppi.<sup>136</sup>

Hinn 8. ágúst 1937 skrifaði Hrólfur Kristbjörnsson á Hallbjarnarstöðum Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra bréf og lýsti þeirri skoðun sinni að svonefndur Lónatangi,

<sup>130</sup> Skjal nr. 2(490).

<sup>131</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>132</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2(394).

<sup>134</sup> Skjal nr. 2(305).

<sup>135</sup> Skjal nr. 2(305).

<sup>136</sup> Skjal nr. 2(400).

sem verið hefði beitarítak Þingmúla, ætti að tilheyra Hallbjarnarstöðum. Hrólfur segir svo um ítakið:

Ítak þettað er þannig tilkomið að prestar sem bjuggu í Þingmúla höfðu skifti við Hallbjarnarstaða bónda á slægu stikki þessu og beit í Múla hraunum og Hátúna dal en nú er búið að skifta Þingmúla í þrjár jarðir og þessi beitar stikk þá fallið undir Múlastekk og Hátún og það í tak því fyrir laungu fallið undan Hallbjarnarstöðum.<sup>137</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 13. maí 1940 var Óla Einarssyni byggð jörðin Þingmúli frá fardögum 1938. Undir lið 3 í bréfinu, sem spyr hverjar eyðijarðir eða landspildur, fráskildar jörðinni, séu með í byggingu hennar, stendur eftirfarandi:

Múlaafréttur fylgir jörðinni.<sup>138</sup>

Um landamerki segir eftirfarandi:

1. Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus, sem hér segir, samkv. landamerkjabréfi dags. 3 maí 1912

Að austan Múlaá. Að framan bein lína úr Merkikletti í garðshornið þar sem stíflugarðurinn á Múlanesinu gengur lengst út og þaðan niður í Múlaá, og sama bein lína ræður upp á Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá og að framan norðan megin Merkilækur skammt fyrir utan Kálfeyri. Auk þessa er byggt með jörðinni slægnaítakið Lónatangi austan Múlaár í Hallbjarnarstaðalandi –<sup>139</sup>

Undir lið um þrætulönd og ágreiningslandamerki segir að bóndinn á Hallbjarnarstöðum beri brigður á slægnaítak í Lónatanga.<sup>140</sup>

#### 5.4.1 Múlaafrétt

Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 segir meðal annars:

12 Augusti Olaffs kuirka J müla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og haftt haffa Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar eimenn allar øxarärdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu hauga lande, Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og Ytre.<sup>141</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890.<sup>142</sup> Sömu upplýsingar og koma fyrir í biskupsvísitasíunni frá 1641 birtast einnig í texta frá miðri 18. öld í kirkjubók Þingmúla.<sup>143</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 17. desember 1852 var Árna Magnússyni byggður þriðjungur Borgar, hjáleigu Þingmúla. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

Gjeldfje sitt og lömb skal hann á hvörju ári reka til afrjettar þeirrar sem Þingmúla kyrkja á og Borg hefur hlutdeild í enn ekki má hann af neinum ödrum fje á afrett taka hann skal vera skyldur ad safna stadarins afrett á haustum þegar fært er og lögsofn uppabodin

<sup>137</sup> Sjá kafla 5H í minnisblaði Þjóðskjalasafns Íslands um nýbylí í Álftafirði og fleiri jarðir, dags. 2. febrúar 2024, skjal nr. 3(5).

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(151).

<sup>139</sup> Skjal nr. 2(151).

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(151).

<sup>141</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(200)–2(203).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2(238).

en stór gripi þá sem heima eru skal hann vera skildur að passa so ekki gangi í land landsdrottins eða slægjur sambilismans hans<sup>144</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 17. júlí 1856 var Jóni Magússyni byggður þriðjungur Borgar frá fardögum 1857 til fardaga 1858. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

Gjeldfje sitt og lömb skal hann á hvörju ári reka til afrettar þeirrar sem Þingmúlakyrkja á og Borg hefur hlutdeild í, en ekki má fara af neinum öðrum fje á afrett taka eða leifa þar öðrum neinar þær landsnyttjar sem hann sjálfur má þó brúka so sem grasatekju og þessháttar hann skal vera skildur að safna stadarins afrett á haustum þá þörf er og lögsöfn uppabodinn en stórgripi þá sem heima eru skal hann vera skildur að passa so ekki gangi í landlandsdrottins leifislaust eða í slægjur sambilismanns.<sup>145</sup>

Einnig er fjallað um afréttarnot í byggingarbréfum Borgar dagsettum 29. október 1857 og 1. júní 1870.<sup>146</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. júní 1870 var Þorbergi Bergvinnssyni hreppstjóra byggður Þingmúlastaður í Skriðdal frá fardögum 1870 til fardaga 1871. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

6. Afrétt Þingmúla staðar, sem eigi er öðrum byggð, skal hann hafa um leið til byggingar og gjaldi serstaklega af henni 10rd á ári – og er honum þá heimilt að taka grasafólk og fé af öðrum í afréttina, fyrir akveðna borgun, en gæti jafnframt allra þeirra skyldna, sem lands lögin skilja á afréttarbonda. –<sup>147</sup>

Í ódagsettri skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1872 til fardaga 1877 er landi Þingmúla lýst, sagt frá afrétt sem fylgi staðnum, Geitdal og Búðartungum. Fjallað er um landkosti og vísað í álitsgjörð um að staðurinn geti sanngjarnlega verið leigður með upprekstri á afréttina án annarra nota hennar með 160 álna landskuld. Texti skýrslunnar um afréttina er svohljóðandi:

Jörðin á heimaland eigi lítið, en mikill hluti þess er hrjóstrugur, melar, urðir og skriður úr Múlanum. Kjarngott er landið víðast hvar, þar sem grasvegur er. Afrétt fylgir staðnum víðlend og góð þó mikill hluti hennar sé hrjóstugur. Má taka margt fé þangað á sumrum.

[...]

Til eru og flóa engjar í miklum fjarska inn á afrétt, sem stundum má fá töluvert hey af þegar vel vex til fjalla. En mjög langt er til að nota þær.

[...]

Fénaðargeymsla er og ervið og afréttin sem féð sækir inn á mjög liðskyld.

[...]

Eptir meðfylgjandi álitsgjörð hefur hreppstjóri sveitarinnar og virðingarmaður álituð að staðurinn sé sanngjarnlega leigður með upprekstri á afréttina án annara nota hennar með 160 álna landskuld sem borgist þannig:

[...]

Afgjald af afréttinni fyrir utan fjálsan upprekstur stadarins og hjáleiganna 20 álnir á 55% 11 kr. 4 aur.

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(477).

<sup>145</sup> Skjal nr. 2(248).

<sup>146</sup> Skjöl nr. 2(249) og 2(250). Sjá nánar í kafla 5.4.4 um Borg.

<sup>147</sup> Skjal nr. 2(247).

[...]

2 Tekjur af ítökum ískyldum og hlunnindum sem fylgja prestakallinu eptir máldögum og Biskupa Vísitatum.

[...]

b. Öðrum leigð:

[...]

„Øxarárdalur“ inn að aðal afrétt, leigður með staðarhjáleigunum „Hálfur Geitdalur“ fylgir heimalandi staðarins inn að afréttinni „Búðartungur“ sem lítið gagn er að, er<sup>u</sup> taldar með afrettinni.<sup>148</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 20. febrúar 1893 var Páli Þorsteinssyni byggð kirkjujörðin Þingmúli. Þá var honum byggð afrétt sem staðnum fylgdi og einnig er í byggingarbréfinu greint frá landamerkjum jarðarinnar. Þar er meðal annars fjallað um aðalafréttina eða eins og segir í byggingarbréfinu:

Landamerki jarðarinnar eru: Sunnan Múlans á milli Borgar og Þingmúla svo nefndir „Þrimelar“; að austan Múlaá; að norðan Geitdalsá og á Hátúnadal grjótgarður sá hinn forni, er þar sjest enn kippkorn fyrir utan Dalhús. Landið frá garði þessum og inn að aðalafrejtinni er fráskilið þessari byggingu Þar á móti er hið venjulega slægnaítak í Hallbjarnarstaðlandi, „Lónatangi“ leigt með jörðinni.

[...]

Auk þessa byggi eg leiguliða afrejt þá, sem staðnum fylgir til allrar löglegrar notkunar, að undanteknum rjetti til slægna í henni fyrir árlegt eptirgjald 10 – tíu – krónur, sem greiðist í peningum á sama gjalddaga sem landsskuldin<sup>149</sup>

Í umfjöllun um Þingmúla í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 er skráð svohljóðandi athugasemd um um Múlaafrétt:

Þess skal getið að Múlaafréttur hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt. Metinn kr. 600,00<sup>150</sup>

Um Vallanes segir m.a. í sama fasteignamati að jörðin hafi upprekstrarland á Múlaafrétt, metið á 600 kr. Eigandi jarðarinnar var Vallaneskirkja.<sup>151</sup>

Hinn 4. desember 1917 skráði fasteignamatsnefnd Suður-Múlasýslu lýsingu á Múlaafrétt eftir að hafa aflað frekari upplýsinga og orðið við óskum og kröfum yfirmatsnefndar. Lýsingin er svohljóðandi:

Múlaafréttur: Kirkjueign: Umráðamaður og notandi: M. Bl. Jónsson prestur í Vallanesi  
Tekjur af afrett þessum eru ekki aðrar, samkvæmt fengnum upplýsingum, en þær, að umráðamaður rekur þangað árlega sauðfé frá heimili sínu. Hæfilegt mat teljum vér því kr. 600.00

Lýsingu þessa og mat afrettarins munum vér senda hreppstjóra Vallahrepps til birtingar umráðamanni og öðrum hlutaðeigendum<sup>152</sup>

<sup>148</sup> Skjal nr. 2(474).

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(287).

<sup>150</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>151</sup> Skjal nr. 2(492).

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(160).

Með byggingarbréfi dagsettu 13. maí 1940 var Óla Einarssyni byggð jörðin Þingmúli frá fardögum 1938. Undir lið 3 í bréfinu, sem spyr hverjar eyðingar eða landspildur, fráskildar jörðinni, séu með í byggingu hennar, stendur eftirfarandi:

Múlaafréttur fylgir jörðinni.<sup>153</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.<sup>154</sup> Oddviti Skriðdalshrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 13. nóvember sama ár. Þar segir að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Liggja þær suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð.<sup>155</sup>

### 5.4.2 Vatnsskógar í Skriðdal

Við manntalsrétt að Þingmúla 3. ágúst 1799 tilkynnti Jón Jónsson á Arnhildarstöðum að hann ætlaði sér að taka til uppræktar og byggingar eyðikotið Vatnsskóga sem liggja á landi Þingmúlakirkju og sé það gert með samþykki staðarhaldara.<sup>156</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er Vatnsskóga getið í neðanmálgrein um Þingmúlakirkjújörðina Flögu í Skriðdal. Þar segir að Vatnsskóga sé getið sem eyðingar Þingmúla í jarðamötum 1696 og 1804 og séu samkvæmt brauðaskýrslu prests frá 1839 leigðir til beitilands.<sup>157</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 5. desember 1859 byggði presturinn í Þingmúla Árna Magnússyni kirkjulandið Víðirgróf. Í byggingarbréfinu segir m.a.:

Med brefi þessu biggi eg Bjarni Sveinsson prestur að Þingmúla Arna Magnússyni kirkjulandið Vydigróf eða land allt frá Vatnsskóga og inná Öxi þar sem vötnum hallar suduraf, austaramegin Oxarar á fjall upp frá Fardögum 1860 til fardaga 1861 og so lengi sidann sem hann vill þar vera og uppfyllir eptirfylgjandi skilmala:

[...]

2, hann skal njota og nota sjer landid til allral öglegra afnota samt veidi i Skriduvatni undan landi sinu. Hann ma og eptir eigin vild ljá beit Stephanstadamanni hvort heldur til sumar eða vetrarbrukunar med þeim skilmálum sem þeir gódfúslega koma sjer saman um. Lika gefst honum leifi til ad taka fje til sumargaungu af so morgum sem hann kann ad þurfa til ad fa styrk til fjarsafna a haustum. Þo má þesshattar leifi ekki ná so langt ad fje það vegna haga þreingsla þurfi ad ganga yfir Öxará so miklum fjölda hætt i afrett landsdrottins.

3, Fjarsofnum grenjaleitum og ödrum vanalegum leigulida skildustörfm skal hann vera skyldur að gegna á eigin kostnað forsvaranlega.

4, Skogarkropp það sem nú er eptir i Vydigróf má hann eins og adrar landsnytjar nota sjer til eigin brukunar en ekki ljá öðru nema litid eitt i ytrustu naudsia og þó med þeim

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(151).

<sup>154</sup> Skjal nr. 2(371).

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(372).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(456).

<sup>157</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 372.

skilmálum að hann fái þar fyrir heystyrk eða eitthvað það sem honum alitst óumflíanlega nauðsynlegt.<sup>158</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum er dagsett 7. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrivarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrivarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Þingmúla 7. júní 1883.

Páll Pálsson

Framanskriðuð landamerki milli Þingmúla í Skriðdal og Þorgrímsstaða í Breiðdal samþykkir.

Þorgrímsstöðum 8. júní 1883.

Guðm. Finnbogason.

Framanskriðuð landamerki milli Berufjarðar í Beruneshr. og Þingmúla í Skriðdalshrepp samþykkjast hér með fyrir hönd Berufjarðar kirkju.

Berufirði 8. júní 1884.

ÞÞorsteinsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur Antoníus Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd Þjóðjarðarinnar Hauga samþykkur Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur GEinarsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkur Benidikt Eyjólfsson.

Fyrir hönd Geitdals samþykkir Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Fyrir hönd Tóarsels samþykkir Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson.<sup>159</sup>

Í virðingargjörð á jörðinni Vatnsskógum í Skriðdal, dagsettri 26. júní 1916 og sem lögð var fram á manntalsþingi í Skriðdalshreppi hinn 3. júlí sama ár, segir að jörðin sé ekki metin til dýrleika í gildandi jarðamatsbók vegna þess að hún hafi verið hjáleiga og byggð út úr landi Þingmúla eftir að jarðamatið fór fram. Í framtalsbók hreppsins frá árinu 1907 sé jörðin talin fimm hundruð að dýrleika. Um landamerki hennar er eftirfarandi tekið fram:

Um landamerki jarðarinnar er það að segja að þau eru skakt til færð í útskrift sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, skírð landamerki annarar jarðar en þeirrar sem hér er um að ræða.

En eftir þeim upplýsingum sem við höfum getað aflað okkur eru landamerki þessi: að utan „Vatnsdalsá“, að neðan Múlaá, að ofan Vatnsdalsvörp og fjallgarður til Breiðdals-

<sup>158</sup> Skjal nr. 6(4).

<sup>159</sup> Skjöl nr. 2(5) og 2(377).

heiðar, en að innan virðist dálítill ágreiningur milli landsdrottins og leiguliða, þannig að landsdrottin virðist halda því fram, að land jarðarinnar nái aðeins inn að svo kölluðum Íxnagilsám, en leiguliði vill halda því fram, að allt landið innúr, til Berufjarðarvarpa, sé hér um að ræða. En því er þannig varið að leiguliði hefur aðeins munnlega byggingu fyrir jörðinni, en ekkert byggingarbréf, svo ekki verður séð hve mikið land felst í byggingunni. Að okkar dómi er hér um lítilfjörlegt landstykki að ræða: fjallendis reim, að miklu leyti gróðurlaus, innst til dala, enda er ábúandi ekkert áfram um að halda landstykki þessu. En vegna þessa misskilnings virðum við jörðina innað Íxnagilsám sér, og afréttarstykkið þar fyrir innan til Berufjarðarvarpa sérstaklega.<sup>160</sup>

Jörðinni var jafnframt lýst þannig:

Land jarðarinnar er stórt; mikið af því gróðurlaust fjallendi, með grjóti aurum og mosa, en þegar niður í aðaldalinn dregur, sem er áframhald af sveitinni, er landið þakið lingi, hris og grasi, er því ágætt til beitar fyrir búfé, bæði sumar og vetur. Þverdalur upp frá bænum öðru megin áar fylgir jörðinni, en er mjög gróðurlaus.<sup>161</sup>

Stórt vatn, Skriðuvatn, var á jörðinni skammt frá túninu og afrétt fylgdi henni. Að lokum var jörðin Vatnsskógar, frá Vatnsdalsá að Yxnagilsám, metin á 850 kr. og afréttarstykkið frá Yxnagilsám til Berufjarðarvarpa metið á 150 kr.<sup>162</sup>

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 3. júlí 1916 var lögð fram og staðfest matsgjörð fyrir jörðinni Vatnsskógum.<sup>163</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Vatnsskógar var eyðijörð og metin á 800 kr. Fram kemur að jörðin hafi nægjanlegt upprekstrarland en arðlaust sem stendur. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja. Um landamerki segir eftirfarandi:

Landamerki: Að neðan Axará og Skriðuvatn, að utan Vatnsdalsá, að ofan og framan þar sem vötnum hallar.<sup>164</sup>

Með afsali dagsettu 7. nóvember 1918 seldi ráðherra Íslands Halldóri Halldórssyni jörðina Vatnsskóga í Skriðdalshreppi, sögð fimm hundruð að nýju mati, fyrir 1.000 kr.<sup>165</sup> Afsalið var þinglesið við manntalsþing að Arnhólsstöðum 7. júlí 1919.<sup>166</sup>

Með afsali dagsettu 18. mars 1932 afsalaði Halldór Halldórsson eyðijörðinni Vatnsskógum til Margrétar Halldórsdóttur. Afsalið var þinglesið 2. apríl 1932.<sup>167</sup>

Í erfðaafsali um jörðina Vatnsskóga, dagsettu 12. ágúst 1975, er gerð svohljóðandi grein fyrir landamerkjum jarðarinnar:

Að neðan Axará og Skriðuvatn að utan Vatnsdalsá að ofan og framan þar sem vötnum hallar.<sup>168</sup>

<sup>160</sup> Skjal nr. 2(308).

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(308).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(308).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(452).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2(309).

<sup>166</sup> Skjal nr. 2(393).

<sup>167</sup> Skjal nr. 6(5).

<sup>168</sup> Skjal nr. 6(6).

### 5.4.3 Stefánsstaðir í Skriðdal

Í prófastsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 segir að hjáleigan Stefánsstaðir sé byggð á heimalandi Þingmúla.<sup>169</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 7. júní 1852 eru taldar upp kirkjujarðir Þingmúla, s.s. Borg með Stefánsstöðum og Flaga í Skriðdal.<sup>170</sup> Sömu upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar, sem getið er í eldri vísitasíum, er fjallað um í úttekt Þingmúlakirkju frá 2. október 1862. Þar er að vísu ekki fjallað um jörðina Flögu í Skriðdal.<sup>171</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 15. apríl 1871 voru Guðmundi Finnbogasoni byggðir Stefánsstaðir frá fardögum 1871 til fardaga 1872. Í bréfinu segir meðal annars:

4. Hann skal leggja mann árlega til grenjaleita og vanalegra fjallskila á Þingmúla afrétt.

[...]

Athuga: Landamerki Stephansstaða hafa verið talin: að utan lækr skammt þar útfra, að innan en að ofan eptir því sem vötnum hallar til landsins; að neðan ræður vatnið og og áin.<sup>172</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum er dagsett 7. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiða uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrivarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrivarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Þingmúla 7. júní 1883.

Páll Pálsson

Framanskriðuð landamerki milli Þingmúla í Skriðdal og Þorgrímsstaða í Breiðdal samþykkir.

Þorgrímsstöðum 8. júní 1883.

Guðm. Finnbogason.

Framanskriðuð landamerki milli Berufjarðar í Beruneshr. og Þingmúla í Skriðdalshrepp samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðar kirkju.

Berufirði 8. júní 1884.

ÞÞorsteinsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur Antoníus Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd Þjóðjarðarinnar Hauga samþykkur Páll Ólafsson (umboðsmaður)

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(244).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>172</sup> Skjal nr. 2(251).



Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur GEinarsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkur Benidikt Eyjólfsson.

Fyrir hönd Geitdals samþykkir Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Fyrir hönd Tóarsels samþykkir Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson.<sup>173</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. nóvember 1885 var Vigfúsi Sveinssyni byggð jörðin Stefánsstaðir með hólmanum í Skriðuvatni, sem hafi verið eign Hallormsstaðarkirkju. Í byggingarbréfinu segir eftirfarandi um landamerki:

Athugasemd: Landamerki Stefánsstaða eru: að utan: lækur skammt fyrir utan bæinn; að innan: Djúpagilsá; að ofan eptir því sem vötnum hallar til landsins, að neðan ræður vatnið og áin.<sup>174</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Stefánsstaðir var eyðijörð og metin á 400 kr. Ekki er getið um upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja. Um landamerki segir:

Landamerki: Að ofan sem vötnum hallar, að utan Þverá, að neðan Axará, að innan Djúpagilsá.<sup>175</sup>

Við aukarétt á Eskifirði 28. ágúst 1919 voru Jón Runólfsson á Litla-Sandfelli og Hákon Finnsson á Arnhólsstöðum útnefndir til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Stefánsstaði ásamt Vatnshólum í Skriðdalshreppi, samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða.<sup>176</sup>

Við aukarétt að Arnhólsstöðum 30. júní 1920 voru Jón Runólfsson á Litla-Sandfelli og Pétur Jónsson í Geitdal útnefndir, samkvæmt lögum frá 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða, til að meta til peningaverðs kirkjujörðina Stefánsstaði í Skriðdalshreppi.<sup>177</sup>

Hinn 29. ágúst 1920 var framkvæmd matsgerð á kirkjujörðinni Stefánsstöðum. Matsgerðin er dagsett 16. október 1920 en í henni segir meðal annars:

Jörðin liggur innst í Skriðdal, hefur mikið og gott beitiland. Túnið er nú eiðilagt af hlaupum úr fjalli; því mundi ekki örugt að byggja bæinn aftur á sama stað. Hús eru engin á jörðinni og engin kúgildi.

Engi hefur jörðin allmikið en nokkur hluti af því er í flóum fyrir ofan brúnir; ekki er auðvelt að segja hvað mikið þar mætti heyja, eða með hvaða tilkostnaði. Til þess vantar alla reynslu. – Auk þessa engis er hinn svo nefndi Skriðuvatnshólmi, sem áður var sjereign Hallormsstaðakirkju – Helmingur eftirgjaldsins er talinn af honum – Af hólma þessum fást að meðaltali 45 hestar ár hvert og er það gott flæði hey.

Ekki teljum við sjáanlegt að jörðin liggi undir neinum sjerstökum áföllum öðrum en þeim sem áður er tekið fram að orðin eru á túninu. Sem ókost má telja mývarg á sumrin.

Eins og þegar er tekið fram, eru hjer hvorki hús eða tún að meta, heldur aðeins beitiland og útengi. Útengið hefur aldrei verið notað til hlítar og því ekki rjett að meta gildi þess eftir þeim árangri. Við verðum að álíta, að hjer mætti <sup>heyja</sup> talsvert mikið og framfleyta nokkru sauðfjárþú með góðum arði.<sup>178</sup>

<sup>173</sup> Skjöl nr. 2(5) og 2(377).

<sup>174</sup> Skjal nr. 2(252).

<sup>175</sup> Skjal nr. 2(62).

<sup>176</sup> Skjal nr. 2(462).

<sup>177</sup> Skjal nr. 2(463).

<sup>178</sup> Skjal nr. 2(480).

Jörðin var að lokum metin ásamt Skriðuvatnshólma á 2.500 kr.<sup>179</sup>

Við aukarétt að Mýrum í Skriðdalshreppi var matsgerð fyrir kirkjujörðinni Stefánsstöðum, dagsett 16. október 1920, staðfest. Fram kemur að jörðin ásamt Skriðvatnshólma var metin á 2.500 kr. Matsmenn staðfestu gerðina en Bjarni Björnsson, ábúandi Stefánsstaða, bað um að bókað yrði að hann teldi jörðina hafa verið metna helmingi hærra en virði hennar væri.<sup>180</sup> Hinn 10. janúar 1921 skrifaði Stefán Þórarinnsson hreppstjóri til Stjórnarráðs Íslands og veitti umsögn sína um sölu Stefánsstaða. Stefán sagði jörðina hafa legið í eyði í um 20 ár og ekkert verið nýtt fyrir utan Skriðuvatnshólma en hann hafi verið léður til slægna. Þá sagði hann að jörðin væri virt fyrir of háa upphæð. Loks lagði hann til að jörðin yrði seld á bilinu 1.500–1.800 kr.<sup>181</sup>

Með afsalsbréfi dagsettu 4. september 1924 seldi ráðherra Íslands Bjarna Björnssyni jörðina Stefánsstaði fyrir 1.800 kr.<sup>182</sup>

Í samningi um landamerki jarðarinnar Hjarðarhlíðar frá 23. júní 1963 er fjallað um landamerki gagnvart Stefánsstöðum. Það segir eftirfarandi:

Landamerkjasmningur:

Við undirrituð höfum komið okkur saman um að þessi skulu vera landamerki Hjarðarhlíðar.

Að framan skiptir Þverá landi milli Hjarðarhlíðar og Stefánsstaða, en að utan skurður utan við túnið í Hjarðarhlíð og úr honum bein lína upp í gegnum miðja Hrutabotna upp á brún.

Borg 23. júní 1963.

Bergþór Bjarnason (sign.)

Kristín Árnadóttir (sign.)

Ragnar Bjarnason (sign.)<sup>183</sup>

#### 5.4.4 Borg í Skriðdal

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Borgar ekki tilgreindur. Hún var hjáleiga frá Þingmúla.<sup>184</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er Borg metin sjö hundruð að dýrleika. Hún var hjáleiga Þingmúla.<sup>185</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 segir að hjáleigan Borg sé byggð á heimalandi Þingmúla.<sup>186</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Borg:

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(480).

<sup>180</sup> Skjal nr. 2(464).

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(479).

<sup>182</sup> Skjal nr. 2(478).

<sup>183</sup> Skjal nr. 2(8).

<sup>184</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>185</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(244).

9, Borg

og Stephánsstaðir, hiáleigur frá Þingmúla taldar hin fyrri 7<sup>hndr</sup>, hin sídari 2<sup>hndr</sup>, landamerki milli þeirra eru einginn. Túnid á Borg er betra enn í meðallagi, á hinu kotinu er ekkert tún; útheyskapur lakari enn í meðallagi, landrými nóg, og góð útbeiti, sílúngsveidi í Skriduvatni. Þessi afbýli meta vyrðingarmenn á 600<sup>rd</sup>.<sup>187</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 7. júní 1852 eru taldar upp kirkjujarðir Þingmúla, s.s. Borg með Stefánsstöðum og Flaga í Skriðdal.<sup>188</sup> Sömu upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar, sem getið er í eldri vísitasíum, er fjallað um í úttekt Þingmúlakirkju frá 2. október 1862. Þar er að vísu ekki fjallað um jörðina Flögu í Skriðdal.<sup>189</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 17. desember 1852 var Árna Magnússyni byggður þriðjungur Borgar. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

Gjeldfje sitt og lömb skal hann á hvörju ári reka til afrjettar þeirrar sem Þingmúla kyrkja á og Borg hefur hlutdeild í enn ekki má hann af neinum öðrum fje á afrett taka hann skal vera skyldur að safna stadarins afrett á haustum þegar fært er og lögsofn uppabodin en stór gripi þá sem heima eru skal hann vera skildur að passa so ekki gangi i land landsdrottins eda slægjur sambilismans hans<sup>190</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 17. júlí 1856 var Jóni Magnússyni byggður þriðjungur Borgar frá fardögum 1857 til fardaga 1858. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

Gjeldfje sitt og lömb skal hann á hvörju ári reka til afrettar þeirrar sem Þingmúlakyrkja á og Borg hefur hlutdeild i, en ekki má fara af neinum öðrum fje á afrett taka eda leifa þar öðrum neinar þær landsnytjar sem hann sjalfur má þó brúka so sem grasatekju og þessháttar hann skal vera skildur að safna stadarins afrett á haustum þá þörf er og lögsöfn uppabodinn en stórgripi þá sem heima eru skal hann vera skildur að passa so ekki gangi i landlandsdrottins leifislaust eda i slægjur sambilismanns,

[...]

Til að fyrirbyggja allan agreining um not slægna milli þessa jardarpartz og Prestssetursins Þingmúla þá vil eg hjermed skílauslega framtaka að nefndur Jon Magnusson skal hafa rjett ~~þ~~ og heimild til að slá sina svokolludu Stadartoptargrund og mýrina þarfyrir utan utad Mula hraunum en ekki leingra og þess vegna hafa rjett til að verja hana til slattaloka fyrir öllum gripum bædi stadarhaldara og annara.<sup>191</sup>

Sama kemur fram í öðru byggingarbréfi Jóns fyrir fjórum hundruðum og 80 álnum í Borg, dagsettu 29. október 1857. Þar segir einnig um landamerki Borgar gagnvart Þingmúla og Stefánsstöðum:

Til frekari vissu fyrir landeign þeirri sem Borg er heimiladur til brukunar gjet eg þess að landamerki þau sem brukud hafa verid að utan milli Borgar og Þingmúla eru þau somu sem brukud hafa verid i hid minsta alla tid formanns mins prestsins Sr Engilberts Þordarsonar nefnilega þeir sokölludu þrimelar en að innanverdu hefur lækur nokkur skamt fyrir utan Stephanstadi sem kallast þverá verid hofd fyrir landamerki milli Borgar og Stephanstada sidan þar hofst bigd<sup>192</sup>

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>189</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>190</sup> Skjal nr. 2(477).

<sup>191</sup> Skjal nr. 2(248).

<sup>192</sup> Skjal nr. 2(249).

Líkt og í fyrri byggingarbréfum þá er í byggingarbréfi Jóns Guðmundssonar, dagsettu 1. júní 1870, fyrir Borg fjallað um afréttarnot og landamerki eða eins og segir í byggingarbréfinu:

6. Hann skal eiga þá hlutdeild í afrétt Þingmúla staðar að láta sína menn ganga þar til grasa og reka þangað lömb sín og geldkindr borgunarlaust, en engum öðrum má hann leyfa þar nein landsnot – og vera skyldugr að leggja þangað mann til grenjaleita þegar ábuandi Þingmúla óskar og í fjallgöngur á haustum vanalegar.

[...]

Ath. Landamerki Borgar eru talin í gömlum og nýum byggingarbréfum fyrir Borg, að utan Þrímelar, að innan, Þverá, sem er lækr skammt útfrá Stephansstöðum – að ofan það sem vötnum hallar frá – en að neðan rædr áin.<sup>193</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum er dagsett 7. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrívarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrívarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Þingmúla 7. júní 1883.

Páll Pálsson

Framanskriðuð landamerki milli Þingmúla í Skriðdal og Þorgrímsstaða í Breiðdal samþykkir.

Þorgrímsstöðum 8. júní 1883.

Guðm. Finnbogason.

Framanskriðuð landamerki milli Berufjarðar í Beruneshr. og Þingmúla í Skriðdalshrepp samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðar kirkju.

Berufirði 8. júní 1884.

ÞÞorsteinsson.

Fyrir hönd Arnhólsstaða samþykkur Antoníus Björnsson (ábúandi)

Fyrir hönd Þjóðjarðarinnar Hauga samþykkur Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur GEinarsson.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkur Benidikt Eyjólfsson.

Fyrir hönd Geitdals samþykkir Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Fyrir hönd Tóarsels samþykkir Þórður Guðmundsson, Jón Guðmundsson.<sup>194</sup>

<sup>193</sup> Skjal nr. 2(250).

<sup>194</sup> Skjöl nr. 2(5) og 2(377).

Við aukarétt 26. mars 1917 voru þeir Jón Runólfsson oddviti í Sandfelli og Hákon Finnson bóndi á Arnhólsstöðum útnefndir til að meta Borg í Skriðdal.<sup>195</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Borg í Skriðdal, dagsettri 2. júlí 1917 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 12. júlí sama ár, segir að jörðin sé 15,69 hundruð að nýju mati. Smávaxinn skógur var talsverður á jörðinni. Að lokum var jörðin metin á 3.600 kr.<sup>196</sup>

Við aukarétt að Arnhólsstöðum 12. júlí 1917 var tekið fyrir að staðfesta matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Borg í Skriðdalshreppi. Matsgjörðin, dagsett 2. júlí 1917, var framlögð og staðfest.<sup>197</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Borg var metin á 2.800 kr. Fram kemur að jörðina skortir upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja. Um landamerki segir:

Landamerki: Að ofan sem vötnum hallar, að utan Þrímelar í beinni línu upp og niður, að neðan Skriðuvatn og Múlaá, að innan Þverá.<sup>198</sup>

Með afsali dagsettu 7. nóvember 1918 seldi ráðherra Íslands Bjarna Björnssyni jörðina Borg í Skriðdalshreppi, 15,69 hundruð að nýju mati, fyrir 6.500 kr.<sup>199</sup> Afsalið var þinglesið við manntalsþing að Arnhólsstöðum 7. júlí 1919.<sup>200</sup>

Landamerkjasamningur milli jarðanna Borgar og Birkihlíðar er dagsettur 23. júní 1963 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni samningsins er svohljóðandi:

Landamerkjasamningur:

Við undirrituð höfum komið okkur saman um að þessi skulu vera landamerki milli Borgar og Birkihlíðar.

Niður við Múla skiptir Árnatóftarlækur síðan eftir melbrún upp að túnhliði á vegi og þaðan bein lína upp fyrir utan Háamel og Þrívörðumel í röð utan við Fannabotn og upp á brún.

Þar sem land Birkihlíðar stækkar falla niður beitarréttindi í Borgarlandi í áður útgefnu kaupbréfi.

Borg 23. júní 1963.

Björn Bjarnason (sign.)

Kristín Árnadóttir (sign.)

Ragnar Bjarnason (sign.)<sup>201</sup>

#### 5.4.4.1 Hjarðarhlíð í Skriðdal

Samningur um landamerki jarðarinnar Hjarðarhlíðar er dagsettur 23. júní 1963 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni samningsins er svohljóðandi:

<sup>195</sup> Skjal nr. 2(391).

<sup>196</sup> Skjal nr. 2(306).

<sup>197</sup> Skjal nr. 2(392).

<sup>198</sup> Skjal nr. 2(63).

<sup>199</sup> Skjal nr. 2(307).

<sup>200</sup> Skjal nr. 2(393).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2(7).

Landamerkjasamningur:

Við undirrituð höfum komið okkur saman um að þessi skulu vera landamerki Hjarðarhlíðar.

Að framan skiptir Þverá landi milli Hjarðarhlíðar og Stefánsstaða, en að utan skurður utan við túnið í Hjarðarhlíð og úr honum bein lína upp í gegnum miðja Hrutabotna upp á brún.

Borg 23. júní 1963.

Bergþór Bjarnason (sign.)

Kristín Árnadóttir (sign.)

Ragnar Bjarnason (sign.)<sup>202</sup>

### 5.4.5 Hátún í Geitdal

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 eru Hátún metin tvö hundruð að dýrleika. Þau voru hjáleiga Þingmúla.<sup>203</sup>

Í umfjöllun um Þingmúla í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er Hátúna getið sem afbýlis sem sé talið vera tvö hundruð að dýrleika. Fram kemur að engin landamerki séu þar á milli.<sup>204</sup>

Hinn 23. ágúst 1904 var prófasturinn Jóhann L. Sveinbjarnarson staddur að Vallanesi í embættisskoðunarferð. Skráð er í vísitasíubók Suður-Múlaprófastsdæmis 1892–1925 að kirkjujörðinni Þingmúla hafi verið skipt í þrjár jarðir og að stiftsyfirvöldin hafi samþykkt breytinguna með bréfi dagsettu 24. mars 1904. Um jarðirnar þrjár, Þingmúla, Múlastekk og Hátún, segir eftirfarandi:

1. Þingmúli, og eru takmörk hennar: að austan Múlaá, að framan, milli Múlastekks og Þingmúla bein lína úr merkikletti í garðshornið, þar sem stíflugarðurinn á Múlanesi gengur lengst út, og þaðan niður í Múlaá, og sama bein lína ræður upp í Múlakoll. Að norðan ræður Geitdalsá, og að framan norðan megin „merkilækur“ skammt út fyrir utan Kálfeyri. Auk þess ffærir jörðinni slægnaítakið Lónatangi, austan Múlaá í Hallbjarnastaðalandi.

2. Múlastekkur. Landamerki að utan, hin áður nefnda lína ur merkikletti í garðshornið þar sem stíflugarðurinn á Múlanesi gengur lengst út etc, og að innan eins og áður milli Borgar og Þingmúla.

3<sup>o</sup> Hátún. Landamerki að utan: Merkilækur, að norðan Geitdalsá, að framan: forn Grjótgarður utan við Dalhús, að austan háröxlar Múlands.<sup>205</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að Hátún voru metin á 1.300 kr. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi var Þingmúlakirkja. Um landamerki segir:

<sup>202</sup> Skjal nr. 2(8).

<sup>203</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>204</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>205</sup> Skjal nr. 2(490).

Landamerki: Að utan Merkilækur, að ofan Há-Múlaröðullinn. Að framan Gamli-grjótgarður, að neðan Geitdalsá. Þá á jörðin svonefndan Kálfseyrarhólma norðan árinna.<sup>206</sup>

Við aukarétt 1. júlí 1929 voru Helgi Finnsson og Einar Jónsson útnefndir til að meta jörðina Hátún.<sup>207</sup>

## 5.5 Búðartungur

Í máldaga Vilchins fyrir Mariúkirkju á Valþjófsstað frá um 1397 er Búðartungna getið:

Mariu kirkia a walþiofstodum a heimaland allt.

[...]

bwdar tungo. slefhollz teig.<sup>208</sup>

Sama kemur fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar um Valþjófsstaðarkirkju.<sup>209</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 er fjallað um Geitdal og Búðartungur en þar segir meðal annars:

12 Augusti Olaffs kuirka J müla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og haftt haffa Halffann Jorunnardal framm ä stafnz Heyde til þess votnum Hallar eirnenn allar øxarärdal framm ä øxe til þess votnum hallar / ad frateknu hauga lande, Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og Ytre.<sup>210</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíu frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890. Í þeirri síðastnefndu segir Búðartungur tjáist nú orðnar gagnslitlar.<sup>211</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Mariúkirkju að Valþjófsstað frá 1641 er getið Búðartungna en þar segir meðal annars:

Mariu kyrkia ad valþiöfstödum ä Heimaland allt effter gomlum kyrkunnar maldaga huor ed samann var lesinn vid Wilchins mäldaga, under godra manna heirn og bar ei mun ä milli, var það bref fyrer skrifad af 6 mönnum effter Registrum kyrkunar J Skalholti

[...]

Budar tungu<sup>212</sup>

Í biskupsvísitasíu Valþjófsstaðar frá 23. júlí 1748 segir að kirkjan haldi sínum réttindum.<sup>213</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 segir eftirfarandi:

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>207</sup> Skjal nr. 2(381).

<sup>208</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 209–212, skjal nr. 4(27).

<sup>209</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 681, skjal nr. 4(29).

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(199).

<sup>211</sup> Skjal nr. 2(200)–2(203).

<sup>212</sup> Skjal nr. 2(470).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2(471).

Hún á heimaland allt og Skriduland og eru nú á því býgðar hjáleigurnar Borg og Stefánstadir; hálfann Jórunnardal (=Þórudal) framá Stafnsheidi til þess vötnum hallar, allann Øxarárdal framá Øxi til þess vötnum hallar að fráteknu Haugalandi, sem nær að Vatnsdalsá; allann hálfann Geitdal, og Búdartúngu, efri og ytri; hún á Flögu 6 hndr., tvo hluti í Hvalnesi 20 hndr. Hallbjarnarstadi 16 hndr. og Bakkaland er þeim fylgir og mun þar með meintur Vídirlækur; Hún á reka á Ólavs sandi 300 tíræd; hálfann reka á Klyftasandi á móts við Valþjófsstada kirkju í Skógarteig í Merkiár kvíslum (~~í~~; 60 tímurs í Hallormsstada skógum hvört ár; hún á og skóg í Sandfellslandi eptir Vilchins máldaga [neðanmáls:] seinna tiltekid 20 hesta högg í Stórasandfellsskógi ár hvört.<sup>214</sup>

Í biskupsvísitasíu Valþjófsstaðar frá 31. júlí 1850 segir m.a. að kirkjunni tilheyrir Búðartungur „sem ekki lengi hafa verið notaðar“.<sup>215</sup>

Í ódagsettri skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls eftir fimm ára meðaltali frá fardögum 1872 til fardaga 1877 er landi Þingmúla lýst, sagt frá afrétt sem fylgi staðnum, Geitdal og Búðartungum. Fjallað er um landskosti og vísað í álitsgjörð um að staðurinn geti sanngjarnlega verið leigður með upprekstri á afréttina án annarra nota hennar með 160 álna landskuld. Þá er fjallað um Geitdal og Búðartungur undir lið um tekjur af ítökum, ískyldum og hlunnindum sem fylgi prestakallinu eftir máldögum og biskupsvísitasíum en texti skýrslunnar um Búðartungur er svohljóðandi:

2 Tekjur af ítökum ískyldum og hlunnindum sem fylgja prestakallinu eptir máldögum og Biskupa Vísitatum.

[...]

b. Øðrum leigð:

[...]

„Búðartungur“ sem lítið gagn er að, er<sup>1</sup> taldar með afretinni.<sup>216</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Geitdals, dagsettri 14. júní 1883, er Búðartungna getið. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884 en í henni segir:

að utan ræður „Marká“ sem kemur ofan úr „Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður „Hraungarður“ allt innað innri „Sauða sem hefur upptök sín úr „Hraungarðsslakka“ og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar „Búðartungur“ sem sra Páll Pálsson ~~hefur~~ á Þingmúla hefur upplökkvað að Þingmúlakirkja egi.

Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstada, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið ut dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla.

Mýrum og Geitdal 14. júní 1884

Pjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson eigendur Geitdals.<sup>217</sup>

Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu er skráð inn lýsing á Búðartungum, dagsett 28. maí 1884. Lýsingin var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Í henni segir:

<sup>214</sup> Skjal nr. 2(244).

<sup>215</sup> Skjal nr. 2(472).

<sup>216</sup> Skjal nr. 2(474).

<sup>217</sup> Skjal nr. 2(4).



Samkvæmt máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkja: Búðartungur „efri og ytri“ sem eru innanvert við Geitdalsafrijet.

Þingmúla 28. maí 1884.

Páll Pálsson.

Takmörkin á Búðartungum eru: að utan „Sauðá“ norður á „Hornbrynju“, sem ræður svo að norðan, að innan „Hraun“ innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.

Páll Pálsson

Landamerkjalytingu þessari og eignarheimild eru samþykkir:

Þjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson, eigendur Geitdals.

Fyrir Hallormsstað Páll Pálsson.<sup>218</sup>

Við manntalsþing í Þingmúla fyrir Skriðdalshrepp 20. júní 1884 var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Búðartungur, ítak Þingmúlakirkju.<sup>219</sup>

Búðartungna er ekki getið í landamerkjabréfi Valþjófsstaðar, dagsettu 6. júní 1885, eða skjali dagsettu sama dag um ítök Valþjófsstaðarkirkju. Bæði skjölin voru þinglesin 8. júní 1885.<sup>220</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 20. júlí 1890 segir að eignir Valþjófsstaðarkirkju hafi verið þær sömu og taldar voru upp í biskupsvísitasíu 31. júlí 1850 með tilteknum undantekningum en þar eru Búðartungur ekki nefndar.<sup>221</sup>

## 5.6 Geitdalur í Skriðdal

Hinn 5. ágúst 1541 samþykkti Gizur biskup Einarsson í Skálholti kaup þeirra Brands priors og sr. Einars Árnasonar um Geitdal.<sup>222</sup>

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfu Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfu Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.<sup>223</sup>

Hinn 13. október 1683 seldi sr. Jón Eiríksson Jóni Þorlákssyni sýslumanni jörðina Berufjörð, 30 hundruð að dýrleika. Jón sýslumaður greiddi meðal annars til Jóns Eiríkssonar jarðirnar Arnaldsstaði í Skriðdal, þ.e. Arnhólsstaði, og sjö hundruð í Geitdal.<sup>224</sup>

<sup>218</sup> Skjal nr. 2(6).

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(377).

<sup>220</sup> Skjöl nr. 2(465) og 2(475)–2(476). Sjá nánar í kafla 5.12.1 um Valþjófsstað.

<sup>221</sup> Skjal nr. 2(473). Sjá nánar í kafla 5.12.1 um Valþjófsstað.

<sup>222</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 89, skjal nr. 4(63).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(369).

<sup>224</sup> Skjal nr. 2(172). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Geitdals metinn 10 hundruð. Einnig segir að jörðin eigi „Afret for 4 Storhundred“. Eigandi jarðarinnar var Vigfús Ormsson prestur á Valþjófsstað.<sup>225</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla í Skriðdal 21. september 1821 var upplesið kaupbréf Guðmundar Sigmundssonar, dagsett 30. júlí 1821, fyrir Geitadal í Skriðdal af sr. Vigfúsi Ormssyni.<sup>226</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla í Skriðdal 21. júní 1831 var upplesið skiptabréf, dagsett 24. mars 1831, þar sem Jón Guðmundsson fékk þrjú hundruð í jörðinni Geitdal, en Anna Guðmundsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir fengu eitt og hálf hundruð hvor og Guðmundur Sigmundsson fjögur hundruð.<sup>227</sup>

Hinn 29. apríl 1846 lögfesti Guðmundur Sigmundsson land ábúðarjarðar sinnar Geitdals, með tilgreindum takmörkum. Lögfestan var þinglesin fyrir manntalsþingsrétti að Þingmúla þann 1. maí 1846. Texti lögfestunnar er eftirfarandi:

Eg undirskrifadur lögfesti árið 1846 þann 29<sup>d</sup> April eignar og ábúðarjördu mína Geitdal, liggjandi í Skriddals hrepp innan Sudurmúla sýslu, nefnilega sem eptirfylgjandi gömul og gyldandi Landamörk tilgreina: úr markár aur ytra beint upp í Marká á fialls brúninni, þaðan beint norðr á Hraungarð, þartil vötnum hallar, svo þaðan beina stefnu inn heidi Inni Hornbriniu, og þaðan ofan í búðartúngur miðjar, hvöriar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju, eptir Wilchins máldaga, enn frá Sandá<sup>228</sup> fremri skal Geitdalsá ráða landamörkum að austan, út eptir, allt úti fyrst nefndt Landamarka kennimarki. Fyriribíð eg því öllum nær og fiarliggjandi mönnum mitt sér að ofan tilgreinda eignarland til allrar brúkunar eda afnota, enn þeir sem rekið hafa að undanfögnu géldfé sitt í eignarland mitt eda á Geitdalsafrett, skulu framvegis méga halda hinu sama fram, samt med eptirfylgjandi skilordi, nefnilega að þeir reki Géldféð á dégi en ekki á nóttu og fari um hiá mér, og tilgreini mér hvað margt hvör um sig þeirra reki af fé á afréttina; sömuleidis að þeir gialdi mér í hagatoll árlega 2<sup>r</sup> rS. eptir hvört hundrad fiár, tregdulaust án dóms og Laga. Sama stað, ár og dag, ut supra.

Guðmundur Sigmundsson

Upplesin fyrir Manntalsþingsrétti að Þingmúla hinn 1<sup>st</sup> Maii 1846, hvar eingin mót-mælti henni, og sidan innfærd í Sudurmúla sýslu Afsals og vedmálalabók. JP  
Havstein const<sup>229</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Geitdalur metin 10 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>230</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Geitdal:

10 Geitdalur

Túnid er í góðu meðallagi, eingjar miklar enn snöggar og erfidar; útigangur í betra meðallagi. Landrymi mikid, gott saudland, afrétt stór, tún og eingi er undirorpið skridu-föllum. Vyrðingarmenn meta þessa jörd á 550<sup>thd</sup>.<sup>231</sup>

<sup>225</sup> Skjal nr. 2(38).

<sup>226</sup> Skjal nr. 2(411).

<sup>227</sup> Skjal nr. 2(412).

<sup>228</sup> Líklega misritun fyrir „Sauðá“.

<sup>229</sup> Skjöl nr. 2(87) og 2(413).

<sup>230</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(51).

Við manntalsþing að Þingmúla 22. júní 1881 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 23. ágúst 1880, þar sem Jón Guðmundsson í Geitdal seldi Pétri Guðmundssyni á Mýrum fimm hundruð forn úr Geitdal fyrir 1.450 kr. Þingheimur vottaði að nefndur Pétur ætti auk þess liðug þrjú hundruð í sömu jörð.<sup>232</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Geitdals er dagsett 14. júní 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

að utan ræður „Marká“ sem kemur ofan úr „Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður „Hraungarður“ allt innað innri „Sauða sem hefur upptök sín úr „Hraungarðsslakka“ og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar „Búðartungur“ sem sra Páll Pálsson hefur á Þingmúla hefur upplökkvað að Þingmúlakirkja egi.

Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstaðar, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið ut dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla.

Mýrum og Geitdal 14. júní 1884

Þjetur Guðmundsson, Þorvaldur Guðmundsson eigendur Geitdals.

Samþykktur Páll Pálsson.

Samþykktur Benidikt Eyjólfsson.<sup>233</sup>

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 19. júní 1902 var þinglýst kaup- og afsalsbréfi, dagsettu 2. maí 1902, þar sem Guðmundur Bjarnason á Ketilsstöðum í Hjaltastaðarhreppi seldi og afsalaði Margréti Pétursdóttur í Vallanesi einu hundraði, 45 álnum og 2/3 hlutum úr alin í Geitdal. Við sama þing var þinglýst kaup- og afsalsbréfi, dagsettu 23. janúar 1901, þar sem Sigurður Pétursson á Mýrum seldi og afsalaði sömu Margréti einu hundraði, 45 álnum og 2/3 hlutum úr alin í Geitdal.<sup>234</sup>

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 22. júní 1905 var þinglýst kaup- og afsalsbréfi, dagsettu 1. nóvember 1904, þar sem Þorsteinn Jónsson á Mýrum seldi og afsalaði Guðmundi Péturssyni á Þorvaldsstöðum í Breiðdal einu hundraði, 45 álnum og 2/3 hlutum úr alin í jörðinni Geitdal.<sup>235</sup>

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 18. júní 1908 var þinglesið kaupbréf, dagsett 23. nóvember 1907, þar sem Guðmundur Pétursson á Þorvaldsstöðum seldi Guðmundi Þorvaldssyni á Geitdal fjögur hundruð og 19 álnir úr jörðinni Geitdal. Þessu kaupbréfi mótmælti hreppsnefnd Skriðdalshrepps sem ólöglegu, þar eð hún hefði ekki fengið að njóta forkaupsréttar. Við sama þing var því lýst að Guðmundur Þorvaldsson í Geitdal hefði eftirlátið móður sinni Svanhvíti Sigurðardóttur kauprétt að þeim fjórum hundruðum og 19 álnum sem hann keypti af Guðmundi Péturssyni.<sup>236</sup>

<sup>232</sup> Skjal nr. 2(414).

<sup>233</sup> Skjöl nr. 2(4) og 2(377).

<sup>234</sup> Skjal nr. 2(415).

<sup>235</sup> Skjal nr. 2(416).

<sup>236</sup> Skjal nr. 2(417).

Við manntalsþing að Arnhólsstöðum 17. júlí 1911 voru þinglesin þrjú afsalsbréf, dagsett 22. maí 1910, 24. maí 1910 og 16. nóvember 1910, þar sem jörðin Geitdalur var seld til Skriðdalshrepps með öllum húsum.<sup>237</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Geitdalur var metin á 4.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Skriðdalshreppur.<sup>238</sup>

Árið 1943 seldi Skriðdalshreppur jörðina Geitdal til Snæbjarnar Jónssonar en undanskildi Geitdalsafrétt við sölua. Í afsali, sem er dagsett 4. apríl 1943, segir um það og merki jarðarinnar:

Ég, Friðrik Jónsson oddviti Skriðdalshrepps f.h. hreppsnefndarinnar í Skriðdalshreppi, geri með þessu bréfi mínu kunnugt, að ég sel og afsala til Snæbjarnar Jónssonar bónda að Geitdal eignarjörð hreppsins Geitdal í Skriðdalshreppi innan Suður-Múlasýslu með húsum og mannvirkjum, sem hreppurinn á þar og jörðinni fylgja, að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrétt, er verður eftir sem áður eign Skriðdalshrepps.

Landamerki jarðarinnar Geitdals eru sem hér segir: Marká að utan. Fossá að framan. Geitdalsá annars vegar og háhryggur Hraungarðs að norðan.<sup>239</sup>

### 5.6.1 Geitdalsafrétt

Við manntals- og skattaþing að Egilsstöðum 8. júlí 1844 var þinglesið umboð frá Jóni Marteinssyni hreppstjóra handa R. Guðmundssyni hreppstjóra á Þorvaldsstöðum til að krefjast fjallskila af þeim bændum í Vallnahrepp sem brúka Geitdalsafrétt.<sup>240</sup>

Kæruskjal til hreppsnefndar Skriðdalshrepps um ógengnar göngur á Geitdalsafrétt 1895 er dagsett 6. nóvember 1895. Guðmundur Þorvaldsson í Geitdal taldi upp þá Sigurð Einarsson á Mýrum, Finn Björnsson á Geirólfsstöðum og Björn Ívarsson á Vaði sem mæta þyrftu sektum eftir 25 gr. þágildandi fjallskilalaga Suður-Múlasýslu. Í kæruskjalinu er fjallað um innstykki og útstykki afréttarinnar.<sup>241</sup>

Með vitnisburði dagsettum 4. janúar 1896 vottaði Sighvatur Gunnlaugsson á Flögu að niðurröðun og stjórn við göngur á Geitdalsafrétt af hálfu Guðmundar Þorvaldssonar í Geitdal hafi ekki verið hægt að gera betur. Í skjalinu segir að Guðmundur hafi látið menn ganga hraunið með því stykki sem þeir gengu af afréttinni fyrir utan.<sup>242</sup> Sama vottaði Björn Antoníusson á Flögu með skjali dagsettu 4. janúar 1896.<sup>243</sup>

Hinn 24. janúar 1896 rituðu Sigurður Einarsson, Finnur Bjarnarson og Björn Ívarsson skýringar sínar til hreppsnefndar Skriðdalshrepps varðandi göngur á Geitdalsafrétt

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(418).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2(66).

<sup>239</sup> Skjal nr.5(2).

<sup>240</sup> Skjal nr. 2(402).

<sup>241</sup> Skjal nr. 2(99).

<sup>242</sup> Skjal nr. 2(106).

<sup>243</sup> Skjal nr. 2(107).

haustið 1895. Í skjalinu segir að vegna veðurs hafi ekki verið hægt að fylgja upphaflega ákveðnum göngum. Fjallað er um innstykki og útstykki afréttarinnar og þá segir að gangnaforingi hafi farið með einn göngumann upp í Hraungarð. Þremmingarnir sögðu Guðmund gangnaforingja hafa rekið einn mann heim og þar með brotið fjallskilareglur þar sem tveir menn frá Geitdal ættu að ganga afréttina. Fyrir það ætti að sekta Guðmund og sömuleiðis fyrir að eyðileggja þriðju gönguna. Um fjórðu gönguna segir að farið hafi verið inn að Saudá en vegna veður hafi menn þurft að snúa frá. Um sjöttu gönguna segir að menn hafi komist inn í Hornbrynjustakk en vegna veður hafi sú ganga ekki lukkast.<sup>244</sup> Með öðru skjali dagsettu 24. janúar 1896 tilkynnti Sigurður Einarsson á Mýrum til hreppsnefndar Skriðdalshrepps að Þorvaldur Guðmundsson í Geitdal hafi ekki unnið dagsverk við aðgjörð á lögréttinni í Geitdal. Sigurður krafðist að hann yrði sektaður samkvæmt 31. gr. fjallskilalaga.<sup>245</sup> Þorvaldur skrifaði sýslumanni þann 22. maí 1896 og skýrði frá að Sigurður hafi verið réttarstjóri í lögrétt Geitdalsafréttar haustið 1895. Þorvaldur hafi sannarlega verið með eitt dagsverk til viðgerðar á réttinni og ætlað Guðmundi syni sínum að vinna verkið. Hann hafi hins vegar þurft að bíða til hádegis þar sem enginn hafi mætt til verksins þar til vinnumaður Sigurðar hafi mætt og verkstjóri hafi aldrei sinnt verkinu.<sup>246</sup>

Með vitnisburðum dagsettu 24. janúar 1896, 2. febrúar 1896 og 5. febrúar 1896 vottuðu Jóhannes Jónasson á Mýrum, Jón Helgason á Vaði, Einar Hallsson á Geirólfsstöðum, Guðjón Jónsson á Mýrum, Hermann K. Stefánsson á Vaði, Vigfús Einarsson á Mýrum og Magnús Jónsson á Geirólfsstöðum að þeir voru með í þriðju, fjórðu, fimmtu og sjöttu göngu á Geitdalsafrétt 1895. Þá staðfestu þeir að það sem skrifað var í varnarskjali þeirra Björns á Vaði, Finns á Geirólfsstöðum og Sigurðar á Mýrum væri satt og rétt.<sup>247</sup>

Með skjali dagsettu 5. og 6. febrúar 1896 vottuðu Friðbjörn Þórarinnsson í Þingmúla og Óli Haraldur Eyjólfsson á Þorvaldsstöðum að þeir hafi þann 16. október 1895 verið staddir í fjallgöngu inn á Múlaafrétt og þá hafi gangnaforinginn á Geitdalsafrétt farið í göngu inn á Geitdalsafrétt, fyrst einsamall en síðan keypt mann með sér af gangnaforingjanum á múlaafrétt til að ganga með sér. Í skjalinu segir einnig að veður hafi gefist til gangna en þær kindur sem komið hafi fram úr Geitdalsafrétt hafi verið illa staddir. Þá vitnaðist að menn hafi vantað í göngur á Geitdalsafrétt.<sup>248</sup>

Hinn 24. febrúar 1896 sendi Finnbogi Ólafsson sýslumanni kæruskjal Guðmundar Þorvaldssonar í Geitdal með hverju hann krafðist sekta fyrir vanskil á göngum á Geitdalsafrétt haustið 1895. Meðfylgjandi var einnig varnarskjali hlutaeigenda og vottorð ýmissa gangnamanna. Þá fylgdi einnig bréfinu skjal frá Sigurði á Mýrum hvar hann

<sup>244</sup> Skjal nr. 2(102).

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(100).

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>247</sup> Skjal nr. 2(101).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(108).

krafðist sekta á Þorvald í Geitdal fyrir vöntun á manni frá honum við réttarbyggingu haustið 1895.<sup>249</sup>

Með vitnisburði dagsettum 29. febrúar 1896 vottaði Jóhannes Árnason á Geitdal að Sigurður Einarsson á Mýrum, Finnur Björnsson á Geirólfsstöðum og Björn Ívarsson á Vaði hafi ekki farið að öllu leyti eftir fyrirmælum hreppsnefndar til fjárleita á Geitdalsafrétt haustið 1895.<sup>250</sup>

Hinn 29. febrúar 1896 vottaði Finnbogi Ólafsson að hafa sent skriflegan gönguseðil á norðurbæi Skriðdalshrepps varðandi fjárleitir á Geitdalsafrétt laugardaginn 2. nóvember 1895.<sup>251</sup>

Í skjali Páls Þorsteinssonar í Þingmúla, dagsettu 2. mars 1896, segir að hann hafi boðað til fjallgöngu á Geitdalsafrétt þann 15. október 1895. Boðið hafi hann sent til Björns á Vaði sem hafi átt að leggja menn til göngu og aðvera hina. Enginn hafi hins vegar komið til göngu þótt veður hafi verið gott.<sup>252</sup>

Hinn 21. mars 1896 vottaði Óli Haraldur Eyjólfsson á Þorvaldsstöðum að eftir áskorun gangnaforingjans á Geitdalsafrétt hafi hreppsnefndaroddivitinn í Skriðdalshreppi skipað svo fyrir að þeir sem halda áttu uppi fjallskilum á afréttina haustið 1895 skyldu senda mnn í löggöngu inn á Geitdalsafrétt laugardaginn 2. nóvember 1895. Þessari skipun hafi þeir Sigurður Einarsson á Mýrum, Finnur Björnsson á Geirólfsstöðum og Björn Ívarsson á Vaði ekki hlýtt. Í skjalinu segir að gangnaforingi hafi beðið eftir samleitarmönnum til 4. nóvember en þá lagt af stað með öðrum manni, er gengið hafi á Múlann. Þeir hafi fundið 12 kindur. Ein þeirra hafi verið dauð úr hungri og tvær fóru á leiðinni. Aðrar kindur hafi verið illa útleiknar.<sup>253</sup>

Með bréfi dagsettu 15. apríl 1896 skrifaði Finnbogi Ólafsson til sýslumanns Suður-Múlasýslu og bað um skýringar á hvers vegna hreppsnefnd Skriðdalshrepps hafi lagt á Einar Hallsson, vinnumann á Geirólfsstöðum, að ganga eina löggöngu á Geitdalsafrétt haustið 1895.<sup>254</sup>

Með bréfi dagsettu 16. apríl 1896 skrifaði Guðmundur Þorvaldsson í Geitdal til sýslumanns og fjallaði um kæru sína til yfirvaldsins. Getið er fylgiskjals um göngur sem líklega varðar göngur á Geitdalsafrétt haustið 1895.<sup>255</sup>

Hinn 28. apríl 1896 skýrði Guðmundur Þorvaldsson, gangnaforingi á Geitdalsafrétt, frá því hvernig göngurnar fóru fram haustið 1895 og hvernig bændur hafi ekki sent menn í göngur. Í vitnisburði Guðmundar segir meðal annars frá göngum á stykkið fyrir utan Fossárhnútu. Þá segir að Guðmundur hafi lagt til að göngumenn færu allir inn í Búðartungur en enginn treysti sér þangað sökum ófærðar og óveðurs.<sup>256</sup> Með öðru skjali

<sup>249</sup> Skjal nr. 2(98).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(110).

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(112).

<sup>252</sup> Skjal nr. 2(111).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(109).

<sup>254</sup> Skjal nr. 2(104).

<sup>255</sup> Skjal nr. 2(97).

<sup>256</sup> Skjal nr. 2(95).

dagsettu 28. apríl 1896 bað Guðmundur sýslumann um að kalla Björn Ívarsson á Vaði, Sigurð Einarsson á Mýrum og Finn Björnsson á Geirólfsstöðum fyrir rétt til að sekta þá fyrir óhlýðni við fjallskilalögin og sæta ábyrgð og sektum fyrir rangan áburð og meiðandi orð gagnvart Guðmundi.<sup>257</sup>

Með skjali dagsettu 4. mars 1896 lýsti Sighvatur Gunnlaugsson göngum á Geitdalsafrétt haustið 1895. Í skjalinu segir að gengið hafi verið inn og vestur frá Geitdal inn á svokallaða Sáðárhnútu en þar hafi göngumönnum verið raðað niður. Þeir fylgdust svo að inn á Fossárhnútu og hittust aftur í Miðárdrögum. Daginn eftir hafi verið farið ofan að á og út fell og loks komið út fyrir Miðána. Þar hafi gangnaforingi farið þess á leit við göngumenn að fara með sér inn í Búðartungur en enginn treysti sér til þess vegna veðurs og ófærðar.<sup>258</sup>

Hinn 21. maí 1896 skrifaði Guðmundur Þorvaldsson til sýslumanns um að haustið 1895 hafi hann kært Sigurð Einarsson á Mýrum fyrir vanrækslu við fjárskil. Í bréfinu segir að hreppsnefnd Skriðdalshrepps hafi ekki viljað gegna kæru Guðmundar og óskaði hann eftir að sýslumaður tæki málið fyrir.<sup>259</sup>

Árið 1943 seldi Skriðdalshreppur jörðina Geitdal til Snæbjarnar Jónssonar en undanskildi Geitdalsafrétt við söluna. Í afsali, sem er dagsett 4. apríl 1943, segir um það:

Ég, Friðrik Jónsson oddviti Skriðdalshrepps f.h. hreppsnefndarinnar í Skriðdalshreppi, geri með þessu bréfi mínu kunnugt, að ég sel og afsala til Snæbjarnar Jónssonar bónda að Geitdal eignarjörð hreppsins Geitdal í Skriðdalshreppi innan Suður-Múlasýslu með húsum og mannvirkjum, sem hreppurinn á þar og jörðinni fylgja, að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrétt, er verður eftir sem áður eign Skriðdalshrepps.<sup>260</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt.<sup>261</sup> Oddviti Skriðdalshrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 13. nóvember sama ár. Þar segir að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Liggja þær suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð.<sup>262</sup>

## 5.7 Hallormsstaður í Skógum

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Hallormsstað.<sup>263</sup>

<sup>257</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(105).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(103).

<sup>260</sup> Skjal nr.5(2).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2(371).

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(372).

<sup>263</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 4, skjal nr. 4(15).

Í máldaga Vilchins fyrir Péturskirkju á Hallormsstað frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Pieturs kirkia a Hallormstodum a heimaland allt.

[...]

Hun a Myra land og Geirolfstadaland. Areyiar. fiordung i Kielldudal. Diupadal halfann er liggur hia Stafsheidi.

x nauta hofn j nedra dal oc x j Eyvindardal.

Mansfar j Þoriseyar j gäsveidi.

skogarteig vnder Grænafeili.

ij skogarteigar j Sandfelli hinu efsta. liggur annar til Geirolfstada. enn annar til Myra.

xij letorfna skurdur i Strandar land hvert ar.

Stadnum fylger halfur þridiungur hundrada fadma a Sondum vt vestur fra Grijsmel oc allt vt vmm aros vestra.

hinn sextandi hlutur i halfumm hval j halfumm Os rekumm.

attungur i ollumm matreka millumm Gerpis oc Krossavijkurär.

Settungur vr fiordungi i hvalreka milli Spakardals oc Helguär.

holmi i Skriduvattni.

hundrad alna afgreidsla j Miofanesi.<sup>264</sup>

Í Stefánsmáldaga fyrir Hallormsstaðarkirkju frá 1491–1518 segir að kirkjan þar eigi heimaland allt og 60 hundruð í jörðum. Þær eru ekki nafngreindar.<sup>265</sup>

Í skjali frá árinu 1540 varðandi afhendingu Hallormsstaðar í Skógum, þegar sr. Jón Jónsson afhenti Ásbirni Árnasyni, koma eingöngu fram upplýsingar um veraldlega muni en ekki landamerki, ítök eða hlunnindi.<sup>266</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Hallormsstaðarkirkju:

Kirkian ad Hallormstodum. ä heimaland allt.

hun á Mijraland og Geirölffstadaland. Áreij[iar] fiordung i Kielldudal. Diupadal halfann er [ligg]ur hia Stafsheide. Jtem hälfpa Hrollaugstad[e].

x. nauta höffn i Nedradal. og x. i Eijvindarda[l].

mannsfar J Thöriseijjar j gäsveide.

Skogarteig vnder Grænafeille. ij Skögarteigar i Sandfell enu effsta. liggur annar. til Mijra. enn annar til Geirölffstada.

xij letorffna skurd i Strandarland huertt är.

Stadnum fylger hälfpur thridie tugur hundrada fadma ä Söndum. vt vestur frá Grijsmel. og alltt vmm ärös vestra hinn sextandi hlutur i hälfpum hual. i hälfpum Ösrekum. ättungur i øllum matreka. mille Gerpis og Krossavijkur är. siettungur vr fiordunge i hualreka. mille Spakardalz og Helgu är. Hölme i Skriduvatne. hundrad alna affgreidsla i Mioffanese.<sup>267</sup>

<sup>264</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 207–208, skjal nr. 4(19).

<sup>265</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 29, skjal nr. 4(56).

<sup>266</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 591–592, skjal nr. 4(20).

<sup>267</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 682–683, skjal nr. 4(21).



Hinn 15. apríl 1597 staðfestu Björn Magnússon, í umboði foreldra sinna Magnúsar Björnssonar og Halldóru Eiríksdóttur, og Magnús Vigfússon, með samþykki konu sinnar Ólafar Eiríksdóttur, skilmála þar sem meðal annars kom fram að Halldóra skyldi eignast allan þann tíu hundraða skóg í Hallormsstaðalandi sem keyptur var til Skeggjastaða og lýst var í bréfinu.<sup>268</sup> Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir frá skjali, dagsettu við 1. föstudag í sumri 1597, þar sem segi að Ólöf skyldi eignast hálf torfuland en nefnd Halldóra skyldi eignast allan þann tíu hundraða skóg í Hallormsstaðalandi sem keyptur var til Skeggjastaða með þeim ummerkjum frá Borgargerðislæk og út í Hafursá, frá fljóti og upp á fjall.<sup>269</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um vitnisburð Hermundar Benediktssonar frá 1492 lýsingu Einars Ólafssonar um að Brekka í Fljótsdal ætti skógarpart í Hallormsstaðarlandi fyrir utan merki á Skógum og fyrir neðan reiðgötur en út að læknum sem næst féll ánni.<sup>270</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641 segir meðal annars:

Peturskyrkia að Hallormstodum ä heimaland alltt til þeirra landamerkia er Sera Eirýkur Biarna Son og Hans formadur haffa hafft og hallded Sem er fra Haffursä ad utan og Jnn ad Gilsa offan J Fliöt og uppä Skarhrygg, er Suo og allann Hallormsstadahals, utan fra Reydgotum og til þess votnum hallar Sudur ä Oræfe, hun ä Myraland og Geyrolfstadaland til þessara landamerkia framanfra tótrugröf og ut hid Nedra J lækiarsyked, sem fyrer Nedan Geyrolfstada Eyre er, og Suo vppä Skarhrygg, Hün ä Äreyar Jnnan þessara landamerkia, J þann læk Sem fellur wr midiu kotfelle, og rennur wt ä millum Melanna üt ä eyrar, og halfann hialpleysudal til þess vótum hallar, Jtem fiordung J kielludal, diüpadal halfann, er liggur hiä Stafsheide, Jtem halfa Hrollaugstade, loffar Sera Eirýkur Biarnason ad taka heffdarvitne uppä þeirrar Jardar landamerki, og Senda med Handskriffum J Skalholltt, Jnnan komanda Alþýngis ad forfallalaus, Jtem 10 Nauta Hoffn J Nedradal og 10 J Eyvindardal, Mansfar J ÞorersEyar J Gasveide, Skogarteyg under Grænafele, og Skögarteygar J Sandfelle Hinu effsta, lyggur annar til Myra enn annar til Geyrolfstada, er lietorffnaskurd J Strandarland, huórt är, Epter og vitnisburdum Ara Jonssonar, og Steingrýms Gudmundssonar er Standa skriffader ä Skrä kirkiunnar, ad Jtala Hallormstada kirkiu Sie J Arneydarstada land fyrer hundrad fiär J Manud, tilgreint J Geytagierdis myrar, enn hier J möte eig Arneydarstader Skogarteyg mille liösanna og wpp ad reyd Reydgotum Jtem eigi kyrkian 4 Hrossa Beyt med folulldum J Brecku land, Brecka þar ä möt Skög wt frá klyfä, og ad læk þeim þar er Næstur. Enn eigi kyrkian 6 Hrossa Beyt med sama Skylorde og adur er sagt J Bessastadaland, enn Bessastader aptur allann Skög mille Gilsär og Bulungarvallarär, wottar Are þessar allar Jtolur Nautnadar og lientar sýnum frænda Odde Ara Syne þä vid lä, enn Steingrýmur Gudmundsson er þar J þýngä Seigist verid haffa J 30 Ar vitnar allar þessar Jtölur Hallormstada kirkiu Halldnar Jone heytum Gunnsteinssyne lientar aff Odde Ara Syne, Sem drum, þä vid lä. Stadnum fylger halfur þridie tugur Hundrada fadma a Sondum 12 rædra, Vestur frá Grýmsmel, er Nu Skal kallast Nykurmelar, og alltt um Arös vestra, votta þetta fyrrgreinder 2 menn J Somu skrä Datum 1556, og Samþykia 2 adrer er Hallormstad haffa med somu rekamorkum hallded Asbiorn Arna Son, og Einar prestur Arna Son med sýnum Witnisburdum, kyrkian ä hinn Sextanda Hlut J Halffum Hual J halffum Ösrekum,

<sup>268</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 271, skjal H-10.

<sup>269</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 282, skjal H-10.

<sup>270</sup> Skjal nr. 2(197).

attung J ollum matreka mille Gerpis og krossavýkur Ar, Sióttung wr fiördunge J hualreka, mille Spakardals ær og Helgu Är, holma J Skriduvatne, hundrad alna affgreyslu J m Miöanese, var þetta skriffad epter tveimur Maldogum Skalholltzkirkiu Hallormstad kyrkiu Maldagabrefte, ollum þremur Samanlesnum og fyrrneffndre vitnisburdar Skrä.<sup>271</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 1. september 1677, 30. ágúst 1706 og 30. júlí 1850, prófastsvísitasíum frá 3. júlí 1778, 3. júlí 1818, 16. ágúst 1824 og 6. júní 1833 og í ódagsettum texta, líklega frá miðri 18. öld, í kirkjustól Hallormsstaðarkirkju. Í sumum þeirra er fjallað um önnur svæði sem ekki varða þjóðlendukröfur í máli nr. 3/2022.<sup>272</sup>

Í vitnisburði Einars Styrbjörnssonar og Sigurðar Stígssonar frá árinu 1650 vitnuðu þeir um örnefnið Rana og Ranaskóg. Þeir sögðust:

heyrta hafa frá Fiðluklettum og norður að Kirkjuhamri, so og þvert austur frá greindum Fiðluklettum í Gilsá hefur kallaður verið Rani, hvör á land skilur á milli Hallormsstaða og sagðra Hrafnelstaða, og hefur allur sá skógur, sem í því plátsi er, verið kallaður Ranaskógur, og aldrei hér tvímæli á leikið.<sup>273</sup>

Vitnisburður þeirra var vottaður þann 10. júní 1674. Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir ekki nánar frá þeim gjörningi.<sup>274</sup>

Í ódagsettu skjali, sem líklega er frá fyrri hluta 18. aldar, segir að Hallormsstaðarkirkja eigi stærtan hlut í sandinum við Héraðsflóa. Í skjalinu er skráð heiti sanda og stærð þeirra. Næstur Selfljóti var Eyrarreki, eitt hundrað faðmar á lengd.<sup>275</sup>

Hinn 16. júní 1792 fór fram úttekt á Hallormsstaðarkirkju. Þar kemur fram að jörðin Áreyjar, níu hundruð að dýrleika, byggðist fyrir sex hundruð.<sup>276</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 26. júlí 1793 er fjallað um skógarhögg í landi Hallormsstaðar, einkum út frá Hafursá fram í land kirkjunnar að svokölluðum Borgargerðislæk, sem brúkaður hafi verið af ábúendum Skeggjastaða í Fellum.<sup>277</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 22. ágúst 1796 segir að presturinn á staðnum hafi verið minntur á að hafa gát á að kirkjunnar skógur yrði ekki forhöggevinn.<sup>278</sup> Í prófastsvísitasíu frá 10. júlí 1807 kemur fram að sr. Árni Þorsteinsson hafi þann 8. október 1803 lögfest skógarpart kirkjunnar, 10 hundruð að dýrleika.<sup>279</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hallormsstaðar ekki tilgreindur. Eigandi jarðarinnar var kirkjan. Fram kemur að eyðihjáleigan Tittlingssel tilheyrði jörðinni. Einnig segir að jörðin eigi afrétt sem gefi af sér fimm tunnur af fjallagrösum árlega.<sup>280</sup>

<sup>271</sup> Skjal nr. 2(188).

<sup>272</sup> Skjöl nr. 2(189)–2(191), 2(217)–2(218) og 2(223)–2(225).

<sup>273</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>274</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>275</sup> Skjal nr. 2(216).

<sup>276</sup> Skjal nr. 2(219).

<sup>277</sup> Skjal nr. 2(220).

<sup>278</sup> Skjal nr. 2(221).

<sup>279</sup> Skjal nr. 2(222).

<sup>280</sup> Skjal nr. 2(35).

Hinn 14. júní 1806 skrifaði sr. Gunnlaugur Þórðarson á Hallormsstað til biskups og bað um gögn varðandi landamerki Hallormsstaðar.<sup>281</sup> Meðfylgjandi var skjal sr. Gunnlaugs, dagsett sama dag, en í því segir:

Kyrkiann ad Hallormstad i Skógum efftir fornum Máldogum, og Biskupanna Visitatium á Heimaland, alt frá Hafursá, og utann og innann ad Gilsá ofann i flíót og uppá Skardhrigg, allann Hallormstadaháls utann frá Reidgötum, og til þess vötnum Hallar Sudur á Örafi

[...]

Hún á skóg allann innann greindra ummerkja framann með flíótinu i fiall upp, fyrir utann afgreind Jtök með Ummerkjum, þau sem Efftirfilgia, 1<sup>o</sup>, Til Arnheidastada Skogarteig milli Liósanna upp ad Reidgötum. 2<sup>o</sup> til Brecha Skóg út frá Klifá og ad læk þeim sem er næstur. 3<sup>o</sup> til Bessastada allann Skóg milli Gilsár og Budlungarvalla Ár.<sup>282</sup>

Biskup svaraði erindinu með bréfi dagsettu 24. október 1806 og kvaðst hafa kannað máldaga Hallormsstaðarkirkju sem sýndu ekki glögg merki en biskupsvísitasía Brynjólfs Sveinssonar væri einn sá besti leiðarvísir um merki jarðarinnar. Meðfylgjandi bréfinu var staðfest afrit af vísitasíunni.<sup>283</sup>

Hinn 30. apríl 1807 skrifaði sr. Árni Thorsteinsson prestur í Kirkjubæ í Hróarstungu biskupi um 10 hundraða skógarítak í landi Hallormsstaðar sem eiginkona hans, Björg Pétursdóttir, átti en þáverandi Hallormsstaðaprestur gerði tilkall til. Umræddur skógarpartur hafði að sögn Árna til þessa verið í ákærulausu eignar- og hefðarhaldi eigenda Skeggjastaða. Árni óskaði eftir íhlutun biskups og stiftamtmanns í málinu.<sup>284</sup> Biskup svaraði erindinu með bréfi dagsettu 12. október 1807 og lét fylgja með bréf frá prestinum í Hallormsstað. Hann kvaðst ekki geta leyst málið með vísun í tilskipun frá 11. júlí 1800 en sagði jafnframt að það væri hans skylda að minna nefndan prest á að ekkert skyldi ganga undan kirkjunni.<sup>285</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla í Skriðdal 14. maí 1814 þinglýsti sr. Gunnlaugur Þórðarson máldögum Hallormsstaðarkirkju.<sup>286</sup>

Hinn 15. janúar 1823 skrifaði sr. Gunnlaugur Þórðarson á Hallormsstað biskupi bréf um skógarítök Hallormsstaðar í landi Litla-Sandfells í Skriðdal og sagði að gengið væri á skógarítökin. Sr. Gunnlaugur óskaði eftir aðstoð biskups um hvernig hann ætti að framfylgja málinu.<sup>287</sup>

Hinn 31. ágúst 1825 lögfesti sr. Gunnlaugur Þórðarson Hallormsstað. Lögfestan var undirrituð af Ísleifi Finnbogasynti og S. Eirikssynti þann 4. september 1825 og upplestin við manntalsþing að Egilsstöðum 15. september 1825.<sup>288</sup> Í lögfestunni segir eftirfarandi:

<sup>281</sup> Skjal nr. 2(322).

<sup>282</sup> Skjal nr. 2(321).

<sup>283</sup> Skjal nr. 2(346).

<sup>284</sup> Skjal nr. 2(320).

<sup>285</sup> Skjal nr. 2(345).

<sup>286</sup> Skjal nr. 2(424).

<sup>287</sup> Skjal nr. 2(336).

<sup>288</sup> Skjöl nr. 2(89) og 2(396).

Gunnlaugur Þórdarson prestur til Hallormstadar Lögfesti her með alt Hallormstadar kyrkju heimaland frá Hafursá, að utan, og alt innad Gilsá, ofan í fljót, og uppá Skard hrígg; Sömu leidis allann Hallormstada háls, utan frá Reidgötum á hállsinum, og svo allt Sudur á Øræfe til þess vótnum hallar, ásamt með Dalnum austan Gilsá. Lögfesti eg Tún og Eingjar, hollt og haga, veidi og grasa tekju <sup>Holmann Skridu vatne</sup> og Skog allann innan tédra Takmarka, að undanskýldum þeim Skógarteigum og Jtökum, sem adrir eiga í Nefndu landi, sem er, 1 Skogar teigur til Arnheidastada milli Liósanna upp að Reidgötum. 2/ til Brecku frá Klifá út að læk þeim, er þar er næstur fyrir utann, 3i/ Til Bessastada allann Skóg mille Gilsár og Budlungavalla ár, 4<sup>de</sup> þan part er Skeggiastadir eigna sér, frá Hafursá, innad að Borgargerdislæk. Lögfesti eg Jtök þau er moti koma þessum Skogar Jtökum, beit fyrir hundrad fiár í mánud ä Geitagerdis Myrum. 4r hrössa beit, eða gánga með folöldum í Brecku landi; 6 hrossa beit með folöldum í Bessastadalandi, Sömu leidis þessi kyrkjunnar Jtök, 4<sup>dung</sup> í keldudal, 10 Nauta Höfn í Nedradal, og 10 í Evindardal, hálfann Diupadal hiá Stafsheidi, 12 lietorfna Skurd í Strandalandi; Sömu leidis Lögfesti eg þessar kyrkjunnar Jarðir, Myrar og Geirulfsstadr, og þeirra Land Eign alla, frá Totrugróf að innan, og út hid nedra í Lækjarsýkid, sem er fyrir Nordann / það er utann Geirulfsstadr er, og alt uppá Skard hrígg, og svo inn hálfann fra vótnum hallar til móts við ádurgreinda Totrugróf. Einnig Lögfesti Jeg, þá 2 Skógar teigi í sandfellid efsta, sem Hallormstada kyrkja á, og liggia til tedra Jarda. fyrir byd eg öllum mönnum án mins leifis nefnd Lönd, og Jtök að ýrkia, edur brúka á nockurn hátt, og ligg þær við landnáms sekt, ef i er ýrkt.<sup>289</sup>

Hinn 30. júní 1831 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til stiftsýfirvalda. Meðfylgjandi var kort af Fljótsdal, Buðlungavallaheiði, Hallormsstaðarháls, Skriðdal og Þingmúla. Á kortið eru merkt ýmis bæjarheiti sem og Lagarfljót og Grímsá. Með bréfinu lýsti sr. Guttormur kortinu og einnig jörðinni Hallormsstað. Í þeirri lýsingu segir meðal annars:

Til straxnævnte Gaard Hallormstads Hjemmemark hörer og den halve Gilsárdal, hvor der kan have Afret eller græsgang for de golde Faar om Sommeren, og ellers falde nogen Fjeldegræs.<sup>290</sup>

Þá er í bréfinu lýst kirkjujörðum og ýmsum ítökum og hlunnindum.<sup>291</sup>

Í biskupsskjalasafni er varðveitt skjal frá 21. júní 1834 sem inniheldur afskriftir sr. Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað. Um er að ræða afskriftir fjögurra skjala. Í fyrsta lagi er afskrift af eignum og ítökum Hallormsstaðarkirkju úr kirkjubók frá 1747, í öðru lagi afskrift af bréfi sem kemur fram í vísitasíu frá 1706, í þriðja lagi afskrift af pósti úr vísitasíu frá árinu 1778 og loks í fjórða lagi afskrift af útlistun sandaheita fyrir Héraðsflóa. Í fyrsta skjalinu segir um heimaland Hallormsstaðar:

Kyrkiann að Hallormstad í Skógum, eptir fornumm Máldógum og Biskupanna Visitatium, á heimaland allt frá Hafursá að utan og innann að Gilsá ofan í Fljót og uppa Skardshrigg allann Hallormstadaháls utann frá Reidgötum og til þess Vótnum hallar sudur á Øræfi. Hún á Skóg allann innann greindra ummerkia framann með Fljótinu á Fjall upp, fyrir utann afgreind Itök með Ummmerkium, þaug sem eptir fylgia.<sup>292</sup>

<sup>289</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>290</sup> Skjal nr. 2(338).

<sup>291</sup> Skjal nr. 2(338).

<sup>292</sup> Skjal nr. 2(335).

Hinn 1. júlí 1834 skrifaði sr. Hjálmar Guðmundsson á Hallormsstað til biskups og sagði að presturinn í Þingmúla, sr. Engilbert Þórðarson hafi talið Múlakirkju eiga skógarítak í landi Hallormsstaðar sem hann væri ósammála. Sr. Hjálmar óskaði eftir aðstoð biskups við að útkljá málið.<sup>293</sup> Biskup svaraði erindinu með bréfi dagsettu 4. ágúst 1834 og sagði að óþarft væri að deila um efnið heldur skyldu þeir reyna komast að sameiginlegri niðurstöðu. Með bréfinu fylgdu staðfest afrit af máldögum Vilchins og Gísla biskups Jónssonar.<sup>294</sup> Sama dag skrifaði biskup til sr. Guttorms Pálssonar prófests og bað hann um að ganga í milli og koma í veg fyrir að lagadeila hlytist af.<sup>295</sup>

Í skýrslu sr. Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað, dagsettri 24. júní 1839, yfir inntektir Hallormsstaðarprestakalls, segir að jörðinni tilheyri ein hjáleiga, Ormsstaðir, en dýrleiki bæði heimajarðar og hjáleigu var óviss. Til hlunninda var talin góður skógur. Um afrétt segir eftirfarandi:

Afrétt á Prestsetrid áfasta vid Heimaland nægilega Handa sér fyrir Saudfénað; enn fyrir alla Stórgrípi er mikid þraungt um beit bædi Vetur og Sumar.<sup>296</sup>

Í prófastsvísitasíu Hallormsstaðarkirkju frá 5. desember 1842 er fjallað um ítök hennar sem voru eydd eða töpuð. Ekki virðist sem þau varði kröfusvæði í máli nr. 3/2022.<sup>297</sup> Sama er að segja um prófastsvísitasíu frá 18. maí 1848.<sup>298</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hallormsstaður ekki metin að dýrleika. Jörðin var kirkjueign (beneficium). Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 sé Hallormsstaður metinn 14 hundruð. Þá segir að í jarðamötum 1760 og 1804 teljist hjáleigurnar Skjögrastaðir, Tittlingsssel og Ormsstaðir með Hallormsstað.<sup>299</sup>

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Hallormsstaðarkirkja hafði yfir að búa einum besta og mesta skógi á öllu Austurlandi. Fram kemur að hægt hafi gengið að verja hann.<sup>300</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 18. maí 1849 var lesið bréf frá sr. Hjálmari Guðmundssyni á Hallormsstað þar sem hann ávísaði Fljótsdælingum vist svæði í landi Hallormsstaðar til áfanga- og beitarstaðar.<sup>301</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hallormsstað:

25 Hallormsstaður

með afbylunum Ormsstöðum og Skiögrastöðum og eydibýlinu Titlingsseli. Hér eru eingin landamerki tiltekinn, og er því að meta afbylin í einulagi með höfudbólínu. Túninn eru góð, útheyskapur lítill, útigangur fyrir saudfé hinn besti, timburskógur góður. – Undir staðinn liggja rekasandur fyrir heradsflóa Péturssandur kallaður, og

<sup>293</sup> Skjal nr. 2(326).

<sup>294</sup> Skjal nr. 2(347).

<sup>295</sup> Skjal nr. 2(348).

<sup>296</sup> Skjal nr. 2(339).

<sup>297</sup> Skjal nr. 2(226).

<sup>298</sup> Skjal nr. 2(227).

<sup>299</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>300</sup> Skjal nr. 2(343).

<sup>301</sup> Skjal nr. 2(425).

hólmi í Skriðu vatni. Þessar jarðir með greindum ítökum meta 4 vyrðingarmenn á 2800<sup>rbd</sup> enn 1 á 3000<sup>rbd</sup>, meðaltal þaraf verður 2840<sup>rbd</sup>.<sup>302</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 30. maí 1853 var uppleið skjal frá sr. Hjálmari Guðmundssyni á Hallormsstað, dagsett 27. maí 1853, varðandi áfangastað ferðamanna í hans landi.<sup>303</sup>

Í afriti af álitu matsmannanna Halldórs Einarssonar og Einars Einarssonar á jörðinni Hallormsstað, dagsettu 2. október 1854, segir að prestssetrið hafi aldrei verið reglulega metið. Jörðinni fylgdi afrétt og hjáleigan Skjögrastaðir þar sem áður var sel kallað Skagasel. Að lokum mátu matsmennirnir jörðina með öllu á 40 hundruð.<sup>304</sup>

Í skýrslu sr. Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað, dagsettri 7. október 1854, um tekjur og útgjöld Hallormsstaðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að jörðinni hafi fylgt afrétt og skógur. Í skýrslunni eru taldar upp kirkjujarðir og dýrleiki þeirra sem og ítök.<sup>305</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hallormsstaðar er dagsett 8. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Egilsstöðum 6. júlí 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

#### Landamerkjalyfing

Hallormsstaðar í Skógum eptir fornum máldögum og biskupa visitazium.

1. Að utan ræður „Hafursá“ inn og upp að „reiðgötum“, sem ráða mörkum austur á „Skarðhrygg“.
2. Að austan ræður bein stefna frá reiðgötum á „Skarðhrygg“ inn austurbrúnir austanvert við „Prestaflóa“ og „Sandhóla“ alla leið inn á móts við ytri „Hraungarðsenda“.
3. Að sunnan ræður „Hraungarður“, þar sem hann ber hæzt alla leið inni „Hornbrynju“.
4. Að innan ræður „Gilsá“ allt til upptaka hennar.

Hann á þessi ítök á annara lönd:

1. Í Arnheiðarstaði: beit fyrir hundruð fjár í mánuð (tilgreint í Geitagerðismýrum).
2. Í Brekkuland: fjöggra hrossa beit með folöldum.
3. Í Bessastaðaland: sex hrossa beit með sama skylorði.
4. Í Þingmúlaland: hólmann í Skriðuvatni.

Í hans land eiga þessar jarðir ítök:

1. Arnheiðarstaðir: skógarhægg<sup>teig</sup> milli „Ljósár“ og „Jökullækjar“ upp að reiðgötum.
2. Brekka: Skóg út frá „Klifá“ að „Ljósá“ uppað reiðgötum.
3. Bessastaðir: allan skóg milli „Gilsár“ og „Buðlungavallarár“.

<sup>302</sup> Skjal nr. 2(50).

<sup>303</sup> Skjal nr. 2(426).

<sup>304</sup> Skjal nr. 2(332).

<sup>305</sup> Skjal nr. 2(331).

4. Skeggjastaðir (með Götu) og Hrafnsgærði: Skóg allan milli „Hafursár“ og Borgargærðislækjar.
5. Þingmúli 60 raftar á ari hverju.

Hallormsstað 8. maí 1884.

Páll Vigfússon (ábúandi)

Vegna Geirólfstaða, Mýra og Flögu samþykkur:

Páll Pálsson þjónandi prestur.

Fyrir hönd Geitdals samþykkur

Þorvaldur Guðmundsson

Pjetur Guðmundsson.

Vegna Þorvaldsstaða samþykkur

Benedict Eyjólfsson.

Fyrir hönd kirkjujarðarinnar Flögu samþykkur

G. Einarsson.

Sem eigandi Víðivalla ytri er eg þessari landamerkjalyýsingu samþykkur.

Jón Einarsson.

Vegna Hrafnkelsstaða samþykkur hinsvegarritaðri landamerkjalyýsing.

Sæbjörn Egilsson.

Sem umráðamaður Arnheiðarstaða er jeg framangreindu samþykkur

Sigurður Gunnarsson prestur á Valþjófsstað.

Vegna Víðivalla fremri

Páll Ólafsson umboðsmaður.

Vegna Búðartungna samþykkur

Páll Pálsson.

Vegna Hafursár samþykkur

Sigurður Einarsson

Ítaki þessu í Brekkuland er jeg samþykkur

Brynjólfur Þorarinsson.

Með mínu samþykki

Fr.Zeuthen.<sup>306</sup>

Við manntalsþing að Egilsstöðum 18. júní 1884 framlagði sýslumaður bréf amtsins um að útnefna tvo óvilhalla menn til að gefa álit sitt á hvort og hvernig hægt væri best að vernda Hallormsstaðarskóg fyrir frekari skemmdum eða gjöreyðingu.<sup>307</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstaðarkirkju frá 21. júlí 1890 segir að kirkjan haldi öllum sínum eignum og ítökum og að landamerkjaskrá hafi verið samin, samþykkt og

<sup>306</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>307</sup> Skjal nr. 2(487).

þinglesin fyrir öllum eignum kirkjunnar, að undanskildu skógarítaki undir Grænafelli þar sem samþykki vanti frá eiganda.<sup>308</sup>

Hinn 13. ágúst 1901 rituðu stiftsyfirvöld Íslands til landshöfðingja og tjáðu honum að sr. Magnús Bl. Jónsson í Vallanesi hafi mótmælt fyrirhugaðri ráðstöfun um að selja Hallormsstað undan prestakallinu.<sup>309</sup> Landshöfðingi skrifaði stiftsyfirvöldum þann 8. október 1901 og bað um að leitað yrði samninga við sóknarprestinn í Vallanesi vegna fyrirhugaðra kaupa landssjóðs á Hallormsstað.<sup>310</sup> Með bréfi dagsettu 10. október 1902 skrifuðu stiftsyfirvöldin til landshöfðingja og greindu frá því að þrátt fyrir samningsumleitanir hafi sóknarpresturinn í Vallanesi neitað að gefa samþykki fyrir kaupum landssjóðs á Hallormsstað undan prestakallinu.<sup>311</sup>

Með afsalsbréfi, dagsettu 8. nóvember 1904, seldi biskup Íslands, fyrir hönd kirkjunnar, landssjóði jörðina Hallormsstað með hjáleigum.<sup>312</sup> Afsalsbréfið var þinglesið við manntalsþing að Höfða 22. júní 1906.<sup>313</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hallormsstaður var metin á 25.000 kr. Auk þess var hjáleigan Skjögrastaðir metin á 1.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar með hjáleigunni Ormsstöðum hafi verið þinglýst. Enn fremur segir að upprekstrarland á Gilsárdalsafrétt fylgi jörðinni og að tekjur af henni hafi árlega numið 45 kr. auk afnota fyrir heima fénað. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.<sup>314</sup>

### 5.7.1 Gilsárdalsafrétt

Hinn 30. júní 1831 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til stiftsyfirvalda. Meðfylgjandi var kort af Fljótsdal, Buðlungavallaheiði, Hallormsstaðarháls, Skriðdal og Þingmúla. Á kortið eru merkt ýmis bæjarheiti sem og Lagarfljót og Grímsá. Með bréfinu lýsti sr. Guttormur kortinu og einnig jörðinni Hallormsstað. Í þeirri lýsingu segir meðal annars:

Til straxnævnte Gaard Hallormstads Hjemmemark hörer og den halve Gilsárdal, hvor der kan have Afret eller græsgang for de golde Faar om Sommeren, og ellers falde nogen Fjeldegræs.<sup>315</sup>

Þá er í bréfinu lýst kirkjujörðum og ýmsum ítökum og hlunnindum.<sup>316</sup>

<sup>308</sup> Skjal nr. 2(192).

<sup>309</sup> Skjal nr. 2(295).

<sup>310</sup> Skjal nr. 2(296).

<sup>311</sup> Skjal nr. 2(294).

<sup>312</sup> Skjal nr. 2(365).

<sup>313</sup> Skjal nr. 2(376).

<sup>314</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>315</sup> Skjal nr. 2(338).

<sup>316</sup> Skjal nr. 2(338).



Í umfjöllun um Hallormsstað í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 segir að jörðinni fylgi upprekstrarland á Gilsárdalsafreitt og að tekjur af henni hafi numið 45 kr. árlega auk afnota fyrir heimafénað.<sup>317</sup>

Hinn 16. júní 1926 vottuðu Sigurður Sigurðsson og Ásmundur Sigmundsson að Sigurður Björnsson á Sauðhaga hafi sent Sigurð Þorláksson til að ganga fyrir sig aðra göngu á Gilsárdal haustið 1925 og álitu þeir hann vera fullgildan göngumann.<sup>318</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið til allra sveitarstjórna fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.<sup>319</sup> Oddviti Vallahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 27. apríl sama ár. Þar er fjallað um tvo afrétti. Annars vegar Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Hins vegar Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal fyrir bændur austan Grímsár. Um afmörkun segir eftirfarandi:

Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.

Skagafell ásamt Svínadal og Tungudal afmarkast að austan Eyvindará frá ármótum Fagradalsár í Slenju upp með henni á Slenjudalsháls þaðan upp hálsinn um Slenjufjall í Jökulkinn og Fonn hæðarpunkt 1058 m. vatnaskil Eskifjarðarheiði Tungufell Hraefarskórð Eskihnúkur vatnaskil Svínadal þvert yfir Skagafell í Þrílæki vatnaskil Fagradalsár síðan ræður hún í Eyvindará.<sup>320</sup>

## 5.8 Nærliggjandi jarðir og svæði í Breiðdal

### 5.8.1 Flaga í Breiðdal

Árið 1603 vitnaði Egill Ásbjörnsson um landamerki Höskuldsstaða. Í skjalinu er jarðarinnar Flögu getið en þar segir eftirfarandi:

ad eg hef alldreí heyrð eða vitad annad sannara en jórden Hoskuldstader hafe ätt takmarkad land fyrir sunnann äna i Breiddal. framm ä jarnhrygg er liggur uppi fialled. ofann ad gotumm. skamt fyrir utann Alfhöl og uti liosäna ytre oc var ieg vidstaddur oc til vitnis tekinn. af Asbirni Þorsteinzsyne þa minn fadir Asbiorn Arnason sellde honum jórdena Flögu i Breiddal sex hundrud ad dyrleika. med tilteknu takmorkudu lande. framm i liosäna ytre. þui hann lyste þui fyrir honum ad jórden Höskuldstader ætte landed framann ad þessare liösa ytre oc framj jarnhrygg. sem jeg hef adur vitne umm bored. oc þetta hefur haft oc hallded vered atolulaust meir enn i fiorutýge är.<sup>321</sup>

Hinn 11. nóvember 1685 gaf Jón Þorláksson land milli Ljósáanna í Breiðdal. Í afriti af gjafabréfinu frá 25. júní 1883 segir að gjafabréfið hafi verið lesið við lögbingsrétt við Öxará 11. júlí 1720 og við rétt að Berunesi 12. júní 1732. Í afritinu segir:

Það gjöri eg Jón Thorláksson eignarmaður þeirra jarða Höskuldsstaða í Breiðdal og Flögu samastaðar, að Höskuldsstaðir skulu sjer ei eigna land yfir við eða í millum Ljósáanna, hvað eg gef Flögu með frí og frelse og henni skal héðan af tilheyra epter (skjölum?) sem eg ..... og mína eign vera. Hér á móte (eiga?) Höskuldsstaðamenn fríabeit og grasatekju fyrir (sunnan?) sig yfer um ána í þetta land, nær um nauðsynjar.

<sup>317</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>318</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>319</sup> Skjal nr. 2(371).

<sup>320</sup> Skjal nr. 2(485).

<sup>321</sup> Skjal nr. 2(150).

Þetta staðfeste eg með minni egin hende og signete hér að neðan í votta viðrvis, sem sín nöfn ásamt mínu þar að neðan hér under setja.<sup>322</sup>

Hinn 27. apríl 1700 seldi Guðmundur Hermannsson, með ráði Björns Péturssonar sýslumanns, Jóni Þorlákssyni sýslumanni hálfu jörðina Berunes, sex hundruð að dýrleika, fyrir þrjú hundruð í Flögu. Að auki greiddi Jón 10 ríkisdali in specie, nýjar íslenskar bækur til tveggja hundraða og hálfis annars hundraðs ketil. Með þessu var komið á sáttum á milli Guðmundar og Jóns Þorlákssonar sýslumanns.<sup>323</sup>

Hinn 14. mars 1703 var Jón Þorláksson með eftirfarandi jarðir undir höndum, en þær voru þó ánafnaðar börnum hans: Berufjörður, Víðivellir með sandinum, 56 hundruð að dýrleika, og Flaga.<sup>324</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 20. maí 1727 kemur fram að Jón heitinn Þorláksson sýslumaður gaf kirkjunni jörðina Flögu í Breiðdal, sex hundruð að dýrleika.<sup>325</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 5. september 1779 eru taldar upp eignir kirkjunnar, bæði kirkjujarðir og eyjar. Þar á meðal er Flaga, sex hundruð að dýrleika.<sup>326</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Flögu metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Berufjarðarkirkja.<sup>327</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 6. júlí 1820 var Jóni Jónssyni byggð kirkjujörðin Flaga með tilliggjandi Ljósárland eða eins og segir í bréfinu:

Gudmundur Schaptason prestur til Berufiardar biggier her med og loghejmilar til allrar leygulida abudar ummhirdingar og Efftersvars bondanumm Jone Jonssyne Berufiardarkirkjujörd Flogu i Breiddal med tilliggjande Ljósærlande edur lande því er liggur millumm ljósära inn frá Flogu og uti Gullgróf 6 hndr. ad dyrlejka med ejnu Asaudarkvielde med jórdunne filgier fra næstkomande Års fardogumm 1820 til Fardaga 1821 med Effterfilgjande Skilmälumm edur hvad lejngur okkur lóglega og fridsamlega umm semur<sup>328</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 21. október 1824 var Jóni Jónssyni byggð jörðin Flaga í Breiðdal. Um afmörkun segir eftirfarandi:

jør[dena] Flogu i Breiddal, med tilliggjande Ljósärlande /:edur lande því innfra Flógu, er liggur millumm ljósanna:/ og ad utann i sokallada Gullgrof austann i Breiddalsá, ad Sunnan þar vótnum hallar Sudur af, 6 hndr. ad dyrlejka<sup>329</sup>

Enn fremur er í bréfinu fjallað um nytjar frá Höskuldsstöðum:

Er Hós[kuld]sstad[a]bon[d]a tilskilin Frý Grasa[tekj]a og [bei]t Firer Fie [...] na[...] [ed]ur ej Skogvidarkropp sier til Eldevid[ar] [...] lande so firerbydst hón[umm] ad leifa

<sup>322</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>323</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 280, skjal H-10.

<sup>324</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns XIII*, bls. 402–403, skjal H-11.

<sup>325</sup> Skjal nr. 2(181).

<sup>326</sup> Skjal nr. 2(185).

<sup>327</sup> Skjal nr. 2(41).

<sup>328</sup> Skjal nr. 2(253).

<sup>329</sup> Skjal nr. 2(177).

[mönn]umm Skogaryrking ed[ur] kolagjörð i tiedumm synumm leygumala ejnasta [ad]  
H[a]nn no[te] sier Skogenn med mestu sparseme til sinar eiggenn Hussbrúkunar<sup>330</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 1. ágúst 1840 er fjallað um bækur og skjöl kirkjunnar en þar á meðal er gjafabréf fyrir Berufirði frá 1743, afsalsbréf fyrir Flögu og gjafabréf fyrir Ljósárlandi á kálfskinni og með fimm hangandi reimum.<sup>331</sup> Í prófastsvísitasíu frá 9. ágúst 1842 er getið gjafabréfs fyrir Berufirði, þ.e. Berufjarðarheimastað með hjáleigum og undirliggjandi kirkjújörðum og að kirkjan haldi eignum sem í því er fjallað um. Þó segir um ítök sem brúkuð hafi verið að þau álitist vera þýðingarlaus.<sup>332</sup> Í enn einni prófastsvísitasíu fyrir Berufirði, dagsettri 19. júní 1844, er fjallað um skjöl sem séu í vörslu kirkjunnar, nefnilega áður nefnt gjafabréf frá 1743, afrit af afsals- og gjafabréfi fyrir Flögu og Ljósárlandi sem sé annað hvort frá 1683 eða 1685, þinglesin lögfesta fyrir Ljósárlandi frá 1790, þinglesin lögfesta fyrir Berufjarðarheimalandi með hjáleigum frá 1791 og úttektir og byggingarbréf. Þar segir einnig að við kirkjuna vanti skjal sem nefnt sé í vísitasíu frá 1706, þ.e. gjafabréf fyrir Flögu og Ljósárlandi. Í sömu vísitasíu er minnst á ágreining sem upp sé kominn um landamerki milli Flögu og Skriðu í Breiðdal.<sup>333</sup>

Hinn 29. maí 1844 skrifaði sr. Guttormur Pálsson í Vallanesi til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi um jörðina Flögu í Breiðdal. Fram kemur að þræta var um landamerki milli Flögu og Skriðu, en landstykkid kallaðist Litla-Flaga. Álit sr. Guttorms er svohljóðandi:

so synst eynginn vafi géta verid á því ad Presturinn S<sup>ra</sup> Haldor Eiríksson i Heýdölum hefir seldt Syslumanni Jóni Þorlákssyni Landstykkid Litlu-Flögu med Jörðunni Flögu og þared Sýslumadur Jón hefir án Efa gefid Berufjardar-kirkju Jörðina Flögu med öllu því sem henni fylgdi, hvarum naqvæmar má grennslast, þá fylgjir af því ad Berufjardar-Kirkja hefir á löglegann Hátt feyngid Litlu-Flögu nl. ad gjöf af þeim sem hafdi löglega keypt hana.<sup>334</sup>

Og um landamerki sagði hann:

Röksemdir um Eignarrétt Skridu eru því veikari sem lækur sa er fellur úr fjalli ofan milli Skridu lands og Landstykkisins Litlu Flögu hefir i 100 ár edur meir verid kalladur marklækur og heitir svo enn i dag, hvad ad géfur til kynna ad Skriduland hefir med honum verid afmarkad frá öðru landi enn ordid Gullgröf géfur þaramóti eýnga orsök til ad ætla þar hefi verid nein Landamerki<sup>335</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Flaga metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Berufjarðarkirkju.<sup>336</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Flögu:

<sup>330</sup> Skjal nr. 2(177).

<sup>331</sup> Skjal nr. 2(209).

<sup>332</sup> Skjal nr. 2(210).

<sup>333</sup> Skjal nr. 2(211).

<sup>334</sup> Skjal nr. 2(330).

<sup>335</sup> Skjal nr. 2(330).

<sup>336</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

## 9. Flaga

Túnid er allgott eptir dyrleika jarðarinnar, ekki frítt við vatna ágangi, eingjar fremur litlar, jarðsælt í góðum vetrum, annars vetrarhardt. Þessa jörd meta vyrðingarmenn á 250<sup>tbl</sup>.

Þrætustykki, svo kallað Liósárland, milli þessarar jarðar og jarðarinnar Höskuldsstaða, sem brúkað hefir verið um lángann tíma af ábúendum beggia jarða. Þar er hagbeit nokkur og lítilfjörlegt skógarkropp. Þetta stykki meta vyrðingarmenn á 50<sup>tbl</sup> hvörri jörðunni sem það fylgdi.<sup>337</sup>

Í bréfi sr. Péturs Jónssonar á Berufirði til sýslumanns, dagsettu 5. mars 1850, er fjallað um Ljósárland í tengslum við jarðamat á Flögu í Breiðdal. Sr. Pétur sagði ábúanda Flögu hafa gefið sér til kynna að við gerð jarðamatsins hafi eigandi Höskuldsstaða þótt vafi á hvorri jörðinni landið tilheyrði, Höskuldsstöðum eða Flögu. Af því tilefni sendi sr. Pétur inn skjöl til að sanna að Ljósárland tilheyrði Flögu en ekki Höskuldsstöðum.<sup>338</sup>

Hinn 18. apríl 1850 lögfesti Pétur Jónsson prestur í Berufirði Ljósárland í landi kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal. Í lögfestunni er vísað í gjafabréf Jóns Þorlákssonar dagsett 1. nóvember 1685 sem staðfest var á prestastefnu að Öxará þann 16. júlí 1785, en líka í lögfestu fyrir sama landi frá 25. maí 1790, sem þann sama dag var þinglesin að Heydölum. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi að Heydölum þann 6. júní 1851 og er texti hennar eftirfarandi:

Pétur Jónsson prestur til Berufjarðar Gjörir vitanlegt: að eg hérmed lögfesti Ljósárlandid eða Landid á milli ljósána í Breiðdal, sem er egindómur Berufjarðar-kyrkju og liggur undir Berufjarðarkirkju jörd Flögu í sömu sveit, með öllum þeim Landsnytjum, hvörju nafni sem heita, er fyrrgreinda Ljósalandi fylgt hafa og fylgja eiga eptir skriflegri auglýsingu gjafarans Sýslumanns sál: Jóns Þorlákssonar dat: Víðivöllum stóru í Fljótsdal 1<sup>sta</sup> Nov. 1685, hvör af Synodu við Öxará er Confirmeruð þann 16<sup>d</sup> Julí 1785, samt Lögfestu fyrir sama landi af 25<sup>ta</sup> Mai 1790, sama dag upplesin fyrir rétti að Eydölum. Fyrirbyd eg því öllum fyrrted Ljósárland að brúka, beita edur undir hvörju skini vera kann að nytja, án míns eða Flögu ábúanda vitundar og Leifis, alt undir þær sektir er Lög á hendur seigja þeim er hér í móti brjóta frá þessarar endurnýudu Lögfestu Dato; að fráteknum Hoskuldstaða ábúanda einum, sem, eptir fyrrnefndri auglýsing á tiltölu til grasatekiu og hagbeitar í Ljósarlandið nær um naudsynjar; hvað ekki getur skilist utan um hag beit á vetrum, þegar haglaust er Höskuldsstaða meigin árinna. – Þetta mitt Lögfestu bréf staðfesti eg með undirskrifuðu nafni og hjá þryktu signeti. –

Berufirði þann 18<sup>da</sup> April 1850

P: Jónsson<sup>339</sup>

Gísli Þorvarðarson, bóndi á Höskuldsstöðum, mótmælti lögfestunni við manntalsþing að Heydölum 6. júní 1851 þar sem hún hafi ekki verið samkvæmt máldögum sem hann hafði fyrir Höskuldsstaðalandi.<sup>340</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. mars 1869 var Guðmundi Marteinssyni byggð hálf jörðin Flaga í Breiðdal. Með í byggingunni var Ljósárland eða eins og segir í bréfinu:

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>338</sup> Skjal nr. 2(254).

<sup>339</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>340</sup> Skjal nr. 2(386).

Jeg undirskrifaður byggji hjermeð og lögheimila bóndanum Guðmundi Marteinsyni ½ jörðina Flögu í Breiðdal, sem er Berufjarðarkirkjujörð, 3 hndr. að fornum dýrleika (en eptir nýja jarðamatinu, er konungur staðfesti 1. dag aprilm. 1861 [6¼] hndr.), með tilheyrandi Ljósárlandi eður landi því innfrá Flögu, er liggur milli Ljósáanna, og að utan í svokallaða Gullgróf, undir bú sitt frá fardögum 1869 til fardaga 1870 eða svo lengi sem hann uppfyllir eptirfylgjandi skilmála:

[...]

4. Helmingsafnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum einnig ásamt ½ jörðinni, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi. Ber honum því að sjá um ásamt hinum ábúendum jarðarinnar Flögu, að aðrir taki þar hvorki skóg eða beiti þar að þessu undanskildu.<sup>341</sup>

Sama kemur fram í byggingarbréfi, dagsettu 18. mars 1869, þar sem Jóhannesi Guðlaugssyni var byggður 1/3 hlutur úr jörðinni Flögu. Um þriðjungs afnot af Ljósárlandi segir:

4. Þriðjungs afnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum einnig ásamt 1/3 úr jörðinni, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi. Ber honum því að sjá um ásamt hinum ábúendum jarðarinnar Flögu, að aðrir taki þar hvorki skóg eða beiti þar fjenaði að þessu undanskildu.<sup>342</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. maí 1878 var Jóni Pálssyni byggð hálf jörðin Flaga með hálfu Ljósárlandi frá fardögum 1878 til fardaga 1879. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

hálfu kirkjujörðina Flögu í Breiðdal með hálfu kúgildi og er hálf Flaga 3 hndr. að fornum dýrleika en eptir nýja jarðamatinu 6¼ hndr. með tilheyrandi hálfu Ljósárlandi eða landi því innfrá Flögu, er liggur milli Ljósáanna og að utan í svokallaða Gullgróf

[...]

2. Helmingsafnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum líka ásamt hálfri jörðinni, en eptir máldaga brjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar í tjeðu Ljósárlandi.<sup>343</sup>

Aftan á bréfið er áritað að vorið 1880 hafi Jóni verið byggð viðbót úr jörðinni frá fardögum 1880 til fardaga 1881.<sup>344</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. maí 1880 var Valgerði Finnbogadóttur byggður 1/3 hluti úr jörðinni Flögu. Um landamerki og Ljósárland segir í bréfinu:

og eru landamerki Flögulands, frá innri Ljósánni og úti svokallaða Gullgróf, undir bú sitt með þessum byggingarskilmálum:

[...]

6. Þriðjungs afnot af Ljósárlandinu, er liggur milli Ljósáanna, byggist henni ásamt með þriðjungi jarðarinnar, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á

<sup>341</sup> Skjal nr. 2(255).

<sup>342</sup> Skjal nr. 2(256).

<sup>343</sup> Skjal nr. 2(258).

<sup>344</sup> Skjal nr. 2(258).

Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi.<sup>345</sup>

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er í skjölum Breiðdalshrepps varðveitt skjal sem fjallar um landamerki Flögu og lands sem Höskuldsstaðir eigi fyrir sunnan Breiðdalsá. Skjalið er dagsett 19. maí 1883 og undirritað af Einari Gíslasyni á Höskuldsstöðum. Sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði undirritaði skjalið 1. júní sama ár en efni þess er svohljóðandi:

Landamerki milli Flögu og lands þess sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá samkvæmt máldögum á kálfskinni með 5 hangandi innsiglum dagsettum 7. apríl 1686 er: ytri-Ljósá. –

Höskuldsstöðum 19. maí 1883

Einar Gíslason

(ábúandi og eigandi ½ jarðarinnar)

Ofanskrifuðum landamerkjum milli kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá, mótmæli jeg undirskrifaður alveg, því nú í nær því 200 ár hefur Jnnri Ljósáin verið landamerkin milli hins svokallaða Ljósárlands, sem heyrir undir Flögu og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstöðum tilheyrir fyrir innan Jnnri Ljósána samkvæmt gjafabréfi Jóns sýslumanns Þorlákssonar dagsettu 11. nóv. 1685, lögfestum og öðrum skilríkjum.

Berufirði 1. júním. 1883

Þ Þórarinnsson

Land það fyrir sunnan Breiðd.á sem er fyrir utan innri Ljósá og Ljósár land nefnist hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða og umráðamaðr Flögu presturinn í Berufirði – gjört samning/um dagsettan 23. október ~~frá~~ 1884 og er sá samningur staðfestur samþykktur af stípt yfirvöldunum þ. mán 188 og hljóðar þannig<sup>346</sup>

Hinn 23. október 1884 gerðu Einar Gíslason og H. Bjarnarson, eigendur Höskuldsstaða, og sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði svohljóðandi samning um skipti á Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal:

Vjer undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri Ljósá fyrir sunnan Breiðdalsá og í vörðu, sem stendur utan til á hinum svokallaða Svartabakka fyrir utan svokallaðan Ljósalæk og þaðan skáhallt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum merkigontu upp í Ketilhnúk og þaðan beint uppí fjallseggjjar, en sá partur Ljósarlandsins, sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.<sup>347</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Flögu er dagsett 12. júní 1885 og var þinglýst en dagsetningar, árs og staðar þinglýsingar er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>345</sup> Skjal nr. 2(257).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2(146).

<sup>347</sup> Skjal nr. 2(149).

Jeg undirritaður umráðamaður jarðarinnar Flögu í Breiðdal, sem er eign Berufjarðarkirkju, hefi komið mjer saman við umráðamann Skriðu, prestinn að Eydölum, um: að landamerki að utan milli Flögu og Skriðu skuli hjereptir vera, eins og að undanförunu þau hafa verið samkvæmt landamerkjagjöfningi frá 23. sept. 1846, „Gullgróf“, lág sú, sem liggur beinlínis uppeptir Flögu móum og þaðan beina stefnu í „Flögufoss“; en að ~~utan~~ innan milli Flögu og Höskuldsstaðalands fyrir sunnan Breiðdalsá, samkvæmt samningi milli mín og Höskuldsstaðaeigenda 23. okt. 1884 og samþykki styptisyfirvaldanna 4. marts. 1885 skuli vera landamerki: úr vörðu, sem stendur utan til á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósálæk“ og þaðan eða úr merkivörðu þessari skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, sem ~~renn~~ rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem nefnd er „Merkigonta“ uppí „Ketilhnúk“ og þaðan beint uppí fjallseggjjar; síðan eru merkin að sunnan milli Flögu og Berufjarðar: út eptir fjallaeggjum eins og vötnum hallar allt að Skriðulandi og ræður frá Flögufossi upp Flögudalinn á sú, sem rennur niður dalinn, landamerkjum og úr henni beint uppá Flöguskarð. – Að austan milli Flögu og Höskuldsstaða og Jórvíkur ræður Breiðdalsá landamerkjum.

Berufirði 12. júním. 1885

Þórarinnsson prestur að Berufirði og umráðamaður Flögu.

Ólafur Brynjólfsson ábúandi Flögu.

Einar Gíslason eigandi hálfra Höskuldsst.

Hóseas Bjarnarson eigandi hálfra Höskuldsstaða.

Stefán Jóhannesson ábúandi Jórvíkur.

Magnús Bergsson prestur til Eydala.<sup>348</sup>

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Höskuldsstaða, dagsettri 23. júní 1885 og þinglesinni 29. júní 1885, er fjallað um land sunnan Breiðdalsár og Ljósárland. Þar segir eftirfarandi:

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Járnhriggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaði – og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika

Land það fyrir sunnan Breiðdalsá –, sem er fyrir utan innri „Ljósá“ – og Ljósárland nefnist – hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða, og umráðamaður Flögu – presturinn í Berufirði – gjört samning um, og ákveðið landamerki, 23. dag októbermanaðar 1884, og er sá samningur samþykktur af styptisyfirvöldunum 4. marts. 1885.

Samningur hljóðar þannig:

„Vjér undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða „Ljósarlandi“, milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri „Ljósá“ fyrir sunnan Breiðdalsá – og í vörðu, sem stendur utantil á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósálæk“ og þaðan skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu, og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum „Merkigontu“ – uppí „Ketilhnúk“ og þaðan beint uppí fjallseggjjar; en sá partur „Ljósarlandsins“ sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.“

Höskuldsstöðum 23. júní 1885,

Einar Gíslason (eigandi hálfra Höskuldsst.)

<sup>348</sup> Skjal nr. 2(13).

Sigurður Hallsson (ábúandi Ánastaða)

H. Bjarnarson (eigandi hálfra Höskuldsstaða)

Hjer að framangreind landamerki milli Höskuldsstaða og kirkjujarðanna Jórvíkur og Flögu í Breiðdal, samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðarkirkju.

Berufirði 26. júní 1885

Þ. Þórarinnsson.

Björn Eiríksson (ábúandi Höskuldsstaðasels).<sup>349</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Flögu í Breiðdal, dagsettri 19. janúar 1917, segir að jörðin sé 11,6 hundruð að nýju mati en sex hundruð að fornu mati. Láglandi sé lítið og spillt af aurskriðum úr þremur þverám: Flöguá, Skarðsá og Ljósá. Virðingarmenn létu þess getið:

að jörðin hefir að landamerkjaskránni, d.s. 12. júní 1885, misst töluvert land, og því sennilegt að nýja matið sé óeðlilega hátt, í samanburði við aðrar jarðir hér í hreppi.<sup>350</sup>

Að lokum var jörðin metin á 1.600 kr. með öllu.<sup>351</sup>

Við aukarétt að Selnesi í Breiðdal 30. júní 1917 var matsgjörð fyrir kirkjujörðinni Flögu, dagsett 19. janúar 1917, staðfest.<sup>352</sup>

Í álitum umráðamanns kirkjujarðarinnar Flögu, dagsettu 7. ágúst 1917, á mati því er fram fór á kirkjujörðinni hinn 19. janúar 1917, segir:

Matið er yfirhöfuð samviskusamlega af hendi leyst og jarðarverðið viðunanlega ákveðið; þó álit ég dálítinn misskilning koma fram í matsgjörðinni, þar sem þess er getið, „að jörðin hafi með landamerkjaskránni dags. 12. júní 1885, mist töluvert af landi“ o.s.frv., því jarðamatsbókin frá 1861 telur Flögu aðeins 10,5<sup>hndr</sup>, en með landamerkjaskránni, er bætt við jörðina 1,1<sup>hndr</sup> af þrætulandi, sem jarðabókin telur 2,1<sup>hndr</sup>.<sup>353</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Flaga var metin á 2.200 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst en spurningamerki er sett aftan við í frumskjalið. Fram kemur að jörðin á mikið og gott upprekstrarland fyrir heimafé. Eigandi jarðarinnar var Berufjarðarkirkja.<sup>354</sup>

Með afsali dagsettu 31. desember 1918 seldi ráðherra Íslands Guðjóni Guðmundssyni jörðina Flögu í Breiðdalshreppi, 11,6 hundruð að nýju mati, fyrir 2.200 kr.<sup>355</sup>

Við manntalsþing að Breiðdalsvík 11. júlí 1919 var þinglesið kaupbréf, dagsett 31. desember 1918, þar sem ráðherra Íslands seldi Guðjóni Guðmundssyni jörðina Flögu fyrir 2.200 kr.<sup>356</sup>

<sup>349</sup> Skjal nr. 2(9).

<sup>350</sup> Skjal nr. 2(310).

<sup>351</sup> Skjal nr. 2(310).

<sup>352</sup> Skjal nr. 2(404).

<sup>353</sup> Skjal nr. 2(311).

<sup>354</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>355</sup> Skjal nr. 2(312).

<sup>356</sup> Skjal nr. 2(405).



Við manntalsþing að Breiðdalsvík 2. júlí 1920 var þinglesinn kaupsamningur, dagsettur 1. júlí 1920, þar sem Guðjón Guðmundsson seldi jörðina Flögu til Hlífar Bogadóttur fyrir 15.000 kr.<sup>357</sup>

Við manntalsþing að Breiðdalsvík 28. júní 1928 var þinglesið afsal Friðbjörns Þorsteinssonar til Hlífar Bogadóttur fyrir jörðinni Flögu fyrir 15.000 kr.<sup>358</sup>

### 5.8.2 *Ánastaðir í Breiðdal*

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Ánastaða metinn fjögur hundruð. Eigandi jarðarinnar var Bjarnanesprestakall.<sup>359</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ánastaðir metin fjögur hundruð að dýrleika og skráð sem lénsjörð Bjarnanesprestakalls.<sup>360</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ánastaði:

10 Ánastaðir

Túnid er lítið og lélegt, og liggur fyrir vatna ágangi, heyskapur lítilfjörlegur, land gott sumar og vetur. Þessa jörð meta allir vyrðingarmenn á 150<sup>rd</sup>.<sup>361</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Ánastaða er dagsett 29. maí 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1883. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

jarðarinnar „Ánastaða“ eru:

milli Ánastaða og Þorgrímsstaða: Hesthálsárgil að neðan en Rauðihryggur að ofan. –

milli Ánastaða og lands þess, sem Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel eiga fyrir sunnan Breiðdalsá: járnhryggur, sem liggur upp fjallið fyrir utan Álfról. –

Ánastöðum 29. maí 1883

Sigurður Hallsson (ábúandi á Ánastöðum)

Ofangreind landamerki samþykkja.

Þorgrímsstöðum 29. maí 1883

Guðm. Finnbogason (ábúandi)

Björn Eiríksson. – Einar Gíslason. – Hóseas Bjarnarson. – Jón Finnbogason (eigendur og umráðamenn Höskuldsstaða og Sels)<sup>362</sup>

Hinn 28. júní 1892 fór fram aukaréttur að Ánastöðum þar sem tekin var fyrir ósk prestsins að Bjarnanesi, sr. Þorsteins Benediktssonar, um að bera út af jörðinni Ánastöðum ábúandann Bjarna Bjarnason. Fram kemur að honum hafi ekki verið löglega

<sup>357</sup> Skjal nr. 2(406).

<sup>358</sup> Skjal nr. 2(407).

<sup>359</sup> Skjal nr. 2(42). Leitað var í biskupsvísitasíum Bjarnaneskirkju í Nesjum til að kanna hvort þar væri að finna eldri landamerkjalyásingar um jörðina Ánastaði, einkum gagnvart Höskuldsstöðum í , en engar upplýsingar komu þar fram um landamerki Ánastaða. Sjá minnisblað Þjóðskjalasafns Íslands um Ánastaði í Breiðdal, dagsett 10. maí 2024, skjal nr. 3(6).

<sup>360</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 193.

<sup>361</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>362</sup> Skjal nr. 2(14) og 2(378).

útbyggð jörðin og sömuleiðis að byggingarbréf Guðmundar Guðmundssonar hafi verið ógilt þar sem landamerki Ánastaða hafi ekki verið tilgreind í byggingarbréfinu. Í úrskurði var ekki farið að ósk prestins.<sup>363</sup> Málið var tekið fyrir að nýju við fúgetarétt þann 30. júní 1893 þar sem úrskurðaðist að útburður á Bjarna af Ánastöðum skyldi hafa framgang upp á ábyrgð prestsins.<sup>364</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Ánastaðir var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin á gott upprekstrarland fyrir heimafé. Eigandi jarðarinnar var kirkjan.<sup>365</sup>

Við aukarétt 1. júlí 1929 voru Guðmundur Árnason og Jón Björgólfsson útnefndir til að meta jörðina Ánastaði.<sup>366</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Ánastöðum í Breiðdal, dagsettri 6. júlí 1929, segir að jörðin sé samkvæmt síðasta jarðamati metin á 1.800 kr. án húsa. Um land jarðarinnar segir:

Ánastaðir er næst insta bæ í hreppnum við Breiðdalsheiði – stutt bæjarleið. Bærinn er síðra megin Breiðdalsár og túnið umhverfis hann. Liggur um það á þrjá vegu feikna mikil aurskriða, framburður úr gljúfurminduðu gili, sem lækur rennur eftir, vestan að bænum. Aurskriðan virðist hafa klofnað um torfgarð sem einhvern tíma hefur verið hlaðinn ofan við túnið, en nú er að mestu siginn í jörð niður, og þess vegna fallið báðu megin túnsins niður í ána, sem fellur fram með því á einn veg, og er túnið þannig innilukt og möguleikar ekki sjáanlegir til útgræðslu.

Spölkorn frá bænum uppi í fjallshlíðinni eru fjárhúsin og lítill túnblettur í kring (talinn með í túnstærð).

Fjalllendið er sem næst ferhyrnt stikki, ekki mjög bratt fyr en upp við efstu tinda, breidd landsins út og fram er á að giska tæpur hálftrar stundar gangur, fjallið ákaflega grítt, og er þar mjög mikill mosagróður en hvergi áberandi grasblettir. Þrátt fyrir hið áberandi grasleisi í fjallinu, þikir þar gott beitiland fyrir sauðfje, þegar snjólétt er.

Sljettlendi er ekkert nema engið og liggur það beggja megin árinna inn frá áður nefndri aurskriðu, það er bæði þurt og votlent, og mun til jafnaðar gefa árlega af sjer um 150 hestburði, sje ekki tíður grasbrestur.<sup>367</sup>

Þá er einnig tekið fram jörðinni fylgdu engin hlunnindi. Að lokum var jörðin metin á 1.600 kr. án húsa.<sup>368</sup>

Með afsali dagsettu 11. júní 1930 seldi ráðherra Íslands Stíg Jónssyni jörðina Ánastaði í Breiðdalshreppi, 18 hundruð að nýju mati, fyrir 2.500 kr.<sup>369</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Ánastaða er dagsett 20. júní 1946 en þinglýsingardags er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>363</sup> Skjal nr. 2(379).

<sup>364</sup> Skjal nr. 2(380).

<sup>365</sup> Skjal nr. 2(71).

<sup>366</sup> Skjal nr. 2(381).

<sup>367</sup> Skjal nr. 2(313).

<sup>368</sup> Skjal nr. 2(313).

<sup>369</sup> Skjöl nr. 2(314) og 2(368).

Landamerki

jardarinnar Ánastaðir í Breiðdalshreppi, S.Múl.

Milli Ánastaða og Þorgrímsstaða:

- I. Úr Suðurfjalli um Rauðhrygg og Hesthálsgil í Breiðdalsá. Síðan ræður Breiðdalsá mörkum út að Skileyri. Þaðan bein lína í vörðu við girðingu neðan Þorgrímsstaða. Síðan línan með girðingunni útað horni hennar og frá því bein lína í vörðu við ána, austan við svonefndan Kýrbakka. Þaðan ræður svo Breiðdalsá mörkum út að mörkum Þorgrímsstaða og Höskuldsstaðasels.
- II. Milli Ánastaða og Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels: Breiðdalsá áfram frá fyrrnefndum mörkum Þorgrímsstaða og Höskuldsstaðasels, þar til kemur á mótis við svonefndan Järnhrygg í Suðurfjalli fyrir utan Álfhól, en um hann er merkjalínan allt á fjall upp. Þaðan ráða fjallseggjar inn að fyrstnefndri línu um Rauðhrygg.

Landamerkjabréf dags. 29/5 1883 fellur hér með úr gildi.

Breiðdalshreppi, 20. júní 1946.

Guðm. Jónsson Höskuldsstöðum.

Þórhildur Hjartardóttir Þorgrímsstöðum.

Hóseas Björnsson ábúandi á Höskuldsstaðaseli

Steingrímur Vigfússon Ánastöðum<sup>370</sup>

### 5.8.3 Ljósárland

Hinn 12. maí 1601 vitnaði Hjálmur Einarsson að hann hafi verið viðstaddur þegar Sturli Jónsson gaf Árna syni sínum á brúðkaupsdegi jörðina Höskuldsstaði. Í skjalinu er fjallað um land handan Breiðdalsár, þ.e. sunnan við hana, og er sú lýsing svohljóðandi:

Kom þá til tals. að su sama fyrrskrifud jörd ætte yfer umm Breiddals ä takmarkad land ä millum järnhryggs oc liösär hinnar ytre.<sup>371</sup>

Árið 1603 vitnaði Egill Ásbjörnsson um landamerki Höskuldsstaða. Í skjalinu segir eftirfarandi:

ad eg hef alldrei heyrt eda vitad annad sannara en jórden Hoskulldstader hafe ätt takmarkad land fyrir sunnann äna i Breiddal. framm ä jarnhrygg er liggur uppi fialled. ofann ad gotumm. skamt fyrir utann Alfhöl og uti liösäna ytre oc var ieg vidstaddur oc til vitnis tekinn. af Asbirni Þorsteinzsyne þa minn fadir Asbiorn Arnason sellde honum jórdena Flögu i Breiddal sex hundrud ad dyrleika. med tilteknu takmorkudu lande. framm i liösäna ytre. þui hann lyste þui fyrir honum ad jördenn Höskulldstader ætte landed framann ad þessare liösa ytre oc framj jarnhrygg. sem jeg hef adur vitne umm bored. oc þetta hefur haft oc hallded vered atolulaust meir enn i fiorutýge är.<sup>372</sup>

Í vitnisburði Jóns Þorlákssonar frá 1620 um land Höskuldsstaða segir:

Suo felldann vitnisburd ber eg Jon Þorlakszon umm landeign jardarennar Höskulldstada i Breiddal. epter þui sem eg heyrði minn saluga fodur seigia oc adra ellstu menn sem þar var kunnugt umm til. ad Höskulldstadir ættu land med ummerkium þessum. i það stora gil fyrir utan bæenn. siönhending uppi fialled. og ofann i Breiddals

<sup>370</sup> Skjal nr. 2(15).

<sup>371</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>372</sup> Skjal nr. 2(150).

ä. og fram i Raudatindsgil. gagnvart við fossinn i Anastada gile. enn fyrir sunnann äna í Breiddal eiga Höskuldstader tilteked takmarkad land. uti liosäna ytre. og framm i jarnhrygg. oc liggur þesze same hryggur uppi fialled og ofan ad gotum hart nær. skamt fyrir utan alfhöl kallad er. hefur þetta haft oc halldist vered rietteleg landeign fyrrgreindra Höskuldstada atólulaust i öll þau är sem sem eg hef tilvitad i Breiddal. oc hef eg tilvitad oc i Breiddal vered optast syðan eg var tju vetra. oc hef eg nu fimmtan vetur umm sextýge är. Suo lýste minn saluge fader fyrer mier ad þä hann kom fyrst i Breiddal. sagde hann þar hefde ellste madur vered ad nafne Hallsteirn Hialmson. oc hefde sagt oc lyst fyrir sier ad jórden Höskuldstader hefði alt ad þessum fyrrskrifudumm landamerkiuum atólulaust.<sup>373</sup>

Hinn 11. nóvember 1685 gaf Jón Þorláksson land milli Ljósáanna í Breiðdal. Í afriti af gjafabréfinu frá 25. júní 1883 segir að gjafabréfið hafi verið lesið við lögbingsrétt við Öxará 11. júlí 1720 og við rétt að Berunesi 12. júní 1732. Í afritinu segir:

Það gjöri eg Jón Thorláksson eignarmaður þeirra jarða Höskuldsstaða í Breiðdal og Flögu samastaðar, að Höskuldsstaðir skulu sjer ei eigna land yfir við eða í millum Ljósáanna, hvað eg gef Flögu með frí og frelse og henni skal héðan af tilheyra epter (skjöllum?) sem eg ..... og mína eign vera. Hér á móte (eiga?) Höskuldsstaðamenn fríabeit og grasatekju fyrir (sunnan?) sig yfer um äna í þetta land, nær um nauðsynjar. Þetta staðfeste eg með minni egin hende og signete hér að neðan í votta viðrvist, sem sín nöfn ásamt mínu þar að neðan hér under setja.<sup>374</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 6. júlí 1820 var Jóni Jónssyni byggð kirkjujörðin Flaga með tilliggjandi Ljósárland eða eins og segir í bréfinu:

Gudmundur Schaptason prestur til Berufiadar biggier her med og loghejmilar til allrar leygulida abudar ummhirdingar og Efftersvars bondanumm Jone Jonssyne Berufiadar kirkjujörd Flögu i Breiddal med tilliggjande Ljósærlande edur lande þvi er liggur millumm ljósära inn frá Flögu og uti Gullgróf 6 hndr. ad dyrlejka med ejnu Asaúarkvielde med jórðunne filgier fra næstkomande Ärs fardogumm 1820 til Fardaga 1821 med Effterfilgande Skilmälumm edur hvad leingur okkur löglega og fridsamlega umm semur<sup>375</sup>

Hinn 25. maí 1790 lögfesti sr. Salómon Björnsson Ljósárland í Breiðdal eða eins og segir í lögfestunni, sem þinglesin var fyrir rétti að Heydölum sama dag:

Eg underskrifadur Lögfeste her i dag Þann Hagbeitar- og Skógar- Landspart sem liggur á millumm beggia Liósäanna, fyrir Handann Äna sudur frá Höskuldsstöðumm i Breiddal; Hvör öðru Nafne kallast Liósárland edur landid i millumm liosanna: tilheirande sem Eiginndóm Berufiadar kirkjujörd Flögu i sömu Sveit; ásamt med öllum Gögnum og Giædum, Holltum og Hædum, Hriödrum og Högumm, Skóge, Grasatekiu og ödrumm Landsnytiuum, sem Greindu Liósárlande filgia, filgt hafa, og filgia eiga: Allt ofann ur Fiallatindum, sovídt og Lángt sem bádar Liósárnar beggia meginn med sínu Rensle ráda, og það nidur i Breiddalsaa, sem eg meina výt ad heite Ä su, er fellur fyrir nedann Höskuldsstade, ut og ofanneffter Breiddalnum; Og frammvegis allt til Ummmerkia þeirrar er adrar Jarðer i móte eiga; Ad undanntekinne þeirre Jskyld, er Höskuldsstader eiga i ofangreint Liósárland, sem sídar mun sagt verda. Fyrirbyð eg öllum og Serhvörium Næst kríngliggande Jarða äbuendum hertied Liósárland ad brúka beita, edur under hvörü Skyne vera kann á Nockurnhátt ad nytia til Skógarhöggs, Hagbeitar edur Grasatekiu; Än Míns edur Míns Landseta Þordar Hildebrandssonar á Flögu Vitundar, Leifes edur Samþyckis: Ad undannteknum Einum Byrni Jónssyni á

<sup>373</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>374</sup> Skjal nr. 2(116).

<sup>375</sup> Skjal nr. 2(253).

Höskuldsstöðum, Hvöred Þámgad á nokkra Jskyld til Hagbeitar fyrir Fie sitt, og Grasatekiu; Allt under Sekter þær, er Lög á Hendur segia, þeim er her i móte brjóta frá Lögfestunnar Dato.

Sömuleidis fyrirbýd eg Ydur Velforstanduge Heidurs Mann Biörn Jónsson ábuandi Höskuldstada i Breiddal, Skógarhögg i Liósárlande, edur adrar Landsnytiar Samastadar, þær er ey tilheyra Ydar her ad ofann á minnstre Jskyld i Landed, under áverka og landnámsbætur, sem Lög greina.

Serdeilis fyrirbýd eg Ydur Biörn Jónsson ofmikla Jsetning Saudfiár, edur annars Penings i Liósárland, Vetur og Sumar, uppfra þessum Deige, Ad so miklu <sup>leite</sup> sem su sama skadar edur skada kann kirkunnar Rett og Eiginndóm; Edur til Átrodnings og Underþrickingar þenar edr þena kann j nokkurn Mátu fyrir Landseta Minn á Flögu Þord Hildebrandsson, Hvörn eg Lýse hafa Meire Rettugheit enn Ydur til Liósárlands brúkunar. Og þetta allt under Tvý- og Þrí-gyldis – samt áverka – og landnáms-Bætur edur Uslagiöld, effter Málavöxtum; Án þess, ad Önnur Skiöl edur Lögmæt Skilrike, herimóte kome, er kirkunnar Málaga i Berufirde fyrir Greindu Liósárlande, sem eldre edur gildare hrinda kynne. Lögfeste eg bæde ad Ordfullu og Lögfullu, og fyrirbýd Hvöriumm Manne hedann af j ad vinna, edur Nytia greint Liósárland frammar enn Mitt er Lof edur Leife til, Ad Vitne Ydar Mons<sup>f</sup> Þordur Gislason á Fremre Kleif og Ydar Mons<sup>f</sup> Biörn Eyrikson á Snæhvamme, samt allra Annara er siá edur heyra þetta mitt Lögfestu bref, sem eg styrke med underskrifudu Nafne og hiáþricktu Signete.<sup>376</sup>

Hinn 25. maí 1791 gerði sr. Salómon Björnsson aðra lögfestu fyrir Ljósárlandi en í henni segir:

Eg underskrifadur Lögfeste hermed Liósaarland i Breiddal, sem er Eiginndómur Berufiadar kyrku, og liggur under Berufiadar kirkujörd Flögu i sömu Sveit, ásam[t] öllum landamerkiom og landsnytiom, er firrgreindu Liósaarlande filgia, filgt hafa, og filgia eiga, effter skriflegre Auglýsingu Giafarans Sýslumans Säl: Jóns Þorlákssonar dat.<sup>f</sup> Viduvöllum Stóru i Flíótsdal 1<sup>ma</sup> Nov: 1685, Hvör af Synodo vid Öxaraa er confirmerud þann 16<sup>da</sup> Julii 1785, ásamt Lögfestunne fyrer sama Lande af 25<sup>ma</sup> Maii 1790. Fyrirbýd eg öllum og serhvörium fyrirtied Liósárland, ad brúka, beita, edur under hvörü Skyne vera kann ad nytia, án Mins, edur Flögu ábuanda Vitundar leifes edur Samþickes, allt under þær Sekter er Lög á hendur seigia þeim er heri móte brióta frá Þessarar Endurnyudu Lögfestu Dato, sem frammveigis Validerar umm næstu Tólf mänude. Herámöte má Ábuande Höskuldstada i Breiddal Löglega nota ser Þá Jskyldu, er Höskuldstader eiga i ofann greint Liósaarland, sem er Frí=Beit, og Grasatekia, nær umm Naudsyniar. Þó fyrirbýd eg Ydr Biörn Jónsson, ábuande Höskuldstada i Breiddal Skógarhögg i Liósárlande, og allar adrar Landsnytiar, er ey tilheyra áminstre Jskildu i Landed, under Áverka og Landnáms-Bætur.

Eirninn, fyrirbýd eg Ydur Biörn Jonsson ofmikla, Jsetning Búfiár edur annara gripa i Liósárland, Vetur og Sumar hereffter, ad somiklu leite sem su sama mætte skada kirkunnar Rett, Edur þena til Underþrickingar Landseta Minum á Flögu Þorde Hildebrandssyne, hvörn eg lýse eiga mejre Rett til Brukunar og Búfiár Jtölu i Liósárland enn Ydur, allt under Tvi= og Þrý= gildis – edur Uslagiöld, effter Málavöxtum<sup>377</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 1. ágúst 1840 er fjallað um bækur og skjöl kirkjunnar en þar á meðal er gjafabréf fyrir Berufirði frá 1743, afsalsbréf fyrir Flögu og gjafabréf fyrir Ljósárlandi á kálfskinni og með fimm hangandi reimum.<sup>378</sup> Í

<sup>376</sup> Skjal nr. 2(174).

<sup>377</sup> Skjal nr. 2(175).

<sup>378</sup> Skjal nr. 2(209).

prófastsvísitasíu frá 9. ágúst 1842 er getið gjafabréfs fyrir Berufirði, þ.e. Berufjarðarheimastað með hjáleigum og undirliggjandi kirkjujörðum og að kirkjan haldi eignum sem í því er fjallað um. Þó segir um ítök sem brúkuð hafi verið að þau álitist vera þýðingarlaus.<sup>379</sup> Í enn einni prófastsvísitasíu fyrir Berufirði, dagsettri 19. júní 1844, er fjallað um skjöl sem séu í vörslu kirkjunnar, nefnilega áður nefnt gjafabréf frá 1743, afrit af afsals- og gjafabréfi fyrir Flögu og Ljósárlandi sem sé annað hvort frá 1683 eða 1685, þinglesin lögfesta fyrir Ljósárlandi frá 1790, þinglesin lögfesta fyrir Berufjarðarheimalandi með hjáleigum frá 1791 og úttektir og byggingarbréf. Þar segir einnig að við kirkjuna vanti skjal sem nefnt sé í vísitasíu frá 1706, þ.e. gjafabréf fyrir Flögu og Ljósárlandi. Í sömu vísitasíu er minnst á ágreining sem upp sé kominn um landamerki milli Flögu og Skriðu í Breiðdal.<sup>380</sup>

Hinn 12. júní 1846 riðu eigendur Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, Gísli Þorvarðarson og Jónas Magnússon, ásamt skoðunarmönnum á land og engjar nefndra jarða til að skipta þeim, hagbeit, skógi og landsnytjum. Við skiptin var ítaks í Ljósárlandi getið en um það segir:

Skiptinn eru þannig sem fylgir að hlutadeigendur ásamt nefndum skoðunarmönnum komi sér samann um að Höskuldstaðir 6 hndr. að dyrleika

[...]

Enn Höskuldstaðasel<sup>4 hndr. að dyrl</sup>

[...]

landstikki það er liggur fyrir Sunnan breiddals ána, millum Jarn hriggs og innri ljósár samt ítak í liósár landi nóta hvöru tveggju eptir Jardar magni<sup>381</sup>

Í umfjöllun um jörðina Flögu í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 er fjallað um Ljósárland. Þar segir eftirfarandi:

Þrætustykki, svo kallað Liósárland, milli þessarar jarðar og jarðarinnar Höskuldsstaða, sem brúkað hefir verið um lánngann tíma af ábúendum beggia jarða. Þar er hagbeit nokkur og lítilfjörlegt skógarkropp. Þetta stykki meta vyrðingarmenn á 50<sup>tbl</sup> hvörri jörðunni sem það fylgdi.<sup>382</sup>

Í bréfi sr. Péturs Jónssonar á Berufirði til sýslumanns, dagsettu 5. mars 1850, er fjallað um Ljósárland í tengslum við jarðamat á Flögu í Breiðdal. Sr. Pétur sagði ábúanda Flögu hafa gefið sér til kynna að við gerð jarðamatsins hafi eigandi Höskuldsstaða þótt vafi á hvorri jörðinni landið tilheyrði, Höskuldsstöðum eða Flögu. Af því tilefni sendi sr. Pétur inn skjöl til að sanna að Ljósárland tilheyrði Flögu en ekki Höskuldsstöðum.<sup>383</sup>

Hinn 18. apríl 1850 lögfesti Pétur Jónsson prestur í Berufirði Ljósárland í landi kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal. Í lögfestunni er vísað í gjafabréf Jóns Þorlákssonar

<sup>379</sup> Skjal nr. 2(210).

<sup>380</sup> Skjal nr. 2(211).

<sup>381</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>382</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>383</sup> Skjal nr. 2(254).

dagsett 1. nóvember 1685 sem staðfest var á prestastefnu að Öxará þann 16. júlí 1785, en líka í lögfestu fyrir sama landi frá 25. maí 1790, sem þann sama dag var þinglesin að Heydölum. Lögfestan var þinglesin á manntalsþingi að Heydölum þann 6. júní 1851 og er texti hennar eftirfarandi:

Pétur Jónsson prestur til Berufjarðar Gjörir vitanlegt: að eg hérmed lögfesti Ljósárlandið eda Landið á milli Ljósána í Breiðdal, sem er egindómur Berufjarðarkirkju og liggur undir Berufjarðarkirkju jörð Flögu í sömu sveit, með öllum þeim Landsnyttjum, hvörju nafni sem heita, er fyrrgreinda Ljósalandi fylgt hafa og fylgja eiga eptir skriflegri auglýsingu gjafarans Syslumanns sál: Jóns Þorlákssonar dat: Víðivöllum stóru í Fljótsdal 1<sup>sta</sup> Nov. 1685, hvör af Synodu við Öxará er Confirmeruð þann 16<sup>d</sup> Júlí 1785, samt Lögfestu fyrir sama landi af 25<sup>ta</sup> Mai 1790, sama dag upplestin fyrir rétti að Eydölum. Fyrirbyð eg því öllum fyrrtéd Ljósárland að brúka, beita edur undir hvörju skini vera kann að nytja, án míns eda Flögu ábúanda vitundar og Leifis, alt undir þær sektir er Lög á hendur seigja þeim er hér í móti brjóta frá þessarar endurnýðu Lögfestu Dato; að fráteknum Hoskuldstaða ábúanda einum, sem, eptir fyrrnefndri auglýsingu á tiltölu til grasatekju og hagbeitar í Ljósárlandið nær um naudsynjar; hvað ekki getur skilist utan um hag beit á veturnum, þegar haglaust er Höskuldsstaða meigin árinna. – Þetta mitt Lögfestu bréf staðfesti eg með undirskrifuðu nafni og hjá þryktu signeti. –

Berufirði þann 18<sup>da</sup> April 1850

P: Jónsson<sup>384</sup>

Gísli Þorvarðarson, bóndi á Höskuldsstöðum, mótmælti lögfestunni við manntalsþing að Heydölum 6. júní 1851 þar sem hún hafi ekki verið samkvæmt máldögum sem hann hafði fyrir Höskuldsstaðalandi.<sup>385</sup>

Hinn 31. júlí 1866 var að ósk bændanna Gísla Þorvarðssonar og Guðna Jónssonar riðið engjar og álitin landstærð eftir gæðum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Fram kemur í skjalinu að heimaörðin Höskuldsstaðir var álitin sex hundruð að dýrleika en afbýlið Höskuldsstaðasel fjögur hundruð. Um landamerki segir:

Því næst var riðið yfir eingjar og álitin landstærð eptir gjæðum, urðu því allir álitsmenn samkvæmir: að Selá skuli ráða landamerkjum milli áðurnefndra Jarða eptir því sem hún fellur frá Seldalsdrögu allt ofan í Gljúfur – og þaðan út brúnina fyrir neðan Fornustekka og út og ofan melhryggina fyrir ofan Seltúnið, allt í lángaGrafning fyrir neðan Reiðgötur og þaðan frá nýggiörðri vörðu beina sjónhending ofan mírina í aðra nýja vörðu á bakkanum við Breiðdals á. – Enn beitarlandsstíkið fyrir sunnan ána: milli innri Ljósáar og Járnhryggs, skuli brúkast frá báðum Jörðunum sameiginlega eptir Jarðar tiltölu.<sup>386</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. mars 1869 var Guðmundi Marteinsyni byggð hálf jörðin Flaga í Breiðdal. Með í byggingunni var Ljósárland eða eins og segir í bréfinu:

Jeg undirskrifaður byggji hjermed og lögheimila bóndanum Guðmundi Marteinsyni ½ jörðina Flögu í Breiðdal, sem er Berufjarðarkirkjujörð, 3 hndr. að fornum dýrleika (en eptir nýja jarðamatinu, er konungur staðfesti 1. dag aprilm. 1861 [6¼] hndr.), með tilheyrandi Ljósárlandi edur landi því innfrá Flögu, er liggur milli Ljósána, og að utan

<sup>384</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>385</sup> Skjal nr. 2(386).

<sup>386</sup> Skjal nr. 2(145).

í svokallaða Gullgróf, undir bú sitt frá fardögum 1869 til fardaga 1870 eða svo lengi sem hann uppfyllir eptirfylgjandi skilmála:

[...]

4. Helmingsafnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum einnig ásamt ½ jörðinni, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi. Ber honum því að sjá um ásamt hinum ábúendum jarðarinnar Flögu, að aðrir taki þar hvorki skóg eða beiti þar að þessu undanskildu.<sup>387</sup>

Sama kemur fram í byggingarbréfi, dagsettu 18. mars 1869, þar sem Jóhannesi Guðlaugssyni var byggður 1/3 hlutur úr jörðinni Flögu. Um þriðjungs afnot af Ljósárlandi segir:

4. Þriðjungs afnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum einnig ásamt 1/3 úr jörðinni, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi. Ber honum því að sjá um ásamt hinum ábúendum jarðarinnar Flögu, að aðrir taki þar hvorki skóg eða beiti þar fjenaði að þessu undanskildu.<sup>388</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. maí 1878 var Jóni Pálssyni byggð hálf jörðin Flaga með hálfu Ljósárlandi frá fardögum 1878 til fardaga 1879. Í byggingarbréfinu segir meðal annars:

hálfá kirkjujörðina Flögu í Breiðdal með hálfu kúgildi og er hálf Flaga 3 hndr. að fornum dýrleika en eptir nýja jarðamatinu 6¼ hndr. með tilheyrandi hálfu Ljósárlandi eða landi því innfrá Flögu, er liggur milli Ljósáanna og að utan í svokallaða Gullgróf

[...]

2. Helmingsafnot af hinu áðurnefnda Ljósárlandi byggist honum líka ásamt hálfri jörðinni, en eptir máldaga brjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar í tjeðu Ljósárlandi.<sup>389</sup>

Aftan á bréfið er áritað að vorið 1880 hafi Jóni verið byggð viðbót úr jörðinni frá fardögum 1880 til fardaga 1881.<sup>390</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. maí 1880 var Valgerði Finnbogadóttur byggður 1/3 hluti úr jörðinni Flögu. Um landamerki og Ljósárland segir í bréfinu:

og eru landamerki Flögulands, frá innri Ljósánni og úti svokallaða Gullgróf, undir bú sitt með þessum byggingarskilmálum:

[...]

6. Þriðjungs afnot af Ljósárlandinu, er liggur milli Ljósáanna, byggist henni ásamt með þriðjungi jarðarinnar, en eptir máldagabrjefum Berufjarðarkirkju er bóndanum á Höskuldsstöðum áskilin frí grasatekja og hagbeit fyrir fje, nær um nauðsynjar, í tjeðu Ljósárlandi.<sup>391</sup>

Í hreppaskjölum Suður-Múlasýslu er í skjölum Breiðdalshrepps varðveitt skjal sem fjallar um landamerki Flögu og lands sem Höskuldsstaðir eigi fyrir sunnan Breiðdalsá.

<sup>387</sup> Skjal nr. 2(255).

<sup>388</sup> Skjal nr. 2(256).

<sup>389</sup> Skjal nr. 2(258).

<sup>390</sup> Skjal nr. 2(258).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2(257).



Skjalið er dagsett 19. maí 1883 og undirritað af Einari Gíslasyni á Höskuldsstöðum. Sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði undirritaði skjalið 1. júní sama ár en efni þess er svohljóðandi:

Landamerki milli Flögu og lands þess sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá samkvæmt máldögum á kálfskinni með 5 hangandi innsiglium dagsettum 7. apríl 1686 er: ytri-Ljósá. –

Höskuldsstöðum 19. maí 1883

Einar Gíslason

(ábúandi og eigandi ½ jarðarinnar)

Ofanskrifuðum landamerkjum milli kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstaðir eiga fyrir sunnan Breiðdalsá, mótmæli jeg undirskrifaður alveg, því nú í nær því 200 ár hefur Jnnri Ljósáin verið landamerkin milli hins svokallaða Ljósárlands, sem heyrir undir Flögu og landspildu þeirrar, sem Höskuldsstöðum tilheyrir fyrir innan Jnnri Ljósána samkvæmt gjafabréfi Jóns sýslumanns Þorlákssonar dagsettu 11. nóv. 1685, lögfestum og öðrum skilríkjum.

Berufirði 1. júním. 1883

Þ Þórarinnsson

Land það fyrir sunnan Breiðd.á sem er fyrir utan innri Ljósá og Ljósár land nefnist hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða og umráðamaðr Flögu presturinn í Berufirði – gjört samning/um dagsettan 23. október ~~frá~~ 1884 og er sá samningur ~~staðfestur~~ samþykktur af stípt yfirvöldunum þ. mán 188 og hljóðar þannig<sup>392</sup>

Sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði skrifaði til sýslumanns þann 25. júní 1883 og sagði Einar Gíslason á Höskuldsstöðum gera tilkall til Ljósárlands sem hafi tilheyrt Flögu í Breiðdal frá 11. nóvember 1685. Sr. Þorsteinn kvað málið ekki vera landamerkjamála en sagðist myndi þurfa betri upplýsingar og í framhaldinu láta dómstóla skera úr um þrætuna.<sup>393</sup>

Hinn 23. október 1884 gerðu Einar Gíslason og H. Bjarnarson, eigendur Höskuldsstaða, og sr. Þorsteinn Þórarinnsson í Berufirði svohljóðandi samning um skipti á Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal:

Vjer undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða Ljósárlandi milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri Ljósá fyrir sunnan Breiðdalsá og í vörðu, sem stendur utan til á hinum svokallaða Svartabakka fyrir utan svokallaðan Ljósalæk og þaðan skáhallt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum merkigontu upp í Ketilhnúk og þaðan beint uppí fjallseggjar, en sá partur Ljósarlandsins, sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.<sup>394</sup>

<sup>392</sup> Skjal nr. 2(146).

<sup>393</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>394</sup> Skjal nr. 2(149).

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Höskuldsstaða, dagsettri 23. júní 1885 og þinglesinni 29. júní 1885, er fjallað um land sunnan Breiðdalsár og Ljósárland. Þar segir eftirfarandi:

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Járnhriggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaði – og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika

Land það fyrir sunnan Breiðdalsá –, sem er fyrir utan innri „Ljósá“ – og Ljósárland nefnist – hafa eigendur jarðarinnar Höskuldsstaða, og umráðamaður Flögu – presturinn í Berufirði – gjört samning um, og ákveðið landamerki, 23. dag októbermanaðar 1884, og er sá samningur samþykktur af styptisyfirvöldunum 4. marts. 1885.

Samningur hljóðar þannig:

„Vjér undirskrifaðir höfum gjört svofeldan samning og orðið ásáttir um viðvíkjandi skiptum á hinu svokallaða „Ljósárlandi“, milli jarðanna Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal: að Höskuldsstaðir eigi land allt frá innri „Ljósá“ fyrir sunnan Breiðdalsá – og í vörðu, sem stendur utantil á hinum svokallaða „Svartabakka“ fyrir utan svokallaðan „Ljósálæk“ og þaðan skáhalt inn og upp í lækjarsýki það, er rennur fast fyrir innan beitarhúsin frá Flögu, og úr því ræður þetta lækjarsýki, sem vjer nefnum „Merkigontu“ – uppí „Ketilhúk“ og þaðan beint uppí fjallseggjjar; en sá partur „Ljósarlandsins“ sem liggur fyrir utan ofangreind merki, heyrir Flögu til.“

Höskuldsstöðum 23. júní 1885,

Einar Gíslason (eigandi hálfra Höskuldsst.)

Sigurður Hallsson (ábúandi Ánastaða)

H. Bjarnarson (eigandi hálfra Höskuldsstaða)

Hjer að framangreind landamerki milli Höskuldsstaða og kirkjujarðanna Jórvíkur og Flögu í Breiðdal, samþykkjast hjer með fyrir hönd Berufjarðarkirkju.

Berufirði 26. júní 1885

Þ. Þórarinsson.

Björn Eiríksson (ábúandi Höskuldsstaðasels).<sup>395</sup>

## 5.9 Nærleggjandi jarðir í Berufirði og Hamarsfirði

### 5.9.1 Berufjörður í Berufirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Berufirði.<sup>396</sup>

Í skrá um eignir Berufjarðarkirkju frá um 1370 segir eftirfarandi um jörðina Berufjörð og Fossárdal:

Item a Berufjordur alla strond sudur ad nausttott þeirri. er stendur fyrir hiedan backa fyrir hiedan bulandsza. sionhending upp j skardid það sem efst er j fiallinu gegnt nausttottinni.

Item A Berufjordur allann reka j þessu takmarki huad sem a land ber. og fiemætt er.

<sup>395</sup> Skjal nr. 2(9).

<sup>396</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 5, skjal nr. 4(15).

Item A Berufiordur allann fossardal fyrir sunnan og nordan uppá fiállid. þar sem hallar votnum sudur og upp að þjngmanna vpz ut að tunglā.

A berufiordur uppá Avxi að beinsvordu.

Item æ berufiordur landzmerki ut frá gardi. ut að læk þeim er fellur fyrir hiedan borg þa er stendur j kielluskogarmerki.<sup>397</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Ólafskirkju í Berufirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Olafskirkia j Berufirdi a heimaland halftt.

[...]

mofærsla j Kielldvskogarlannd so micla sem sa vill er byr j Berufirdi.

naustgiord oc skipsät æ Þvfueyri.

Hun a Hrijsey oc Kidiahholm. Langanesholm. Kalholm. Gripne. Hroarsholm. Ædastein. Kiellingarholm. Seglstein. Herdebreid. Kypislaug.

Þangad liggur reki frá nausttopt að vtann verdri Valardarskridu.<sup>398</sup>

Tveir máldagar Marteins biskups Einarssonar um Berufjarðarkirkju eru frá 1553–1554. Í þeim fyrri segir að Ólafskirkja í Berufirði eigi hálf t heimaland og jarðirnar Jórviik, Kelduskóga og fjögur hundruð í Skála. Í þeim seinni segir að kirkjan að Berufirði eigi 30 hundruð í heimalandi og að auki átta hundruð í fasteign. Loks segir að þar liggja undir einn bæ.<sup>399</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Berufjarðarkirkju:

Kirkian i Berufirdi. ä ij Jarde. eijiar nøckrar. Jtölur sköga og reka. skipstödu ä strönd med frij.

thar liggia vnder iij bijgd böi.

[...]

Item heijta Jarde kirkiunnar suo: tuær Jörvijkur og Kellduskögar. eru þær bádar ij<sup>c</sup>. og xx Dijrar.

[Item heiter annat koted Jörvik land[skyllid]. x. aurar annat i eide.<sup>400</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 23. ágúst 1645 segir meðal annars:

Anno 1645. 23 Augusti. Olaffs kyrkia J Berufirde Aa so miked J lande og Eyar þær sem gamall Máldage Skalholltz kyrkju aneffner, Item Jtölur Sköga og Reka. Skipstödu a Strönd med frý<sup>401</sup>

Hinn 23. ágúst 1647 gerði Brynjólfur biskup Sveinsson máldaga um Ólafskirkju í Berufirði.<sup>402</sup>

<sup>397</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 10–11, skjal nr. 4(16).

<sup>398</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 202–203, skjal nr. 4(17).

<sup>399</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 645, skjal nr. 4(57).

<sup>400</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 694, skjal nr. 4(18).

<sup>401</sup> Skjal nr. 2(178).

<sup>402</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

Í biskupsvísitasíu frá 12. september 1682 er fjallað um ýmsar eignir og ítök kirkjunnar sem ekki varða þjóðlendukröfur á svæði 11.<sup>403</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 17. september 1706 auk þess sem fjallað er um ýmis frumskjöl sem varði Berufjarðarkirkju.<sup>404</sup> Sama kemur fram í texta í kirkjustól Berufjarðarkirkju 1826–1909 sem þinglesinn var við manntalsþing 16. júní 1886 og varðar eyjar, hólma og sker sem liggja fyrir Búlandsneslandi.<sup>405</sup>

Hinn 13. október 1683 seldi sr. Jón Eiríksson Jóni Þorlákssyni sýslumanni jörðina Berufjörð, 30 hundruð að dýrleika. Jón sýslumaður greiddi meðal annars til Jóns Eiríkssonar jarðirnar Arnaldsstaði í Skriðdal, þ.e. Arnhólsstaði, og sjö hundruð í Geitdal.<sup>406</sup>

Hinn 24. maí 1684 vottaði Jón Þorláksson sýslumaður lögfestu fyrir Berufjörð.<sup>407</sup>

Hinn 7. apríl 1686 voru vottuð eftirfarandi bréf um Berufjörð: Máldagar Vilchins, Marteins Einarssonar, Gísla Jónssonar og Odds Einarssonar um kirkjuna í Berufirði, skjal um peninga sem voru meðteknir með Berufjarðarkirkju árið 1536, skjal um afhendingu Berufjarðar frá 1582, annað skjal um ornament kirkjunnar sem voru meðtekin með henni árið 1589, ódagsett skjal um góss sem Ólafur Jónsson tók með Berufirði, skjal um peninga kirkjunnar, dagsett 21. maí 1592, sem Einar Sigurðsson meðtók af sr. Jóni Magnússyni, áður nefndur vitnisburður um landamerki Jórvíkur og Höskuldsstaða frá 24. ágúst 1645, máldagi Brynjólfs biskups Sveissonar um Ólafskirkju í Berufirði frá 23. ágúst 1647 og kaupbréf frá 13. október 1683.<sup>408</sup>

Hinn 14. mars 1703 var Jón Þorláksson með eftirfarandi jarðir undir höndum, en þær voru þó ánafnaðar börnum hans: Berufjörður, Víðivellir með sandinum, 56 hundruð að dýrleika, og Flaga.<sup>409</sup>

Í gjafabréfi Guðrúnar Einarsdóttur ekkju Skálholtsbiskups Jóns Árnasonar fyrir jörðinni Berufirði, dagsettu 4. mars 1743, til sóknarprests í Berufirði hverju sinni, segir að jörðin hafi verið 18 hundruð að dýrleika með tveimur byggðum hjáleigum. Einnig segir að jörðin hafi átt eyðikotið Fossárdal sem var sex hundruð að dýrleika, samanlagt 24 hundruð með öllu. Bréfið var staðfest 15. apríl 1748 að Meðalfelli.<sup>410</sup>

Í ódagsettum punktum yfir jörðina Berufjörð, sem líklega eru frá seinni hluta 18. aldar, segir að jörðin sé 60 hundruð að dýrleika og að kirkjan eigi hálf heimaland eða 30 hundruð. Þá segir að Jón Þorláksson sýslumaður hafi keypt hlutinn árið 1683.<sup>411</sup>

<sup>403</sup> Skjal nr. 2(179).

<sup>404</sup> Skjal nr. 2(180).

<sup>405</sup> Skjal nr. 2(213).

<sup>406</sup> Skjal nr. 2(172). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

<sup>407</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 279, skjal H-10.

<sup>408</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 278–279, skjal H-10.

<sup>409</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 402–403, skjal H-11.

<sup>410</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>411</sup> Skjal nr. 2(182).

Í úttekt á Berufjarðarkirkju frá 8. júní 1761 er fjallað um skjöl í vörslu kirkjunnar og ýmsar eignir hennar sem ekki varða þjóðlendukröfur á svæði 11.<sup>412</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 5. september 1779 eru taldar upp eignir kirkjunnar, bæði kirkjujarðir og eyjar.<sup>413</sup> Svipaðar upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíum frá 21. maí 1785, 24. maí 1797, 8. september 1848, 13. júní 1890 og 7. júní 1906.<sup>414</sup>

Hinn 25. maí 1791 lögfesti sr. Salómon Björnsson jörðina Berufjörð. Lögfestan var upplesin við manntalsþingsrétt að Berunesi 30. maí 1791 en efni hennar er svohljóðandi:

Eg underskrifadur lögfeste hermed Beneficium Berufiörd á Berufiardar Strönd og Berufiardar kirkuland allt med Gögnum og Giædum, Hollt og Haga, Vötn og Veide stade, og allar Lands nytiar til fialls og fiöru, sem Berufiardar Stad og kirku, effter Eldre og yngre Mældögum, kaups og giafa – edur Makaskyffta Brefum filgia, filgt hafa, og filgia eiga ätölulaust. Eru Ummmerke Þesse, effter Máldaga af 21<sup>ta</sup> Maii 1592. Sudur frá Berufyrde, allt Selnes, Fossaarvik, Eyvindarnes, og öll Urdarteigsströnd, sudur ad Nauststofft þeirrj, er stendur fyrer hedann Backa, fyrir hedann Bulandsaa; Þadann rædur Siónhending, af utannverdre Vallvallar Skridu, uppi efsta Skarded, i fiallenu, sem er gegnt Nauststofftenne; Á Berufiördur í Þessu Takmarke, allann Reka, og hvad sem á Land ber, og femætt er; ad Vestann og Nordann rædur Fossaardalur – Fossárdals Øræfe – og Øxe, allt ad Beinsvördu;

Á Berufiördur Land so langt sudur – og uppá Øræfenn; þartil Vötnum hallar, sud[ur]af, ofann í Bulandsdal, og eins Nordur a[...] uti Skriddal, allt ut ad Tunglaa. En ut frá Berufyrdi rædur Lækur sá, er fellr fyrir Heimann Borg þá, er stendur i Kelduskógar merke, og nú heiter ytre Borgaraa, effter Utskýringu Visitatiunnar af 22<sup>en</sup> aug: 1752.

1<sup>o</sup>) Fyrirbýd eg öllum og serhvörum, fyrrtied Berufiardar kyrku Land, ad bruka, beita edur, under hvöriu Skyne vera kann ad nytia, án mins Leifes; ad undannteknum þeim kyrkunnar Jarda ábuendum; sem ur greindu kirku Lande hefur ádur verid – Edur enn er – Löglega biggt.

Allt under Averka – Landnáms – og adrar Bætur effter Mála vöxtum.

2<sup>o</sup>) So fyrirbýd eg eirnig þeim er á kyrkunnar Jördum búa, Berufiardar Heima Land, og tilliggande Hiáleigna, framar ad bruka, beita, edur i ad yrkia enn Lands Lögen Leifa, edur mitt serdeiles Leife er til; Edur Biggingar bref þeirra, ádur utgefenn og af mer sampickt, edur hereffter utgefande og stadfestande, áqveda; Vilie þeir ey sömu Sektum mæta, er fyrrsagdar voru, og þeim framar ad lögum á Hendur seigiast, er her a móte brióta frá Þessarar Lögfestu dato, sem Validerar umm Næstu tölf Mánude.

3<sup>o</sup>) Hafa vil eg fulla Laga Fulgu edur Undergift under alla þá gripe Annara Manna, en Nágranna Minna er 1<sup>a</sup> kvigylde svara, edur fleyre Virdast ad gánga i Minu Lande, Hvört sem er Dilk- edur Geld-fie og Hestar; sem er i hid ungasta 16 þ á Sumar, enn 20 á Vetur fyrir hvört kvigylde.

4<sup>o</sup>) Þeim Hiáleigu Mönnum Minnum sem biggt er úr Heima Lande, leifest sina Jtölu ad fylla ad Lögum, og Meiga hafa 1. kvigylde ummframm i Landenu; Enn hvad þeir fleyra i setia, svari fyrir sem Fulgefín serhvört kvigylde er fleyra er, enn fyrr var sagt i filge Landsl. B: 4 Cap: coll: s. B. 51 Cap.

5<sup>o</sup>) Þad er Þessvegna i Anleiding heraf, so vel sem margra annara Vigtugra orsaka vegna, streingelega fyrir boded, þeim er ey eiga Samgeingt vid mig edur Granna Mína, effter Landsl. B. 47 Cap: ad Gánga Land mitt effter Fie sinu, og reka þad burt þadann,

<sup>412</sup> Skjal nr. 2(205).

<sup>413</sup> Skjal nr. 2(185).

<sup>414</sup> Skjöl nr. 2(206)–2(207), 2(212) og 2(214)–2(215).

án Minnar edur Nágranna Minna Vitundar Vor edur Haust, sem hingadtil hefur Vane Verid; Heldur á með slikar Fiallgöngur og fiár heimtur, soddann Regla ad haldast, sem Landsl. B. 46-49 og 50 Capitular fyrirskilia, og Lands vane er gamall til. Enn hvör sem ad þvj mætte verda kunnur, ad reka Fie Leifis Laust: Land mitt, láta það sýdann gánga þar ordalaust Ár effter ár, og reka það Loksens burt mer öadspurt, Hann má vænta ad þvj ej taltalaust slept verde herefter, þar eg vejt ey betur, enn hinn same mætte áljtast, effter Nll. 6. B. 14 Cap: 19 art:

6<sup>o</sup>) Serilage og med sama Hætte Lögfeste eg kyrkunnar Landspart Skálahóla ut frá Berufyrde, ad utann og jnnann verdu, frá ytre Borgaraa, og innad Steckalæk, ofann ur Fialle, so langt og Vídt sem sagder Læker ráda, og ofann i Sió: Hvöria Skálhóla, eg lýse, einsvel sem annad Berufiardar Heimaland, kirkunne samastadar tilheyra, og hafa allatýd verid Hennar Öakiærd Eign sem siá eraf Visitatiu Berufiardar kyrkiu af 22<sup>en</sup> aug<sup>t</sup> 1752.

Fyrirbýd eg því öllum og serhvörum uti frá, ad undannteknum Minum Hiáleigu Mönnum, fyrtrud Skálhóla land, ad bruka beita, edur i ad yrkia án Míns Leifes, og það under Landnáms, áverka edur Ráns bætur, effter Málavexte i kraftte Nll. 1 B: 22 Cap 17 art: og 2 B. 21. Cap. 22 art: samt Nll. 6 B. 15 Cap: 15 art: Nema þvj ad eins nockr[...] jnnann árs og dags gete framm vísad Lögmætumm Skiölum edr Skilríkum, er kyrkunnar Máld[ög]umm i Berufyrde liggande, og Visitatiunne af [...] aug<sup>t</sup> 1752, sem eldre edur gyldare hrinda kynne.

7<sup>o</sup>) Lögfeste eg 18 Eyar Berufiardar kyrku, liggande fyrir Bulandsnesslande, og fyrirbýd öllum og serhvörum Þær ad bruka, beita edur gánga; fugl edur Sel ad styggia edur Drepa, edur nockurn Skada ad giöra, under Þær Sekter, sem Þær vid serilage i Henseende til fuglvarpsens, liggia, effter Forordning: af 13 Jun: 1787. 3 Cap: 7. art: og Nll: 5. B: 12 Cap: 15 art: Hvad áhrærir Selveidena.<sup>415</sup>

Í skjalasafni Berufjarðarkirkju er varðveitt byggingarbréf frá janúar 1798 þar sem byggð er Berufjarðarhjáleiga frá fardögum 1798 til fardaga 1799. Fjallað er um skóg sem brúka mátti innan og vestan við ána og til kolviðar skyldi ábúandi leita út á Fossárdal. Nafn ábúanda kemur ekki fyrir og þá er töluvert um yfirstrikanir og innskot í texta skjalsins. Því er mögulegt að um uppkast sé að ræða.<sup>416</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Berufjarðar metinn 30 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Berufjarðarkirkja.<sup>417</sup>

Hinn 16. desember 1809 skrifaði Stefán Bessason til biskups og óskaði eftir gögnum sem varpað gætu ljósi á landamerki milli jarðanna Fossárdals og Berufjarðar.<sup>418</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 7. júlí 1818 segir meðal annars:

Hún á Heimaland allt Frá nausttoft þeirri er stendur fyrir hédan Bakka fyrir hédan Búlans á Siónhending uppa Skardid það sem efst er á Fjallinu gégnat Nausttóftinni og alla Strönd útad henni þangad liggur og Reki frá tedri nausttóft af utanverdri Vallvallar Skridu er nu skal kóllud Vallvallar Skrida, Hún á allann Fossárdal fyrir sunnan og nordann uppá Fiallid þarsem hallar vötnum Sudur og uppá þingmanna nupi útad Tunglá og uppá Øxi ad Brinsvördu item landsmerki utfra gardi útad læk þeim er fellur fyrir hédan borg þá er stendur í Kélduskógamerki eptir Transskriftar bréfi á kalfskinn

<sup>415</sup> Skjal nr. 2(176).

<sup>416</sup> Skjal nr. 2(259).

<sup>417</sup> Skjal nr. 2(48).

<sup>418</sup> Skjal nr. 2(323).

er nefnist Berufjarðarstadar Jarðarbréf af hvoriu á Kyrkiumm liggur vidimerud afskrift, af Biskupi Olafi Gíslasyni Og er til óafríud lögfesta fyrir þessu landi af 1<sup>ta</sup> Julii 1807.<sup>419</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 25. nóvember 1818 var Jón Þorvarðssyni byggð Innri-Berufjarðarhjáleiga, fjögur hundruð að dýrleika, frá fardögum 1819 til fardaga 1820. Fram kemur að skóginn mátti hann nýta innan og vestan til við ána en kolviðar þyrfti hann að leita uppi á Fossárdal.<sup>420</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 21. október 1823 var Jóni Jónssyni í Skógum byggð Berufjarðarkirkjufjörðin Framhjáleiga, fjögur hundruð að dýrleika, frá fardögum 1824 til fardaga 1825.<sup>421</sup> Með öðru byggingarbréfi, dagsettu sama dag, var Jóni Þorvarðssyni byggð kirkjufjörðin Úthjáleiga, þrjú hundruð að dýrleika, fyrir sama tímabil og Jóni Jónssyni var byggð Framhjáleiga.<sup>422</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 25. nóvember 1826 var Kristjáni Kristjánssyni byggð Ytri-Berufjarðarhjáleiga í heimalandi Berufjarðar frá fardögum 1827 til fardaga 1828. Úthlutaðar slægur voru á milli Stekkalækjar og Skálhólalækjar en einnig svokölluð Mjóalág og niður úr henni liggjandi að hjáleigum.<sup>423</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 2. nóvember 1826 var Jón Guðmundssyni byggð svokölluð Arnhús, þ.e. Árnahús, liggjandi í Berufjarðardal, frá fardögum 1827 til fardaga 1828. Slægjur tli handa honum voru fastsettar fyrir innan nefnd Arnhús á Suðurdal og fyrir innan Selá, austan megin Berufjarðar.<sup>424</sup>

Hinn 13. desember 1831 var Ásmundi Ingimundarsyni útbyggt af Ytri-Berufjarðarhjáleigu en hann neitaði þó að fara.<sup>425</sup>

Við manntalsþing að Berufjarðarhöndlunarstað 30. apríl 1839 var þinglesin auglýsing, dagsett 24. apríl 1839, þar sem sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu þær jarðir.<sup>426</sup>

Í skýrslu sr. Péturs Jónssonar á Berufirði, dagsettri 12. júní 1839, yfir inntektir Berufjarðarprestakalls segir að heimajörðin hafi verið 12 hundruð að dýrleika og gefin kirkjunni með gjafabréfi frá Guðrúnu Einarsdóttur, dagsettu 4. mars 1743. Þá er fjallað um rekaréttindi, varpeyjar og sker sem gefi af sér egg og dún sem og nokkra kópaveiði. Einnig segir í skýrslunni að kirkjan hafi haft naustgjörð og skipsuppsátur á Þúfueyri. Enn fremur eru nefndar tvær hjáleigur og þá átti kirkjan Fossárdal, Urðarteig, Kelduskóga, fjögur hundruð í Skála, Jórvík og Flögu í Breiðdal.<sup>427</sup>

Við manntalsþing að Berufjarðarhöndlunarstað 30. júlí 1840 var friðlýst Berufjarðareyjum og öllu landi sem tilheyrði Berufjarðarprestakalli fyrir öllum skotum.<sup>428</sup>

<sup>419</sup> Skjal nr. 2(208).

<sup>420</sup> Skjal nr. 2(260).

<sup>421</sup> Skjal nr. 2(261).

<sup>422</sup> Skjal nr. 2(262).

<sup>423</sup> Skjal nr. 2(263).

<sup>424</sup> Skjal nr. 2(264).

<sup>425</sup> Skjal nr. 2(265).

<sup>426</sup> Skjal nr. 2(383).

<sup>427</sup> Skjal nr. 2(324).

<sup>428</sup> Skjal nr. 2(384).

Í prófastsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 1. ágúst 1840 er fjallað um bækur og skjöl kirkjunnar en þar á meðal er gjafabréf fyrir Berufirði frá 1743, afsalsbréf fyrir Flögu og gjafabréf fyrir Ljósárlandi á kálfskinni og með fimm hangandi reimum.<sup>429</sup> Í prófastsvísitasíu frá 9. ágúst 1842 er getið gjafabréfs fyrir Berufirði, þ.e. Berufjarðarheimastað með hjáleigum og undirliggjandi kirkjuförðum og að kirkjan haldi eignum sem í því er fjallað um. Þó segir um ítök sem brúkuð hafi verið að þau álitist vera þýðingarlaus.<sup>430</sup> Í enn einni prófastsvísitasíu fyrir Berufirði, dagsettri 19. júní 1844, er fjallað um skjöl sem séu í vörslu kirkjunnar, nefnilega áður nefnt gjafabréf frá 1743, afrit af afsals- og gjafabréfi fyrir Flögu og Ljósárlandi sem sé annað hvort frá 1683 eða 1685, þinglesin lögfesta fyrir Ljósárlandi frá 1790, þinglesin lögfesta fyrir Berufjarðarheimalandi með hjáleigum frá 1791 og úttektir og byggingarbréf. Þar segir einnig að við kirkjuna vanti skjal sem nefnt sé í vísitasíu frá 1706, þ.e. gjafabréf fyrir Flögu og Ljósárlandi. Í sömu vísitasíu er minnst á ágreining sem upp sé kominn um landamerki milli Flögu og Skriðu í Breiðdal.<sup>431</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Berufjörður ekki metin að dýrleika. Jörðin var kirkjueign (beneficium). Í neðanmálsgrein kemur fram að árin 1696 og 1804 hafi Berufjörður verið metinn 30 hundruð að dýrleika.<sup>432</sup>

Hinn 2. mars 1848 skrifuðu sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Sigurður Antoníusson á Skála undir að Sigurður myndi falla frá skógarítaki í landi Berufjarðar. Skjalið var þinglesið við manntalsþingsrétt að Djúpavogi 22. maí 1849.<sup>433</sup>

Við manntalsþing á Djúpavogi 24. maí 1848 var þinglesið skjal sem sr. Pétur á Berufirði afhenti um friðlýsingu varplássa sem hans prestakalli tilheyrði.<sup>434</sup>

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Berufjarðar- og Beruneskirkju tilheyrði skógur í heimalandi Berufjarðar og á Fossárdal, sem nú væri mjög eyddur. Einnig var skógur á kirkjuförðinni Flögu.<sup>435</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Berufjörð:

14 Berufjörður

með 2 hiáleigum í eydi Berufjarðarhiáleigu og Kambshiáleigu. Túnið er stórt og sæmilega grasgéfið. Uthéyskapur allsæmilegur, land mikið og landgott, útigangur góður, skógarkropp, afrétt, útrædi. Undir staðinn liggja nokkrar varpeyar út af Búlandsnesi; þar er saudaganga, slægiuland og ædarvarp sem gefur að meðaltali 8 til 10 pund af hreinum dún; þar er og selveidi. Sanngjarnt eptirgiald fyrir afnot eyanna álíta vyrðingarmenn að muni vera 20<sup>bd</sup> og vyrða því eyarnar á 500<sup>bd</sup>. Jörðina síalfa

<sup>429</sup> Skjal nr. 2(209).

<sup>430</sup> Skjal nr. 2(210).

<sup>431</sup> Skjal nr. 2(211).

<sup>432</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

<sup>433</sup> Skjal nr. 2(266).

<sup>434</sup> Skjal nr. 2(385).

<sup>435</sup> Skjal nr. 2(343).



meta 3 vyrðingarmenn á 1080 enn 2 á 1000<sup>rbd</sup> verður þá meðaltal þaraf 1048<sup>rbd</sup> og vyrðingarverð jarðarinnar með öllum hlunnindum alls 1548<sup>rbd</sup>.<sup>436</sup>

Í skýrslu sr. Péturs Jónssonar á Berufirði, dagsettri 16. júlí 1854, um tekjur og útgjöld Berufjarðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að prestssetrið með tveimur óbyggðum heimahjáleigum sé 18 hundruð að dýrleika. Þá eru taldar upp kirkjujarðir, þar á meðal Fossárdalur með nýbýlinu Víðinesi. Einnig eru talin upp ítök og hlunnindi.<sup>437</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 10. desember 1859 var Guðmundi Guðmundssyni byggt afbýli Berufjarðarstaðar, svonefnd Árnahús. Fram kemur að hann hafði slægjur á Árnahúsflóa, allar slægjur þeim megin árinna sem Berufjörður stendur, fyrir innan Tröllagil.<sup>438</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Berufjarðar er dagsett 10. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 23. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Berufjarðar í Beruneshrepp innan Suðurmúlasýslu eru ákveðin og samþykkt að mestu leyti samhljóða máldögum kirkjunnar, og skulu þau vera þannig: á milli Berufjarðar og kirkjujarðarinnar Kelduskóga lækur sá, sem fellur fyrir heiman eða innan borg þá, sem stendur í „Kelduskógamerki“ og heitir ytra „Borgará“, ræður hún landamerkjum allt frá sjó og uppá fjallsbrún og þaðan beina stefnu uppá hina efstu fjallabrún og þaðan inneptir fjallgarðinum eða inn eptir eggjum milli Berufjarðardals og Breiðdals eptir því, sem vötnum hallar suður og austur af inná hið svokallaða „Kistufell“ í „Ánastaðafjallgarði“ og frá Kistufelli eptir melröðli vestur á hinn svokallaða „Þrívarðnaháls“ á Öxi og eptir honum í vestur upp melröðul uppá hraunið allt að hinni svonefndu „Bein- eða Smjörvörðu“, eptir því sem vötnum hallar norður af út til Skriðdals og suður af út til Berufjarðar og Fossárdals, og svo frá „Beinsvörðu“ út eptir hinu svonefnda Berufjarðar eða Fossárfelli milli Berufjarðar og Fossárdals eptir því sem vötnum hallar norður og suður af, og af fellinu yzt niður sunnanverðan fellsröðulinn ofan í stóran stein, sem kallast „Marksteinn“, sem stendur hjá lynd þeirri, er skammt er fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartættur“ á „Selneshjalla“ og frá þessum „Marksteini“ beina stefnu í litla tjörn og þar varða hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá þeirri tjörn og vörðu beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða Merkivörðu“ á kletti hjá því og frá henni beina stefnu í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Berufirði 10. maím. 1884.

Þórarinnsson prestur og ábúandi á Berufirði.

Fyrir hönd Þingmúlastaðar samþykkur.

Páll Pálsson prestur.

Þorlindur Sigurðsson bóndi á Víðirnesi.

M. Eyjólfsson Jónsson bóndi á Eyjólfsstöðum.

S. Ásmundsson ábúandi á Kelduskógum.<sup>439</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Berufjarðar er ódagsett en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 16. júní 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>436</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>437</sup> Skjal nr. 2(334).

<sup>438</sup> Skjal nr. 2(267).

<sup>439</sup> Skjöl nr. 2(16) og 2(387).

Undir prestssetrið Berufjörð eða Berufjarðarkirkju liggja samkvæmt máldögum og Biskupavísitafium nokkrar eyjar, hólmar og sker sum liggja fyrir Búlandshverflandi og sumar eyjarnar orðnar áfastar við fast og eru þær þessar alls: Kíðhólmi, Hrísey, Langhólmi, 2 prestar, 2 orkneyjar, Flathólmi, Linghólmi; Lúsalagnarhólmi, Hafnarey, Hafnareyjarhólmi, Teisthólmi, Kríuhólmi, Melhólmi, Egilshöfði, Steinflesjar, Æðarsteinn og Þrætusker. – Ennfremur á Berufjarðarkirkja mófærslu í Kjelduskógarlandi og naustagjörð og skipssátur á Þufueyri í Kjelduskógalandi.

P. Þórarinsson prestur og abúandi á Berufirði.

Samþykkur abúandi Kelduskóga

S. Asmundsson.<sup>440</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 27. júlí 1898 kemur fram að landamerkjaskrá staðarins hafi verið samin og þinglesin og einnig fyrir kirkjujarðirnar.<sup>441</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru Kristján Eiríksson bóndi og Árni Sigurðsson oddviti útnefndir til að meta jarðirnar Berufjörð og Kelduskóga í Beruneshreppi.<sup>442</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var staðfest matsgjörð á kirkjujörðinni Berufirði í Beruneshreppi, dagsett 29. desember 1916.<sup>443</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Berufjarðar er dagsett 12. júlí 1919 en hún var þinglesin við manntalsþing í Beruneshrepp 16. júlí 1919. Hún fjallar um landamerki milli Berufjarðar og Kelduskóga. Efni hennar er svohljóðandi:

Við undirritaðir eigendur og abúendur jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga í Beruneshreppi, höfum komið okkur saman um, að landamerki nefndra jarða skuli hérefstir vera þannig:

Skálháslækur frá upptökum innan (vestan) við Villingahóla að útfalli, utan (austan) við Skálhól. Að öðru leyti eru landamerki jarðanna samkvæmt landamerkjabók Suður-Múlasýslu.

Berufirði 12. júlí 1919.

Jón Antoníusson.

Guðmundur Guðmundsson.

Vottar: O. Thorlacius.

Magnús Bl. Jónsson.<sup>444</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Berufjörður var metin á 3.700 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Eiríksstöðum og Víðinesi. Fram kemur að upprekstrarland sé víðlent. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.<sup>445</sup>

Við manntalsþing á Djúpavogi 12. júlí 1919 var þinglesið afsal ráðherra Íslands til Guðmundar Guðmundssonar fyrir jörðinni Berufirði í Beruneshreppi, dagsett 29. októ-

<sup>440</sup> Skjal nr. 2(18).

<sup>441</sup> Skjal nr. 2(187).

<sup>442</sup> Skjal nr. 2(388).

<sup>443</sup> Skjal nr. 2(389).

<sup>444</sup> Skjal nr. 2(17).

<sup>445</sup> Skjal nr. 2(77).

ber 1918. Við sama þing var þinglesið samkomulag um landamerki milli jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dagsett 12. júlí 1919.<sup>446</sup>

### 5.9.2 Fossárdalur í Berufirði

Í skrá um eignir Berufjarðarkirkju frá um 1370 segir eftirfarandi um Fossárdal:

Item A Berufiordur allann fossardal fyrir sunnan og nordan uppá fiallid. þar sem hallar votnum sudur og upp ad þjngmanna vpz ut ad tunglä.<sup>447</sup>

Í gjafabréfi Guðrúnar Einarsdóttur ekkju Skálholtsbiskups Jóns Árnasonar fyrir jörðinni Berufirði, dagsettu 4. mars 1743, til sóknarprests í Berufirði hverju sinni, segir m.a. að jörðin hafi átt eyðikotið Fossárdal sem var sex hundruð að dýrleika, samanlagt 24 hundruð með öllu. Bréfið var staðfest 15. apríl 1748 að Meðalfelli.<sup>448</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 23. ágúst 1748 kemur fram að ekkjan Guðrún Einarsdóttir hafi gefið kirkjunni 24 hundruð í nefndri jörð ásamt eyðikotinu Fossárdal og því sé jörðin öll orðin kirkjueign.<sup>449</sup> Sömu upplýsingar koma fram í vísitasíu frá 4. september 1755. Þar segir að landamerki heimajarðarinnar séu átölulaus eftir því sem hinir fornu máldagar votti. Þá eign sér enginn ítak í jörðinni nema Beruneskirkja sem eigi skógarteig í Fossárdal.<sup>450</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 16. júní 1759 segir að hjáleiga Berufjarðarkirkju, Fossárdalur sex hundruð að dýrleika, sé í eyði.<sup>451</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 5. september 1779 eru taldar upp eignir kirkjunnar, bæði kirkjujarðir og eyjar. Þar á meðal er Fossárdalur.<sup>452</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 20. desember 1792 var Sigurði Þorsteinssyni byggð kirkjujörðin Fossárdalur, heimajörðin þrjú hundruð að dýrleika og eitt hundruð úr Suðurdal, samtals fjögur hundruð frá fardögum 1793 og framvegis svo lengi sem þeim samdist svo til. Í bréfinu segir meðal annars:

8) Verde hann þess var, ad heradsfólk leggest til grasa utá Fossárdal, fyrir hedann edur handann Ána; hvad eg þeim i alla Stade óheimillt lýse; þá seige hann mer þar til hid allrafyrsta, ad [...] menn, kunne ef[fter] lögum og Rette ad giöra það frekasta eg á og má.<sup>453</sup>

Í skjalasafni Berufjarðarkirkju er varðveitt byggingarbréf frá janúar 1798 þar sem byggð er Berufjarðarhjáleiga frá fardögum 1798 til fardaga 1799. Fjallað er um skóg sem brúka mátti innan og vestan við ána og til kolviðar skyldi ábúandi leita út á

<sup>446</sup> Skjal nr. 2(390).

<sup>447</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 10–11, skjal nr. 4(16).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>449</sup> Skjal nr. 2(183).

<sup>450</sup> Skjal nr. 2(184).

<sup>451</sup> Skjal nr. 2(204).

<sup>452</sup> Skjal nr. 2(185).

<sup>453</sup> Skjal nr. 2(268).

Fossárdal. Nafn ábúanda kemur ekki fyrir og þá er töluvert um yfirstrikanir og innskot í texta skjalsins. Því er mögulegt að um uppkast sé að ræða.<sup>454</sup>

Hinn 9. desember 1802 gerðu Jón Jónsson á Fossárdal og sr. Guðmundur Skaptason í Berufirði með sér sáttaskilmála um skóg í Fossárdal. Jón lofaði að yrkja ekki skóg án leyfis frá landsdrottni og bauðst til að greiða fyrir ólöglega notkun á skógi. Einnig kvaðst Jón lofa því að stýggja ekki sel á Selnesi. Sr. Guðmundur á móti gaf eftir öll mál sem Jón hafði á hans hlut gert.<sup>455</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Fossárdals ekki tilgreindur. Eigandi jarðarinnar var Berufjarðarkirkja.<sup>456</sup>

Hinn 16. desember 1809 skrifaði Stefán Bessason til biskups og óskaði eftir gögnum sem varpað gætu ljósi á landamerki milli jarðanna Fossárdals og Berufjarðar.<sup>457</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 7. júlí 1818 er fjallað um Fossárdal sem eina af eignum hennar. Þar segir meðal annars:

Hún á allann Fossárdal fyrir sunnan og nordann uppá Fiallid þarsem hallar vötnum Sudur og uppá Þíngmanna nupi útad Tunglá og uppá Øxi ad Brinsvördu item landsmerki utfra gardi útad læk þeim er fellur fyrir hédan borg þá er stendur í Kélduskógarmerki eptir Transskriftar bréfi á kalfskinn er nefnist Berufjarðarstadar Jarðarbréf af hvoriu á Kyrkiumm liggur vidimerud afskrift, af Biskupi Olafi Gíslasyni Og er til óafriud lögfesta fyrir þessu landi af 1<sup>u</sup> Julii 1807.<sup>458</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 25. nóvember 1818 var Jón Þorvarðssyni byggð Innri-Berufjarðarhjáleiga, fjögur hundruð að dýrleika, frá fardögum 1819 til fardaga 1820. Fram kemur að skóginn mátti hann nýta innan og vestan til við ána en kolviðar þyrfti hann að leita uppi á Fossárdal.<sup>459</sup>

Með byggingarbréfi frá því í febrúar 1828 var Gunnlaugi Erlendssyni byggð jörðin Syðri-Fossárdalur, þrjú hundruð að dýrleika, frá fardögum 1828 til fardaga 1829. Fram kemur í bréfinu að Gunnlaugur og Eiríkur Eiríksson hafi komið sér saman um að hafa báðir ábúð á Suður-Fossárdal.<sup>460</sup>

Með ódagsettu byggingarbréfi, líklega frá fyrri hluta árs 1828, var Sigurði Antoníusyni byggð kirkjujörðin Austur-Fossárdalur, fjögur hundruð að dýrleika, frá fardögum 1828 til fardaga 1829.<sup>461</sup>

Með byggingarbréfi frá því í apríl 1829 var Gunnlaugi Erlendssyni byggð kirkjujörðin Suður-Fossárdalur, þrjú hundruð að dýrleika, frá fardögum 1829 til fardaga 1830.<sup>462</sup>

<sup>454</sup> Skjal nr. 2(259).

<sup>455</sup> Skjal nr. 2(161).

<sup>456</sup> Skjal nr. 2(47).

<sup>457</sup> Skjal nr. 2(323).

<sup>458</sup> Skjal nr. 2(208).

<sup>459</sup> Skjal nr. 2(260).

<sup>460</sup> Skjal nr. 2(270).

<sup>461</sup> Skjal nr. 2(272).

<sup>462</sup> Skjal nr. 2(271).

Með byggingarbréfi dagsettu 20. október 1839 var Gunnlaugi Erlendssyni byggður Austur-Fossárdalur frá fardögum 1839 til fardaga 1840. Um engjar og útslægjur segir:

5. Eingjar eda Útslægjur Jardarinnar, samt öll hennar Landeign byggjast honum þær sömu, sem verid hafa ad undanförmu til fornra Takmarka.<sup>463</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fossárdalur ekki metin sérstaklega. Jörðin var eign Berufjarðarkirkju. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður og prestur meti Fossárdal 4 hundruð að dýrleika.<sup>464</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fossárdal:

Túnid er lítið og ekki hægt að færa það út; fóðrar ekki 1<sup>a</sup> kú; slægiur miklar enn lángsóktar og erfidar miög; skógur til eldiviðar; vetrarríki mikið, gódir sumarhagar, afrétt, útrædi erfídt. Þessa jörð meta vyrðingarmenn á 112<sup>rbd</sup>.<sup>465</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 19. júlí 1850 segir að kirkjan eigi heima-land allt með Fossárdal.<sup>466</sup>

Í skýrslu sr. Péturs Jónssonar á Berufirði, dagsettri 16. júlí 1854, um tekjur og útgjöld Berufjarðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 eru m.a. taldar upp kirkjujarðir, þar á meðal Fossárdalur með nýbýlinu Víðinesi.<sup>467</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fossárdals er dagsett 2. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 23. júní 1884. Hún getur kotanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfstaða. Efni hennar er svohljóðandi:

Ár 1884, dag 2. maim. vorum við undirskrifaðir saman komnir til að setja uppýngja landamerki kirkjujarðarinnar Fossárdals, (sem eru kotin Eiríksstaðir Víðirnes og Eyjólfstaðir) í Beruneshrepp í Suðurmúlasýslu og urðum við ásáttir og samþykkir eptirfylgjandi landamerkjum, sem eru hjer um bil samhljóða gömlum máldögum og biskupavísitatum Berufjarðar kirkju: að utan milli suður Fossardals eða Eiríksstaða hinn svokallaði „Skeggjasteinn“, sem stendur í fjörumáli við ytri enda brúarinnar sunnanvert í Fossárvíkinni og úr honum bein stefna í gjót, er liggur upp „Desjarkletta“ uppá fjallsbrún skamt fyrir utan „Bálgagil“ og svo úr gjótinni beina stefnu uppá hina svokölluðu „Desjarhyrnu“ og svo þaðan inn eptir hinum efstu fjallaeggjum og tindum einsog lækjum hallar inní hinn svonefnda „Brattháls“ og eptir „Bratthálsinum“ til norðurs einsog vötnum hallar til hinna svonefndu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svokallaða „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan af sunnanverðum Fellsröðlinum ofan að stórum steini hjá lynd þeirri, sem er skamt fyrir sunnan hinar svonefndu „Höskuldartæptur“ á „Selneshjalla“ sunnanverðum og frá Merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá fyrir neðan „Selneshjalla“ og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða „Merkivörðu“ í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selnesbólma“.

Fossárdal 2. Maí 1884.

Þórlindur Sigurðsson bóndi á Víðirnesi.

M. Jónsson ábúandi á Eyjólfstöðum

Björn Illhugason bóndi á Eiríksstöðum (handsalað).

<sup>463</sup> Skjal nr. 2(273).

<sup>464</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

<sup>465</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>466</sup> Skjal nr. 2(186).

<sup>467</sup> Skjal nr. 2(334).

Þórarinnsson umráðandi Fossardals og prestur að Berufirði.

Fyrir hönd Þingmúlastaðar samþykkur.

Páll Pálsson prestur.<sup>468</sup>

Hinn 19. janúar 1943 skrifaði Guðmundur Magnússon á Eyjólfsstöðum til sýslumanns og kvaðst vera ósáttur með að land í Fossárdal væri óskipt milli hans eignar og ríkiseignarinnar Víðiness. Guðmundur óskaði um leið eftir að landskiptu yrði framkvæmd.<sup>469</sup>

Hinn 17. ágúst 1944 skrifaði Þorleifur H. Sigurðsson til sýslumanns vegna fyrirhugaðra landskipta í Fossárdal í Beruneshreppi. Þorleifur sagði skiptin vera komin í einkennilegt form þar sem sýslumaður hafi fyrst skipað sig til að stjórna skiptunum og fengið sér landskiptabók, en síðan skipað Tryggva á Skála sem þriðja úttektarmann og fengið honum aðra bók til landskipta. Þorleifur beiddist skýringa og upplýsinga um hvernig standa ætti að landskiptunum.<sup>470</sup>

Hinn 19. október 1974 fóru fram landskipti í Fossárdal þar sem skipt var löndum milli jarðanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða. Fram kemur að meðan búið hafi verið á Eiríksstöðum hafi verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða annars vegar og hinna jarðanna hins vegar svo langt sem hún næði. Þá segir að mörk þar fyrir innan hafi ekki legið ekki fyrir. Einsýnt þætti að gömlu mörkin héldust áfram en ákveðið var að hugsuð lína yrði dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs sem skipti löndum þar fyrir ofan. Síðan var gengið um heimalönd og skiptin ákveðin þannig:

6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu út með norðurhlið dalsins um Háklettsenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðarar og Fossárdals.

7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið innan við beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfsstaðir eiga land utan þeirrar línu

8. Allt land norðan og vestan úrskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

9. Verði hin úrskiptu heimalönd jarðanna afhirt, skal þó óheimilt nema með fullu samþykki beggja aðila, að þær girðingar teppi eðlilegar rennslisgötur sauðfjár og rekstrarleiðir frá og til afréttarinnar.

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfsstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekkar [svo] eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfsstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.<sup>471</sup>

<sup>468</sup> Skjöl nr. 2(19) og 2(387).

<sup>469</sup> Skjal nr. 2(158).

<sup>470</sup> Skjal nr. 2(157).

<sup>471</sup> Skjal nr. 2(358).

Á skjalið er skráð staðfesting Eyþórs Guðmundssonar á Eyjólfsstöðum og Gunnars Guðmundssonar á Lindarbrekku frá 1. maí 1997 fyrir ofanritaðri landskiptagerð.<sup>472</sup>

Hinn 28. ágúst 1996 fór fram matsgerð dómkvaddra matsmanna á jörðinni Víðinesi. Í matsgerðinni segir að jörðin Víðines í Fossárdal sé norðan Fossár ásamt jörðinni Eyjólfsstöðum, en Eiríksstaðir séu sunnan árinna. Þá segir að heimaland Víðiness sé innan við heimaland Eyjólfsstaða. Vísað var í landamerkjabréf frá 2. maí 1884 og vélritað eintak af landskiptagerð milli jarðanna í Fossárdal, dagsetta 19. október 1974.<sup>473</sup>

### 5.9.2.1 Eyjólfsstaðir í Berufirði

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fossárdals er dagsett 2. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 23. júní 1884. Hún getur kotanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða.<sup>474</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 2. maí 1885 var Magnúsi Jónssyni byggð jörðin Eyjólfsstaðir yfir fardagaárið 1885–1886. Í skilmálum er meðal annars fjallað um reka sem kæmi upp í Fossárvík eða á Selnes. Þá segir eftirfarandi um veiði í Fossánni:

7. Jeg áskil mjer, ef jeg vil nota það, veiði í Fossánni eða fyrir austan hana alltað Arnarbólshjalla, til mótsvið ábúendur á Fossárdal.<sup>475</sup>

Hinn 3. júní 1915 voru, samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða og þjóðjarða, útnefndir þeir Jón Antoníusson bóndi í Kelduskógum og Guðmundur Guðmundsson á Berufirði til að meta jörðina Eyjólfsstaði í Berufirði, sem ábúandi hafði falað til kaups.<sup>476</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Eyjólfsstöðum í Berufirði, dagsettri 29. apríl 1916 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 2. júlí 1917, segir að jörðin sé 3,28 hundruð að dýrleika að nýju mati og er landi hennar þannig lýst:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og illt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessi: „Fossá“ frá ósum að upptökum í svonefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðan Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selneshjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfsstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landslags og venju skilur

<sup>472</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>473</sup> Skjal nr. 2(366).

<sup>474</sup> Skjal nr. 2(19). Texta landamerkjabréfsins er að finna í umfjöllun um Fossárdal hér framar.

<sup>475</sup> Skjal nr. 2(286).

<sup>476</sup> Skjal nr. 2(488).

„Vindás“ beit; þó hefir Víðirnes vetrarþeiti óátalið Eyjólfstaða megin, þegar nauðsyn krefur; en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum.<sup>477</sup>

Á jörðinni var skóglendi nokkuð þar sem Beruneskirkja átti afmældan skógarteig sem ítak. Hlunnindi voru engin nema lítilsháttar silungsveiði sem virtist fara minnkandi. Afrétt fylgdi jörðinni. Að lokum var jörðin metin á 675 kr. með öllu.<sup>478</sup>

Við aukarétt 2. júlí 1917 var staðfest matsgjörð á Eyjólfstöðum í Beruneshreppi, dagsett 29. apríl 1916.<sup>479</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eyjólfstaðir var metin á 800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Eiríksstöðum og Víðinesi. Fram kemur að upprekstrarland sé nægilegt. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.<sup>480</sup>

Með afsali dagsettu 29. október 1918 seldi ráðherra Íslands Magnúsi Jónssyni jörðina Eyjólfstaði í Beruneshreppi, 3,28 hundruð að nýju mati, fyrir 900 kr.<sup>481</sup> Við manntalsþing á Djúpavogi 12. júlí 1919 var þinglesið afsal ráðherra Íslands til Magnúsar Jónssonar fyrir jörðinni Eyjólfstöðum í Beruneshreppi, dagsett 29. október 1918.<sup>482</sup>

Hinn 22. nóvember 1942 skrifaði Þorleifur H. Sigurðsson til sýslumanns um hvaða leið bæri að fara til að fá endanleg skipti á landi jarðanna Víðiness og Eyjólfstaða. Fram kemur að Víðines muni hafa verið byggt úr Eyjólfstöðum, sé kirkjujörð en Eyjólfstaðir bændaeygn.<sup>483</sup>

Hinn 19. janúar 1943 skrifaði Guðmundur Magnússon á Eyjólfstöðum til sýslumanns og kvaðst vera ósáttur með að land í Fossárdal væri óskipt milli hans eignar og ríkiseignarinnar Víðiness. Guðmundur óskaði um leið eftir að landskiptu yrði framkvæmd.<sup>484</sup>

Hinn 19. október 1974 fóru fram landskipti í Fossárdal þar sem skipt var löndum milli jarðanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfstaða. Fram kemur að meðan búíð hafi verið á Eiríksstöðum hafi verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða annars vegar og hinna jarðanna hins vegar svo langt sem hún næði. Þá segir að mörk þar fyrir innan hafi ekki legið ekki fyrir. Einsýnt þætti að gömlu mörkin héldust áfram en ákveðið var að hugsuð lína yrði dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs sem skipti löndum þar fyrir ofan. Síðan var gengið um heimalönd og skiptin ákveðin þannig:

6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu

<sup>477</sup> Skjal nr. 2(315).

<sup>478</sup> Skjal nr. 2(315).

<sup>479</sup> Skjal nr. 2(389).

<sup>480</sup> Skjal nr. 2(76).

<sup>481</sup> Skjal nr. 2(316).

<sup>482</sup> Skjal nr. 2(390).

<sup>483</sup> Skjal nr. 2(159).

<sup>484</sup> Skjal nr. 2(158).



út með norðurhlið dalsins um Háklettsenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðarár og Fossárdals.

7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið innan við beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfstaðir eiga land utan þeirrar línu

8. Allt land norðan og vestan úrskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

9. Verði hin úrskiptu heimalönd jarðanna afhirt, skal þó óheimilt nema með fullu samþykki beggja aðila, að þær girðingar teppi eðlilegar rennslisgötur sauðfjár og rekstrarleiðir frá og til afréttarinnar.

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekkar [svö] eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.<sup>485</sup>

Á skjalið er skráð staðfesting Eypórs Guðmundssonar á Eyjólfstöðum og Gunnars Guðmundssonar á Lindarbrekku frá 1. maí 1997 fyrir ofanritaðri landskiptagerð.<sup>486</sup>

### 5.9.2.2 *Víðines í Berufirði*

Í skýrslu sr. Péturs Jónssonar á Berufirði, dagsettri 16. júlí 1854, um tekjur og útgjöld Berufjarðarprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir að prestssetrið með tveimur óbyggðum heimahjáleigum sé 18 hundruð að dýrleika. Þá eru taldar upp kirkjujarðir, þar á meðal Fossárdalur með nýbýlinu Víðinesi. Einnig eru talin upp ítök og hlunnindi.<sup>487</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. júlí 1864 var Guðmundi Guðmundssyni byggð kirkjújörðin Víðines frá fardögum 1864 til fardaga 1865.<sup>488</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 16. apríl 1867 var Jóni Eiríkssyni byggð kirkjújörðin Víðinesi frá fardögum 1867 til fardaga 1868.<sup>489</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 24. mars 1879 var Gísla Erlendssyni byggð kirkjújörðin Víðines í Fossárdal.<sup>490</sup> Annað byggingarbréf fyrir sömu byggingu til Gísla er dagsett 24. júní 1879.<sup>491</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fossárdals er dagsett 2. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 23. júní 1884. Hún getur kotanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfstaða.<sup>492</sup>

Í virðingargjörð á kirkjújörðinni Eyjólfstöðum í Berufirði, dagsettri 29. apríl 1916 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 2. júlí 1917, segir að land

<sup>485</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>486</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>487</sup> Skjal nr. 2(334).

<sup>488</sup> Skjal nr. 2(282).

<sup>489</sup> Skjal nr. 2(283).

<sup>490</sup> Skjal nr. 2(284).

<sup>491</sup> Skjal nr. 2(285).

<sup>492</sup> Skjal nr. 2(19). Texta landamerkjabréfsins er að finna í umfjöllun um Fossárdal hér framar.

jarðarinnar, sem áður hafi verið ein jörð, sé nú tvær jafndýrar jarðir, þ.e. Eyjólfstaðir og Víðines. Um landið segir eftirfarandi:

Land jarðarinnar nær að sjó, þó án nokkurs verulegs undirlendis, en liggur aðallega í afdal sem gengur í norðvestur uppfrá svonefndri Fossárvík innarlega í Berufirði. Í minni dalsins er klif bratt og illt yfirferðar. Bærinn er utarlega í dalnum.

Landamerki jarðarinnar – það er Fossárdals norðan ár – eru þessi: „Fossá“ frá ósum að upptökum í svonefndum „Bratthálsi“ og eptir Bratthálsinum til norðurs eins og vötnum hallar til hinna svokölluðu „Ódáðavatna“ og frá þeim eins og vötnum hallar úteptir hinu svo nefnda „Fossárfelli“ milli Fossárdals og Berufjarðardals og ofan sunnanverðan Fellsröðulinn, ofan að stórum steini hjá lynd þeirri sem er skamt fyrir sunnan hinar svo kölluðu „Höskuldartæptur“ á selneshjalla sunnanverðum og frá merkisteini þessum í litla tjörn og þar merki hjá, fyrir neðan selneshjalla og frá tjörninni eða vörðunni beina stefnu í svokallað „Tómasarsund“ eða merkivörðu í því og þaðan beint í sjó nokkuð fyrir sunnan „Selneshólma“.

Land þetta – sem áður var aðeins ein jörð – er nú tvær jarðir jafndýrar Eyjólfstaðir og Víðirnes. Engjum er skipt en beitarlandi ekki, en vegna landslags og venju skilur „Vindás“ beit; þó hefir Víðirnes vetrarheit ótalið Eyjólfstaða megin, þegar nauðsyn krefur; en engjar beggja jarðanna liggja lengra inn í dalnum.<sup>493</sup>

Á jörðinni var skóglendi nokkuð þar sem Beruneskirkja átti afmældan skógarteig sem itak. Hlunnindi voru engin nema lítilsháttar silungsveiði sem virtist fara minnkandi. Afrétt fylgdi jörðinni. Að lokum var jörðin metin á 675 kr. með öllu.<sup>494</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Víðines var metin á 800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Eiríksstöðum og Eyjólfstöðum. Fram kemur að upprekstrarland sé nægilegt. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.<sup>495</sup>

Hinn 22. nóvember 1942 skrifaði Þorleifur H. Sigurðsson til sýslumanns um hvaða leið bæri að fara til að fá endanleg skipti á landi jarðanna Víðiness og Eyjólfstaða. Fram kemur að Víðines muni hafa verið byggt úr Eyjólfstöðum, sé kirkjujörð en Eyjólfstaðir bændaeign.<sup>496</sup>

Hinn 19. janúar 1943 skrifaði Guðmundur Magnússon á Eyjólfstöðum til sýslumanns og kvaðst vera ósáttur með að land í Fossárdal væri óskipt milli hans eignar og ríkiseignarinnar Víðiness. Guðmundur óskaði um leið eftir að landskiptu yrði framkvæmd.<sup>497</sup>

Hinn 19. október 1974 fóru fram landskipti í Fossárdal þar sem skipt var löndum milli jarðanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfstaða. Fram kemur að meðan búið hafi verið á Eiríksstöðum hafi verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða annars vegar og hinna jarðanna hins vegar svo langt sem hún næði. Þá segir að mörk þar fyrir innan hafi ekki legið ekki fyrir. Einsýnt þætti að gömlu mörkin héldust áfram en ákveðið var að hugsuð lína yrði dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til

<sup>493</sup> Skjal nr. 2(315).

<sup>494</sup> Skjal nr. 2(315).

<sup>495</sup> Skjal nr. 2(75).

<sup>496</sup> Skjal nr. 2(159).

<sup>497</sup> Skjal nr. 2(158).

vesturs sem skipti löndum þar fyrir ofan. Síðan var gengið um heimalönd og skiptin ákveðin þannig:

6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu út með norðurhlið dalsins um Háklettenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðarar og Fossárdals.

7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið innan við beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfsstaðir eiga land utan þeirrar línu

8. Allt land norðan og vestan úrskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

9. Verði hin úrskiptu heimalönd jarðanna afhirt, skal þó óheimilt nema með fullu samþykki beggja aðila, að þær girðingar teppi eðlilegar rennslisgötur sauðfjár og rekstrarleiðir frá og til afréttarinnar.

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfsstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekkar [svo] eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfsstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.<sup>498</sup>

Á skjalið er skráð staðfesting Eyþórs Guðmundssonar á Eyjólfsstöðum og Gunnars Guðmundssonar á Lindarbrekku frá 1. maí 1997 fyrir ofanritaðri landskiptagerð.<sup>499</sup>

Hinn 28. ágúst 1996 fór fram matsgerð dómkvaddra matsmanna á jörðinni Víðinesi. Í matsgerðinni segir að jörðin Víðines í Fossárdal sé norðan Fossár ásamt jörðinni Eyjólfsstöðum, en Eiríksstaðir séu sunnan árinna. Þá segir að heimaland Víðiness sé innan við heimaland Eyjólfsstaða. Vísað var í landamerkjabréf frá 2. maí 1884 og vélritað eintak af landskiptagerð milli jarðanna í Fossárdal, dagsetta 19. október 1974.<sup>500</sup>

Hinn 15. júní 1999 seldi fjármálaráðherra, fyrir hönd Ríkissjóðs, Gunnari Guðmundssyni eyðijörðina Víðines.<sup>501</sup>

### 5.9.2.3 Eiríksstaðir í Berufirði

Með byggingarbréfi dagsettu 27. desember 1821 var Jóni Pálssyni á Suður-Fossárdal byggð jörðin Eiríksstaðir frá fardögum 1822 til fardaga 1823.<sup>502</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 2. október 1840 var Eiríki Eiríkssyni byggð hálf jörðin Eiríksstaðir frá fardögum 1840 til fardaga 1841.<sup>503</sup>

Hinn 2. janúar 1841 skrifaði sr. Pétur Jónsson á Berufirði til biskups um nýbýlið Eiríksstaði, þrjú hundruð að dýrleika. Bærinn stóð öðru megin ár þeirrar er féll út

<sup>498</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>499</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>500</sup> Skjal nr. 2(366).

<sup>501</sup> Skjal nr. 2(367).

<sup>502</sup> Skjal nr. 2(269).

<sup>503</sup> Skjal nr. 2(274).

Fossárdal miðjum. Tilefni bréfsins var að bera fram þá beiðni að hús sem væru á Eiríksstöðum mættu koma í stað þeirra sem væru á Kambshjáleigu og þannig framvegis fylgja prestakallinu.<sup>504</sup> Sr. Guttormur skrifaði til biskups um málið og mælti með því að leyfa húsaskiptin.<sup>505</sup> Hinn 10. mars 1841 skrifaði biskup til sr. Guttorms Pálssonar varðandi beiðni sr. Péturs um húsaskipti á nýlendunni Eiríksstöðum og Kambshjáleigu í Berufirði og samþykkti beiðnina.<sup>506</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 1. maí 1847 var Sigurði Steingrímssyni byggð hálf jörðin Eiríksstaðir frá fardögum 1847 til fardaga 1848.<sup>507</sup>

Hinn 21. nóvember 1847 var Jakobi Steingrímssyni byggð hálf jörðin Eiríksstaðir eftir að faðir hans, Steingrímur Árnason, hafði sagt ábýlisjörðinni lausri.<sup>508</sup> Jakobi var sömuleiðis byggð jörðin með byggingarbréfi dagsettu 21. apríl 1851.<sup>509</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eiríksstaðir ekki metin sérstaklega. Jörðin var eign Berufjarðarkirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður meti Eiríksstaði þrjú hundruð að dýrleika en prestur tvö hundruð.<sup>510</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eiríksstaði:

16 Eiríksstaðir

afbýli talid 3<sup>hndr</sup>. Túnid er nokkud stórt enn ógrasgéfíd og undirorpid stór skemmdum af vatna ágangi, heyskaparlaust, landrúmt og landgott, enn vetrarhardt. Þessa jörd meta 2 vyrðingarmenn á 36<sup>rbd</sup> og 3 á 40<sup>rbd</sup> verður meðaltal þaraf 38 2/5<sup>rbd</sup>.<sup>511</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 12. maí 1868 var Höskuldi Guðmundssyni byggð hálf kirkjújörðin Eiríksstaðir, eitt og hálf hundruð að dýrleika, frá fardögum 1868 til fardaga 1869.<sup>512</sup> Þorláki Ásmundssyni var með öðru byggingarbréfi frá 12. maí 1868 byggð hálf jörðin Eiríksstaðir frá fardögum 1868 til fardaga 1869.<sup>513</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 27. apríl 1876 var Runólfi Sigurðssyni byggð kirkjújörðin Eiríksstaðir í Fossárdal frá fardögum 1876 til fardaga 1877.<sup>514</sup>

Með byggingarbréfi dagsettu 31. mars 1880 var Magnúsi Jónssyni byggð kirkjújörðin Eiríksstaðir. Um hagagöngu geldfjár segir í bréfinu:

10. Verði mönnum leyft frá nokkrum bæjum hjer í hrepp eða annarstaðar frá að reka gjeldfje sitt til hagagöngu um sumartíman i Suðurbæjarfjöllin, þá vona jeg að hann leyfi það. (áskil jeg mjer nokkurn hluta afrjettartollsins).<sup>515</sup>

<sup>504</sup> Skjal nr. 2(329).

<sup>505</sup> Skjal nr. 2(328).

<sup>506</sup> Skjal nr. 2(351).

<sup>507</sup> Skjal nr. 2(275).

<sup>508</sup> Skjal nr. 2(276).

<sup>509</sup> Skjal nr. 2(277).

<sup>510</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 378.

<sup>511</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>512</sup> Skjal nr. 2(278).

<sup>513</sup> Skjal nr. 2(279).

<sup>514</sup> Skjal nr. 2(280).

<sup>515</sup> Skjal nr. 2(281).

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fossárdals er dagsett 2. maí 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Djúpavogi 23. júní 1884. Hún getur kotanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða.<sup>516</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eiríksstaðir var metin á 600 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst með Víðinesi og Eyjólfsstöðum. Fram kemur að upprekstrarland sé nægilegt. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.<sup>517</sup>

Við aukarétt 2. maí 1931 voru Árni Sigurðsson oddviti og Þorleifur Sigurðsson bóndi útnefndir til að meta kirkjujarðirnar Urðarteig og Eiríksstaði í Beruneshreppi.<sup>518</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Eiríksstöðum í Berufirði, dagsettri 22. júlí 1931 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu 23. júlí sama ár, segir að jörðin hafi eftir næstsíðasta mati verið 1,25 hundruð að dýrleika en við síðasta mat var hún virt á 600 kr. án húsa. Jörðin var sögð sunnan ár í Fossárdal við Berufjörð og að landamerki hennar væru samkvæmt landamerkjabréfi. Afréttur fylgdi en engin hlunnindi. Jörðin var að lokum metin á 700 kr. með öllu.<sup>519</sup> Matsgjörðin var staðfest við aukarétt 23. júlí 1931.<sup>520</sup>

Hinn 19. október 1974 fóru fram landskipti í Fossárdal þar sem skipt var löndum milli jarðanna Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða. Fram kemur að meðan búið hafi verið á Eiríksstöðum hafi verið litið svo á að Fossá skipti löndum Eiríksstaða annars vegar og hinna jarðanna hins vegar svo langt sem hún næði. Þá segir að mörk þar fyrir innan hafi ekki legið ekki fyrir. Einsýnt þætti að gömlu mörkin héldust áfram en ákveðið var að hugsuð lína yrði dregin úr upptökum Fossár við Líkárvatn beint til vesturs sem skipti löndum þar fyrir ofan. Síðan var gengið um heimalönd og skiptin ákveðin þannig:

6. að heimalönd austan ár takmarkast að vestan (þ.e. innan) af línu sem hugsast dregin frá Fossá um Fálkaás að vörðu á melholti við læk í Fálkaáskrók, þaðan af beinni línu út með norðurhlið dalsins um Háklettenda í Nauthálshjallakletta og með þeim að Öxlum á mörkum Berufjarðarár og Fossárdals.

7. Skiptin milli jarðanna voru ákveðin þannig að Víðines á landið innan við beina línu sem hugsast dregin frá Fossá upp hæsta hrygg Vindáss í norðurmörk skiptalandsins (sbr. lið 6) en Eyjólfsstaðir eiga land utan þeirrar línu

8. Allt land norðan og vestan úrskiptalandsins er óskipt og notast sameiginlega.

9. Verði hin úrskiptu heimalönd jarðanna afhirt, skal þó óheimilt nema með fullu samþykki beggja aðila, að þær girðingar teppi eðlilegar rennslisgötur sauðfjár og rekstrarleiðir frá og til afréttarinnar.

10. Við ákvörðun landstærðar Eyjólfsstaða var gengið út frá því að austurmörk jarðarinnar væru hin skráðu mörk Fossárdals og Berufjarðar, þótt jörðin Lindarbrekkar

<sup>516</sup> Skjal nr. 2(19). Texta landamerkjabréfsins er að finna í umfjöllun um Fossárdal hér frammar.

<sup>517</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>518</sup> Skjal nr. 2(398).

<sup>519</sup> Skjal nr. 2(317).

<sup>520</sup> Skjal nr. 2(399).

[svo] eigi nú hluta af þessu landi. En skipti á því landi voru ekki í verkefnahring nefndarinnar.

11. Eftir ósk væntanlegs ábúanda Eiríksstaða og með samþykki allra málsaðila var skipt úr landi Eyjólfsstaða spildu (80 x 100 m) lóð undir íbúðarhús Eiríksstaða.

Lóð þessi er framan í Hrafnagilsmelum.<sup>521</sup>

Á skjalið er skráð staðfesting Eyþórs Guðmundssonar á Eyjólfsstöðum og Gunnars Guðmundssonar á Lindarbrekku frá 1. maí 1997 fyrir ofanritaðri landskiptagerð.<sup>522</sup>

Í sölumati Fasteigna- og skipasölu Austurlands ehf. frá 5. maí 1999 er skráð eftirfarandi lýsing á jörðinni Eiríksstöðum:

Jörðin Eiríksstaðir er í Fossárdal, í Berufirði, og liggur sunnan við Fossána sem skiptir dalnum í tvennt. Jörðinni tilheyrir land allt frá sjó við Berufjörð, og inn Fossárdal sunnanmegin, frá ánni og upp í fjallseggjar. Jörðin er um 20 km. frá Djúpavogi. Land jarðarinnar er talsvert víðáttumikið, en megnið af því er fjalllendi, og heiðalönd. Það sem kallast getur láglandi er mjög lítið, og stór hluti af því eru stórgrýtisurðir og klettur. Hlunnindi á jörðinni eru silungsveiði í Fossá, hreindýraveiði, og rjúpnaveiði í fjallshlíðum og heiðum, en þessi hlunnindi eru ekki talin í fasteignamati, og verða ekki talin mikil hlunnindi.<sup>523</sup>

Með afsali, dagsettu 20. júlí 1999, seldi Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins Eyþóri Guðmundssyni og Öldu Jónsdóttur jörðina Eiríksstaði.<sup>524</sup>

### 5.9.3 Hamar í Hamarsfirði<sup>525</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Andrésarkirkju á Hálsi frá um 1397 segir að hún hafi átt allt Hamarsland.<sup>526</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.<sup>527</sup>

Í prófastsvísitasíu frá 30. ágúst 1863 er m.a. getið landamerkja Hamars með Hamarsseli og lands inni í Hamarsdal eða eins og segir í vísitasíunni:

jörðina Hamar með hjáleigunni Hamarseli. Landamerki þessarar kirkjujarðar eru samkvæmt adur nefndum vísitatium Steiná milli Háls <sup>Vetrhúsa</sup> og Hamars en að utan Vígðarlækur milli Hamars og Hals – að sunnan ræðr Hamarsá. Héraðauki hefir Háls kyrkja ótalið ~~átt~~ átt eða verið eignað <sup>um langan aldr</sup> afréttarland innar <sup>lega</sup> ~~í~~ í Hamarsdal sunnan við ána, Semkallast Hálskyrkjuafrétt innan ákveðinna takmarka –.<sup>528</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hamar metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Hálskirkju. Í neðanmálgrein kemur fram að sýslumaður telur þrjú hundruð tilheyrja hjáleigunni Hamarsseli.<sup>529</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hamar:

<sup>521</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>522</sup> Skjal nr. 2(358).

<sup>523</sup> Skjal nr. 2(357).

<sup>524</sup> Skjal nr. 2(356).

<sup>525</sup> Hér er einkum gerð grein fyrir heimildum sem varða landareign eða merki Hamars en ítarlegri umfjöllun um jörðina er í kafla 5.3 í úrskurði í máli nr. 4/2022.

<sup>526</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 230–231, skjal nr. 4(58).

<sup>527</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 694, skjal nr. 4(59).

<sup>528</sup> Skjal nr. 2(491).

<sup>529</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 380.

Túnið er nokkuð stórt enn harðskafa legt og ógrasgefið, liggur fyrir skemmdum af sandfoki, eingiar svo að kalla eingar nema lítilfiörlegur reitingur hínagad og þánagad í bithaga, skógarkropp lítid, sílungsveidi talsverð; vídlendi mikid enn grítt; hættupláts fyrir gripi.  
– Þessa jörð meta vyrðingarmenn á 300<sup>ebd</sup>.<sup>530</sup>

Í prófastsvísitasíu fyrir Hálskirkju frá 30. ágúst 1863 er fjallað um Hamar með hjáleigunni Hamarsseli. Þar segir eftirfarandi um landamerki:

Landamerki þessarar kirkjujarðar eru samkvæmt adur nefndum visítatium Steiná milli Háls<sup>Vetrhúsa</sup> og Hamars en að utan Vígðarlækur milli Hamars og Hals – að sunnan ræðr Hamarsá.<sup>531</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Hamars er dagsett 9. apríl 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing á Djúpavogi 23. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjaskrá Hálskirkjujarðarinnar Hamars og hjáleigunnar Hamarsels liggjandi í Suðurmúlasýslu. Jörðin Hamar og hjáleigan Hamarssel á allt land milli „Vígðarlækjar“ og „Steinár“, austur í „Vígðarlæk“ þar sem hann fellur í sjóin, og þaðan beina línu upp í fjallaeggjar, svo inn fjallaeggjar á móti „Steinargili“, þá ræður „Steináin“ ofan frá í Hamarsá, þá Hamarsáin landamerkjalinu milli Hamars og Bragðavalla útá „Einstígsfoss“, af fossinum beina línu útá „Klettahil“, af honum beint í stein, er stendur sunnantil á „Hamarsleyrum“. – Jörðin Hamar og hjáleigan Hamarssel á veiði alla meðfram sínu landi í firðinum einnig reka ef þar kynni að landi bera. „Vígðarlækur“ ræður landamörkum milli jarðanna Hamars og Háls, „Steináin“ milli Hamars og Veturhúsa. – Þess ber að geta, að jörðin Hamar, á sem afrjettarland  $\frac{3}{4}$  úr svo kölluðum „Hamarsbótum“, sem eru innst í Hamarsdal, frá Veturhúsalandi og á Sker inn og upp.

Hofi í Alptafirði 9. apríl 1884

Br:Jónsson.

Sem eigandi Bragðavalla samþykki jeg þessa landamerkjaskrá

Bragðavöllum 1. maí 1884

Jón Þorsteinsson.

Fyrir hönd umboðsmanns Páls Ólafssonar

H.O. Brím.

Staðfest hvað Háls snertir

p.t. Djúpavog 23. júní 1884

Br:Jónsson.<sup>532</sup>

Hinn 22. maí 1918 fór fram mat á jörðinni Hamri. Fram kemur í matsgerð að ágreiningur var um landamerki hennar og Hamarssels og var skírskotað til fylgiskjala. Samkomulag náðist um merkin og segir eftirfarandi í skjalinu um þau:

Landamerki: Hvað snertir landamerki milli jarðanna Hamars og hjáleigunar Hamarssels, skal hjer skýrskota til “Fylgiskjala, N° 1. og 2.”; en með tilliti til ágreinings þess, er hínagð til hefir átt sjer stað, milli nýnefndra jarða, – sbr “Fylgiskjal N° 1.”; þá komst

<sup>530</sup> Skjal nr. 2(54).

<sup>531</sup> Skjal nr. 2(491).

<sup>532</sup> Skjöl nr. 2(20) og 2(387).

það samkomulag á, milli ábúenda nefndra jarða, að landamerkin, skulu hjer eftir vera þessi sem hjér greinir:

Úr vörðu neðst í Refsstaðatanga, beina stefnu í “Tóugil”, og þaðan sjónhending í Fjalls-eggjar (norður) úr nýnefndri vörðu í aðra “vörðu”, <sup>neðar</sup> og úr henni, sjónhending í Hamarsá. (suður).

Landspilda, nokkur (Fjallendi); – í svokölluðum “Skógum”, frá “Steiná”, útað “Skollabotnagili”, <sup>upp til eggja</sup> verði hjereftir algjör eign jaðarinnar Hamar. –

[...]

Hvað snertis landamerki þau, milli ábúðarjarða okkar, sem nú eru á orðin, samkvæmt ofangreindu samkomulagi okkar, þá erum við þeim hjer með að fullu og öllu

Samþykkir

Hamar og Hamarssel dag. 11 júním. 1918.

Magnús Guðmundsson

Stefán Sigurðsson

Ofangreindu matsverði á jörðunni Hamri; undir væntanlega sölu, og samkomulagi því, sem á er orðið milli ábúenda jarðanna Hamars og Hamarssels; útaf ágreiningi þeim, sem verið hefir, milli ábúenda nefndra jarða, um alllangt tímabil; er jeg undirritaður að öllu samþykkur, og hefi ekkert við að athuga. –

Hreppstjórinn í Geithellnahreppi

Jón P. Hall (p.t. umsjónarm. Geith.hrepps Kirkjujarða)<sup>533</sup>

Í ódagsettri lýsingu á jörðinni Hamri, sem líklega er frá 22. maí 1918, koma fram sömu upplýsingar og í áðurgreindri matsgjörð dómskvaddra matsmanna. Um landamerki Hamars og Hamarssels er getið sama samkomulags og áður er vitnað er til en aftan við er bætt við að öðru leyti skírskotist til landamerkjaskrár frá 1884. Um hlunnindi segir að þau séu sama sem engin, aðeins lítilfjörleg og stopul silungsveiði í Hamarsá. Þá eigi jörðin reka fyrir sínu landi sbr. landamerkjaskrá.<sup>534</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Hamars er dagsett 22. maí 1918 og fjallar einkum um landamerki Hamars og Hamarssels. Landamerkjaskráin var þinglesin við manntalsþing Geithellnahrepps 5. júlí 1920. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

milli kirkjujarðanna Hamars og Hamarssels.

Ár 1918, 22 dag maímánaðar varð það að samkomulagi með ábúendum Hamars og Hamarssels, að viðstöddum óvilhöllum vottum, þeim Sveini bónda Sveinssyni á Hofi og Helga bónda Einarssyni á Melrakkanesi, að landamerki milli ofangreindra jarða – sem engin verið höfðu hértil, skyldi héri frá vera þau er hér greinir:

Úr vörðu neðst í Refstaðatanga, beina stefnu í Tóugil og þaðan sjónhending í fjalls-eggjar (norður); úr nýnefndri vörðu í aðra vörðu (neðar) og úr henni sjónhending í Hamará (suður).

Landspilda (fjallendi í svokölluðum Skógum frá Steiná út að Skollabotnagili, upp til eggjar, skal héreftr verða algjör og óatalin eign jarðarinnar Hamars.

<sup>533</sup> Skjal nr. 2(153).

<sup>534</sup> Skjal nr. 2(154).



Að öðru leyti haldast landamerki milli nefndra jarða og jarðanna Háls, Veturhúsa og Bragðavalla óbreytt.

Landskiftingu þessari erum við undirritaðir ábúendur samþykkir.

Hamar og Hamarssel d.u.s.

Magnús Guðmundsson.

Stefán Sigurðsson.

Vottar:

Helgi Einarsson

Sveinn Sveinsson.<sup>535</sup>

Með bréfi dagsettu 18. apríl 1920 tilkynnti Stefán Sigurðsson sýslumanni að ágreiningur væri um landamerki Hamars og Hamarssels. Stefán óskaði eftir að sýslumaður tæki málið fyrir samkvæmt lögum nr. 41 frá 28. nóvember 1919.<sup>536</sup>

Við manntalsþing á Djúpavogi 5. júlí 1920 voru þinglesin landamerki milli kirkjujarðanna Hamars og Hamarssels í Geithellahreppi samkvæmt bréfi dagsettu 22. maí 1918.<sup>537</sup>

Í útdrætti Jóns P. Halls, umsjónarmanns kirkjujarða í Geithellahreppi, dagsettum 20. júní 1924, kemur fram að skoðunargerðir voru framkvæmdar á skemmdum af skriðuföllum á kirkjujörðunum Hamri, Hálsi og Hnaukum dagana 21. maí, 27. maí og 22. júní 1918.<sup>538</sup> Skýrsla Jóns um jörðina Hamar er dagsett 21. júní 1924. Um afréttarland og landamerki segir þar:

Afréttarland, víðáttumikið, óskipt með jörðunni Hamarssel.

[...]

Hvað Landamerki jarðarinnar snertir, vísast til ofangreindrar skráar, og samningsgjörðar gagnvart Hamarsseli 1917.<sup>539</sup>

Hinn 23. júní 1924 var tekið fyrir að meta kirkjujörðina Hamar en matslýsingin er dagsett 24. júní 1924. Um afréttarland jarðarinnar segir í matslýsingunni:

Afréttarland jarðarinnar er víðáttumikið og gott, en óskipt með jörðinni Hamarsel.<sup>540</sup>

Við aukarétt 26. júní 1924 var staðfest matsgjörð um kirkjujörðina Hamar.<sup>541</sup>

Hinn 22. október 1924 skrifaði Jón P. Hall hreppstjóri til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um fyrirhugaða sölu á kirkjujörðinni Hamri. Í bréfi Jóns kemur fram að hann sá ekkert óhagræði fyrir jörðina Hamarssel að kirkjujörðin Hamar yrði seld, meðal annars vegna þess að landamerki þeirra hafi verið ákveðin með samkomulagi árið 1918. Um Hamarsbætur sagði Jón:

<sup>535</sup> Skjal nr. 2(21).

<sup>536</sup> Skjal nr. 2(489).

<sup>537</sup> Skjal nr. 2(433).

<sup>538</sup> Skjal nr. 2(483).

<sup>539</sup> Skjal nr. 2(484).

<sup>540</sup> Skjal nr. 2(482).

<sup>541</sup> Skjal nr. 2(431).

Hvað afrjettarland Hamarsels snertir, skal þess getið, að sú jörð, á hjereftir, sem híngað til, sameiginlega afrjett með Hamri, í  $\frac{3}{4}$  þörtum, í svokölluðum Hamarsbótum, og getur þarum, sennilega aldrei ágreiníngur orðið.<sup>542</sup>

## 5.10 Nærleggjandi jarðir í Fljótsdal

### 5.10.1 Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal

Hinn 4. maí 1629 vitnaði Þórður Björnsson að hann hafi byggt Hrafnkelsstaði fram í Illukeldu en eigendur Ytri-Víðivalla hafi haldið land allt út að Illukeldu.<sup>543</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um kaupbréf Narfa príor á Skriðu frá 1498 fyrir jörðinni Hrafnkelsstöðum.<sup>544</sup>

Í vitnisburði Einars Styrbjörnssonar og Sigurðar Stígssonar frá árinu 1650 vitnuðu þeir um örnefnið Rana og Ranaskóg. Þeir sögðust:

heyrt hafa frá Fiðluklettum og norður að Kirkjuhamri, so og þvert austur frá greindum Fiðluklettum í Gilsá hefur kallaður verið Rani, hvör á land skilur á milli Hallormstaða og sagðra Hrafnkelstaða, og hefur allur sá skógur, sem í því plátsi er, verið kallaður Ranaskógur, og aldrei hér tvímæli á leikið.<sup>545</sup>

Vitnisburður þeirra var vottaður þann 10. júní 1674. Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir ekki nánar frá þeim gjörningi.<sup>546</sup>

Í vitnisburði Hemings Sveinssonar, Gissurar Snorrasonar og Styrbjörns Einarssonar frá 28. maí 1674 segir að jörðin Hrafnkelsstaðir hafi ekki verið byggð lengra suður en í garð nokkurn sem hafi verið skammt suður frá Illukeldu en Ytri-Víðivellir síðan átt land í Illukeldu.<sup>547</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 28. ágúst 1706 er sagt frá skjölum sem voru hjá kirkjunni. Þar er meðal annars fjallað um lögfestu Sturluflatar og Hrafnkelsstaða sem Jón Björnsson lögfesti, en það hafi verið án votta og ártals.<sup>548</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 30. maí 1794 var birt lögfesta klausturhaldarans á Skriðuklaustri G. Pálssonar fyrir jörðunum Hrafnkelsstöðum, Fremri-Víðivöllum, Víðivallagerði og Sturluflöt.<sup>549</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Hrafnkelsstaða metinn 12 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Bratta-gerði og Hrólfsgerði hafi verið nýttar sem beitiland.<sup>550</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Hrafnkelsstaðir skoðuð 18. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

<sup>542</sup> Skjal nr. 2(481).

<sup>543</sup> Skjal nr. 2(124).

<sup>544</sup> Skjal nr. 2(197).

<sup>545</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>546</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>547</sup> Skjal nr. 2(124).

<sup>548</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>549</sup> Skjal nr. 2(408).

<sup>550</sup> Skjal nr. 2(34).

Abúandi jardarinnar ségist heyrt hafa að Landamerki hennar seu: að framann svo kalladr Lingrimi, upp frá ánni til Fialls, enn að utann rædr Gíslá.<sup>551</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>552</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Hrafnkelsstaðir skoðuð 28. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki að framan segir ábuandi að se: Klapparlækur beinlínis upp fjall og austur fyrir framan svokallada sláttublá í Gílsá að utan og ofan Gílsá að nedan Fljotsdals vötnin.<sup>553</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hrafnkelsstaðir ekki metin sérstaklega en vísað neðanmáls til þess að hún hafi árið 1804 verið talin 12 hundruð að dýrleika. Eigandi hennar var Skriðuklaustursumboð. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1760 séu eyðihjáleigurnar Brattagerði og Hrólfsgerði taldar með jörðinni.<sup>554</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hrafnkelsstaði:

#### Hrafnkelsstaðir

með eyðibýlunum Hrólfsgerði og Brattagerði talin 12hndr. Túnid fódrar 3 kýr og á jörðunni framfleytast 120 ær, 150 saudir, 80 lömb og 6 hestar. – Tún þessarar jardar er á sumum stöðum fremur grasgéfíð, enn aptur nokkur hluti þess undirorpin sandfoki, hvar það er graslítið; eingjar eru hér eingar samfastar nema það lítið er fæst kríngum túnið, mest nýræktað með færíkviðum og af túnbala eyðihjáleigunnar Hrólfsgerðis; hinar aðrar heysreitir liggja strjált um allt landid mest til fjalls sem ætíð eru mjög litlar og lángsóktar, enn landrymi er hér fremur mikid gras og kvisti vaxið víða, svo útbeit að vetrarlagi er hér álitin fyrir saudpening afbragðs góð, með því að hér er vedursælt pláts fremur enn víða annarstadar; landkostir að sumarlagi fyrir búsmala góðir og öll afnot hans með besta slag eptir sem hér gefst, enn fyrir stórgripi mjög lélegur. – Ágódi af hlynnindum er eingin, því þær litlu skógarleyfar sem enn eru eptir, enn sem árlega ganga af sér af sandfoki og kalda, álitast lítið meir enn vegi móti því ullartjóni er þær valda. – Ørdugleiki þessarar jardar er einúngis að telja innifalinn í fénaðargeymslunni sumar og vetur hvar til útkrefst, sem og til að géta notað öll gjædi jarðarinnar, einúngis 8 menn fullvinnandi, sem lítið er, með tilliti til þess sképnufjölda er hér framfleytist í meðalári, og í samanburði við aðrar jardir í bygdarlaginu. – Sandfok á tún og slægjur til skada, sem og á landið yfirhöfud og lítilsháttar gripahættur er tekid til greina við matid; torf-skéra hin versta og mótak ekki til. – Þessi jörd var vyrðt á 1040 (tíu hundruð og fjörutíu) rbd.<sup>555</sup>

Með bréfi dagsettu 21. maí 1854 skrifaði Einar Einarsson á Hrafnkelsstöðum til Björns Skúlasonar umboðsmanns um að Jón Einarsson hafi á nýliðnu manntalsþingi

<sup>551</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>552</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>553</sup> Skjal nr. 2(355).

<sup>554</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 357.

<sup>555</sup> Skjal nr. 2(49).

látið upplesa lögfestu fyrir Víðivöllum og að landamerki væru þar tiltekin milli Víðivalla og Hrafnkelsstaða sem að norðanverðu væru Illakelda framanvert við Brattagerðiseyri, en þar sæist engin kelda, þaðan upp fyrir framan Brandsöxl og beint austur í Gilsá, og í utanverðu Hrafnkelsstaðalandi skóg frá Kirkjuhamri og í Fiðlukletta, skrifað Þiðlukletta. Einar hvatti Björn til að lögfesta land Hrafnkelsstaða og fyrirbjóða notkun á skógi í landinu.<sup>556</sup>

Hinn 23. nóvember 1854 mættu Einar Einarsson á Hrafnkelsstöðum og Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum á fund sáttanefndar Fljótsdals- og Fellnasáttaumdæmis. Einar hafði klagað Jón fyrir að hafa höggvið skóg í Rana í Rana við Gilsá. Sátt náðist þannig að Einar sleppti frekara tilkalli til þess sem Jón lét höggva en þeir myndu koma sér saman um að útvega fjóra óvilhalla menn til að yfirlíta ágreiningslandið. Björn Skúlason umboðsmaður lýsti því við nefndina að hann mótmælti tilkalli Jóns Einarssonar að skógur úti við Gilsá á Rana í Hrafnkelsstaðalandi væri eign Ytri-Víðivalla.<sup>557</sup>

Hinn 23. maí 1856 gerðu sr. Stefán Árnason á Valþjófsstað og Björn Skúlason, umboðsmaður Skriðuklausturs, með sér samning þess efnis að sr. Stefán myndi ekki hafa meiri afnot af Hrafnkelsstaðaskógi en að láta höggva órakinn tróðvið upp á fullbyrði á fjóra hesta.<sup>558</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 23. maí 1856 var auglýst lögfesta fyrir Víðivöllum ytri, dagsett 22. maí 1856, og mótmælti umboðsmaður Björn Skúlason henni bæði hvað snertir landamerkin að utan niður við Jökulsá og skógarítakið á Hrafnkelsstaðalandi, þ.e. í Rana.<sup>559</sup>

Hinn 1. júlí 1856 skrifaði Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum til sáttanefndar Þingmúlasáttaumdæmis um að taka fyrir mál hans og Björns Skúlasonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, en Björn hafi látið mótmæla lögfestu Ytri-Víðivalla vegna skógarréttinda í Rana í landi Hrafnkelsstaða. Sáttafundir fóru fram 10. júlí 1856 og 15. nóvember 1856 en sátt var ekki á komið.<sup>560</sup>

Með bréfi dagsettu 6. janúar 1857 skrifaði Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum til sýslumanns og bað um að Birni Skúlasyni, umboðsmanni Skriðuklaustursjarða, yrði stefnt fyrir rétt þar sem ekki hafi náðst sættir milli þeirra um skógarítak Ytri-Víðivalla í Rana. Jón gerði kröfu um eignarrétt á öllum skógi í Rana í Hrafnkelsstaðalandi fyrir utan Fiðlukletta og Kirkjuhamar og austur í Gilsá.<sup>561</sup>

Við politierétt að Vallanesi 25. maí 1857 fóru fram vitnaleiðslur út af tilkalli Víðivalla í Fljótsdal til skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi. Prófasturinn Guttormur Pálsson svaraði spurningum og sagði máldaga fyrir landi Víðivalla hafa getið ítaksins Rana í Hrafnkelsstaðalandi. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1855–1858 eru aðeins skráð

<sup>556</sup> Skjal nr. 2(138).

<sup>557</sup> Skjal nr. 2(137).

<sup>558</sup> Skjal nr. 2(353).

<sup>559</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>560</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>561</sup> Skjal nr. 2(123).

svör Guttorms en þar er meðal annars fjallað um kletta sem liggi þvert um hálsinn frá vestri til austurs og standist á við Kirkjuhamar að norðanverðu. Einnig er fjallað um landið fyrir utan Kirkjuhamarinn og áðurnefnda kletta.<sup>562</sup> Málinu var framhaldið þann 4. júní 1857. Framlögð voru ýmis skjöl, þar á meðal lögfesta fyrir landi Víðivalla, dagsett 30. apríl 1702, en svo var málinu frestað.<sup>563</sup> Það var aftur tekið fyrir við aukarétt að Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal 1. ágúst 1857 þar sem framlögð voru frekari gögn, s.s. kaupbréf fyrir Víðivöllum frá 26. mars 1595 og afrit af vitnisburði frá 1467 og 1582. Í framhaldinu var riðið á þrætuandi og gert afstöðukort með örnefnum.<sup>564</sup> Meðal annarra gagna málsins var framlagningarskjal Jóns Einarssonar á Ytri-Víðivöllum, dagsett 4. júní 1857, forboðsbréf Jóns til Einars Einarssonar, dagsett 1. júlí 1857, um að yrkja skóg í Rana, varnarskjal Björns Skúlasonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, dagsett 7. júlí 1857, og annað skjal Björns, dagsett 12. september 1857 og framhald af sóknarskjali Jóns Einarssonar, dagsett 15. ágúst 1857, sem og afrit af vitnisburðum, lögfestum og kaupbréfum sem áður er lýst.<sup>565</sup> Málið var á ný tekið fyrir 15. ágúst 1857 og 12. september 1857 uns dómur féll þann 20. október 1857 og var Björn Skúlason umboðsmaður sýknaður af kröfum Jóns Einarssonar, eins eigenda Ytri-Víðivalla.<sup>566</sup>

Við politierétt að Valþjófsstað 21. september 1860 var tekið fyrir próf yfir prestinum Pétri Jónssyni á Valþjófsstað og húsmönnum hans viðvíkjandi aðtekt þeirra í Hrafnkelsstaðaskógi.<sup>567</sup> Málið var aftur tekið fyrir 13. október 1860 og 5. desember 1860. Nokkur vitni gáfu skýrslu og þá voru framlögð nokkur skjöl, þar á meðal máldagi Vilchins fyrir skógarteigi Valþjófsstaðarkirkju í Hrafnkelsstaðalandi.<sup>568</sup>

Hinn 23. júní 1864 voru við aukarétt teknar fyrir vitnaleiðslur í máli Björns Skúlasonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, gegn Jóni Einarssyni á Ytri-Víðivöllum varðandi skógarhögg í Hrafnkelsstaðalandi. Framlögð voru ýmis gögn og þá gáfu vitni skýrslu, meðal annars um örnefnin Rana, Kirkjuhamar, Fiðlukletta og Gilsáreyri.<sup>569</sup>

Hinn 2. september 1884 var hjá sáttanefnd Fljótsdalsumdæmis tekið fyrir mál um landamerki klausturjarðarinnar Hrafnkelsstaða og Ytri-Víðivalla. Sækjandi málsins var Jón Einarsson, eigandi Víðivalla, en verjandi var Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum í umboði Páls Ólafssonar umboðsmanns. Aðilar deildu um orðatiltæki máldaga fyrir Víðivöllum en í sáttabók er getið samnings um landamerki jarðanna milli Einars Vigfússonar á Víðivöllum og sr. Bergvins heitins Þorbergssonar umboðsmanns. Fram kemur að Jón eigandi Víðivalla neitaði að gildi samningsins. Um túlkun aðila á orðalagi máldagans segir í sáttabók:

<sup>562</sup> Skjal nr. 2(410).

<sup>563</sup> Skjöl nr. 2(121) og 2(438).

<sup>564</sup> Skjal nr. 2(126) og 2(439).

<sup>565</sup> Skjöl nr. 2(117)–2(119), 2(122), 2(124) og 2(127).

<sup>566</sup> Skjöl nr. 2(440) og 2(460)–2(461).

<sup>567</sup> Skjal nr. 2(441).

<sup>568</sup> Skjöl nr. 2(442)–2(443).

<sup>569</sup> Skjal nr. 2(444).

Komu helst til umræðu orðatiltæki máldaganns fyrir Víðivöllum sem urðu að ágreinings efni milli málsaðila; og vill sækjandi málsins, halda landamerki í dæld nokkra framann við þúfu, sem er utan til á Brandsöxl, en sleppir því sem í landamerkjja skjalinu er orðað: fyrir utan Brandsöxl; en fullmektugur umboðsmannsins er ekki ánægður með þessi merki, og vill halda sig til þess, að skilja orð máldaganns: „fyrir framann Brandsöxl“ einsog að þau þýði „fyrir framan alla Brandsöxl.“ og af því leiði að hin fornu landamerki, sem þeir Einar bóndi Vígfússon á Víðivöllum og sjera Bergvin sál. Þorbergsson umboðsmaður klaustursins sömdu með sjer eigji framvegis að vera gildandi; en eigandi Víðivalla neytar gýldi þessa samnings.<sup>570</sup>

Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til landslaga og réttar.<sup>571</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt ódagsett skjal sem lagt var fram í aukarétti Norður-Múlasýslu 20. maí 1887, landsyfirdómi 26. nóvember 1888 og 20. maí 1889 og yfirdómi 10. mars 1890. Líklega er um að ræða málsskjal í máli varðandi landamerki Ytri-Víðivalla og Hrafnkelsstaða eða skógarítak í Rana. Þar eru skráðar ýmsar athugasemdir og túlkanir um skjöl er varða skógarrétt í Rana í landi Hrafnkelsstaða. Einkum er fjallað um orðin „fram“ og „út“ sem hafi sömu merkingu í mismunandi skjölum.<sup>572</sup> Þá er í sýsluskjalasafni Norður-Múlasýslu varðveitt varnarskjal Páls Ólafssonar í málinu, dagsett 18. maí 1887 og framlagt við aukarétt 20. maí 1887. Í því er rætt um orðanotkun „utan“ og „framan“ Brandsaxlar sem og önnur atriði.<sup>573</sup>

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu fyrir Hrafnkelsstaði.

Hinn 22. september 1889 vottaði Sæbjörn Egilsson að hann hafi árið 1884 mælt Ytri-Víðivöllum engjateig í Skriðuklaustursengjum. Skjalið var lagt fram við aukarétt Norður-Múlasýslu 22. apríl 1890.<sup>574</sup> Annað skjal sem framlagt var við þann rétt var vitnisburður Halldórs Benediktssonar, dagsettur 21. apríl 1890, en þar segir að þegar teigurinn hafi verið mældur út á Skriðuklaustri þá hefði hann tjáð Ólafi á Klúku að menn hefðu ekkert með að taka teiginn úr engjunum. Ólafur hafi hins vegar svarað að umboð lægi fyrir frá Páli.<sup>575</sup> Úr málinu er enn fremur varðveitt framhaldssókn Páls Ólafssonar umboðsmanns gegn Jóni Einarssyni á Ytri-Víðivöllum. Í skjali Páls er útmælingar Sæbjörns Egilssonar getið en Páll krafðist þess að Jón hætti að brúka ítak í landi Hrafnkelsstaða.<sup>576</sup>

Hinn 13. apríl 1897 veitti Hallfríður Einarasdóttir umboð til Einars Jónssonar til að kaupa jörðina Hrafnkelsstaði.<sup>577</sup> Hinn 10. september 1897 skrifaði Einar Jónsson til landshöfðingja og sótti um, fyrir hönd ekkjunnar Hallfríðar, að fá keypta jörðina Hrafnkelsstaði fyrir 4.000 kr.<sup>578</sup>

<sup>570</sup> Skjal nr. 2(162).

<sup>571</sup> Skjal nr. 2(162).

<sup>572</sup> Skjal nr. 2(79).

<sup>573</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>574</sup> Skjal nr. 2(139).

<sup>575</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>576</sup> Skjal nr. 2(142).

<sup>577</sup> Skjal nr. 2(289).

<sup>578</sup> Skjal nr. 2(288).

Hinn 6. október 1897 var á fundi sáttanefndar Fljótsdalsumdæmis tekið fyrir landamerkjámál Hrafnkelsstaða annars vegar og Ytri-Viðivalla með Klúku hins vegar. Sátt varð á milli aðila þannig að landamerki jarðannar yrðu þau sem ákveðin voru með landamerkjadómi Norður-Múlasýslu, dagsettum 21. maí 1887. Landamerkin eru þannig skráð í sáttabók Fljótsdalsumdæmis 1801–1903:

Landamerki milli Viðivalla ytri og Hrafnkelsstaða í Fljótsdal skulu vera framvegis:

Úr svo nefndum Ál við Jökulsá þaðan upp í Hrosshamarssnið, síðan í dæld fyrir framan yzta hnjúkinn á fjallinu, þar sem Brandsöxl kallast frá bygð og þaðan þvert austur í Gilsá í Gilsárdal.

Sama ár og dag sem fyrr segir.

Þór Þórarinsson

Halldór Benediktsson

(1. sáttasemjari)

(2. sáttasemjari)

Björgvin Vigfússon

Jon Einars son

(umboðsmaður)

Fyrir hönd ábúanda Hrafnkelsstaða

Gísli Benediktsson<sup>579</sup>

Hinn 11. janúar 1898 skrifaði sýslumaður Norður-Múlasýslu til landshöfðingja staðfestan útdrátt úr gjörðabók sýslunefndar af fundi hennar 24. apríl 1893 varðandi sölu þjóðjarðarinnar Hrafnkelsstaða. Útdrátturinn liggur ekki með bréfinu í skjalasafni landshöfðingja.<sup>580</sup>

Hinn 15. janúar 1898 sendi Björgvin Vigfússon, umboðsmaður Múlasýslujarða, til landshöfðingja álit forvera síns, Páls Ólafssonar, á sölu Hrafnkelsstaða. Í álitinu, dagsettu 22. apríl 1893, segir jörðin sé önnur sú besta austanlands, með Vattarnesi, þegar tekið sé tillit til dýrleika. Fjallað er um tún, landrými og engjar og þá segir að landaþræta standi yfir milli Hrafnkelsstaða og Viðivalla í Fljótsdal, en þrætulandið sé allmikill engjafláki sem sé nauðsynlegur jörðinni. Umboðsmaður var mótfallinn hugsanlegri sölu á jörðinni Hrafnkelsstöðum.<sup>581</sup>

Í skjalasafni landshöfðingja eru varðveitt bréfaskrif milli landshöfðingja annars vegar og ráðgjafans yfir Íslandi hins vegar, þ.e. bréf dagsett 28. febrúar 1898 og 30. apríl 1898, varðandi söluna á jörðinni Hrafnkelsstöðum og kaupverðið, 4.000 kr.<sup>582</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hrafnkelsstaðir var metin á 3.800 kr. Eigandi hennar var Múlasýslumboð. Fram kemur að ekkert upprekstrarland fyrir afréttarfé fylgi jörðinni. Um landamerki segir eftirfarandi:

<sup>579</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>580</sup> Skjal nr. 2(293).

<sup>581</sup> Skjal nr. 2(291).

<sup>582</sup> Skjöl nr. 2(290) og 2(292).

III. Landamerki jarðarinnar eru ekki innfærð í Landamerkjabók N.m.s., en ábúandi telur þau vera þannig: „Gilsá að utan og austan, Jökulsá að norðan og Álár framan á Brandsöxl og Krosslækur að vestan.“

Eftirfylgjandi aths. bætir svo ábúandi við: „Landamerki eru að dómi ábúanda sett utar en Víðivalla máldagi ákveður að þau eigi að vera.“<sup>583</sup>

Í virðingargjörð á Þjóðjörðinni Hrafnkelsstöðum í Fljótsdalshreppi, dagsettri 28. júní 1925, segir að jörðin sé 54 hundruð að dýrleika. Á henni var lítill kjarrskjógur sem var mestur í eigu jarðanna Víðivalla ytri og Klúku. Afrétt fylgdi ekki jörðinni. Að lokum var jörðin metin á 7.500 kr.<sup>584</sup>

Með bréfi dagsettu 31. desember 1925 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins varðandi jörðina Hrafnkelsstaði vegna beiðni ábúanda um kaup á henni. Hann fór yfir ýmsa kosti jarðarinnar og mælti að lokum með sölu hennar.<sup>585</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er skráð landskiptagerð fyrir jarðirnar Hrafnkelsstaði og Vallholt frá 20. júní 1939 sem lýsir afmörkun Hrafnkelsstaða I, Hrafnkelsstaða II, þ.e. Brattagerðis, og Vallholts. Þinglýsingardags er ekki getið en efni hennar er svohljóðandi varðandi Hrafnkelsstaði I og II:

Hrafnkelsstaðir I í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

Ár 1937 taka synir mínir Jón og Eiríkur að sér greiðslu á eftirstöðvum lánsins við Ræktunarsjóð Íslands, Reykjavík, sem þá er 6155 krónur og verða fyrir það eigendur að 1/3 parti af jörðinni hvor og að gripahúsum þeim, sem á hverjum parti standa. Bæjarhús, sem jörðinni fylgdu þegar hún var keypt skiptast í réttu hlutfalli, þ.e. þrjá jafna parta til eigendanna eftir samkomulagi.

Jörðin skiptist þannig:

Heimaland, eigandi Methúsalems J. Kjerulf, nær frá mörkum Brattagerðislands að framan út að gróf framan í Vörðuholti í ytri enda á Breiðahjallakletti síðan út með túngirðingu út í Hálsgirðingu, með henni uppá Bláarás. Þaðan bein stefna í ytri enda á Tófuaxlarkletti síðan inn austur Hálsbrún inn í Smalaskála.

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939

Eiríkur M. Kjerulf

Methúsalems J. Kjerulf

Jón M. Kjerulf

Hrafnkelsstaðir II í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

(Um aðdraganda skipta, hlutastærðir og lýsingu. Sjá að ofan)

Jörðin skiptist þannig:

Brattagerðisland, eigandi Jón M. Kjerulf, nær frá landamerkjum Víðivalla og Hrafnkelsstaða út að túngarði í fremri enda á Lambhúskletti í Skipabotnslæk, bein stefna í

<sup>583</sup> Skjal nr. 2(55).

<sup>584</sup> Skjal nr. 2(297).

<sup>585</sup> Skjal nr. 2(298).



ytri enda á neðri Tóuhallskletti, síðan ræður Skipabotnslækur að norður-Hálsbrún, þaðan stefna framan við Smalaskála, síðan fram Smalaskálaöldu allt að landamörkum.

Innan girðinga fylgja Brattagerðislandi Hesthústún út að lind, Neðra tún upp að reiðgötu og Botn og Nes utan Bæjarlækjar, neðan reiðgötu, út í graslá fram og niður af Grænastekk.

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939

Eiríkur M. Kjerulf

Methúsalems J. Kjerulf

Jón M. Kjerulf<sup>586</sup>

### 5.10.2 Vallholt í Fljótsdal

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er skráð landskiptagerð fyrir jarðirnar Hrafnkelsstaði og Vallholt frá 20. júní 1939 sem lýsir afmörkun Hrafnkelsstaða I, Hrafnkelsstaða II, þ.e. Brattagerðis, og Vallholts. Þinglýsingardags er ekki getið en efni hennar er svohljóðandi varðandi Vallholt:

Vallholt í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

(Um aðdraganda skipta, hlutastærðir og lýsingu. Sjá Hrafnkelsstaði I)

Jörðin skiptist þannig:

Hrólfsgerðisland, eigandi Eiríkur M. Kjerulf, nær frá mörkum heimalands, sem að framan eru skráð út að Gilsá. Landið frá Hálsgirðingu austan austur-Hálsbrúnar og Smalaskálaöldu er óskipt og hafa allir rétt til að nota það til beitar og heyskapar að 1/3 hvor. – Hálfur Hamborgartangi, sem nú er eign seljanda, Methúsalems J. Kjerulf, skiptist í 3 jafna parta til heimajarðanna, þegar hann hættir búskap.

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939

Eiríkur M. Kjerulf

Methúsalems J. Kjerulf

Jón M. Kjerulf<sup>587</sup>

### 5.10.3 Ytri-Viðivellir í Fljótsdal

Í máldaga Vilchins frá um 1397 er fjallað um útkirkju á Viðivöllum. Þar er ekkert fjallað um eignir og ítök kirkjunnar.<sup>588</sup>

Í vitnisburði Ólafs Teitssonar og Björns Benediktssonar, dagsettum 23. mars 1467, um landamerki, ítök og ítölur Viðivalla hinna ytri í Fljótsdal, segir um jörðina:

ad wijdiweller ytri ætti allan husholma

fyrir handan kelda oc alla þa holma sem þar eru

yfer ad þeim argranda er geingur wt j jokulsa. fyrir handan

<sup>586</sup> Skjal nr. 2(22).

<sup>587</sup> Skjal nr. 2(22).

<sup>588</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 213, skjal nr. 4(30).

husholma. og suo wissu wid ad wijdivellir ytri ættv  
shog vt vid gilsa j rana. og annann skogarpart fram a stullahaut.  
og vpp a x hesta lietorf arliga j skridu jord. og fimm  
stodhrossa beit a vetrum og taka ecki fololld fra. og eingia  
teig med vmmervikvm fyrir framan skogargauturnar ofan fra  
skvidu.<sup>589</sup>

Hinn 8. september 1582 meðkenndi Auðun Steingrímsson lögréttumaður sig hafa séð innsiglað bréf með vitnisburði Ólafs Teitssonar og Björns Benediktssonar frá 23. mars 1467. Jón Björnsson á Skriðuklaustri lýsti því 4. febrúar 1591 að hann hafi einnig séð sama bréf innsiglað.<sup>590</sup>

Í lýsingu Gísla Jónssonar frá um 1570 um jarðakaup Ögmundar biskups segir meðal annars að Ögmundur hafi selt Lofti Eyjólfssyni jörðina Egilsstaði en Loftur látið á móti 20 hundruð í Ytri-Víðivöllum.<sup>591</sup>

Hinn 26. mars 1595 keypti Erlendur Magnússon jörðina Ytri-Víðivelli af Herdísi Magnúsdóttur og börnum hennar. Um landamerki jarðarinnar segir eftirfarandi:

vt fra bænum Land allt ad Illukielldu J fiall upp oc riett synis yfer æ Gjls är dal: Enn fram frá bænum Land allt og skög ad þeim landa merckium sem kallast Hagagardur <sup>[á spássíu] in margine:</sup> merkigardi þeim er liggur næstur fyrir framan Milli fremri og ytri Wydivalla Riettsynis ä fiall oc austur suo ä Gjlsar dal, austur ad þeirj æ sem þar fellur oc greindur dalur er vid kiendur, Jtem oc suo selldu oc hand sauludu aller margnefnder menn Optt nefnda Jaurd vydi velli med þessum Jtaulum J annara Jarðer epter byvysing Jnnsigladra Brefa þeirra sem þar uppa hliöda J fyrstu allann Hws holma fyrir hanndann Kiellä og alla þa holma sem þar eru yfer ad þeim är grannda er geingur vt J Jokulsæ fyrir handann Hvsholma suo og Lyka skög vt vid gilsa J rana oc annann skogar part j stulla flatar sköge. Jtem selfaur a Seliar dal. Lystu aller ädr greinder menn þeir sem selldu og keyptu sagda Jaurd, ad þeir vissu ecki annad sannara enn þeir mættu þetta suo kaupa og selia.<sup>592</sup>

Hinn 4. maí 1629 vitnaði Þórður Björnsson að hann hafi byggt Hrafnkelsstaði fram í Illukeldu en eigendur Ytri-Víðivalla hafi haldið land allt út að Illukeldu.<sup>593</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að kirkjan eigi skógarpart í Ytri-Víðivöllum.<sup>594</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 28. ágúst 1706.<sup>595</sup>

Í vitnisburði Einars Styrbjörnssonar og Sigurðar Stígssonar frá árinu 1650 vitnuðu þeir um örnefnið Rana og Ranaskóg. Þeir sögðust:

heyrt hafa frá Fiðluklettum og norður að Kirkjuhamri, so og þvert austur frá greindum Fiðluklettum í Gilsá hefur kallaður verið Rani, hvör á land skilur á milli Hallormstaða og sagðra Hrafnkelstaða, og hefur allur sá skógur, sem í því plátsi er, verið kallaður Ranaskógur, og aldrei hér tvímæli á leikið.<sup>596</sup>

<sup>589</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn X*, bls. 23; V, bls. 472; skjöl nr. 4(31)–4(32).

<sup>590</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>591</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XV*, bls. 471–472, skjal nr. 4(35).

<sup>592</sup> Skjöl nr. 2(125) og 2(370). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 265 og 281, skjal H-10.

<sup>593</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>594</sup> Skjal nr. 2(197).

<sup>595</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>596</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

Í vitnisburði 15 manna frá 28. mars 1662 segir að land sem liggja áfast við Langhúsamúla og kallað hafi verið Hólmar, sem sé milli Jökulsár og Kelduár, hafi verið eignað Ytri-Víðivöllum. Vísað er í átta lögfestur jarðarinnar frá 1650–1674 en þar segir:

Hér til átta ara lög festur á þingi og við Kirkju, undirskrifadar, er Eignarmenn og Ummboðsmenn Vídivalla ytri lögfesta undir jördina, land allt út frá þeim Gardi, er liggur á milli ytri og fremri Vídivalla, er kallast Hagagardur, og rétt norður í Kélduá, og svo beint úr Gardinum yfir Fiall og í Gilsá, svo út eptir Dalnum sem ainn rennur, og norður yfir Fiallgard fyrir framan Brandsöxl og í Íllukéllu gard nokkurn þar nærri, og svo norður í Jökulsá, sem hún hefur fallid að fornu og nýu. Rædur þá greind a framm að armótum. einninn lög festa þeir undir greinda jörd Vídivelli ytri Húshólma allann fyrir nordan Kélduá, og alla Hólma þar norður frá að þeim Argranda, sem liggur úti Jökulsá fyrir nordan Húshólma. Item lögfesta þeir hinar adrar Itöllumnar, sem hér fyrir framan í Bréfinu skrifadar standa Selfarir, Torfristu, Skógarparta, Fjárgaungu og Eingjateig, ítem V Stódhrossa beit á vetur í Skridujörd, og taka ej folöld frá.<sup>597</sup>

Hinn 18. febrúar 1668 lýstu Magnús Jónsson og Eiríkur Guðbrandsson því að Hólmaland fyrir handan Kelduá hafi verið eignað Ytri-Víðivöllum.<sup>598</sup>

Hinn 26. maí 1674 seldi Jón Bjarnarson Jóni Þorlákssyni hálfja jörðina Ytri-Víðivelli, 25 hundruð að dýrleika, og einnig Vallarteig. Um landamerki og ítök segir:

ad utan rædur Gardur ~~nidur~~<sup>nokkur</sup>, er liggur nærstur fyrir framan Íllukéllu, þadan austur í Gilsá á Gilsárdal; að framan rædur Hagagardur úr Hagagardi réttsýnis austur í Gilsá á Gilsárdal; ítem á Jordinn Vídivellir þessi ítök: í fyrstu allann Húshólma, og alla Hólma þar norður frá, að þeim árgranda, sem geingur úti Jökulsá, fyrir handan Húshólma; Skóg út við Gilsá í Rana, og annan Skógarpart í Sturlaflatar Skógi; ítem Selland á Æ Þórerstöðum í Hrafnkélldal, adra Selför í Seljadal; Fjárgaungu fyrir hundrad Fjár í Mánud á Hrysnese, fimm hrossagaungu í Skridujörd á vetur, og taka ej Folöld frá; ítem Eingjateig fyrir framan Skógarögturnar, sem liggja ofan frá Skridu; á X hesta létorf árlega í Skridujörd.<sup>599</sup>

Hinn 26. maí 1674 vottaði Ásmundur Jónsson að hann hafi nýtt land Ytri-Víðivalla eins og því er lýst í eldri vitnisburðum.<sup>600</sup>

Hinn 27. maí 1674 seldi Sigfús Bjarnason Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálf fimmta hundruð í jörðinni Ytri-Víðivöllum. Jón greiddi á móti ýmsar jarðir og þar á meðal fimm hundruð í Geithellnum.<sup>601</sup>

Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir að hinn 10. júní 1674 hafi öll ofanskriðuð bréf verið vottfest, þ.e. vitnisburður um landamerki og hlunnindi Ytri-Víðivalla frá 18. maí 1467, vitnisburður Auðuns Steingrímssonar lögréttumans frá 8. september 1582, vitnisburður Jóns Björnssonar frá 4. febrúar 1591, kaupbréf Erlends Magnússonar frá 26. mars 1595, vitnisburður Þórðar Björnssonar um landamerki Ytri-Víðivalla frá 4. maí 1629, vitnisburður Einars Styrbjörnssonar og Sigurðar Stígssonar frá 1650, vitnisburður 15 manna um landamerki jarðarinnar frá 28. mars 1662, vitnisburður Magnúsar Jónssonar og Eiríks Guðbrandssonar um landamerki Ytri-Víðivalla frá 18. febrúar

<sup>597</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>598</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>599</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 280, skjal H-10.

<sup>600</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>601</sup> Skjal nr. 2(124) og *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 280, skjal H-10.

1668, vitnisburður Ásmundar Jónssonar frá föstudeginum fyrir hvítasunnu 1674, aðkomstarbréf Ytri-Víðivalla frá 27. maí 1674, kaupbréf um Ytri-Víðivelli frá 27. maí 1674, átta lögfestur Ytri-Víðivalla yfir tímabilið 1650–1674 og vitnisburður Hemings Sveinssonar, Gissurar Snorrasonar og Styrbjörns Einarssonar frá 28. maí 1674. Ekki er nánar greint sagt frá þeim gjörningi 10. júní 1674.<sup>602</sup>

Í vitnisburði Hemings Sveinssonar, Gissurar Snorrasonar og Styrbjörns Einarssonar frá 28. maí 1674 segir að jörðin Hrafnkelsstaðir hafi ekki verið byggð lengra suður en í garð nokkurn sem hafi verið skammt suður frá Illukeldu en Ytri-Víðivellir síðan átt land í Illukeldu.<sup>603</sup>

Hinn 7. júlí 1676 samþykkti Þórður biskup Þorláksson að upp yrði sett hálfkirkja á Ytri-Víðivöllum.<sup>604</sup>

Hinn 30. apríl 1702 lögfesti Jón Jónsson Thorlacius jörðina Ytri-Víðivelli, 50 hundruð að dýrleika. Lögfestan var upplestin sama dag við Valþjófsstaðarkirkju í viðurvist safnaðarins. Hún var svo framlögð við aukarétt Norður-Múlasýslu 7. júní 1857 (sjá neðar um mál Ytri-Víðivalla og Hrafnkelsstaða). Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

Eg Jon Jonsson Thorlacius, lofeste hier i dag Sign fodur mýns Elskulegs seig<sup>r</sup> Jons Thorlakssonar, Jordena Vyde Velle Jtre fimtýu hundrud ad dyrleika, liggjande i fliotzdal og Valþiöfstadar kirckiu sokn, med ollum þeim gognum og giædum, eignum og itókum, sem greindre Jordu, filger og filgt hefur ad fornu og nýu, sem ecke er med logum og rette fra komed; J firstu land allt ad Vtann i gard þann er liggur næstur firer framann Jllu kieldu, og so yfer ~~fi~~ fiall ad framann verdre brands ógsl, þadann i Gilsä austur, rædur þä firnefnd Gilsä epter midium dalnum þuert sýness ä möte þeim garde er liggur ä mille Vydevallna fremre, og greindrar Jardar Vydevallna Jtre, so i kieldu aa; so og lofeste eg og lýse Jardarinnar Vydevallna Jtre, landeign og itók, J annara manna Jarde, þesse sem epter filger, first Husholma allann firer nordann kieldu Aa, og so alla holma þar nordur frá ad þeim ärgranda sem geingur Vt J Jókuls Aa firer handann husholma; Jtem Ranaskog frá fidluklettum og nordur ad kirkiuhamre, og so þuert austur fra greindum fidlu klettum i Gilsaa allann nefndann skog i greindu takmarke, selfor ä seliadal, skogarpert ä stullaflatar Jordu, allt þorerstada land a hrafnkjeldsdal, fiargaungu firer hundrad fiar i manud ä hrýsnese, eingia teig i skridu Clausturs Jórd, og fimm hrossa gaungu ä vetur, og takest ecke folold frá Jtem a týu hesta reidyng ärlega, Eirninn lýse eg annara Jarda Jtókum ä firnefnt land, sem er, skriduklaustur ä skogar teig firer Vtan lýngrima ä [Vy]devallna Jordu; Jtem valþiöfstadar Jtala er J nefndann skög, ä mille þess lækiar sem er næstur firer framann kalfavadseire og i þann læk sem næstur er firir vtann sómu eyre, og vpp vnder vrdena; Fyrerbyd eg huorium manne, hiedann i frá, greindrar Jardar Vydevallna Jtre, landeign skög edur Jtók ad bruka edur beita, vtann mitt edur þess sie lof edur leife firer sem Jordena aa, leggjande þar vid slýka sók, er lóginn vt výsa, ad vitne þýnu Jsleifur Jonsson, og þýnu Jon Asmundsson; og allra danumanna er ord mýn heira.<sup>605</sup>

Hinn 14. mars 1703 var Jón Þorláksson með eftirfarandi jarðir undir höndum, en þær voru þó ánafnaðar börnum hans: Berufjörður, Víðivellir með sandinum, 56 hundruð að dýrleika, og Flaga.<sup>606</sup>

<sup>602</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 280–281, skjal H-10.

<sup>603</sup> Skjal nr. 2(124). Sjá einnig *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 281, skjal H-10.

<sup>604</sup> Skjal nr. 2(124).

<sup>605</sup> Skjal nr. 2(121).

<sup>606</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII*, bls. 402–403, skjal H-11.

Hinn 21. september 1718 fór fram kaupgjörningur þar sem Hallgrímur Jónsson Thorlacius sýslumaður seldi Þorsteini Sigurðssyni 24 hundruð úr heimajörðinni Ytri-Víðivöllum fyrir sex ríkisdali hvert hundruð eða alls 144 ríkisdali. Með í kaupunum fylgdi þriggja hundruða rekasandur, tilheyrandi hálfum Víðivöllum. Bætt er við skjalið 7. júní 1719 að Þorsteinn Sigurðsson bauð náungum Hallgríms sýslumanns, í fyrsta lið eða annan, að fá nefnd 24 hundruð fyrir sama verð og hann greiddi. Kaupbréfið var upplesið í Lögréttu 8. júlí 1719.<sup>607</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Ytri-Víðivalla metinn 50 hundruð. Eigandi jarðarinnar var G. Petersen sýslumaður.<sup>608</sup>

Hinn 13. október 1817 fór fram skoðunar- og virðingargerð á jörðinni Ytri-Víðivöllum með tveimur hjáleigum, Klúku og Hlíðarhúsum, til að leggja mat á skaða af völdum skriðufalla sem urðu haustið 1816, auk hlaupa, uppblásturs af veðrum og rýrnun skógarins. Skemmdum á túni og engjum er lýst í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829.<sup>609</sup>

Hinn 30. júlí 1821 afsalaði Guttormur Pálsson prófastur á Hólumum, í umboði biskups, jörðinni Ytri-Víðivöllum í Fljótsdal, 16 hundruð að dýrleika, til Vigfúsar Ormssonar prests á Arnheiðarstöðum. Vigfús var hæstbjóðandi við opinbert uppboð að Arnheiðarstöðum þann 14. júní 1821. Afsalsbréfið var þinglesið þann 12. maí 1823.<sup>610</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 3. maí 1836 var þinglesin lögfesta fyrir Víðivöllum ytri, dagsett 3. maí 1836. Administrator Bergvin Þorbergsson mótmælti þar sem honum þótti hún ganga upp á Skriðuklaustursland.<sup>611</sup>

Hinn 10. október 1836 vitnaði Bjarni Jónsson svo um landamerki Ytri-Víðivalla:

ad utan: úr svoköllum Ál uppi Hrosshamrasnid og i þúfu utantil á Brandsöxl þvert austur i Gilsá. Eins vissi ég hann brúka, og Víðivöllum eignad, 5 hesta <sup>Vetrar</sup> ganga i Skridulandi, og Reidíngaskurd á 10 Hesta.<sup>612</sup>

Vitnisburður Einars Skúlasonar er ódagsettur en án efa frá svipuðum tíma og vitnisburður Bjarna. Í vitnisburði Einars segir eftirfarandi um landamerki Ytri-Víðivalla:

ad utan: ur svoköllum Ál uppi Hrosshamrasnid, og i Þúfu utantil á Brandsöxl þvert austr i Gilsá, héraðauk brúkaði <sup>hann</sup> öldungis átölulaustr, og nytti sér 5 hesta gaungu i Skridulandi, og Reidíngaskurda 10 hesta<sup>613</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Víðivellir ytri metin 50 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeygn. Í neðanmálgrein kemur fram að árin 1760 og 1804 hafi eyðihjáleigan Hlíðarhús tilheyrð jörðinni.<sup>614</sup>

<sup>607</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>608</sup> Skjal nr. 2(33).

<sup>609</sup> Skjal nr. 2(458).

<sup>610</sup> Skjöl nr. 2(81) og 2(428).

<sup>611</sup> Skjal nr. 2(422).

<sup>612</sup> Skjal nr. 2(134).

<sup>613</sup> Skjal nr. 2(135).

<sup>614</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 357.

Við manntalsþing að Valþjófsstað 25. maí 1848 var þinglýst erfðaskrá Þorgerðar sálugu Jónsdóttur á Víðivöllum, dagsettri 9. júní 1847 og staðfestri af konungi 15. desember sama ár, með hverri hún gaf hinum ómynduga O. Vigfússyni Frydendal þriðjung eða 10 hundruð í jörðinni Víðivöllum ytri og hjónunum Jóni Einarssyni og Kr. Maríu Andrésdóttur 2/3 hluta eða 20 hundruð.<sup>615</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Víðivelli ytri:

Viðivellir ytri

með hjáleigunni Klúku sem talin er 6<sup>hndr</sup> og eiðibýlinu Hlíðarhúsum. – Á töðu má hafa 5 kýr og á jörðinni framfleytast 150 ær, 170 saudir, 120 lömb og 8 hestar. – Tún þessarar jarðar eru að tiltölu fremur grasgéfíd, sökum vatnsveitinga á seinni tíð; útheyskapur er svipadur, enn þó nokkru meiri að tiltölu enn á hinn næstu jörð hér að framan; hagi og útbeit sömuleidis, nema að þeim hluta landsins er að hjáleigunni Klúku liggur, hvar það er talsverdt verra og stopulla að vetrarlagi; skjóllendi er hér gott, enn landkostir vart eins gódir og á Hrafnkelsstöðum, einkum sökum þess, að þeirra nýtur ei eins stödugt og þar fjarlægðar vegna. – Það er talið til hlynninda þessari jörðu, að hún á 5 hrossa gaungu í Skriðu landi, og reiðingsskurð á 10 hesta á sömu jörðu, enn í landi sjálfs sín hefir hún eingin hlynnindi þau er teljandi séu, nema að hún sam stendur þarf ei að kaupa skóg til kola, né heldur uppreksturs géldfjár, torfskéra er hin versta og mótak ekki til. – Jörðin gétur ei álitist örduð í samanburði við adrar jarðir hér, heldur miklu fremur hæg, þegar litið er til þess sképnufjölda er hún framfært gétur í medal ári. – Okostir jarðarinnar eru aurárennsli á eingjabletti jarðföll og græfur, grjótáburdur Kelduárinnar og landbrot af henni, samt nokkurt sandfok á allt landid hid nedra, sem spillir nokkud haga og beit. Nægilegt lid álitst að vera 11 verkfærir menn. – Með tilliti til alls þessa var jörðin vyrðt á 1310 (: þrettán hundruð og tíu) rbd.<sup>616</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 20. maí 1854 var þinglesin lögfesta fyrir Víðivöllum ytri, dagsett 20. maí 1854, og var henni ekki mótmælt.<sup>617</sup>

Með bréfi dagsettu 21. maí 1854 skrifaði Einar Einarsson á Hrafnkelsstöðum til Björns Skúlasonar umboðsmanns um að Jón Einarsson hafi á nýliðnu manntalsþingi látið upplesa lögfestu fyrir Víðivöllum og að landamerki væru þar tiltekin milli Víðivalla og Hrafnkelsstaða sem að norðanverðu væru Illakelda framanvert við Bratta-gerðiseyri, en þar sæist engin kelda, þaðan upp fyrir framan Brandsöxl og beint austur í Gilsá, og í utanverðu Hrafnkelsstaðalandi skóg frá Kirkjuhamri og í Fiðlukletta, skrifað Þiðlukletta. Einar hvatti Björn til að lögfesta land Hrafnkelsstaða og fyrirbjóða notkun á skógi í landinu.<sup>618</sup>

Hinn 23. nóvember 1854 mættu Einar Einarsson á Hrafnkelsstöðum og Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum á fund sáttanefndar Fljótsdals- og Fellnasáttumdamis. Einar hafði klagað Jón fyrir að hafa hoggið skóg í Rana í Rana við Gilsá. Sátt náðist þannig að Einar sleppti frekara tilkalli til þess sem Jón lét höggva en þeir myndu koma sér saman um að útvega fjóra óvilhalla menn til að yfirlíta ágreiningslandið. Björn Skúla-

<sup>615</sup> Skjal nr. 2(409).

<sup>616</sup> Skjal nr. 2(49).

<sup>617</sup> Skjal nr. 2(421).

<sup>618</sup> Skjal nr. 2(138).

son umboðsmaður lýsti því við nefndina að hann mótmælti tilkalli Jóns Einarssonar að skógur úti við Gilsá á Rana í Hrafnkelsstaðalandi væri eign Ytri-Víðivalla.<sup>619</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 23. maí 1856 var auglýst lögfesta fyrir Víðivöllum ytri, dagsett 22. maí 1856, og mótmælti umboðsmaður Björn Skúlason henni bæði hvað snertir landamerkin að utan niður við Jökulsá og skógarítakið á Hrafnkelsstaðalandi, þ.e. í Rana. Við sama þing var þinglesin lögfesta fyrir Valþjófsstaðarkirkjueign, dagsett 30. maí 1794. Eigandi Víðivalla mótmælti henni að því er snerti hólmana milli Jökulsár og Keldár.<sup>620</sup>

Hinn 1. júlí 1856 skrifaði Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum til sáttanefndar Þingmúla-sáttaumdæmis um að taka fyrir mál hans og Björns Skúlasonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, en Björn hafi látið mótmæla lögfestu Ytri-Víðivalla vegna skógarréttinda í Rana í landi Hrafnkelsstaða. Sáttafundur fóru fram 10. júlí 1856 og 15. nóvember 1856 en sátt var ekki á komið.<sup>621</sup>

Með bréfi dagsettu 6. janúar 1857 skrifaði Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum til sýslumanns og bað um að Birni Skúlasyni, umboðsmanni Skriðuklaustursjarða, yrði stefnt fyrir rétt þar sem ekki hafi náðst sættir milli þeirra um skógarítak Ytri-Víðivalla í Rana. Jón gerði kröfu um eignarrétt á öllum skógi í Rana í Hrafnkelsstaðalandi fyrir utan Fiðlukletta og Kirkjuhamar og austur í Gilsá.<sup>622</sup>

Við politierétt að Vallanesi 25. maí 1857 fóru fram vitnaleiðslur út af tilkalli Víðivalla í Fljótsdal til skógarítaks í Hrafnkelsstaðalandi. Prófasturinn Guttormur Pálsson svaraði spurningum og sagði máldaga fyrir landi Víðivalla hafa getið ítaksins Rana í Hrafnkelsstaðalandi. Í dómsmálabók Norður-Múlasýslu 1855–1858 eru aðeins skráð svör Guttorms en þar er meðal annars fjallað um kletta sem liggja þvert um hálsinn frá vestri til austurs og standist á við Kirkjuhamar að norðanverðu. Einnig er fjallað um landið fyrir utan Kirkjuhamarinn og áðurnefnda kletta.<sup>623</sup> Málinu var framhaldið þann 4. júní 1857. Framlögð voru ýmis skjöl, þar á meðal lögfesta fyrir landi Víðivalla, dagsett 30. apríl 1702, en svo var málinu frestað.<sup>624</sup> Það var aftur tekið fyrir við aukarétt að Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal 1. ágúst 1857 þar sem framlögð voru frekari gögn, s.s. kaupbréf fyrir Víðivöllum frá 26. mars 1595 og afrit af vitnisburði frá 1467 og 1582. Í framhaldinu var riðið á þrætulandið og gert afstöðukort með örnefnum.<sup>625</sup> Meðal annarra gagna málsins var framlagningarskjal Jóns Einarssonar á Ytri-Víðivöllum, dagsett 4. júní 1857, forboðsbréf Jóns til Einarssonar, dagsett 1. júlí 1857, um að yrkja skóg í Rana, varnarskjal Björns Skúlasonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, dagsett 7. júlí 1857, og annað skjal Björns, dagsett 12. september 1857 og fram-

<sup>619</sup> Skjal nr. 2(137).

<sup>620</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>621</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>622</sup> Skjal nr. 2(123).

<sup>623</sup> Skjal nr. 2(410).

<sup>624</sup> Skjöl nr. 2(121) og 2(438).

<sup>625</sup> Skjöl nr. 2(126) og 2(439).

hald af sóknarskjali Jóns Einarssonar, dagsett 15. ágúst 1857, sem og afrit af vitnisburðum, lögfestum og kaupbréfum sem áður er lýst.<sup>626</sup> Málið var á ný tekið fyrir 15. ágúst 1857 og 12. september 1857 uns dómur féll þann 20. október 1857 og var Björn Skúlason umboðsmaður sýknaður af kröfum Jóns Einarssonar, eins eigenda Ytri-Víðivalla.<sup>627</sup>

Hinn 23. júní 1864 voru við aukarétt teknar fyrir vitnaleiðslur í máli Björns Skúla-sonar, umboðsmanns Skriðuklaustursjarða, gegn Jóni Einarssyni á Ytri-Víðivöllum varðandi skógarhögg í Hrafnkelsstaðalandi. Framlögð voru ýmis gögn og þá gáfu vitni skýrslu, meðal annars um örnefni Rana, Kirkjuhamar, Fiðlukletta og Gilsáreyri.<sup>628</sup>

Hinn 2. september 1884 báðu Jón Einarsson og Ólafur V. Frydendahl, eigendur Ytri-Víðivalla, að sáttanefnd kæmi saman þar sem ágreiningur væri um landamerki Ytri-Víðivalla og Hrafnkelsstaða.<sup>629</sup> Hinn 2. september 1884 var hjá sáttanefnd Fljótisdals-umdæmis tekið fyrir mál um landamerki klausturjarðarinnar Hrafnkelsstaða og Ytri-Víðivalla. Sækjandi málsins var Jón Einarsson, eigandi Víðivalla, en verjandi var Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum í umboði Páls Ólafssonar umboðsmanns. Aðilar deildu um orðatiltæki máldaga fyrir Víðivöllum en í sáttabók er getið sammings um landamerki jarðanna milli Einars Vigfússonar á Víðivöllum og sr. Bergvins heitins Þorbergssonar umboðsmanns. Fram kemur að Jón eigandi Víðivalla neitaði að gildi sammingsins. Um túlkun aðila á orðalagi máldagans segir í sáttabók:

Komu helst til umræðu orðatiltæki máldagans fyrir Víðivöllum sem urðu að ágreinings efni milli málsaðila; og vill sækjandi málsins, halda landamerki í dæld nokkra framann við þúfu, sem er utan til á Brandsöxl, en sleppir því sem í landamerkjja skjalinu er orðað: fyrir utan Brandsöxl; en fullmektugur umboðsmannsins er ekki ánægður með þessi merki, og vill halda sig til þess, að skilja orð máldagans: „fyrir framann Brandsöxl!“ einsog að þau þýði „fyrir framan alla Brandsöxl.“ og af því leiði að hin fornu landamerki, sem þeir Einar bóndi Vigfússon á Víðivöllum og sjera Bergvin sál. Þorbergsson umboðsmaður klaustursins sömdu með sjer eigji framvegis að vera gildandi; en eigandi Víðivalla neytar gýldi þessa sammings.<sup>630</sup>

Sátt náðist ekki milli aðila og var málinu vísað til landslaga og réttar.<sup>631</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt ódagsett skjal sem lagt var fram í auka-rétti Norður-Múlasýslu 20. maí 1887, landsyfirdómi 26. nóvember 1888 og 20. maí 1889 og yfirdómi 10. mars 1890. Líklega er um að ræða málsskjal í máli varðandi landamerki Ytri-Víðivalla og Hrafnkelsstaða eða skógarítak í Rana. Þar eru skráðar ýmsar athugasemdir og túlkanir um skjöl er varða skógarrétt í Rana í landi Hrafnkelsstaða. Einkum er fjallað um orðin „fram“ og „út“ sem hafi sömu merkingu í mismunandi skjölum.<sup>632</sup> Þá er í sýsluskjalasafni Norður-Múlasýslu varðveitt varnarskjal Páls

<sup>626</sup> Skjöl nr. 2(117)–2(119), 2(122), 2(124) og 2(127).

<sup>627</sup> Skjöl nr. 2(440) og 2(460)–2(461).

<sup>628</sup> Skjal nr. 2(444).

<sup>629</sup> Skjal nr. 2(130).

<sup>630</sup> Skjal nr. 2(162).

<sup>631</sup> Skjal nr. 2(162).

<sup>632</sup> Skjal nr. 2(79).



Ólafssonar í málinu, dagsett 18. maí 1887 og framlagt við aukarétt 20. maí 1887. Í því er rætt um orðanotkun „utan“ og „framan“ Brandsaxlar sem og önnur atriði.<sup>633</sup>

Hinn 9. júní 1884 skrifaði Jón Einarsson á Ytri-Víðivöllum til sáttanefndar í Vallahreppi um að taka fyrir mál þar sem eigendur Ketilsstaða hafi ekki viljað skrifa undir tilkall sitt til Stóra-Steinsvaðssandar á Héraðssöndum. Stefnt var að því að taka málið fyrir á sáttafundi 13. júní 1884.<sup>634</sup>

Hinn 18. júní 1884 skrifuðu Jón Einarsson og Ólafur V. Frydendahl til sáttanefndar í Fljótsdalshreppi þar sem ágreiningur væri milli þeirra annars vegar og sr. Sigurðar Gunnarssonar hins vegar vegna landamerkjja Ytri-Víðivalla og kirkjujarðarinnar Langhúsa. Sáttafundur fór fram 19. júní 1884 en engum sáttum var komið á.<sup>635</sup>

Hinn 23. september 1884 var við aukarétt að Valþjófsstað tekinn fyrir landamerkjaágreiningur milli Jóns Einarssonar á Víðivöllum, fyrir eigin hönd og vegna meðeigenda sinna að jarðeigninni Víðivöllum ytri með hjáleigunni Klúku, og sr. Sigurðar Gunnarsyni fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Lögð voru fram gögn í málinu og þá voru útnefndir óvilhallir menn í landamerkjadóm. Að lokum komu málsaðilar sé saman um að farið yrði í áreið á merkin í júní 1885.<sup>636</sup> Meðal framlagðra gagna í málinu var sóknarskjal Jóns Einarssonar, dagsett 1. september 1884, varnarskjal sr. Sigurðar Gunnarssonar frá 12. september 1885.<sup>637</sup>

Við aukarétt að Eiðum 17. október 1885 var tekinn fyrir landamerkjaágreiningur Jóns Einarssonar, eiganda Víðivalla ytri, og sr. Sigurðar Gunnarssonar, umráðamanns Langhúsa. Jón hóf málið samkvæmt landamerkjalögum 14. mars 1882 fyrir eigin hönd og vegna eiganda hjáleigunnar Klúku, ekkjunnar Krístrúnar Sölvadóttur, útaf eignarrétti til hinna svokölluðu Langhúsahólma. Farið var yfir kröfur málsaðila og meðal annars vísað í kaupbréf um Ytri-Víðivelli, dagsett 26. mars 1595, vitnisburð frá 1467 í afriti frá 1582 um Húshólma handan Kelduár, vitnisburð frá 28. mars 1662, átta lögfestur frá tímabilinu 1650–1674, kaupbréf Jóns sýslumanns Þorlákssonar frá 26. maí 1674 og vitnisburð varðandi hólmana frá 31. júlí 1676. Einnig var fjallað um máldaga Valþjófsstaðarkirkju, niðursetningargjörð frá 28. júlí 1785 og lögfestu frá 30. maí 1794. Að lokum var fjallað um skoðun á landinu, árfarvegi Jökulsár og Kelduár og loks dæmt:

Jörðinni Víðivöllum ytri í Fljótsdal bera hinir Svo nefndu Langhúsahólmar eða land allt sem er á millum Jökulsár og Kelduár, inn að Langhúsamúla<sup>638</sup>

Engin landamerkjaskrá er skráð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu fyrir Ytri-Víðivelli.

Landamerkjalýsing Ytri-Víðivalla ásamt hjáleigunni Klúku er dagsett 14. janúar 1884 og inniheldur undirskriftir frá 23. janúar 1884, 18. júní 1884, 19. júní 1884 og 21.

<sup>633</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>634</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>635</sup> Skjal nr. 2(131).

<sup>636</sup> Skjal nr. 2(459).

<sup>637</sup> Skjal nr. 2(132)–2(133).

<sup>638</sup> Skjal nr. 2(419).

september 1888. Skjalið var lagt fram í lögreglurétti Norður-Múlasýslu þann 22. júní 1891 en texti þess er svohljóðandi:

Landamerkjalyking Viðivalla ytri í Fljótsdal, ásamt hjáleigunnar Klúku.

Eptir gömlum eignarskjöllum og vitnisburðum fyrir Viðivallalandi: að innan ræður Hagagarður, milli ytri og innri Viðivalla, og þaðan beitin úr garðinum yfir fjall og í Gilsá, – að austan ræður Gilsá, eptir því sem hún rennur, að utan, milli Hrafnkelsstaða og Viðivalla, frá Gilsá norðuryfir fjallgarð, fyrir framan (utan) Brandsöxl, beinns stefna norður í Jökulsá, að norðan ræður Jökulsá inn að ármótum og úr því ræður Kelduá inn á móts við Hagagarð.

Ítök í annara jarða lönd eru þessi: 1. Land<sup>allt</sup> sem er á milli Jökulsár og Kelduár, áfast við Langhúsamúla, eða innað honum, og alla hólma þar norðurfrá, að þeim árgranda sem liggur út í Jökulsá, eða legið hefur, fyrir norðan Húshólma. 2. Selland á Þóristöðum í Hrafnkelsdal, og aðra selför í „Seljadal“. 3. Beit fyrir 4 eitt hundrað fjár í Hrisnesi í Valþjófsstaðalandi í mánuð; 4. Reiðingaskurð á 10 hesta í Skriðulandi, á ári; 5. Fimm stóðhrossbeit á vetur, og taki eigi folöld frá í sömu jörð; 6. Engjateig í sömu jörð, fyrir framan „skógargötur“, sem liggja ofan frá bænum. 7. Skóg allan í svokölluðum Rana, í Hrafnkelsstaðalandi, eða fyrir utan Kirkjuhamar og Fidlukletta; 8. Skógarpartur í Sturluflatar skógi. 9. Stórasteinsvaðssandr, 6 hundruð faðmar, á Héradsöndum, á milli Ketilstaðasands að austan og Jörvíkursands að vestan.

Í landi jarðarinnar Viðivalla ytri eiga aðrar jarðir þessi ítök:

1. Valþjófsstaðarkirkja: skógarteig, milli læks, sem er innan við Kálfavaðseyri og annars læks, sem er næstur þar fyrir utan, uppundir svo kallaða urð.

2. Skriðuklaustur: skógarteig fyrir utan svokallaðan Lingrima út að Hrafnkelsstaða landi, og svo langt upp, sem skógur er.

Viðivöllum og Klúku 14 Janúar 1884

Jón Einarsson. Ólafur V. Frydendahl

Að Gilsá á Gilsárdal greini lönd Hallormsstaðar og Viðivalla, samkvæmt framskrifaðri landamerkja lýsingu, er eg samþykkur, að því er Hallormsstað snertir.

Þingmúla 23. Janúar 1884.

Páll Pálsson þjónandi prestur að Hallormsstað.

Ítökin N<sup>o</sup> 2: Selland á Þóristöðum í Hrafnkelsdal og N<sup>o</sup> 3: Beit fyrir 100 fjár í mánuð á Hrisnesi samþykki eg fyrir hönd Valþjófsstaða.

p.t. Skriðuklaustri 18. júní 1884

Sigurður Gunnarsson (þjónandi prestur á Valþjófsstað)

Ítök Viðivalla í Skriðuklaustursland N<sup>o</sup> 4. 5. 6. hér að framan rituð, (Reiðinga skurð, stóðhrossabeit, og Engjateig, meðkenni eg

Sæbjörn Egilsson Fyrir hönd P. Olafssonar umboðsmanns

p.t. Valþjófsstað 19. júní 1884.

Samkvæmt gjörðardómi felldum um „Langhúsahólma“ 17. okt. 1885 og bréfi stiftsýfirvaldanna dags. . . . . samþykki eg ítakið N<sup>o</sup> 1 í landamerkjalykingu þessari fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju.

Valþjófsstað, 21. sept. 1888

Sigurður Gunnarsson<sup>639</sup>

<sup>639</sup> Skjal nr. 2(141).

Hinn 22. september 1889 vottaði Sæbjörn Egilsson að hann hafi árið 1884 mælt Ytri-Víðivöllum engjateig í Skriðuklaustursengjum. Skjalið var lagt fram við aukarétt Norður-Múlasýslu 22. apríl 1890.<sup>640</sup> Annað skjal sem framlagt var við þann rétt var vitnisburður Halldórs Benediktssonar, dagsettur 21. apríl 1890, en þar segir að þegar teigurinn hafi verið mældur út á Skriðuklaustri þá hefði hann tjáð Ólafi á Klúku að menn hefðu ekkert með að taka teiginn úr engjunum. Ólafur hafi hins vegar svarað að umboð lægi fyrir frá Páli.<sup>641</sup> Úr málinu er enn fremur varðveitt framhaldssókn Páls Ólafssonar umboðsmanns gegn Jóni Einarssyni á Ytri-Víðivöllum. Í skjali Páls er útmælingar Sæbjörns Egilssonar getið en Páll krafðist þess að Jón hætti að brúka ítak í landi Hrafnkelsstaða.<sup>642</sup>

Hinn 6. október 1897 var á fundi sáttanefndar Fljótaldalsumdæmis tekið fyrir landamerkjamáli Hrafnkelsstaða annars vegar og Ytri-Víðivalla með Klúku hins vegar. Sátt varð á milli aðila þannig að landamerki jarðanna yrðu þau sem ákveðin voru með landamerkjadómi Norður-Múlasýslu, dagsettum 21. maí 1887. Landamerkin eru þannig skráð í sáttabók Fljótaldalsumdæmis 1801–1903:

Landamerki milli Víðivalla ytri og Hrafnkelsstaða í Fljótaldal skulu vera framvegis:

Úr svo nefndum Ál við Jökulsá þaðan upp í Hrosshamarssnið, síðan í dæld fyrir framan yzta hnjúkinn á fjallinu, þar sem Brandsöxl kallast frá bygð og þaðan þvert austur í Gilsárdal í Gilsárdal.

Sama ár og dag sem fyrr segir.

Þór Þórarinsson

Halldór Benediktsson

(1. sáttasemjari)

(2. sáttasemjari)

Björgvin Vigfússon

Jon Einars son

(umboðsmaður)

Fyrir hönd ábúanda Hrafnkelsstaða

Gísli Benediktsson<sup>643</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Víðivellir ytri var metin á 4.600 kr. Eigendur voru Hallgrímur Jónsson að hálfu og erfingjar Bergljótar Þorsteinsdóttur að hálfu. Fram kemur að jörðin eigi ekkert upprekstrarland eða rétt til uppreksturs fyrir fé ábúenda.<sup>644</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1921–1979 er skráð lýsing um landamerki milli jarðanna Víðivalla ytri I og II, dagsett 15. júlí 1979. Þinglýsingardags er ekki getið. Efni hennar er svohljóðandi:

<sup>640</sup> Skjal nr. 2(139).

<sup>641</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>642</sup> Skjal nr. 2(142).

<sup>643</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>644</sup> Skjal nr. 2(56).

## Landamerki

milli jarðanna Víðivalla ytri I og Víðivalla ytri II gerð af eigendum nefndra jarða að viðstöddum úttektarmönnum hreppsins þeim Guttormi V. Þormar, hreppstjóra, Geitagerði og Benedikt Friðrikssyni, bónda, Hóli.

## Lýsing:

Að neðan, við ármót Jökulsár og Keldár, merkt með landamerkjasteini á eyrinni við Keldá, úr honum bein lína í vörðu á Millukletti, þaðan í Hlíðarhúsálækjargil sunnan við Hlíðarhúsahjalla, með Hlíðarhúsálæk upp í Neðri-Stangarbrún. Þaðan út í Flatahraun. Úr Flatahrauni um Sandgil yfir Víðivallaháls í Gilsárfoss.

Innan landamerkja Víðivalla II er girðing frá Víðivöllum I, sem takmarkast að ofan úr Hlíðarhúsálækjargili inn í Háaklett og að neðan úr landamerkjalínu í Brattamel og að framan úr Brattamel í Háaklett.

Innan landamerkja Víðivalla I er Veturhúsaeyri, sem tilheyrir Víðivöllum II er takmarkast af Mórauðalæk að framan, Illhöfða, að utan, þjóðvegi að ofan og Jökulsá að neðan.

Skógræktargirðing innan landamerkja Víðivalla I, skiftist að jöfnu milli jarðanna.

Vísast í því sambandi til skiptagerðar, sem er í vörslu Skógræktar ríkisins.

Víðivöllum ytri II 15.7. '79.

Hallgrímur Þórarinnsson eigandi að Víðivöllum ytri I.

Þórarinn Rögnvaldsson eigandi að Víðivöllum ytri II.<sup>645</sup>

**5.10.4 Klúka í Fljótaldal**

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Klúku ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Ytri-Víðivöllum.<sup>646</sup>

Hinn 13. október 1817 fór fram skoðunar- og virðingargerð á jörðinni Ytri-Víðivöllum með tveimur hjáleigum, Klúku og Hlíðarhúsum, til að leggja mat á skaða af völdum skriðufalla sem urðu haustið 1816, auk hlaupa, uppblásturs af veðrum og rýrnun skógarins. Skemmdum á túni og engjum er lýst í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829.<sup>647</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Klúka ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga frá Víðivöllum ytri.<sup>648</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 er Klúku getið sem hjáleigu frá Ytri-Víðivöllum, sex hundruð að dýrleika.<sup>649</sup>

Hinn 23. september 1884 var við aukarétt að Valþjófsstað tekinn fyrir landamerkja-ágreiningur milli Jóns Einarssonar á Víðivöllum, fyrir eigin hönd og vegna meðeigenda sinna að jarðeigninni Víðivöllum ytri með hjáleigunni Klúku, og sr. Sigurðar Gunnarsyni fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju. Lögð voru fram gögn í málinu og þá voru

<sup>645</sup> Skjal nr. 2(23).

<sup>646</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>647</sup> Skjal nr. 2(458).

<sup>648</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 358.

<sup>649</sup> Skjal nr. 2(49).

útnefndir óvilhallir menn í landamerkjadóm. Að lokum komu málsaðilar sé saman um að farið yrði í áreið á merkin í júní 1885.<sup>650</sup>

Við aukarétt að Eiðum 17. október 1885 var tekinn fyrir landamerkjaágreiningur Jóns Einarssonar, eiganda Víðivalla ytri, og sr. Sigurðar Gunnarssonar, umráðamanns Langhúsa. Jón hóf málið samkvæmt landamerkjalögum 14. mars 1882 fyrir eigin hönd og vegna eiganda hjáleigunnar Klúku, ekkjunnar Krístrúnar Sölvadóttur, útaf eignarrétti til hinna svokölluðu Langhúsahólma. Farið var yfir kröfur málsaðila og meðal annars vísað í kaupbréf um Ytri-Víðivelli, dagsett 26. mars 1595, vitnisburð frá 1467 í afriti frá 1582 um Húshólma handan Kelduár, vitnisburð frá 28. mars 1662, átta lögfestur frá tímabilinu 1650–1674, kaupbréf Jóns sýslumanns Þorlákssonar frá 26. maí 1674 og vitnisburð varðandi hólmana frá 31. júlí 1676. Einnig var fjallað um máldaga Valþjófsstaðarkirkju, niðursetningargjörð frá 28. júlí 1785 og lögfestu frá 30. maí 1794. Að lokum var fjallað um skoðun á landinu, árfarvegi Jökulsár og Kelduár og loks dæmt:

Jörðinni Víðivöllum ytri í Fljótsdal bera hinir Svo nefndu Langhúsahólmar eða land allt sem er á millum Jökulsár og Kelduár, inn að Langhúsamúla<sup>651</sup>

Í jarðaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt ódagsett skjal sem lagt var fram í aukarétti Norður-Múlasýslu 20. maí 1887, landsyfirdómi 26. nóvember 1888 og 20. maí 1889 og yfirdómi 10. mars 1890. Þar eru skráðar ýmsar athugasemdir og tülkanir um skjöl er varða skógarrétt í Rana í landi Hrafnkelsstaða. Einkum er fjallað um orðin „fram“ og „út“ sem hafi sömu merkingu í mismunandi skjölum.<sup>652</sup>

Landamerkjalyýsing Ytri-Víðivalla ásamt hjáleigunni Klúku er dagsett 14. janúar 1884 og inniheldur undirskriftir frá 23. janúar 1884, 18. júní 1884, 19. júní 1884 og 21. september 1888. Skjalið var lagt fram í lögreglurétti Norður-Múlasýslu þann 22. júní 1891 en texti þess er svohljóðandi:

Landamerkjalyýsing Víðivalla ytri í Fljótsdal, ásamt hjáleigunnar Klúku.

Eptir gömlum eignarskjölum og vitnisburðum fyrir Víðivallalandi: að innan ræður Hagagarður, milli ytri og innri Víðivalla, og þaðan beitin úr garðinum yfir fjall og í Gilsá, – að austan ræður Gilsá, eptir því sem hún rennur, að utan, milli Hrafnkelsstaða og Víðivalla, frá Gilsá norðuryfir fjallgarð, fyrir framan (utan) Brandsöxl, beinns stefna norður í Jökulsá, að norðan ræður Jökulsá inn að ármótum og úr því ræður Kelduá inn á móts við Hagagarð.

Ítök í annara jarða lönd eru þessi: 1. Land <sup>allt</sup> sem er á milli Jökulsár og Kelduár, áfast við Langhúsamúla, eða innað honum, og alla hólma þar norðurfrá, að þeim árgranda sem liggur út í Jökulsá, eða legið hefur, fyrir norðan Húshólma. 2. Selland á Þórisstöðum í Hrafnkelsdal, og aðra selför í „Seljadal“. 3. Beit fyrir 4 eitt hundrað fjár í Hrisnesi í Valþjófsstaðalandi í mánuð; 4. Reiðingaskurð á 10 hesta í Skriðulandi, á ári; 5. Fimm stóðhrossbeit á vetur, og taki eigi folöld frá í sömu jörð; 6. Engjateig í sömu jörð, fyrir framan „skógargötur“, sem liggja ofan frá bænum. 7. Skóg allan í svokölluðu Rana, í Hrafnkelsstaðalandi, eða fyrir utan Kirkjuhamar og Fidlukletta; 8.

<sup>650</sup> Skjal nr. 2(459).

<sup>651</sup> Skjal nr. 2(419).

<sup>652</sup> Skjal nr. 2(79).

Skógarpartur í Sturluflatar skógi. 9. Stórasteinsvaðssandr, 6 hundruð faðmar, á Hérads-söndum, á milli Ketilstaðasands að austan og Jörvíkursands að vestan.

Í landi jarðarinnar Víðivalla ytri eiga aðrar jarðir þessi ítök:

1. Valþjófsstaðarkirkja: skógarteig, milli læks, sem er innan við Kálfavaðseyri og annars læks, sem er næstur þar fyrir utan, uppundir svo kallaða urð.
2. Skriðuklaustur: skógarteig fyrir utan svokallaðan Lingrima út að Hrafnkelsstaða landi, og svo langt upp, sem skógur er.

Víðivöllum og Klúku 14 Janúar 1884

Jón Einarsson. Ólafir V. Frydendahl

Að Gilsá á Gilsárdal greini lönd Hallormsstaðar og Víðivalla, samkvæmt framan-skrifaðri landamerkja lýsingu, er eg samþykkur, að því er Hallormsstað snertir.

Þingmúla 23. Janúar 1884.

Páll Pálsson þjónandi prestur að Hallormsstað.

Ítökin N<sup>o</sup> 2: Selland á Þóristöðum í Hrafnkelsdal og N<sup>o</sup> 3: Beit fyrir 100 fjár í mánuð á Hrisnesi samþykki eg fyrir hönd Valþjófsstaða.

p.t. Skriðuklaustri 18. júní 1884

Sigurðr Gunnarsson (þjónandi prestur á Valþjófsstað)

Ítök Víðivalla í Skriðuklaustursland N<sup>o</sup> 4. 5. 6. hér að framan rituð, (Reiðinga skurð, stóðhrossabeit, og Engjateig, meðkenni eg

Sæbjörn Egilsson Fyrir hönd P. Olafssonar umboðsmanns

p.t. Valþjófsstað 19. júní 1884.

Samkvæmt gjörðardómi felldum um „Langhúsahólma“ 17. okt. 1885 og bréfi stiftsyrvaldanna dags. . . . samþykki eg ítakið N<sup>o</sup> 1 í landamerkjalyýsingu þessari fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju.

Valþjófsstað, 21. sept. 1888

Sigurðr Gunnarsson<sup>653</sup>

Hinn 6. október 1897 var á fundi sáttanefndar Fljótsdalsumdæmis tekið fyrir landamerkjamál Hrafnkelsstaða annars vegar og Ytri-Víðivalla með Klúku hins vegar. Sætt varð á milli aðila þannig að landamerki jarðannar yrðu þau sem ákveðin voru með landamerkjadómi Norður-Múlasýslu, dagsettum 21. maí 1887. Landamerkin eru þannig skráð í sáttabók Fljótsdalsumdæmis 1801–1903:

Landamerki milli Víðivalla ytri og Hrafnkelsstaða í Fljótsdal skulu vera framvegis:

Úr svo nefndum Ál við Jökulsá þaðan upp í Hrosshamarssnið, síðan í dæld fyrir framan yzta hnjúkinn á fjallinu, þar sem Brandsöxl kallast frá bygð og þaðan þvert austur í Gilsá í Gilsárdal.

Sama ár og dag sem fyrr segir.

Þór Þórarinnsson

Halldór Benediktsson

(1. sáttasemjari)

(2. sáttasemjari)

<sup>653</sup> Skjal nr. 2(141).

Björgvin Vigfússon

Jon Einars son

(umboðsmaður)

Fyrir hönd ábúanda Hrafnkelsstaða

Gísli Benediktsson<sup>654</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Klúka var metin á 1.500 kr. Eigandi var Mekkín Ólafsdóttir. Fram kemur að jörðin eigi ekkert upprekstrarland eða rétt til uppreksturs á fé ábúenda. Um landamerki segir:

III. Landamerki:

Að utan, milli Víðivalla ytri og Klúku ræður vík úr kíl við „Keldá“ engjamörkum, en mörkum á beitarlandi í fjalli ræður Grænaklettslækur frá upptökum og þaðan beina línu í Gilsá. Hafa eigendur komið sér saman um landamerki þessi og farið eftir þeim um mörg undanfarin ár, en ekki er þeim þinglýst. Að framan milli Víðivalla fremri og Klúku ræður girðing landamerkjum frá „Keldá“ uppí fjall.<sup>655</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Klúku er dagsett 17. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing að Valþjófsstað 25. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Að norðan ræður Keldá.

Að framan á milli Víðivalla fremri og Klúku eru merkin úr Keldá upp Hagagarð þvert yfir fjall í Gilsá á Gilsárdal um stóran stein, sem er á Lönguhlíðarbrún.

Að utan á milli Víðivalla ytri og Klúku eru merkin úr Klúkukíl upp ytri grasdæld þá, sem er út og niðri af Klúkutúni í stein, sem er fyrir ofan grundirnar, þaðan út fyrir ofan þær í Grænaklettslæk og úr honum þvert yfir fjall í Gilsá á Gilsárdal.

Auk þess á Klúka skógarhögg út á Rana í Hrafnkellsstaðalandi, sem takmarkast af þessum merkjum:

Að utan ræður lækur sá, sem fellur niður á Gilsáreyri, úr enda hans að neðan þvert austur í Gilsá um Kiðukofatópt. Að innan Stórhöfðalækur, þar sem hann fellur niður á Gilsáreyri þvert yfir ranann í hátt standberg í Gilsárgili, skamt fyrir innan Stórabás. Bergið ber hærra en gilbrúnin í kring.

Klúku 17. des. 1921

Mekkin Ingibjörg Ólafsdóttir eigandi Klúku

Hallgrímur Jónsson eigandi Víðivalla-ytri

Tryggvi Ólafsson eigandi Víðivalla-fremri

Erlingur Þ. Sveinsson eigandi Víðivalla

Jón Jónasson eigandi Víðivalla<sup>656</sup>

### 5.10.5 Fremri-Víðivellir í Fljótsdal

Við manntalsþing að Valþjófsstað 30. maí 1794 var birt lögfesta klausturhaldarans á Skriðuklaustri G. Pálssonar fyrir jörðunum Hrafnkelsstöðum, Fremri-Víðivöllum, Víðivallagerði og Sturluflöt.<sup>657</sup>

<sup>654</sup> Skjal nr. 2(163).

<sup>655</sup> Skjal nr. 2(57).

<sup>656</sup> Skjal nr. 2(24).

<sup>657</sup> Skjal nr. 2(408).

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Fremri-Víðivalla ekki tilgreindur. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>658</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Fremri-Víðivellir skoðuð 17. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki jarðarinnar ségir abúandinn E. Bjarnason, að hann heyrir hafi að séu: að utanverdu úr Kíl sem rennr í Kaldá í Merkgard, úr honum, og til Fialls, að framan ségist hann ekki vita umm að segja.<sup>659</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>660</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Fremri-Víðivellir skoðuð 27. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki að framan þau sömu sem Vidivallagerdis að utan; en að utan sonefndur Hagaga[r]dur úr Keldá og upp til Fialls. að nedan rædur Kældá.<sup>661</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Víðivellir fremri ekki metin sérstaklega en skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi Víðivellir fremri og Víðivallagerði verið metin sameiginlega á 12 hundruð en nú telji sýslumaður þær vera samtals 14 hundruð.<sup>662</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Víðivelli fremri:

Víðivellir fremri

talin 6<sup>hndr</sup>. – Á tödu fódrast 2 kýr og á jörðunni framfleytast 40 ær, 40 saudir, 30 lömb og 3 hestar. – Þessi jörð er ein með þeim allra lelegustu í hreppnum þegar á allt er litid. – Túnid er helstu herlegheitin enn það litla eingi sem hér er, og sem er í einu lagi, er undirorpið miklum misbresti grasvaxtar vegna aurarennslis og skridufalla og því seigt og seinunnið; hagi er lítill og mestur innan um grjóturdir og skridur, útbeit þessvegna stopul, enn landkostir í medallagi, bæði með tilliti til vetrararbeitar þá tilnær og búsmala að sumarlagi. – Þessi jörð á tiltölu til afréttar fyrir sig á svokölluðum Villíngadal; önnur eru ekki hlynnindi hennar. – Okostirnir eru einsog ávikid er aurarennslis og skriduföll, samt jarðföll er Keldáin ollir, er brítur árlega af eingjum og landi jarðarinnar til talsverðs skada. Jörðin er hæg, og álitst að 3 verkfærir menn nægi til að nota hana. – Með tilliti til kosta og ókosta jarðarinnar, var hún vyrðt á 287<sup>£</sup> 48<sup>s</sup> (: tvö hundruð áttatíu og sjö ríkisbankadali, 48 skildínga).<sup>663</sup>

Í byggingarbréfi Sigríðar Þorsteinsdóttur fyrir jörðinni Fremri-Víðivöllum, dagsettu 16. maí 1904, segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

<sup>658</sup> Skjal nr. 2(31).

<sup>659</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>660</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>661</sup> Skjal nr. 2(355).

<sup>662</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 358.

<sup>663</sup> Skjal nr. 2(49).



Að framan ræður Skriðulækur úr Keldá og austur til fjalls beina stefnu.

Að utan milli Klúku ræður svonefndur Hagagarður það sem hann nær og þaðan beina stefnu austur yfir fjallgarð allt í Gilsá í Gilsárdal sem ræður að austanverðu.

Að neðan ræður Keldá.<sup>664</sup>

Í virðingargjörð á Þjóðjörðinni Víðivöllum fremri í Fljótsdalshreppi, dagsettri 10. ágúst 1914, segir að jörðin sé 9,4 hundruð að dýrleika. Landi jarðarinnar var lýst þannig:

engjar og hagar á sléttlendi meðfram Keldá sunnanvert að fráskildum engjateig, svokölluðum „Parti“, er Þjóðjörðin Sturluflötur á í engjum jarðarinnar – og ógrösuget fjalllendi þar upp frá og afrétt á Villingadal.<sup>665</sup>

Einnig kemur fram að afréttin á Villingadal hafi verið fengin í skiptum á engjaparti við jörðina Sturluflöt en vegna staðhátta hafi jörðin lítil afnot af henni og noti hana ekki fyrir búfé ábúanda.<sup>666</sup>

Með bréfi dagsettu 12. september 1914 sendi Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslumboðs, skjöl til Stjórnarráðsins um jörðina Fremri-Víðivelli vegna beiðni ábúanda um kaup á jörðinni. Fram kemur að Víðivellir fremri hafi verið landlítill jörð en einnig orðið fyrir landspjöllum um aldamótin.<sup>667</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Víðivellir fremri var metin á 1.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðin eigi ekkert upprekstrarland fyrir afréttarfé. Eigandi hennar var Múlasýslumboð.<sup>668</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Víðivalla fremri er dagsett 1. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing að Valþjófsstað 25. júlí 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki

Víðivalla fremri í Fljótsdal, eru

Að neðan Keldá, sem skilur Langhúsaland frá Víðivallalandi. Að framanverðu Skriðulækur úr Keldá suðaustur til fjalls beina stefnu í Gilsá.

Fyrir utan land Víðivalla ræður svonefndur Hagagarður og greinir hann það frá landi Klúku. Síðan eru landamerki þaðan bein stefna suðaustur yfir fjallgarð, alt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður landamerkjum að austanverðu.

Undir Víðivelli fremri liggur Villingadalur frá Strútsá, sem skilur hann frá Sturluflatarlandi austur og suður til öræfa; að norðan og vestan við hann rennur Fellsá og Sultarranaá og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti (Suðurfelli).

Víðivöllum fr. 1. desember 1921

Tryggvi Ólafsson

<sup>664</sup> Skjal nr. 2(354).

<sup>665</sup> Skjal nr. 2(299).

<sup>666</sup> Skjal nr. 2(299).

<sup>667</sup> Skjal nr. 2(300).

<sup>668</sup> Skjal nr. 2(58).

Við undirritaðir samþykkir ofanrituðu.

Mekkin Ingibjörg Ólafsdóttir, eigandi Klúku

Sigurður Þorsteinsson Víðivallagerði, eigandi og ábúandi

Ofanskriðuð(um) landamörk(um) milli Víðivalla fremri og kirkjujarðarinnar Langhúsa er ég samþykkur

Sölvi Vigfússon, umboðsmaður Langhúsa.

Jón Jónasson eigandi Víðivalla<sup>669</sup>

### 5.10.6 Víðivallagerði í Fljótsdal

Hinn 10. desember 1793 vitnaði Eiríkur Runólfsson að skógur sem var milli Víðivallagerðis og Sturluár hafi verið brúkaður frá Valþjófsstað frá Klifalæk að utan til næsta lækjar við Sturlúa, neðan af Bjarnareyri og svo langt upp sem skógur náði.<sup>670</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 30. maí 1794 var birt lögfesta klausturhaldarans á Skriðuklaustri G. Pálssonar fyrir jörðunum Hrafnkelsstöðum, Fremri-Víðivöllum, Víðivallagerði og Sturluflöt.<sup>671</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Víðivallagerðis ekki tilgreindur. Jörðin var hjáleiga frá Ytri-Víðivöllum.<sup>672</sup>

Við úttekt á Skriðklostursjörðum var jörðin Víðivallagerði skoðuð 18. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki jardarinnar segist abúandinn heyrta hafa, að væri Sturlá að framann, enn Mógilslækur að utann. –<sup>673</sup>

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklostursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>674</sup>

Við úttekt á Skriðklostursjörðum var jörðin Víðivallagerði skoðuð 27. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki að framan er Sturlá uppá Fiall; en að utan <sup>rædur</sup> Skridulækr úr kældá og upptil Fialls.<sup>675</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Víðivallagerði ekki metin sérstaklega en skráð sem hjáleiga Skriðuklausturs. Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1696 hafi

<sup>669</sup> Skjal nr. 2(25).

<sup>670</sup> Skjal nr. 2(164).

<sup>671</sup> Skjal nr. 2(408).

<sup>672</sup> Skjal nr. 2(30).

<sup>673</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>674</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>675</sup> Skjal nr. 2(355).

Víðivellir fremri og Víðivallagerði verið metin sameiginlega á 12 hundruð en nú telji sýslumaður þær vera samtals 14 hundruð.<sup>676</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Víðivallagerði:

Víðivallagerði

talið 8<sup>hndr</sup> með Víðivallaseli. – Túnið fóðrar 3 kýr og á jörðunni framfleytast 80 ær, 90 saudir, 60 lömb og 5 hestar. – Hér er tún ekki stórt, enn grasgéfíð; eingjar, sem eru í einulagi að kalla, liggja áfastar við túnið, og eru fremur grasgéfna; hagi er hér og fremur víðlendur og grösugur; útigangur ágjætur, og landkostir yfirhöfud einsog þar sem best er í sveitinni líka afnot búsmala. – Það er til hlynninda að telja, að ennþá hefir jörðin skógarkropp nægilegt sér til kola og þarf ei að kaupa upprekstur géldfjár að sumarlagi. – Torfskéra er slæm og mótak ekki til; fénadargeymsla er ördu; smávegis gripahættur, sem og lítilsháttar aurárennsli eiga sér stað á þessari jörðu. – Til að nota öll gjædi jardarinnar álitst að nægi 6 verkfærir menn. – Jörd þessi var vyrðt á 710 (: sjö hundruð og tíu :) rbd.<sup>677</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Víðivallagerðis er dagsett 16. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Valþjófsstað 19. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Víðivallagerðis í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framanverðu Sturlá upp á fjall og svo bein stefna austur í Hraungarð og Gilsá. Að utan ræður – milli þessarar jarðar og Víðivalla fremri – Skriðulækur úr Keldá og austur til fjalls beina stefnu.

Ítak á Valþjófsstaðarkyrkja hér: allan skóg frá læknum fyrir utan Mariútungur (nú nefndar Bjarnareyrar) og til Sturluár.

Landamerki Víðivalla fremri í Fljótsdal eru hin sömu að framan sem Víðivallagerðis að utan. Fyrir utan land Víðivalla ræður svo nefndur Hagagarður, og greinir hann það frá landi Víðivalla ytri. Síðan eru landamerki þaðan beina stefnu austur yfir fjallgarð, allt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður að austanverðu.

Undir Víðivelli fremri liggur „Villingadalur“, sem nær frá Strútsá – sem aðskilur hann frá Sturluflatar landi – austur og suður til öræfa; að vestan við hann og norðan rennur Fellsá og Sultarranaá, og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafretti (Suðurfelli).

Hrafnkelsstöðum, 16. júní 1884

Sæbjörn Egilsson (fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns).

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkyrkju.

Við undirskriafaðir sameigendur jarðarinnar Víðivalla ytri erum samþykkir ofan-skrifuðum landamerkjum

Jón Einarsson

Ólafur V. Frydendal.<sup>678</sup>

Í virðingargjörð á Víðivallagerði í Fljótsdal, dagsettri 29. júní 1911, segir að jörðin sé 23,3 hundruð að nýju mati. Útengi jarðarinnar voru víðlendar sléttur á milli Keldár og fjalls. Getið er að engin afrétt sé til uppreksturs fyrir afréttarfé. Einnig segir að skógarítak það, sem samkvæmt landamerkjalýsingu jarðarinnar var eign Valþjófsstaðakirkju, sé upprætt og skógurinn blásinn upp. Að lokum var jörðin metin á 2.100

<sup>676</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 358.

<sup>677</sup> Skjal nr. 2(49).

<sup>678</sup> Skjal nr. 2(28).

kr. með öllu.<sup>679</sup> Sveinn Ólafsson, umboðsmaður Múlasýslumboðs, sendi virðingargjörðina til Stjórnarráðs Íslands með bréfi dagsettu 16. ágúst 1911 og lagði til að jörðin yrði seld fyrir 2.300 kr.<sup>680</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Víðivallagerði var metin á 1.800 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðinni fylgi ekkert upprekstrarland. Eigandi hennar var Sigurður Þorsteinsson.<sup>681</sup>

### 5.10.7 Sturluflöt í Fljótsdal

Í ódagsettri lögfestu Sturluflatar, líklega frá miðri 17. öld, segir eftirfarandi:

Eg Jon Biomsson lógfeste hier j dag Kongl. Majest. og Skriduklausturs jord Sturlaflöt vj hndr. ad dyrleika liggjande j Valþjofsstadar þyngaa. akra og sköga. Tódur og Eingiar. Hollt og hæder. vótn og veidestade. og allar þær landsnitkar sem greindre jordu filgia og filgt hafa ad fornu og niju. til þeirra jstu og fremstu landamerkia sem adrer menn eiga a möts vid hana. firerbyd eg huoriumm manne þessarar adur nefndrar jardar Eign ad brúka. sier ad nýta edur j ad vinna. edur þeirra griper. vtann mitt sie lof og leife til. Ellegar Biarna Ogmundssonar so miked sem hanns leigumála a þessare jórdu ahrærer. Legg eg eirnenn lög og döm firer þessa löd og land. huort eg nú lógfeste ad ordfullu og lógmále Riettu. ad vitne allra þeirra sem þesse niju ord heyra.<sup>682</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir kirkju að Skriðu í Fljótsdal frá 5. ágúst 1641 segir að með próventubrési frá 1485 hafi kirkjunni verið gefin jörðin Sturluflöt af Jóni Ólafssyni. Þá segir að hálf jörðin Sturluflöt hafi árið 1497 verið keypt fyrir Gröf í Vesturárdal.<sup>683</sup> Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 28. ágúst 1706. Þar segir einnig frá lögfestu Sturluflatar og Hrafnkelsstaða sem Jón Björnsson lógfesti, en það hafi verið án votta og ártal.<sup>684</sup>

Við manntalsþing að Valþjofsstað 30. maí 1794 var birt lögfesta klausturhaldarans á Skriðuklaustri G. Pálssonar fyrir jörðunum Hrafnkelsstöðum, Fremri-Víðivöllum, Víðivallagerði og Sturluflöt.<sup>685</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Sturluflatar metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Skriðuklaustursumboð.<sup>686</sup>

Við úttekt á Skriðklostursjörðum var jörðin Sturluflöt skoðuð 17. september 1828. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki hennar eru Sturlá ad ~~nord~~anverdu og Fellsá ad framann, Kéldá ad nordann. —<sup>687</sup>

<sup>679</sup> Skjal nr. 2(301).

<sup>680</sup> Skjal nr. 2(302).

<sup>681</sup> Skjal nr. 2(59).

<sup>682</sup> Skjal nr. 2(352).

<sup>683</sup> Skjal nr. 2(197).

<sup>684</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>685</sup> Skjal nr. 2(408).

<sup>686</sup> Skjal nr. 2(29).

<sup>687</sup> Skjal nr. 2(382).

Úttektarmennirnir Jón Jónsson og Jón Árnason staðfestu úttektir sínar á Skriðuklaustursjörðum við aukarétt að Ketilsstöðum 2. október 1828. Í dóma- og þingbók Norður-Múlasýslu 1804–1829 var þann 12. mars 1829 skráð að Johnson amtmaður hafi með bréfi dagsettu 21. febrúar 1829 lýst sig óánægðan með úttektirnar. Sýslumaðurinn Páll Melsted skráði svo að réttur amtsins væri að taka þær til rannsóknar og álits á kostnað Bergvins Þorbergssonar umboðsmanns og dánarbús Guðmundar Pálssonar.<sup>688</sup>

Við úttekt á Skriðuklaustursjörðum var jörðin Sturluflöt skoðuð 26. apríl 1841. Þar vitnaðist eftirfarandi um landamerki hennar:

Landamerki kvedst ábuandin hafa heyrð: að nedan Kéldá að utan Sturlá uppfyrir brúnir að innan Strútsá uppa heidi sem liggur ofan við landid alt austur að hraungardi. Mælt er og að jörðinni tilheyri landspartur fyrir utan Sturlá enn mörk hans eru öviss; sama er að segja um Villingadal.<sup>689</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sturluflöt metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Skriðuklaustursumboðs.<sup>690</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sturluflöt:

Sturluflötur

Túnid fóðrar 1 kú, og á jörðunni má hafa 30 ær, 30 saudi, 20 lömb og 3 hesta. – Túnid má heita adalágjæti þessarar jardar; engi er hér ekkert í heimalandi, enn lítillfjörlegann eingjablett (: 6 á 8 hesta :) á jörð þessi í Víðivalla fremri landi; haglendid, sem að vísu ekki er mjög lítid, að stærð, getur ei ordid að neinum sérlegum notum vegna heyskaparleysisins, sem takmarkar svo öldungis gripastólinn, þar hér er einnig vetrarríki og því mjög brygdull útigangur, enn afnot af þeim fáu sképnum sem hér verda hafdar eru með betra móti, því landkostir eru fremur gódir. – Hlynnindi er hér eingin nema hinn áminnsti eingjablettur í Víðivalla fremri landi, og hvörki torfskera né mótak. – Lítilsháttar landspjöll eru hér af grófum og aurárennsli. – Nægilegt lid til að nota kotid, álitst að vera 3 verkfærir menn. – Jörðin var vyrðt á 175 (: hundrað sjötú og fim :) rbd.<sup>691</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Sturluflatar er dagsett 18. júní 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Valþjófsstað 19. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Sturluflatar í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framan ~~Keldá~~ Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturluá uppfyrir brúnir og síðan bein stefna austur í Hraun.

Sturluflötur á ítak í engjum Víðivalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svo nefndan Engjatanga; að ofan verðu greina þetta ítak. Marksteinar, frá engjum Víðivalla, og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.

St. á Skriðuklaustri, 18. júní 1884

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd P. Ólafssonar umboðsmanns

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðakýkju.<sup>692</sup>

<sup>688</sup> Skjal nr. 2(382).

<sup>689</sup> Skjal nr. 2(355).

<sup>690</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 358.

<sup>691</sup> Skjal nr. 2(49).

<sup>692</sup> Skjal nr. 2(26).

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sturluflöt var metin á 1.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Eigandi hennar var Múlasýslumboð.<sup>693</sup>

Önnur landamerkjaskrá jarðarinnar Sturluflatar er dagsett 16. desember 1921 en hún var þinglesin við manntalsþing að Valþjófsstað 25. júlí 1925. Efni hennar er svohljóðandi:

Að neðan Keldá, að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturlá upp fyrir brúnir og síðan bein stefna austur á Hraun.

Sturluflöt á ítök í engjum Víðivalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svonefndan Engjatanga. Að ofanverðu greina ítak þetta marksteinar frá engjum Víðivalla og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.

Sturluflöt 16. desember 1921

Kári Guðmundsson

Við undirritaðir vottum að ofanrituð landamerkjalyking sé rétt:

Sigurður Þorsteinsson Víðivallagerði

Fyrir hönd Valþjófsstaðark. (Kiðufell)

Valþjófsstað 10/12 '21

Þór. Þórarinsson

Hvað viðvíkur Þorgerðarstöðum er lýsingin rétt.

Einar Sv. Magnússon Þorgerðarstöðum<sup>694</sup>

## 5.11 Nærleggjandi jarðir í Geitdal og Skriðdal

### 5.11.1 Flaga í Skriðdal

Í máldaga Vilchins fyrir Ólafskirkju að Þingmúla frá um 1397 segir að kirkjan hafi átt jörðina Flögu í Skriðdal.<sup>695</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar.<sup>696</sup>

Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 segir eftirfarandi um landamerki Flögu:

12 Augusti Olaffs kuirka J müla J Skriddal ä Heimaland allt med þeim vmmerkium er Sera Gissur Gýslason tilseiger Sig hallded og hafft haffa

[...]

flogu .6. Hundrud med þess um landamerkium, framm J marklæk og rettsyness offan J Geitdalz Ä og Suo ä fiall vpp enn vtfrä vt J Þüfu og offan J lækinn sem rennur fyrer framan flögu eyre offan J äna<sup>697</sup>

<sup>693</sup> Skjal nr. 2(60).

<sup>694</sup> Skjal nr. 2(27).

<sup>695</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 203–204, skjal nr. 4(33).

<sup>696</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 685, skjal nr. 4(34).

<sup>697</sup> Skjal nr. 2(199).

Í prófastsvísitasíu frá 7. júní 1852 eru taldar upp kirkjujarðir Þingmúla, s.s. Borg með Stefánsstöðum og Flaga í Skriðdal.<sup>698</sup> Sömu upplýsingar um eignir og ítök kirkjunnar, sem getið er í eldri vísitasíum, er fjallað um í úttekt Þingmúlakirkju frá 2. október 1862. Þar er að vísu ekki fjallað um jörðina Flögu í Skriðdal.<sup>699</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Flögu metinn sex hundruð. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja.<sup>700</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Flaga metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem eign Þingmúlakirkju.<sup>701</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Flögu:

12. Flaga

Túnid er í betra meðallagi eptir dýrleika jarðarinnar, slægiur góðar, útbeit slæm, hætt við áföllum af vatnságangi, landid er lítid. Þessa jörd meta vyrðingarmenn á 300<sup>rd</sup>.<sup>702</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Flögu er dagsett 15. maí 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki kirkjujarðarinnar Flögu í Skriðdal:

að innan ræður merkilækurinn sem fellur ofan utan til úr „Grafarbotni“, og niður úr brekkunum og þaðan bein stefna í „Merkiþúfu“ sem nefndi er í blánni og ofan í Geitdalsá, en að utan ræður bein stefna úr hrauni uppí hálsbrúninni, sem „Þúfa“ er nefnd, og í „Grafarlæksós“ þar sem lækurinn fellur í ána; að austan ræður Geitdalsá gagnvart Þingmúla, og að ofan móti Hallormsstað hálsbrúnnin að austan.

Flögu 15. maí 1883.

GEinarson.

Fyrir hönd Þingmúla og Hallormsstaðar samþykkir.

Þingmúla 31. maí 1884

Páll Pálsson

Fyrir hönd Mýra samþykkir

Þjetur Guðmundss.

Fyrir hönd Þorvaldsstaða samþykkir

Benidikt Eyjólfsson.<sup>703</sup>

Við aukarétt 15. september 1916 voru Stefán Þórarinsson bóndi og Jón Runólfsson oddviti útnefndir til að meta jarðirnar Flögu og Geirólfsstaði í Skriðdalshreppi.<sup>704</sup>

Í virðingargjörð á kirkjujörðinni Flögu í Skriðdal, dagsettri 10. júlí 1917 og sem lögð var fram í aukarétti Suður-Múlasýslu hinn 12. júlí sama ár, segir að jörðin sé að nýju mati 9,8 hundruð að dýrleika. Um útengi segir að jörðin hafi þau liggjandi um allt landið

<sup>698</sup> Skjal nr. 2(245).

<sup>699</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>700</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>701</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>702</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>703</sup> Skjöl nr. 2(2) og 2(377).

<sup>704</sup> Skjal nr. 2(388).

en hið samfellda engjastykki var kallað „Flögublá“. Jörðinni fylgdi hvorki afrétt né sérstök hlunnindi. Að lokum var jörðin metin á 3.200 kr. með öllu.<sup>705</sup>

Við aukarétt að Arnhólsstöðum 12. júlí 1917 var tekið fyrir að staðfesta matsgjörð fyrir kirkjújörðinni Flögu í Skriðdalshreppi. Matsgjörðin, dagsett 10. júlí 1917, var framlögð og staðfest.<sup>706</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Flaga var metin á 2.500 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Þingmúlakirkja.<sup>707</sup>

Með afsali dagsettu 7. nóvember 1918 seldi ráðherra Íslands Sigríði Guðmundsdóttur jörðina Flögu í Skriðdalshreppi, 9,8 hundruð að nýju mat, fyrir 4.750 kr.<sup>708</sup> Afsalið var þinglesið við manntalsþing að Arnhólsstöðum 7. júlí 1919. Þar er skráð að kaupverðið hafi verið 4.250 kr.<sup>709</sup>

### 5.11.2 Þorvaldsstaðir í Skriðdal

Hinn 1. mars 1547 seldi Eiríkur bóndi Snjólfsson jörðina Þorvaldsstaði í Skriðdal til Bjarna bónda Erlendssonar fyrir hálfan Hnefilsdal og fjögur hundruð að auki.<sup>710</sup>

Hinn 17. maí 1580 fóru fram skipti á arfi Guðríðar Þorsteinsdóttur til dætra hennar, Vilborgar og Málfríðar Bjarnardætra. Skiptin urðu þannig að Vilborg fékk meðal annars jarðirnar Sandfell, Þorvaldsstaði, Geitdal, Sandbrekku, Eskifjörð, hálfu Ketilsstaði og Tunghaga, en Málfríður fékk meðal annars hálfan Mjóafjörð, hálfu Ketilsstaði og Útnyrðingsstaði.<sup>711</sup>

Í bókinni *Jarðabréf frá 16. og 17. öld* segir frá ódagsettu skjali þar sem sr. Bjarni Einarsson lýsti því yfir að hann ætti engin skjöl fyrir 92 álnum í Þorvaldsstöðum, eign Jóns Bergssonar.<sup>712</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 er dýrleiki Þorvaldsstaða metinn 18 hundruð. Eigandi jarðarinnar var Sigurður Pétursson sýslumaður.<sup>713</sup>

Við manntalsþing að Þingmúla 27. júní 1816 var upplesið makaskipta- og kaupbréf milli Jóns Runólfssonar á Þorvaldsstöðum og Magnúsar Jónssonar á Hallgeirsstöðum, dagsett 17. október 1815, þar sem þeir makaskiptu ábylisjörðum þannig að Jón afhenti Magnúsi hálfu jörðina Hallgeirsstaði fyrir níu hundruð í Þorvaldsstöðum og þá keypti

<sup>705</sup> Skjal nr. 2(303).

<sup>706</sup> Skjal nr. 2(392).

<sup>707</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>708</sup> Skjal nr. 2(304).

<sup>709</sup> Skjal nr. 2(393).

<sup>710</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn XI*, bls. 539–540, skjal nr. 4(62).

<sup>711</sup> Skjal nr. 2(369).

<sup>712</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 273, skjal H-10.

<sup>713</sup> Skjal nr. 2(39).



Jón eitt hundrað í Þorvaldsstöðum fyrir 30 spesíur.<sup>714</sup> Bréfið var einnig upplesið við manntalsþing að Fossvöllum 6. júlí 1816.<sup>715</sup>

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þorvaldsstaðir metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.<sup>716</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Þorvaldsstaði:

11 Þorvaldsstaðir

einn vyrðingarmanna Runólfur Guðmundsson á part í þessari jörð og er því ekki með að mati hennar. Túnid er gott, eingiar eins enn haglétt og eingiar eru undirorpnar skemdum fyrir vatns aðgáng, útbeit vart í medallagi, hættur fyrir fé og hesta. Þessa jörð meta vyrðingarmenn á 500<sup>tbl</sup>.<sup>717</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þorvaldsstaða er dagsett 31. maí 1883 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjalyýsing

jarðarinnar Þorvaldsstaða í Skriðdal.

Að austan gagnvart Þingmúla ræður Geitdalsá, að utan gagnvart Flögu ræður „merkilækur“ sem fellur ofan utantil úr „Grafarbotni“ niður úr brekkunum, og þaðan bein stefna í „Merkjabúfu“ sem nefnd er í blánni og ofan í Geitdalsá; að ofan gagnvart Hallormsstað ræður „Hraungarður“ þar sem hann ber hæzt innað Geitdalslandi, og að innan gagnvart Geitdal ræður „Marká“ eins og hún nú fellur, alla leið ofan úr hálsbrún niður í Geitdalsá.

Þorvaldsstöðum 31. Maí 1884.

Benidikt Eyjólfsson

Fyrir hönd Geitdals samþykkur

Þjetur Guðmundson

Fyrir hönd Þingmúla, Flögu og Hallormsstaðar samþykkur

Þingmúla 31. maí 1884.

Páll Pálsson.<sup>718</sup>

Í undirmati að fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Þorvaldsstaðir var metin á 4.000 kr. Tilgreint er að landamerkjum jarðarinnar hafi verið þinglýst. Fram kemur að jörðina skorti upprekstrarland. Eigandi jarðarinnar var Benedikt Eyjólfsson.<sup>719</sup>

<sup>714</sup> Skjal nr. 2(397).

<sup>715</sup> Skjal nr. 2(395).

<sup>716</sup> Skjal nr. 4(1), bls. 371.

<sup>717</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>718</sup> Skjöl nr. 2(3) og 2(377).

<sup>719</sup> Skjal nr. 2(67).

## 5.12 Eignir og ítök kirkna

### 5.12.1 Valþjófsstaður í Fljótsdal<sup>720</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Mariukirkju á Valþjófsstað frá um 1397 segir m.a.:

Mariu kirkia á walþiofstodum á heimaland allt.

mulaland milli merkigardz oc wt fra aRnnallztôdum oc þess merkigardz sem wt er fra gnufsstôdum.

Þorgerdarstade.

fiordung i aRnneidarstôdum.

land vnder kleif fram fra þuRidarstôdum vnder iokla med ollum gædum. wtan skog.

selland at laugarhusum.

fiordund j kelldudal.

backaskog i wideualla land. oc alla skoga fra lækium fyrir wtan mariutungur oc til sturloæR.

skogarteig wt fra ytRum wideuöllum. skogarteig j hrafinkelstada land.

bwdar tungo. slefhollz teig.

[...]

jördina arnnhallzstadi j fliotz dal xvj. hundrvt.

halfa jörd hrollaugstadi xij. c. koma her af xx. hundrvt j porcionem medan stadinn helt.<sup>721</sup>

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Valþjófsstaðarkirkju:

Kirkian að Valthioffsstaðum. ä heimaland alltt. Mulaland alltt. mille merkegardz vt fra Arnalldz stôdum og thess merkegards, sem vt er frá Gnupstôdum. Thorgerdarstade. Jördina Arnalldzstade. i Fliotz dal. hálffa Hrollaugsstade. fiordung i Arneidarstôdum. Land vnder Kleiff frammi frá Thuridarstôdum vnder Jokla med öllum giædmu. [svö] vtan skög. Selland að Laugarhusum. h[älffan] fiordung i Kielldudal. Backaskög i Vijdevallaland. og alla sköga frá Lækium fjrrer vtann Mariutungur og til Stulla är. Skögarteig vt frá ijtrum Vijdevöllum. Skogarteig i Hrafinkelstadaland. Budartungur. Sleffhollttzteigar.<sup>722</sup>

Í biskupsvísitásiu fyrir Mariukirkju að Valþjófsstað frá 1641 segir meðal annars:

Mariu kyrkia að valþiöfstôdum ä Heimaland alltt effter gomlum kyrkunnar maldaga huor ed samann var lesinn vid Wilchins mäldaga, under godra manna heirn og bar ei mun ä milli, var það bref fyrer skrifad af 6 mönnum effter Registrum kyrkunar J Skalholti, Mulaland milli merkigards, ut fra Arnalldstodum, og þess merkigards sem er üt frá Gnupstôdum kallast nu að meiningu Glumstader, þorgeirdarstader leigd 4 ærgilldum, fiórdung J Arneidarstodum. mote Christ fienu, leiga halfft fiórda ærgilldi, land under kleif frammi frá þurydarstôdum under Jokla med öllum giædum, utan skóg, enn að gómlu hefðar halldi fylger nu Skógur landi, Selland að laugar húsom Fiórdung J kelldudal, Backaskog J Viduallalandi Og alla skoga frá lækum, fyrer utann Marju tungur Og til Sturlu är, Skogarteig ut fra ytri Viduóllum, Skogarteig J Hrafinkelstada

<sup>720</sup> Hér er einkum gerð grein fyrir heimildum sem varða eignir og ítök Valþjófsstaðar á því svæði sem mál nr. 3/2022 varðar, auk helstu heimilda um heimaland staðarins og nágrenni.

<sup>721</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 209–212, skjal nr. 4(27).

<sup>722</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 681, skjal nr. 4(29).

land Budar tungu, Slefhollsteyg, Þurjardarstade leigd ij hndr. Arnóld Stade leigd sio ærgilldum

[...]

Vitnisburdur Gissurar Helgasonar, ad Ei heirdi fra Ellefu Ara all dri J reiknud 32 är, nóckurn eiga, neina Jtolu framm ä Stadar Oræfi Utan hundrad lamba rekstur Frä Skridu J Mariu tungur. Enn Staturinn ætte <sup>J Staden</sup> uppa xx hesta tórf Skurd, Arlega J Skridu Land. Og einginn hafe leifis laust Rekid Nefndann tima, framm af Seliadal eda under ~~Sandfell~~ Snæfell. Og eigi hin Nyr dri Oræfinn, Vtann busmala Rekstur, Sem J Selium var hafdur, Datum Valþiofsstad 1552 Med halfu hangandi Jnnsigli. Vitnisburdur kollgrijms prests kodranssonar, ad Halldid Hafi Valþiofsstad J Tolf aar, og eingi Rekid lómb edur annat Fie framm ä Oræfi Nyr dri Nie Sj dre. Nema J Sýnu leifi. Og ongvann pening utann Lamba Rekstur frá Skridu J Mariu tungur Enn fra Ongre Jórd annarj. Datum Vallanesi, 1514 Med heilu og hangandi Jnnsigli

Raderadur vitnisburdur uitnisburdur ~~milli~~ umm Stadarins eign milli Jokuls är og Snæfells, Datum 1552 ä Hófteigi med Heilu og hangandi Jnsigle

Domsbref uppá fyrrskrifada vitnisburdi ad Nyter Sieu, Og Hrafnkels dalur og Oræfi, millum Jokuls anna beggia, Sieu eign Valþiofs Stadar Datum Egelstóðum 1621 domarar S Olafur Einarsson profastur Og Arni Magnusson Syslumadur med þeirra underskriftum og Sex domsmanna

Landamerki Stadarins ad framann, mula land milli merkigards ut fra Arnalldstodum, Og þess merkigards sem er ut frá Gnupstóðum, Þetta fyrer Sunnan Jokulsaa. Enn fyrer nordann framm J þann gard. Sem liggur fyrer utann Liösar Og landamerki deyley milli Valþiofsstadar og Þurjardarstada, Þeitta ad framann. Enn ad Vestann Rædur fiallid, ad utann ur Fiallinu J Griothrygginn Sem ofan effter liggur Fiallinu Þadan ofan effter merkia gardi. J Jokuls aa enn hun rædur ad austann Enn aa Landamerki um kyrkiunnar Jarda. Lofar presturinn S Einar Þoruardsson grein ad giöra Þad frekasta hefdar uitni uita. Og Senda til Skalhólts ad næst komanda Alþýngi 1642 Seinast<sup>723</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 23. júlí 1748 segir að kirkjan haldi sínum réttindum.<sup>724</sup>

Hinn 10. desember 1793 vitnaði Eiríkur Runólfsson að skógur sem var milli Víði-vallagerðis og Sturluár hefði verið brúkaður frá Valþjófsstað frá Klifalæk að utan til næsta lækjar við Sturluá, neðan af Bjarnareyri og svo langt upp sem skógur náði.<sup>725</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 30. maí 1794 var birt lögfesta sr. V. Ormssonar þar sem hann lögfesti Valþjófsstað og allt mensalgóss sem þar lá undir.<sup>726</sup>

Í jarðamati Norður-Múlasýslu 1849–1850 var jörðin Valþjófsstaður metin með eyði-býlunum Hvammi og Görðum. Jörðin var virt á 2.000 ríkisbankadali en eftirfarandi er skráð í jarðamatið um Valþjófsstað:

Tún stadarins er stórt, víða fremur graslítid, seigt og seinunnid. – Eingi er mest innifalid í kringskefjum túnsins og túnbala þeim sem er á eydihjáleigunni Hvammi, enn hinn annar útheysabli fæst með samtíningi hér og hvar um landid, mest innan um grjót og sand. – Heimaland stadarins er stórt og fremur allt grasgéfíd, enn þó er útbeit fyrir saudpening létt, enn fyrir hesta góð, eins og landkostir fyrir saudpening léttægir, enn fyrir kýr gódir að sumarlagi. – Hlynnindi eru hin víðlendu öræfi er staturinn á hér og hvar umhverfis og innaf sveitinni, og sem stadarhaldarinn lánar þeim ábuendum í hreppnum, er ekki hafa sumarhagbeit fyrir géldfé sitt, til uppreksturs mót vissu

<sup>723</sup> Skjal nr. 2(470).

<sup>724</sup> Skjöl nr. 2(471)–2(472).

<sup>725</sup> Skjal nr. 2(164).

<sup>726</sup> Skjal nr. 2(408).

endurgjaldi, er nemur árlega 10 hndr. afgangi í jörðu. – Skógarítök þau er staurinn á, eru að vísu að mestu geingin til þurðar, enn veita þó stadarhaldaranum ennþá nægilegt tróð og kol til eigin brúkonar; Þrjú rekaítök er staurinn á hér og hvar við sjáfarsíðuna, veita honum stadfasta inntekt af sem svarar 4½ hundrudum. – Torfskéra er rétt góð, enn mótak ekki til. – Ördugleiki er hér mikill við fénadargeymslu allt árid um kring og yfirhöfud er staurinn ördugur og fólksfrekur. – Ókostir eru skriduföll og nokkurt sandfok á eingi og haga til árlegra skémda.<sup>727</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 31. júlí 1850 segir frá Felli fram til jökla, sem líklega sé Kíðufell milli Kelduár og Fellsár, skógarréttindum í landi Víðivalla ytri, Víðivallagerðis og Hrafnkelsstaða og enn fremur segir frá Búðartungum:

Stadarhaldarin tilkynnir, að eptir hefðarhaldi tilheyri kirkjunni sokallað Fell framtil jökla, – líkl. hið sama sem í gamla daga var kallað Kyðafell, og liggur á milli Kelduár að vestanverðu og Fellsár að austanverðu; fjórðung í Kéldudal, sem engin veit hvar er. – Bakkaskóg í Víðivallaland, – sem nú er eyddur – alla skóga frá lækjunum fyrir utan Maríutúngur og til Sturluár, – sem nú nefnist Selskógur, í Víðivallagerðislandi, frá Lækjum fyrir utan Bjarnaeyri og fram til Sturluár – skógarteig út frá ytrum Víðivöllum – nær því eyddur. – skógarteig í Hrafnkelsstaðaland – án þess ummerki séu tilgreind – Búðartúngur, – sem ekki lengi hafa verið notaðar – Stefholsteiga – veit engi hvar er – Hvalreka alla á Sverristeig, – sem engi veit hvar sér á stað.<sup>728</sup>

Við manntalsþing að Valþjófsstað 23. maí 1856 var þinglesin lögfesta fyrir Valþjófsstaðarkirkjueign, dagsett 30. maí 1794. Eigandi Víðivalla mótmælti henni að því er snerti hólmana milli Jökulsár og Keldár.<sup>729</sup>

Við politierétt að Valþjófsstað 21. september 1860 var tekið fyrir próf yfir prestinum Pétri Jónssyni á Valþjófsstað og húsmönnum hans viðvíkjandi aðtekt þeirra í Hrafnkelsstaðaskógi.<sup>730</sup> Málið var aftur tekið fyrir 13. október 1860 og 5. desember 1860. Nokkur vitni gáfu skýrslu og þá voru framlögð nokkur skjöl, þar á meðal máldagi Vilchins fyrir skógarteigi Valþjófsstaðarkirkju í Hrafnkelsstaðalandi.<sup>731</sup>

Landamerkjalyásing Valþjófsstaðar er dagsett 6. júní 1885 en hún var þinglesin 8. júní 1885. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerkjalyásing Valþjófsstaðarkirkjueignar, þ.e. heimastaðarins og undirliggjandi jarða með Hrafnkelsdal og örafum öllum.

Að utan, gagnvart Skriðuklaustri, ræður merkigarður sá, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki, og liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjalli; þaðan sjónhending upp á fjall. Þá í stóran stein sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal. Að norðan og vestan ræður Jökulsá á Jökuldal inn í Vatnajökul. Að austan og sunnan Jökulsá í Fljótsdal inn í Vatnajökul.

Landamörk Valþjófsstaðar heimalands með hjáleigunni „Hóli“ eru: að utan gegn Skriðuklaustri þau, er fyrir greinir; en að framan ráða mörk úr Klifaklett við Jökulsá, þaðan bein stefna í vörðu á Selhlíð, þaðan í Grástein, þá sömu stefnu norður svo langt sem heimaland nær. Að austan eða sunnan ræður Jökulsá.

<sup>727</sup> Skjal nr. 2(467).

<sup>728</sup> Skjal nr. 2(472).

<sup>729</sup> Skjal nr. 2(437).

<sup>730</sup> Skjal nr. 2(441).

<sup>731</sup> Skjöl nr. 2(442)–2(443).

Valþjófsstað, 6. júní 1885

Sigurður Gunnarsson (fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju)

Jón Einarsson (eigandi Víðivalla ytri)

Sæbjörn Egilsson (í umboði Páls Ólafssonar).

Helgi Hermannsson meðeigandi Glúmsstaða – handsalað.

Friðrik Eiríksson meðeigandi Glúmsstaða – handsalað.<sup>732</sup>

Í landamerkjabók Norður-Múlasýslu 1883–1951 er fært inn skjal um ítök Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal. Skjalið er dagsett 6. júní 1885 og var þinglesið 8. júní 1885. Efni þess er svohljóðandi:

Ítök Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal.

Svokallað Fell eður Suðurfell, sem liggur á millum Kelduár og Fellsár allt fram til jökla.

Skógarítak millum Sturluár og lækjar þess, sem kemur ofan af fjallsbrún og rennur í farveg beint ofan fjallið. Til einkennis er hlaðin hjá honum grjótvarða þar sem hann kemur úr fjallinu.

Skógarteigur út frá ytri Víðivöllum.

Valþjófsstað, 6. júní 1885.

Sigurður Gunnarsson (fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju)

Jón Einarsson (eigandi Víðivalla ytri)

Sæbjörn Egilsson (í umboði Páls Ólafssonar).

[...]

Ítök sem aðrir eiga í Valþjófsstaðarkirkjuland:

Víðivellir ytri eiga:

Selland að Þórisstöðum í Hrafnkelsdal.

Selför í Seljadal.

Fjárgöngu fyrir 100 fjár í mánuð í Hrínsnesi.

Valþjófsstað, 6. júní 1885

Sigurður Gunnarsson.<sup>733</sup>

Í biskupsvísitasíu frá 20. júlí 1890 segir að eignir Valþjófsstaðarkirkju hafi verið þær sömu og taldar voru upp í biskupsvísitasíu 31. júlí 1850, nema Langhúshólmar hafi verið undangengnir með gjörðardómi 17. október 1885. Þá hafi Ranaskógur verið undangenginn með dómi en hvalreki í Vöðlavík, áður Krossvík, verið staðfestur með undirdómi sem eign kirkjunnar.<sup>734</sup>

Í undirmati að fasteignamati Norður-Múlasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Valþjófsstaður var metin á 6.500 kr. Um landamerki Valþjófsstaðar segir að þau séu

<sup>732</sup> Skjöl nr. 2(465) og 2(475).

<sup>733</sup> Skjöl nr. 2(465) og 2(476).

<sup>734</sup> Skjal nr. 2(473).

innfærð í landamerkjabók sýslunnar með hjáleigunni Hóli og þinglesin 8. júní 1885.

Um önnur jarðargæði segir:

1. Jörðinni fylgja afréttarlöndin: Fell, Vesturöræfi, 1/3 Rana og Suðurfell. Gefa þau af sér að sögn ábúanda um 50 kr. í upprekstartoll árlega.
2. Trjáviðarreki við Héraðssanda fylgir jörðinni er líklega mætti leigja fyrir c: 10-12 kr. afgjald.
3. Hrossaganga á vetrum mun gefa af sér nokkrar tekjur.
4. Byggingarefni, grjót, mól og sandur nægil. og nærtækt og torfrista sæmileg.
5. Neysluvatn er leitt í bæ og fjós um galv.s. járnþípúr.
6. Jörðin á skógarítak í landi Víðivalla-ytri og annað milli „Sturlár“ og lækjar þess er kemur af fjallsbrún og rennur beint ofan fjallið. Til einkennis er hlaðin við hann grjótvarða, þar, sem hann kemur úr fjallinu; samanbr. Landam.bók N.m.s. bls. 68. Ítök þessi eru nú einskis virði.<sup>735</sup>

### 5.12.2 Heydalakirkja í Breiðdal<sup>736</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Stephanuskirkju í Heydölum frá um 1397 segir að kirkjan eigi m.a.: „Skog hia Skriduvatni er leingi hefur fylgt“.<sup>737</sup> Hið sama kemur fram í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 fyrir Heydalakirkju og biskupsvísitasiu fyrir Heydalakirkju frá 21. ágúst 1641.<sup>738</sup> Skógar hjá Skriðuvatni er m.a. einnig getið undir lið um eignir og ítök í kirkjubók Heydalakirkju yfir tekjur hennar og útgjöld árið 1748.<sup>739</sup>

Hinn 10. júní 1787 lögfesti Gísli Sigurðsson land Heydala. Þar er getið ýmissa kirkjujarða, landamerkja þeirra og réttinda, m.a. skógar hjá Skriðuvatni.<sup>740</sup>

Hinn 12. janúar 1837 skrifaði sr. Engilbert Þórðarson í Þingmúla til biskups um skógarlandið Víðirgróf og sagði Heydalamenn hafa sótt í það of mikið.<sup>741</sup> Biskup svaraði bréfi sr. Engilberts þann 21. mars 1837 og sagði að örnefnið Víðirgróf kæmi ekki fram í máldögum Heydala- eða Þingmúlakirkna og því hefði hann ekki tók á að leysa úr málinu. Með bréfinu fylgdi útdráttur úr máldögum Heydalakirkju. Þá sagðist biskup hafa skrifað amtmanni um að sýslumenn aðstoði við að verja réttindi kirknanna.<sup>742</sup> Hinn 12. ágúst 1837 skrifaði biskup til sr. Guttorms Pálssonar og sr. Guttormi Þorsteinssonar um kvartanir sr. Engilberts. Biskup kvaðst hafa skrifað amtmanni bréf þann 21. mars 1837 um efnið og að amtmaður hafi svarað erindinu þann 15. júlí sama ár.<sup>743</sup>

<sup>735</sup> Skjal nr. 2(468).

<sup>736</sup> Hér er einungis gerð grein fyrir þeim heimildum um Heydalakirkju sem varða ítök hennar í Skriðdal.

<sup>737</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 229, skjal nr. 4(22).

<sup>738</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 693, skjal nr. 4(24); og skjal nr. 2(193).

<sup>739</sup> Skjöl nr. 2(228).

<sup>740</sup> Skjal nr. 2(168).

<sup>741</sup> Skjal nr. 2(327).

<sup>742</sup> Skjal nr. 2(350).

<sup>743</sup> Skjal nr. 2(349).

Í skýrslu sr. Snorra Brynjólfssonar á Heydölum, dagsettri 1. júní 1839, yfir inntektir Heydalsprestakalls er m.a. fjallað um skógarteig hjá Skriðuvatni.<sup>744</sup>

Hinn 16. október 1848 skrifaði sr. Hallgrímur Jónsson á Hólum til biskups um skóga sem tilheyrðu kirkjum í Suður-Múlaprófastsdæmi. Þar kemur fram að Heydala-kirkju tilheyrir skógur hjá Skriðuvatni, sem liggir í Víðirgróf inn af Skriðdal. Þá segir að ummerki skógarsins séu hvergi tilgreind í eignarskjölum kirkjunnar.<sup>745</sup>

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um jörðina Heydali að undir hana liggir „lítilfjörleg skógarítök í Gilsárlandi og Víðirgróf“.<sup>746</sup>

Í skýrslu sr. Benedikts Þórarinssonar á Heydölum, dagsettri 18. maí 1854, um tekjur og útgjöld Heydalaprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1849–1853 segir um skógarteig við Skriðuvatn:

2. Tekjur af ískyldum, ítökum og hlunnindum, sem fylgja prestakallinu eptir Wilchíns og Gísla máldögum

[...]

b. Skóg hjá Skriðuvatni“. hefir, vegna fjarlægðar, sjaldann verið notaður, en aldrei leigður, nú nærfelt gjöreyddur, gétr því ekki talist framvegis.<sup>747</sup>

Landamerkjaskrá jarðarinnar Heydala er dagsett 29. apríl 1884 en hún var þinglesin við manntalsþing að Heydölum 27. júní 1884. Þar segir m.a.: „sömuleiðis á kirkjan skóg hjá „Skriðuvatni“, sem lengi hefur fylgt, en er nú eyðilagður“.<sup>748</sup>

<sup>744</sup> Skjal nr. 2(325).

<sup>745</sup> Skjal nr. 2(343).

<sup>746</sup> Skjal nr. 2(52).

<sup>747</sup> Skjal nr. 2(333).

<sup>748</sup> Skjöl nr. 2(11) og 2(436).

## 6 SJÓNARMÍÐ AÐILA

### 6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til séu landsvæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 11 séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður og önnur atriði sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að þau kröfusvæði sem fjallað sé um í greinargerð ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu hafi náð. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, sem afréttarlönd eða til annarra sambærilegra nota. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tiltekna kirkjur eða jarðir hafi kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi kirkjur eða jarðir hafi verið tilkomnar að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli.

Að því er varðar öll kröfusvæðin er af hálfu ríkisins horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað. Í greinargerð ríkisins er að öðru leyti fjallað um helstu heimildir, röksemdir og önnur atriði sem teljist styðja kröfur þess hvað hvert kröfusvæði varðar.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.



### 6.1.1 *Gilsárdalsafrétt*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Gilsárdalsafrétt* sé fyrst og fremst litið til lýsingar í landamerkjabréfi Hallormsstaðar. Þá sé litið til lýsinga á Gilsárdalsafrétt í ritinu *Göngum og réttum* og sýslu- og sóknalýsingum. Loks sé litið til afmörkunar á Geitdalsafrétt, sem sé aðliggjandi kröfuvæðinu til austurs.

Um Gilsárdalsafrétt er í greinargerð íslenska ríkisins m.a. vísað til sóknarlýsingar Hallormsstaðasóknar frá 1840, þar sem fram komi lýsing sem taki til kröfuvæðisins. Að mati ríkisins megi skilja landamerkjabréf Hallormsstaðar, dags. 8. maí 1884, á þann veg að kröfuvæðið falli innan merkja jarðarinnar. Lýsing landamerkjabréfsins sé þó nokkuð ítarlegri en lýsingar á merkjum heimalands Hallormsstaðar samkvæmt eldri heimildum og verði ekki annað séð en að lýsing landamerkjabréfsins taki til nokkuð stærra svæðis. Að mati ríkisins verði ekki skýrlega séð að kröfuvæðið allt falli innan lýsingar á merkjum heimalandsins í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641, en sambærilegar lýsingar á heimalandi Hallormsstaðar komi fram í síðari heimildum, þar á meðal vísitasíum frá 1. september 1677, 30. ágúst 1706, 30. júlí 1850, 3. júlí 1778, 3. júlí 1818, 16. ágúst 1824 og 6. júní 1833. Í lögfestu vegna Hallormsstaðar frá 31. ágúst 1825 sé að finna sambærilega lýsingu á heimalandinu, en þó sé þar vísað sérstaklega til Gilsárdals austan Gilsár. Framangreint þyki að mati ríkisins ekki renna stoðum undir að landsvæðið sem lýst sé í landamerkjabréfi Hallormsstaðar frá 8. maí 1884 teljist allt til eignarlands jarðarinnar, sbr. reglan um að með landamerkjabréfi hafi menn ekki getað aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Ýmsar heimildir liggi einnig fyrir sem bendi til þess að kröfuvæðið hafi einungis verið nýtt til takmarkaðra nota, sjá t.d. bréf sr. Guttorms Pálssonar í Vallanesi til stiftsyfirvalda frá 30. júní 1831 og skýrslu sr. Hjálmars Guðmundssonar á Hallormsstað, dags. 24. júní 1839, yfir inntektir Hallormsstaðarprestakalls.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 komi m.a. fram að jörðinni Hallormsstað fylgi upprekstrarland á Gilsárdalsafrétt og að tekjur af henni hafi árlega numið 45 kr. auk afnota fyrir heimafénað. Eigandi jarðarinnar hafi þá verið landssjóður. Í svari oddvita Vallahrepps frá 27. apríl 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, sé m.a. fjallað um afrétt á Gilsárdal fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum, sem afmarkist svo: „Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá“.

### 6.1.2 *Geitdalsafrétt*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun á kröfulínu ríkisins að norðan-verðu á því kröfuvæði sem af hálfu þess er nefnt *Geitdalsafrétt* sé litið til afmörkunar Geitdals í afsali á Geitdal, að undanskilinni Geitdalsafrétt. Þá sé litið til landamerkjalýsingar fyrir jörðina Geitdal, þar sem merkjum Geitdals og Búðartungna, sem séu

sunnanvert við Geitdalsafrétt, sé lýst. Styðjist afmörkunin einnig við afmörkun Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum samkvæmt landamerkjabréfi, sem séu aðliggjandi til austurs.

Í greinargerð íslenska ríkisins er af hálfu þess m.a. vísað til lýsingar Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 um Geitdalsafrétt og önnur aðliggjandi afréttarsvæði. Að mati ríkisins megi skilja lögfestu vegna Geitdals, dags. 29. apríl 1846, og landamerkjabréf jarðarinnar, dags. 14. júní 1883, á þann veg að kröfusvæðið hafi fallið, a.m.k. að hluta, innan merkja jarðarinnar. Ekki liggi þó fyrir eldri heimildir sem styðji að land jarðarinnar hafi náð svo langt inn til landsins sem þessar heimildir beri með sér, auk þess sem samræmis gæti ekki þeirra á milli hvað það varði. Í lögfestunni frá 1846 sé merkjum þannig lýst allt í Hornbrynju og Búðartungur „hvöriar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju“, en í landamerkjabréfinu 1883 sé merkjum aðeins lýst að Innri-Sauða.

Að mati ríkisins hafi einnig þýðingu að bæði í lögfestunni og landamerkjabréfinu sé vísað til þess að innan þess landsvæðis sem lýst sé í hvorri heimild sé svæði sem hafi verið nýtt af öðrum og sem óljóst hafi verið um réttindi til. Í lögfestunni sé tekið fram að „þeir sem rekid hafa að undanfögnu géldfé sitt i eignarland mitt eda á Geitdalsafrett, skulu framvegis méga halda hinu sama fram“ með skilorði um m.a. hagatoll. Í landamerkjabréfinu sé síðan tekið fram að Búðartungur falli utan merkja jarðarinnar, en „uppglökkvað“ hafi verið að Þingmúlakirkja eigi Búðartungur. Þá hafi einnig þýðingu að á árinu 1943 hafi Skriðdalshreppur selt jörðina Geitdal „að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrétt“, sbr. afsal dags. 4. apríl 1943.

Í greinargerð ríkisins segir að í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segi m.a. um jörðina Geitdal að afrétt sé stór og í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 komi fram að jörðinni skorti upprekstrarland. Þess megi jafnframt geta að í öðrum heimildum sé vísað til kröfusvæðisins þannig að gefið sé til kynna að það hafi einungis verið nýtt með takmörkuðum hætti og það af öðrum en eiganda Geitdals á hverjum tíma. Um það atriði vísist m.a. til heimilda um ágreining vegna fjallskila á Geitdalsafrétt frá árunum 1895–1896. Þá komi fram í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þar á meðal Geitdalsafrétt.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að í kröfulýsingu gagnaðila ríkisins, Múlaþings, sé því borið við að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamrýmanleg þeim samskiptum og ákvörðunum sem átt hafi sér stað eftir gildistöku laga nr. 58/1998. Í því sambandi er vísað til málefna tengdum samningum um mögulega virkjun Geitdalsár og samkomulags um skiptingu á endurgjaldi fyrir vatnsréttindi og afnot af landi í tengslum við fyrirhugaða Geitdalsvirkjun, dags. 23. nóvember 2021, undirrituðu af dómsmálaráðherra f.h. Ríkissjóðs Íslands. Í því samkomulagi felist staðfesting á stöðu Múlaþings sem handhafa beins eignarréttar lands og vatnsréttinda á Geitdalsafrétt og að sú afstaða sé fyrirvara-

laus. Af hálfu íslenska ríkisins sé ekki unnt að fallast á að samkomulagið, eða annað í tengslum við mögulega virkjun Geitdalsár, geti haft þau réttaráhrif að kröfusvæðið teljist undirorpið beinum eignarrétti. Þrátt fyrir að í samkomulaginu sé miðað við að Múlþing og Ríkissjóður Íslands séu landeigendur á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar vegna eignarhalds á jörðunum Geitdal og Þingmúla, sé samkomulagið gert með fyrirvara m.a. um að taka skuli upp viðræður „ef landamerki jarðanna reynast vera önnur en áætlað er.“

Í greinargerð ríkisins segir að einnig verði að líta til þess að áhrifasvæði virkjunar taki til landsvæðis sem kallað hafi verið til réttinda yfir af eigendum Geitdals og síðar af hálfu sveitarfélagsins. Teljist því ekki óeðlilegt að umrætt samkomulag hafi verið gert við sveitarfélagið, með framangreindum fyrirvara um endurskoðun ef og þegar í ljós komi að landamerki reynist önnur. Í því hafi eðli máls samkvæmt ekki falist afstaða ráðherra eða íslenska ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu þess landsvæðis sem virkjunar-áætlanir ná til. Einnig verði að athuga að við gerð samkomulagsins, eða annað í því sambandi, hafi ekki verið horft til heimilda um merki nefndra jarða eða mat lagt á þær sérstaklega. Sé það enda ekki hlutverk dómsmálaráðherra að skera úr um hver séu mörk eignarlanda eða mörk þeirra og þjóðlendna. Til viðbótar sé rétt að horfa til þess að umrætt samkomulag hafi verið gert á árinu 2021 og á þeim tíma hafi legið fyrir að svæðið hefði verið tekið til meðferðar m.t.t. aðgreiningar í eignarlönd og þjóðlendur skv. lögum nr. 58/1998, en krafa ríkisins í málinu hafi síðan verið sett fram í janúar 2022. Í því ljósi hafi að mati ríkisins vart getað skapast réttmætar væntingar gagnaðila ríkisins til beins eignarréttar að kröfusvæðinu eða til þess að ekki yrði gerð til þess þjóðlenduokrafa.

### 6.1.3 *Búðartungur*

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Búðartungur* sé fyrst og fremst stuðst við lýsingar í landamerkjabréfi Geitdals og landamerkjabréfi Þingmúla með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum þar sem segi að Þingmúli eigi allt land fram á öræfi þangað sem vötnum halli. Auk þess sé litið til lýsingar á Geitdal í örnefnaskrá.

Um aðlögun kröfu íslenska ríkisins að vatnaskilum og uppfærða textalýsingu kröfu í því sambandi er af hálfu íslenska ríkisins vísað til erindis lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 13. október 2013.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að af fyrirliggjandi heimildum virðist mega ráða að mismunandi aðilar hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu *Búðartungur*. Í máldögum vegna kirkjunnar á Valþjófsstöðum frá um 1397 og 1570 sé *Búðartungna* getið í tengslum við eignir, ítök og önnur réttindi kirkjunnar. Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúla-kirkju frá 12. ágúst 1641 sé jafnframt fjallað um Geitdal og *Búðartungur*, en þar segi meðal annars að kirkjan eigi hálfan Geitdal og *Búðartungur* „effre og Ytre“. Sömu upplýsingar komi fram í biskupsvísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890, en í þeirri síðastnefndu segi að *Búðartungur* tjái nú orðnar gagnslitlar.

Í prófastvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 20. maí 1848 sé jafnframt vísað til þess að kirkjan eigi hálfan Geitdal og „Búdartungu, efri og ytri“.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að Búdartungna sé einnig getið í heimildum varðandi jörðina Geitdal. Í lögfestu vegna Geitdals frá 29. apríl 1846 sé merkjum jarðarinnar t.a.m. lýst allt í Hornbrynju og Búdartungur „hvöriar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju“. Í landamerkjaskrá jarðarinnar Geitdals, dags. 14. júní 1883, komi hins vegar fram að það hafi verið „uppglökkvað“ að Þingmúlakirkja eigi Búdartungur. Í landamerkjabók Suður-Múlasýslu 1883–1998 sé skráð lýsing á Búdartungum, dags. 28. maí 1884, sem hafi verið þinglesin við manntalsþing að Þingmúla 20. júní 1884. Í henni segi að samkvæmt máldögum og vísitasíum eigi Þingmúlakirkja Búdartungur „efri og ytri“ sem séu innanvert við Geitdalsafrétt. Jafnframt segi að takmörkin á Búdartungum séu „að utan „Sauðá“ norður á „Hornbrynju“, sem ráði svo að norðan, að innan „Hraun“ innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.“

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við manntalsþing í Þingmúla fyrir Skriðdalshrepp 20. júní 1884 hafi verið þinglesin sérstök landamerkjaskrá fyrir Búdartungur, ítak Þingmúlakirkju. Í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, komi fram að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þar á meðal Múlaafrétt. Megi ætla að kröfusvæðið, Búdartungur, falli innan þess svæðis sem þar sé vísað til sem Múlaafréttar.

#### 6.1.4 Múlaafrétt

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Múlaafrétt* sé að sunnanverðu stuðst við lýsingu á suðurmerkjum í landamerkjabréfi Þingmúla. Þá sé um suðurmerki einnig litið til lýsingar í landamerkjabréfi Berufjarðar sem hafi að geyma áþekka merkjalýsingu. Um norðan- og vestanverð merki sé litið til afmörkunar á Geitdalsafrétt og lýsingar á Múlaafrétt í lýsingu á Stefánsstöðum í örnefnaskrá, sem hafi verið hjáleiga Þingmúla og liggi norðan við Múlaafrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins er tekið fram að um aðlögun á suðurmörkum kröfusvæðisins að vatnaskilum og uppfærða textalýsingu kröfu íslenska ríkisins í því sambandi vísist til erindis lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 13. október 2023. Að því marki sem sú aðlögun hafi falið í sér aukna kröfu ríkisins vegna Múlaafréttar, sbr. 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, hafi óbyggðanefnd heimilað að hin aukna krafa kæmi til úrlausnar í málinu, sbr. nánar erindi nefndarinnar, dags. 18. október 2023.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að af fyrirliggjandi heimildum virðist mega ráða að kirkjan að Þingmúla í Skriðdal hafi kallað til réttinda yfir kröfusvæðinu, þótt óljóst sé hvað felist nánar í því tilkalli. Í elstu fyrirliggjandi heimildum um kirkjuna, þ.e. máldögum frá um 1370 og 1570, sé ekki að sjá að vísað sé til kröfusvæðisins. Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641 komi hins vegar fram að kirkjan eigi heimaland allt með lýstum ummerkjum og virðist þessi lýsing taka til kröfusvæðisins,

a.m.k. að hluta. Sömu upplýsingar komi fram í síðari heimildum, m.a. biskups-  
vísitasíum frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890. Einnig er  
bent á lögfestur vegna Þingmúla frá 4. júní 1703 og 2. júlí 1718. Jafnframt sé vísað til  
afréttar Þingmúlakirkju í fjölda heimilda, þar á meðal í heimildum um hjáleigunar  
Borg, Stefánsstaði og Vatnsskóga. Um það atriði vísist t.d. til byggingarbréfs vegna  
Borgar í Skriðdal frá 17. júlí 1856 og 1. júní 1870 og vegna Stefánsstaða frá 15. apríl  
1871. Jafnframt sé vísað til afréttar Þingmúlastaðar í byggingarbréfi vegna Þingmúla-  
staðar frá 1. júní 1870.

Í greinargerð ríkisins segir að landamerkjabréf jarðarinnar Þingmúla með hjáleigun-  
um Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, dags. 7. júní 1883, megi skilja sem svo að  
merkjum sé þar lýst þannig að taki til kröfusvæðisins, a.m.k. að hluta. Af síðari  
heimildum virðist hins vegar ljóst að tilkalli Þingmúla til kröfusvæðisins hafi verið  
sleppt eða það gengið undan jörðinni. Um það atriði vísist til þess að í fasteignamati  
Suður-Múlasýslu 1916–1918 komi fram að jörðin Þingmúli eigi ekki upprekstrarland  
og að Múlaafréttur sé ekki meðfylgjandi jörðinni en eigandi jarðarinnar hafi þá verið  
Þingmúlakirkja. Þá sé skráð svohljóðandi athugasemd: „Þess skal getið að Múlaafréttur  
hefir gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telur hann engar tekjur  
hafa gefið hin síðustu ár aðrar en þær, að hann rekur þangað fé sitt.“ Í lýsingu fasteigna-  
matsnefndar Suður-Múlasýslu á Múlaafrétt frá 4. desember 1917 sé þess þó getið að  
Múlaafréttur sé kirkjueign, en að tekjur af afréttinum séu ekki aðrar en að umráðamaður  
reki þangað árlega sauðfé frá heimili sínu. Í svari oddvita Skriðdalshrepps frá 13.  
nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upp-  
rekstrarrétt, komi fram að frá fornu hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þar á meðal  
Múlaafrétt.

Hvað varðar gagnkröfu vegna Vatnsskóga er af hálfu ríkisins tekið fram að ágrein-  
ingur einskorðist við þann hluta kröfusvæðis ríkisins er liggja austan (suðaustan) þeirrar  
línu sem gagnaðili ríkisins dragi þvert frá vatnaskilum um Ódáðavötn og eftir árfalli úr  
Ódáðavötnum í Axará. Gagnaðili reisi kröfu sína á byggingarbréfi frá 5. desember  
1859, þar sem presturinn að Þingmúla hafi byggt Árna Magnússyni kirkjulandið Víði-  
gróf eða „land allt frá Vatnsdalsá og inná Öxi þarsem vötnum hallar suduraf, austara-  
meginn Oxarár á fjall upp“. Af þessari lýsingu virðist verða að leggja til grundvallar að  
Axará eigi að afmarka land samkvæmt byggingarbréfinu gagnvart kröfusvæðinu. Hins  
vegar liggja ekki ljóst fyrir hvort fylgja beri Axará allt til upptaka og þá hvar þau upptök  
séu. Af hálfu ríkisins er bent á að þrátt fyrir að vatn renni úr Ódáðavötnum í Axará  
u.þ.b. á þeim stað þar sem kröfulína gagnaðila ríkisins sé dregin, þá verði ekki annað  
séð en að Axará eigi upptök sín sunnar og nærri vatnaskilum gagnvart Berufirði, sbr.  
kröfulína ríkisins þar sem hún sé dregin frá vatnaskilum á Þrívörðuhálsi í Axará.

### 6.1.5 Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels* sé fyrst og fremst litið til afmörkunar Ljósárlands í landamerkjalyásingu Höskuldsstaða en sambærilega lýsingu sé að finna í landamerkjabréfi Höskuldsstaðasels. Þá sé litið til afmörkunar á Ánastöðum samkvæmt landamerkjabréfi, sem séu aðliggjandi til norðvesturs, og samnings milli Höskuldsstaða og Flögu um merki Ljósárlands, sem sé aðliggjandi til austurs.

Í greinargerð íslenska ríkisins er tekið fram að í kröfulýsingu þess hafi verið vísað til þessa kröfusvæðis sem Ljósárlands (óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels). Af síðar framkomnum heimildum hafi vírst ljóst að almennt sé vísað til landsvæðisins á milli Ytri- og Innri-Ljósár, sem falli utan kröfusvæðisins, sem Ljósárlands, þótt það væri ekki einhlítt. Þyki af þeim sökum rétt að til kröfusvæðisins sé vísað sem *Óskiptarlands Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels* en ekki Ljósárlands.

Af hálfu ríkisins er tekið fram að af fyrirliggjandi heimildum sé ljóst að Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel hafi kallað til réttinda á kröfusvæðinu, þ.e. á milli Innri-Ljósár og Járnhryggs, þótt óljóst væri hvað hafi falist nánar í því tilkalli. Í því sambandi hafi m.a. þýðingu að heimaland jarðanna sé norðan Breiðdalsár en kröfusvæðið sunnan árinna, auk þess sem að í fyrirliggjandi heimildum sé svæðinu ávallt lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðanna. Til kröfusvæðisins virðist vísað sem þrætutungna í kaupbréfi um Höskuldsstaði frá 20. ágúst 1457, þar sem komi fram að seljandinn hafi sagt að Höskuldsstaðir ættu „skögarteig firir sunnann vatnzfötinn. oc Þrætutungur firir sunnann ána í Breiddal“. Í vitnisburði frá 12. maí 1601 sé einnig fjallað um land sunnan Breiðdalsár, þar sem segi að komið hafi til tals þegar Sturla Jónsson hafi gefið syni sínum jörðina Höskuldsstaði á brúðkaupsdegi sínum að jörðin „ætte yfer umm Breiddals ä takmarkad land ä millum järnhryggs oc liösär hinnar ytre.“ Þessi lýsing virðist taka til kröfusvæðisins á milli Innri-Ljósár og Járnhryggs, en einnig til landsvæðisins á milli Innri- og Ytri-Ljósár sem í öðrum heimildum sé jafnan vísað til sem Ljósárlands. Hið sama eigi við um vitnisburði frá árunum 1603 og 1620 þar sem vísað sé til þess að jörðin Höskuldsstaðir hafi átt takmarkað land fyrir sunnan Breiðdalsá, á milli Járnhryggs og Ytri-Ljósár. Í gjafabréfi frá 11. nóvember 1685, sbr. afrit þess frá 25. júní 1883, komi hins vegar fram að „að Höskuldsstaðir skulu sjer ei eigna land yfir við eða í millum Ljósáanna, hvað eg gef Flögu með frí og frelse og henni skal héðan af tilheyra epter (skjöllum?) sem eg ..... og mína eign vera“. Frá og með þessari ráðstöfun virðist að mestu hafa verið óumdeilt að Ljósárland á milli Ytri- og Innri-Ljósár hafi tilheyrt jörðinni Flögu.

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að kröfusvæðinu sé í fyrirliggjandi heimildum ávallt lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðanna Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, norðan árinna, auk þess sem þær gefi til kynna að svæðið hafi aðeins verið nýtt með takmörkuðum hætti. Við skipti Höskuldsstaða og Höskulds-

staðasels á árinu 1846 sé t.d. getið um landstykki sunnan Breiðdalsár, milli Járnhryggs og Innri-Ljósár, og í skjali frá 31. júlí 1866 sé vísað til beitarlandsstykki sunnan árinna milli Innri-Ljósár og Járnhryggs. Í landamerkjabréfum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, dags. 23. og 25. júní 1885, sé vísað til kröfusvæðisins með sama hætti. Í báðum bréfunum sé merkjum jarðanna norðan Breiðdalsár lýst sérstaklega, en síðan tekið fram að sunnan árinna eigi jarðirnar sameiginlega óskipt land eða beitarlandsstykki.

## 6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gætir hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

### 6.2.1 Geitdalsafrétt og Höskuldsstaðasel í Breiðdal

Gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Geitdalsafréttar og Höskuldsstaðasels í Breiðdal byggja á því að land sem kröfulýsingar þeirra taki til séu eignarlönd, í skilningi 1. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998, og því beri að fallast á kröfur þar um. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* segi að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Ekkert bendi til að ágreiningssvæðin, sem eftir atvikum sé vísað til sem afrétta, hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna. Þá liggi ekki fyrir að land jarðanna hafi nokkru sinni haft nokkra lögformlega stöðu sem afréttir. Réttarreglur Grágásar um afréttir hafi átt við þá stöðu að tveir eða fleiri ættu afrétt saman. Nærtækt sé að líta á þær reglur sem sameignarreglur, fremur en að draga þá ályktun sem Bjarni frá Vogu geri í ritgerðinni *Almenningar og afréttir* að afrétt sé beitarréttur en varði ekki eignarhald lands. Skoðun Bjarna hafi óbyggðanefnd hafnað. Afrétt vísi fyrst og fremst til þeirra nota að unnt hafi verið að halda fé frá byggðasvæði. Það hafi verið sérstaklega mikilvægt á tíma fráfarera, þegar reka hafi þurft lömb á svæði frá mjólkandi ánum og einnig til að létta beit af nærsvæðum byggðar, enda þau verið nýtt til beitar að hausti, vetri og vori. Afréttir takmarkist því oft við ár, vatnsföll eða aðrar hindranir og vísi afréttarörnefni á Austurlandi til slíkra nota og aðstæðna.<sup>749</sup>

Af hálfu gagnaðila ríkisins er tekið fram að ekki verði fundnir Hæstaréttardómar um jarðir/landsvæði með stöðu sem hafi líkindi við umþrætt svæði. Slík svæði hafi ávallt verið úrskurðuð eignarlönd, hafi komið fram þjóðlendlukrafa á annað borð. Tilvik sem mætti benda á séu t.d. úrskurðir óbyggðanefndar í málum 5/2001, Bær í Lóni, nr. 1/2008 vegna Þormóðsdals og Núpufellsdals, nr. 1/2009, Þorvaldsdalsafrétt, og mál nr. 2/2005, Jökuldalur norðan Jökulsár ásamt Jökulsárhlíð. Til hliðsjónar og samanburðar verði þó

<sup>749</sup> Sjá nánari umfjöllun um málatilbúnað gagnaðila ríkisins hvað varðar stöðu afrétta í skjali nr. 16.

sérstaklega nefndir dómar Hæstaréttar í máli nr. 498/2005 vegna Stafafells, vegna svæðis sunnan og vestan Jökulsár í Lóni og í máli nr. 41/2020 um Þóreyjartungur.

Með vísan til gróðurfars og líklegra landnámsmarka bendi allt til þess að mati gagnaðila að landið hafi verið numið, enda séu mörkin í tilfelli Geitdalsafiréttar miðuð við háfjöll sem séu og hafi alla tíð verið greinileg við umferð um landið. Í tilfelli Höskuldsstaðasels séu mörkin miðuð við háfjöll og vörp sem séu og hafi alla tíð verið greinileg af láglandi Breiðdals. Staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfur verði taldar styðja að stofnað hafi verið til beins eignarréttar á öllu svæðinu enda það ekki fjarri byggð en ýmsar heimildir séu um engjanýtingu og tengd landnot af svæðinu. Byggt er á því að engu máli skipti hversu brattlent, hálent eða gróðursnautt land sé þegar sýnt hafi verið fram á að landið sé innan upphaflegs landnáms og lýsingu í landamerkjabréfi. Undir þetta álit hafi verið tekið af óbyggðanefnd og dómstólum, sbr. m.a. bls. VII í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Byggt er á því að land jarðanna, eins og því hafi verið lýst, hafi verið innan landnámssvæða og því er mótmælt að takmarkaðar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa. Þá er vísað til 2. og 3. kap. Landabrigðisþáttar Grágásar og 6. kap. Landsbrigðabálks Jónsbókar. Frá upphafi byggðar hafi verið gert ráð fyrir merkjagöngu án þess að skylda væri til skjölunar landamerkja en undanþágur hafi verið frá merkjagöngu þar sem séu fjöll þau er vatnsföll deilist á millum héraða. Sýni það vel hugmyndir og endurspegli stöðu raunverulegra merkja jarða á Íslandi.

Fyrst við setningu landamerkjalaga með lögum nr. 5/1882, og síðar með lögum nr. 41/1919, hafi verið kveðið á um að stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú, í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða verði ekki til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Kröfur gagnaðila séu byggðar á eignarheimildum sem grundvallist á fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins komi þeim því á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausar og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu. Samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óbyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um annað inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli því á íslenska ríkinu.

Gagnaðilar ríkisins telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Eignarréttur landeigenda njóti verndar þessara grundvallarlaga. Landeigendur hafi í gegnum tíðina haft réttmætar væntingar til að ætla að land jarðanna væri



undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisins fram að umþrættri kröfúlýsingu ríkisins aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Málsmeðferð þjóðlendumála lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta slíkum kröfum. Sem dæmi um óhóflegar sönnunarkröfur væri að landeigendum sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinna jarða, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998, meginreglna í eignarrétti og eignarnámsákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu hennar, meginreglna um málsmeðferð og sönnunarmat samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, landamerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki, laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978, auk eldri löggjafar um þinglýsingar, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum meðalhófsreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu, laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einkum 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

#### 6.2.1.1 Geitdalsafrétt

Af hálfu gagnaðila vegna Geitdalsafréttar er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfúlýsingu hvíli á landamerkjalyýsingu jarðarinnar Geitdals, dags. 14. júní 1884, og afsali Skriðdalshrepps á hluta jarðarinnar Geitdals, dags. 4. apríl 1943, þar sem afréttarlandinu innan við Fossá hafi verið haldið eftir við söluna. Í landamerkjabréfinu sé mörkum jarðarinnar lýst að innan við Sauða og tekið fram að hún eigi upptök úr Hraungarðs-slakka og falli ofan í Geitdalsá utan við svokallaðar Búðartungur, sem sr. Páll Pálsson í Þingmúla hafði uppglökkvað að Þingmúlakirkja eigi. Fyrir þessu séu skýrar heimildir, en sérstakt landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Búðartungur, dags. 28. maí 1884. Þar komi fram að það byggi á máldögum og biskupsvísitasíum Þingmúlakirkju. Þá sé landamerkjabréf Hallormsstaðar, dags. 8. maí 1884, m.a. bæði undirritað af eigendum Geitdals og vegna Þingmúlakirkju vegna Búðartungna, en lönd Hallormsstaðar og Búðartungna liggi saman á Hraungarði innan við land Geitdals.

Að mati gagnaðila ríkisins sé ljóst að svæðið Geitdalsafrétt falli alveg innan landamerkjabréfs Geitdals frá 1883 en afréttin hafi verið skilin frá jörðinni 1943. Nýting hluta lands Geitdals sem afréttar hafi hvílt á beinum eignarrétti eigenda Geitdals á landinu og beri þess merki, þ.m.t. sú umfjöllun sem komi fram í sóknarlýsingu frá 1874. Ljóst sé að innan kröfusvæðisins séu svæði sem nýtt hafi verið af eigendum Geitdals eins og þeim hafi verið heimilt, t.a.m. hafi engjar verið slegnar innan við Fossá. Löggesta um Geitdal frá 1846 sé að mati gagnaðila ríkisins skýr heimild um að kröfusvæðið

falli undir land jarðarinnar og að afréttin sé eignarland. Þótt lögfestan vísi til „Sandár fremri“ sé líklegt að við uppskrift lögfestunnar hafi Sauðá bjagast yfir í Sandá. Engin Sandá sé á svæðinu og vísi lögfestan því í raun til Sauðár fremri, þ.e. Innri Sauðár, rétt eins og landamerkjabréfið geri 1884. Munurinn sé sá að lögfestan geri ráð fyrir að lína frá Hornbrynju liggi í þessi ármót, en ekki að Innri Sauðá afmarki landið. Þannig hafi hluti Búðartungna fallið innan Geitdals og sé afdráttarlaust að merkin hafi verið skýr við Geitdalsá, þ.e. þar sem Innri (fremri) Sauðá renni í Geitdalsá.

Að mati landeigenda sé mögulegt að Valþjófsstaðakirkja hafi afhent Þingmúlakirkju Búðartungur. Búðartungur séu tilgreindar í Vilchins-máldaga Valþjófsstaðar 1397 og Gíslamáldaga 1570. Í máldaganum frá 1397 sé upptalningin í framhaldi af skógarítökum og í línunni komi fram: „bwdar tungo. Slefholz teig“. Mögulega vísi þetta til annarra Búðartungna og skógarítaks, eða að kirkjan hafi átt tiltekinn „teig“ í Búðartungum. Það sé auðvitað mögulegt að um sé að ræða Búðartungur sem hafi síðar verið afhentar eða skipt á við Þingmúlakirkju. Samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1641 séu Búðartungur tilgreindar eign Þingmúlakirkju. Upplýsingar um mögulegt eignarhald Valþjófsstaðar á Búðartungum frá 14. öld og Þingmúlakirkju á 17. öld séu heimildir um að Geitdalur hafi átt landið þar utan við og að eignarhald á Geitdal hafi verið óumdeilt. Að mati gagnaðila komi ekki annað eignarhald til greina á kröfusvæðinu og engar heimildir um „svæði“ milli Geitdals og Búðartungna sem sé sérafmarkað eða aðskilið frá Geitdal. Tekið er fram af hálfu gagnaðila ríkisins að í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Geitdals og einungis sé fjallað um afmörkun þjóðlendu-kröfu í ljósi þess að jörðinni Geitdal hafi verið skipt á árinu 1943 með afsali.

Áréttað sé af hálfu gagnaðila ríkisins að heitið Búðartungur vísi til þess að þar hafi verið ægt á reiðleið milli Fljótsdals og Hamarsfjarðar og hafi svæðið því verið vel þekkt. Leiðin um Sviðinhornahraun hafi verið nefnd í Njálu en Djúpivogur hafi verið verslunarstaður. Landfræðilegar aðstæður leiði til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Skriðdals sé skýr en landnám Skriðdals feli í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi þar sem vötnum halli að Skriðdal, þ.m.t. Geitdal sem einnig hafi verið nefndur Norðurdalur. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti.

Þá er af hálfu gagnaðila ríkisins sérstaklega áréttuð þýðing þess að í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúla frá 1641 (sbr. einnig síðari vísitasíur) komi fram um eignir kirkjunnar: „Allann hallffann geitdal og Búdartungur effre og Ytre“. Með orðunum hálfan Geitdal sé augljóslega vísað til þess hluta Geitdals sem liggi austan Geitdalsár, þ.e. Þingmúlamegin. Þannig sé ekki vísað til þess að Þingmúli eigi land vestan megin ár eða að kirkjan eigi hluti í jörðinni Geitdal. Biskupsvísitasían styðji eignarréttarlega stöðu landareignar Geitdals, enda afmarkist Búðartungur af Innri (fremri) Sauðá gagnvart Geitdal en Geitdalsá skipti svo dalnum. Um þetta atriði vísist jafnframt til biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641 þar sem merkjum Hallormsstaðar sé lýst. Lýsingin vísi til Hallorms-

staðaháls og beri að skilja svo að hún nái á vatnaskil fram eftir öllum hálsinum. Fleiri lýsingar sama efnis liggi fyrir í gögnum um Hallormsstað. Land Geitdals hafi verið með skýrum hætti rammað inn af landi Hallormsstaðar og Þingmúla skv. fornum heimildum. Þá segi í jarðamati 1804 um Geitdal: „Jorden har Afret for 4 Storhundred“, þ.e. þar sé sem sagt afréttur fyrir 480 fjár. Þarna sé vísað til lands Geitdals og að fé annarra hafi gengið í það land á grundvelli þess að Geitdalur eigi afréttinn.

Af hálfu gagnaðila er tekið fram að þjóðlendukrafa ríkisins sé ósamræmanleg þeim samskiptum og ákvörðunum sem átt hafi sér stað af hálfu ríkisins eftir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998. Um það atriði vísist til málefna tengdum samningum um mögulega virkjun Geitdalsár. Bæði íslenska ríkið og Múlaþing hafi gert samninga við virkjunaraðila, sem jafnframt hafi rannsóknarleyfi útgefið af Orkustofnun, dags. 3. ágúst 2016. Samningarnir fjalli m.a. um greiðslur fyrir afnot af landi og vatnsréttindi sem fyrirhugað sé að nýta með inntakslóni nærri þeim stað þar sem Innri Sauðá renni í Geitdalsá, efst í landi Geitdalsafréttar, og að útfalli nokkuð innan við Fossá. Öll vatnsréttindi og fall vegna virkjunarinnar séu því í landi Geitdalsafréttar öðru megin Geitdalsár og landi ríkisins hinu megin ár.

Greint er frá því af hálfu gagnaðila ríkisins að með samkomulagi, dags. 23. nóvember 2021, um skiptingu á endurgjaldi fyrir vatnsréttindi og afnot af landi í tengslum við fyrirhugaða Geitdalsárvirkjun, sé kveðið á um skiptingu á greiðslum vegna eignarréttarlegra hagsmuna vegna virkjunarinnar milli ríkisins og sveitarfélagsins í hlutföllunum 50/50. Samkomulagið sé gert f.h. Ríkissjóðs Íslands og undirritað af settum fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra, sem standi fyrir þjóðlendukröfugerð, hafi staðfest með samningnum m.a. eftirfarandi: „Múlaþing á land vestan Geitdalsár og nokkuð inn fyrir inntakslón virkjunarinnar“ og „Múlaþing og Ríkissjóður Íslands eru því landeigendur á áhrifasvæði virkjunarinnar“. Í samkomulaginu felist því staðfesting ráðherra á stöðu Múlaþings sem handhafa beins eignarréttar lands og vatnsréttinda á Geitdalsafrétt. Sú afstaða sé fyrirvaralaus. Hafa megi í huga að inntakslón sé fyrirhugað við ármót Innri Sauðár og Geitdalsár. Samningurinn sé dags. 23. nóvember 2021 en kröfulýsing fjármálaráðuneytisins hafi verið sett fram rúmum tveimur mánuðum síðar, þ.e. 25. janúar 2022.

Krafa um þjóðlendu á svæðinu sé að mati gagnaðila ríkisins ósamræmanleg því forræði sem íslenska ríkið hafi á þjóðlendum, sbr. einkum 1. gr., 2. gr. og aðrar reglur um forræði ríkisins á þjóðlendum og málsforræði fyrir óbyggðanefnd í lögum nr. 58/1998. Um það atriði vísist til Hrd. 617/2012, þar sem aðild íslenska ríkisins að kaupsamningi á árinu 1999, sem hafi tekið til hluta svæðis sem íslenska ríkið hafi gert þjóðlendukröfu til í máli nr. 6/2004, hafi verið talin leiða til þess að viðurkenning hefði komið fram af hálfu ríkisins um að umrætt land væri háð beinum eignarrétti. Einnig vísist til Hrd. 94/2017 þar sem aðkoma landbúnaðarráðherra að landskiptum á árinu 2005 hafi leitt til þess að viðurkenning hafi verið talin liggja fyrir um að landið hefði stöðu lands sem væri háð beinum eignarrétti. Í dómnum sé fjallað um að þessi aðkoma ríkisins hafi

verið fyrirvaralaus og krafa um þjóðlendu á svæðinu væri ósamræmanleg afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins.

### 6.2.1.2 Höskuldsstaðasel í Breiðdal

Af hálfu eigenda jarðarinnar Höskuldsstaðasels er á því byggt að afmörkun lands samkvæmt kröfulýsingu hvíli á gildandi landamerkjalyýsingu jarðarinnar, dags. 27. ágúst 1990. Ástæður fyrir landamerkjalyýsingunni sem gerð hafi verið 1990 sé árétting á réttum merkjum jarðarinnar á grundvelli samninga sem gerðir hafi verið við eigendur Höskuldsstaða frá því landamerkjabréf jarðanna hafi verið gerð árið 1885. Höskuldsstaðasel sé fyrrum hjáleiga Höskuldsstaða en algjör skipti hafi átt sér stað vegna lands jarðanna. Eigandi Höskuldsstaðasels hafi á árinu 1903 keypt spildu úr landi Höskuldsstaða að Fífilskriðulæk, en áður hafi merkin miðast við Selá og niður í Langagrafning/Mógrafning og í Breiðdalsá. Þá hafi land fyrir innan Innri Ljósá verið gert að séreignarlandi Höskuldsstaðasels en Höskuldsstaðir eigi land utan Innri Ljósár á móti Flögu, þ.e. hluta svokallaðs Ljósárlands. Jafnframt sé við afmörkun sérstaklega litið til landamerkjabréfa Ánastaða, dags. 20. júní 1946, og dags. 29. maí 1883.

Að mati landeigenda falli landamerkjabréf jarðarinnar í öllum meginatriðum saman við eldri heimildir um eignarland og merki jarðarinnar, þótt fáar séu, en beri þess merki að Höskuldsstaðasel eigi landið milli Járnhryggs og Innri Ljósár allt á fjallseggjjar. Þá er á því byggt að málatilbúnaður íslenska ríkisins hafi frá upphafi byggt á misskilningi, enda vísað til kröfusvæðisins sem Ljósárlands. Afstöðu ríkisins, sem fram komi í 39. tl. greinargerðar þess, er mótmælt af hálfu landeigenda enda feli hún í sér að ríkið hyggist halda sig við kröfulýsingu til svæðisins, þótt orðið sé ljóst að kröfusvæðið sé ekki hluti af Ljósárlandi. Ríkið hyggist einungis vísa til landsins sem óskiptarlands Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Af hálfu landeigenda er vísað til þess að landið hafi verið óskiptarland jarðanna um skamman tíma, þ.e. milli þess sem Höskuldsstaðasel hafi verið orðin sjálfstæð jörð á 19. öld og þar til svæðið hafi orðið hluti Höskuldsstaðasels.

Tekið er fram af hálfu landeigenda að í kröfulýsingu ríkisins komi engin efnisleg sjónarmið fram um forsendur þjóðlendukröfunnar sem sérgreind séu þjóðlendusvæði innan landamerkja Höskuldsstaðasels. Í kröfulýsingu þess sé fjallað um afmörkun þjóðlendukröfu og vísað til ætlaðrar umfjöllunar í landamerkjabréfi Höskuldsstaða um afmörkun Ljósárlands. Lýsingin sem þar sé tekin upp varði þó ekki Ljósárlandið, sem samið hafi verið um milli Flögu og Höskuldsstaða, heldur landið fyrir innan Innri Ljósá sem hafi aldrei verið nefnt og sé ekki Ljósárland. Svæðið fyrir innan Innri Ljósá virðist aldrei hafa verið umdeild eign Höskuldsstaða eða Höskuldsstaðasel, en hafi verið í sameign jarðanna. Allar eldri heimildir beri um að svæðið hafi verið hluti af Höskuldsstöðum óháð þeirri merkilegu sögu sem til sé um eignarhald Ljósárlands. Svæðið frá Innri Ljósá og inn að Járnhrygg séu forn landamerki Höskuldsstaða gagnvart Ánastöðum enda sé Járnhryggur sérstakt kennileiti, berggangur, sem liggja frá Breiðdalsá upp til fjalls. Í kaupbréfi frá 20. ágúst 1457, sé vísað til Þrætutungna en jafnframt virðist

vísað í landsvæði Höskuldsstaða sunnan ár, þ.e. fyrir norðan Tungurnar, til viðbótar við Þrætutungur, sem vafalaust séu tungurnar sem afmarkist af Ljósánum. Tungurnar séu tilgreindar sem hluti lands Höskuldsstaða. Rauðatindsgil liggja norðan ár og hafi verið á mörkum Höskuldsstaða og Þorgrímsstaða.

Af hálfu landeigenda er greint frá því að Jón Þorláksson, sýslumaður í Múlasýslum á tímabilinu 1670–1712, hafi verið eigandi Höskuldsstaða á þessum tíma á grundvelli eignarheimildar frá 17. október 1681, sbr. jarðabók frá 1695. Í jarðabókinni sé Flaga tilgreind eign Berufjarðarkirkju en hálf bænda eign. Jón virðist hafa verið eigandi bændahluta jarðarinnar, skv. eignarheimild 14. ágúst 1685. Í biskupsvísitasíu fyrir Berufjarðarkirkju frá 20. maí 1727 komi fram að Jón hafi gefið kirkjunni jörðina Flögu í Breiðdal, sex hundruð að dýrleika. Vegna stöðu eignarhalds jarðanna sé gjafabréf Jóns vegna Ljósárlands, dags. 11. nóvember 1685, rökrétt. Jón hafi verið eigandi allra jarða sem málið hafi varðað og gerningurinn e.t.v. gerður til að setja niður deilur um svokallaðar „Þrætutungur“, sbr. vitnisburð frá 1457. Einnig megi vera að talið hafi verið æskilegt að jafna búskaparstöðu milli jarðanna, en Flaga hafi ekki verið landmikil jörð eða kostamikil, sbr. lágt jarðamat. Frá þessum tíma hafi Ljósárland verið í eigu Flögu en Höskuldsstaðir hafi átt þar mikilvægt ítak. Kröfusvæðið innan við Innri Ljósá hafi verið eign Höskuldsstaða. Við landskipti milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels árið 1846 hafi jarðirnar þá aðeins átt svæði fyrir innan Innri Ljósá, en einnig beitarítak milli Ljósáanna.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að ekki sé óeðlilegt að í eldri heimildum sé fjallað sérstaklega um Ljósárland í ljósi sögu svæðis. Kröfusvæði ríkisins sé hins vegar fyrir innan Innri Ljósá. Það rýri í engu eignarréttarlega stöðu svæðisins þótt vísað hafi verið til þess sem beitarlandsstykkis árið 1861. Sýnt sé að svæðið hafi verið notað með fjölbreytilegum hætti, enda á láglandi og aðgengilegt bæði frá Flögu og Höskuldsstaðajörðum. Í vettvangsferð hafi verið fjallað um nýtingu svæðisins til silfurbergsnáms sem hafi farið fram rétt fyrir árið 2000 en þar muni kaupandinn hafa verið íslenska ríkið. Í þessum samningum hafi falist ákveðin viðurkenning af hálfu íslenska ríkisins sem geti leitt til þess að þjóðlendukrafa nú sé ósamræmanleg þeirri viðurkenningu.

Að mati landeigenda rýri það í engu eignarréttarlega stöðu svæðisins þótt kröfusvæðið liggja sunnan Breiðdalsár en bæjarhús Höskuldsstaðajarða hafi verið fyrir norðan ána. Þvert á móti beri ágreiningur um svæðið þess merki að deilt hafi verið um eignarland en ástæður þess ágreinings geti verið vegna breytinga á farvegi Ljósáanna, framburðar, skriðufalla eða annarra atvika. Innst í Suðurdal Breiðdals sé Breiðdalsá jafnan vatnslítill á sumrin og almennt enginn farartálmi. Allar líkur séu á að stofnað hafi verið til Höskuldsstaða á gildistíma Grágásar, en landskiptareglur hafi þá gert ráð fyrir meginreglunni um að skipta ætti landi um þveran dal, sbr. 16. kafla Landbrigðapáttis. Sambærilegar reglur hafi gilt samkvæmt Jónsbók. Þá leiði landfræðilegar aðstæður til þess að lýsing *Landnámu* á upphaflegu landnámi Breiðdals sé sérstaklega skýr. Landnám Breiðdals feli í sér afdráttarlausu afmörkun á landnámi innan fjallahrings sem sé svo til

allur bersýnilegur af láglendi. Land Höskuldsstaðasels, og áður Höskuldsstaða, sé nánast allt sýnilegt af bæjarhlaðinu og fjarstæðukennt að telja það hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þá séu landfræðilegar aðstæður á Austurlandi þannig að jörðum fylgi jafnan allt það beitarland sem þær hafi þurft og fáar heimildir um samnotaafrétti. Nýting hluta lands Höskuldsstaðasels sem beitolands eða afréttar hvíli á beinum eignarrétti og beri þess merki. Reyndar séu heimildir um fjölbreytileg not svæðisins, s.s. slægjur o.fl. Ljóst sé að mati landeigenda að innan kröfusvæðisins séu svæði sem nýtt hafi verið af eigendum Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels eins og jarðareiganda hafi verið heimilt, t.a.m. hafi þar verið staðsettir stekkir og skógarhögg farið þar fram.

### 6.2.2 Vatnsskógar í Skriðdal

Af hálfu eigenda jarðarinnar Vatnsskóga í Skriðdal er á því byggt að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti þeirra sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjskr. sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem eigi hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Það sé mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við matið hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Papamichaloppulos gegn Grikklandi, dóms yfirdeildar MDE í máli Fyrrum Grikklandskonungs og fleiri gegn Grikklandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Beyeler gegn Ítalíu.

Þá byggi landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlæt看legu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE í máli Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi, dóms MDE í máli Stretch gegn Bretlandi og dóms yfirdeildar MDE í máli Kopecký gegn Slóvakíu.

Við setningu landamerkjaganna nr. 5/1882, og síðan nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum hverjum í sínu umdæmi borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst. Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt. Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveurrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu landeigenda að landsvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu, um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi sem styðjist við eldri eignarheimildir sé eignarland, sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt). Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land Vatnsskóga sé greinilega allt innan landnáms og hafi verið byggt á því alla tíð að umrætt svæði sé eign jarðarinnar og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar. Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti eða sá eignarréttur síðar fallið niður fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Landsvæðið sé beintengt hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem aðskilji það frá hinum hluta jarðarinnar á þann hátt að ótækt sé að telja það hluta jarðarinnar sem eignarland, rétt eins og aðra hluta hennar.

Af hálfu landeigenda er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Landamerki Vatnsskóga séu mjög gömul, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum, þá hluti af stórejörðinni Þingmúla. Vatnsskógar hafi verið eign Þingmúlakirkju til ársins 1918, sbr. fasteignamat Suður-Múlasýslu 1916–1918, og hafi þá verið hjáleiga frá jörðinni Þingmúla í Skriðdal. Jarðarinnar sé getið í eldri heimildum í tengslum við Þingmúla og hafi þá stundum verið nefnd Víðigróf. Megi þar t.d. nefna biskupsvísitásiu fyrir Þingmúlakirkju frá 12. ágúst 1641, þar sem komi m.a. fram að kirkjan eigi heimaland allt til vatnaskila. Sömu upplýsingar komi fram í biskupsvísitásium frá 31. ágúst 1706, 26. maí 1727, 28. júlí 1850 og 22. júlí 1890. Sömu upplýsingar og komi fyrir í biskupsvísitásiunni frá 1641 birtist einnig í texta frá miðri 18. öld í kirkjubók Þingmúla. Þá komi sömu upplýsingar um kirkjujarðir Þingmúla fram í prófastsvísitásiu frá 27. maí 1788 og 20. maí 1848 og lögfestu Eiríks Sölvasonar fyrir Þingmúla frá 4. júní 1703. Við manntalsrétt að Þingmúla 3. ágúst 1799 hafi Jón Jónsson á Arnhildarstöðum tilkynnt að hann hafi ætlað sér að taka til uppræktar og byggingar eyðikotið Vatnsskóga sem liggja í landi Þingmúlakirkju og væri það gert með samþykki staðarhaldara. Þá sé Vatnsskóga getið sem eyðijarðar Þingmúla í *Jarðatali* Johnsens frá 1847.

Af hálfu landeigenda er vísað til skýrslu sr. Bjarna Sveinssonar í Þingmúla frá 16. maí 1854 um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls, byggingarbréfs fyrir jörðina Vatnsskóga frá 5. desember 1859 og landamerkjabréfs Þingmúla, dags. 7. júní 1883, þar sem landamerkjum Þingmúla sé lýst með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum. Landamerkjaskráin sé árituð um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, m.a. f.h. Berufjarðar og Þinglesin. Landamerkja jarðarinnar sé einnig getið í virðingargjörð á jörðina Vatnsskóga í Skriðdal, dagsettri 26. júní 1916. Þá sé landamerkja Vatnsskóga einnig getið í fasteignamatinu 1916–1918. Þann 7. nóvember 1918 hafi Vatnsskógar verið seldir og hafi jörðin verið í einkaeigu frá þeim tíma. Með erfðaafsali, dags. 12. ágúst 1975, sé merkjum jarðarinnar jafnframt lýst. Samkvæmt framangreindum og öðrum fyrirbyggjandi eignarheimildum sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóði á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja Vatnsskógum.

Af hálfu landeigenda er byggt á því, með vísan til lýsinga í *Landnámu*, að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggja að allt land í Múlasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og samnotaafréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum. Þá vilji landeigendur áréttu að þrátt fyrir að þessu landsvæði, þ.e. Múlaafrétt og landsvæði sunnan hennar, hafi verið lýst sem afrétt og það hafi einkum verið nýtt sem beitiland sé það engu að síður háð beinum eignarrétti Vatnsskóga og innan landamerkja jarðarinnar. Þannig megi t.d. nefna að í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 segi að eyðijörðin Vatnsskógur hafi verið leigð til beitarlands. Einnig segi að



skógarítakið Víðigróf sé eignað Þingmúlakirkju í skrifum sr. Hallgríms Jónsson á Hólum frá 16. október 1848. Þá segi í skýrslu sr. Bjarna Sveinssonar í Þingmúla, dagsettri 16. maí 1854, að „afréttarlandid Vídigróf“ sé leigt fyrir tvær kindur árlega. Umrætt landsvæði geti því ekki talist þjóðlenda líkt og íslenska ríkið hafi gert kröfu um, sbr. einnig Hrd. 48/2004, þar sem jörðin Hólar hafi ekki verið talin þjóðlenda þótt hún hafi verið lögð til afréttar af Biskupstungnahreppi. Sjá og Hrd. 193/1970 Gullberastaðatungur, en inntak eignarréttar breytist ekki þó jörð sé lögð til afréttar. Eignarréttarlegt inntak hugtaksins afrétt hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Byggt er á því að landamerkjalyásingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjaganna frá 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland. Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í almennum niðurstöðum sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. mál nr. 48/2004, þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalyásingar nái hér víða upp á háfjöll á vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætu-svæðinu heyri vissum jörðum til.

Af hálfu landeigenda er tekið fram að þrátt fyrir að Vatnsskógar hafi ekki sjálfstætt, þinglýst landamerkjabréf sé landamerkjum jarðarinnar lýst í byggingarbréfi, dags. 5. desember 1859, fyrir jörðina Vatnsskóga eða Víðigróf eins og hún hafi verið nefnd á þeim tíma. Þá sé ljóst að Vatnsskógar hafi verið hjáleiga Þingmúla og landamerkjum hennar lýst í landamerkjum fyrir jörðina Þingmúla frá 20. júní 1884. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Hér sé því um eignarland að ræða og því beri að hafna þjóðlendukröfu til þess. Vísað sé til þess að þó heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm, hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Sjá m.a. Hrd. 48/2004, (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), Hrd. 65/2012 (Reykjahlíð), Hrd. nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), Hrd. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og Hrd. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Þessu svæði hafi ekki verið lýst sérstaklega og að-

greindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendi til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Í kröfugerð landeigenda segir að ekki sé unnt að sjá hvernig lýsing á Múlaafrétt úr bókinni *Göngur og réttir* gangi lengra heldur en þinglýsingar heimildir jarðarinnar auk þess sem kröfugerð ríkisins sé ekki í samræmi við þessa heimild sem ríkið noti. Þá sé vísað til þess að Múlaafrétt nái ekki suður fyrir Ódáðavötn samkvæmt lýsingu á Stefánsstöðum í örnefnaskrá. Báðar heimildirnar eigi það sameiginlegt að taka fram að Múlaafrétt nái ekki yfir Axará líkt og kröfulýsingin íslenska ríkisins geri ráð fyrir og sé því ljóst að hún, sem geri ráð fyrir að Axará sé að hluta innan Múlaafréttar, eigi ekki við rök að styðjast út frá þessum heimildum.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði styðji að mati landeigenda við þá niðurstöðu að jörðin öll sé öll undirorpin beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin aðliggjandi landsvæðum sem talin hafa verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar slíkar jarðeignir á svæðinu. Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða líkt og áður hafi verið rakið. Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afréttir „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Í ljósi ofangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja Vatnskóga sé allt eignarland og styðjist það við ofangreindar eignarheimildir, en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimila eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur er afrétt eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila. Af hálfu landeigenda er tekið fram að eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum og hafi enginn getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í H.1997:2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afreittarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H.1939:28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi ofangreindra heimilda telji landeigendur að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirbyggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfars og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar landeigenda njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að ofan greini hafi MDE túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. MSE þannig að hún veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. STS. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að landeigendur þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggir m.a. á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Á því er byggt að ríkið hafi nú þegar viðurkennt eignarrétt landeigenda m.a. með greiðslu hreindýraarðs af veiðileyfasölu fyrir árið 2021, skv. 4. mgr. 14. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 487/2003 um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, en landeigendur Vatnsskóga hafi fengið greiddan hreindýraarð í áratugi vegna veiða á Öxi. Einnig hafi Vegagerðin samið við eigendur Vatnsskóga í gegnum tíðina og þá um bætur vegna efnistöku og veglagningar á vegi yfir Öxi.

Af hálfu landeigenda er lögð áhersla á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignatilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekin sé í þinglýstum eignarheimildum. Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 sem byggir á almennum óskráðum meginreglum stjórnisýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar, sem lögfest hafi verið í 12 gr. ssl., beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist (Hrd. 1961:629).

Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörð sinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign þeirra. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeigenda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fari ekki í bág við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar. Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist að í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. Hrd. 48/2004, þó rétturinn hafi talið að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Af hálfu landeigenda er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstóli Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 MSE, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. MSE. En það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í

dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Gagnaðilar ríkisins hafi í ljósi eignarheimilda sinna, og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Af hálfu landeigenda er vakin athygli á því að um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar, sem lögfest hafi verið í 12. gr. ssl., beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls. Kröfugerð ríkisins um þjóðlendur frá 25. janúar 2022, og greinargerð dags. 13. desember 2023, sé mótmælt. Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræði hafi ekki verið numið í öndverðu eða eignaréttur á því hafi síðar fallið niður, og að það hafi einkum verið nýtt sem afrétt. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land jarðarinnar Vatnsskóga.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfelld. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli frá 1960, bls. 726, og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2228, sbr. og Mýrdalsdóma Hæstaréttar. Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstuddar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi. Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. Hrd. 748/2009 (Vatnsendi) og Hrd. 40/2011 (sameignarlandi Fagradals, Víðihóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum) að landnám hafi almennt verið samfelld á Íslandi, sjá einnig nýlegan dóm Landsréttar í máli nr. 490/2020 (Ystutunguafrétt) og Hrd. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Af hálfu landeigenda er tekið fram að ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota eða eignaréttur á því síðar glatast eða fallið niður. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölnun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að land þetta land sé háð beinum eignarrétti.

Að mati landeigenda virðist sem kröfugerð íslenska ríkisins byggist einkum á túlkun á landamerkjabréfi Þingmúla, sem ríkið segi að lýsi suðurmerkjum Múlaafréttar. Land-

eigendur Vatnsskóga telji þá túlkun ríkisins ekki standast skoðun. Umrætt landamerkjabréf lýsi hins vegar landamerkjum Þingmúla, og hjáleigum hennar þ.m.t. Vatnsskógum. Jafnframt sé byggt á því af íslenska ríkinu að eignaréttur Þingmúla til kröfusvæðisins, þ.e. Múlaafréttar, hafi fallið niður eða glatast o.þ.a.l. sé hið umþrætta landsvæði þjóðlenda. Vísi ríkið m.a. til undirmats fasteignamatsins 1916–1918 fyrir Þingmúla þar um. Landeigendur jarðarinnar Vatnsskóga hafna því að fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi með kröfu sinni sýnt fram á að Múlaafrétt nái inn á landsvæði jarðarinnar Vatnsskóga, skv. umræddu landamerkjabréfi Þingmúla, né heldur að Múlaafrétt sé ekki eignarland. Eigendur jarðarinnar Vatnsskóga telji það ótvírátt að landamerki jarðarinnar séu samkvæmt byggingarbréfi frá 1859 og fasteignamati 1916–1918 og innan þeirra landamerkja fari þeir með öll venjuleg eignarráð, en þar sé landamerkjum Vatnsskóga lýst m.a. innan kröfusvæðisins og á vatnaskil. Landeigendur byggja á því að Múlaafrétt afmarkist af Axará. Þá telji landeigendur óumdeilt að Axará eigi upptök sín í Ódáðavötnum og renni síðan í Skriðuvatn.

Landeigendur telji rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirbyggjandi landamerkjabréfa og byggingarbréfs og legu jarða á svæðinu almennt. Landeigendur byggja á því að rétt sé að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miði beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Algjörlega skýrt sé að mati landeigenda að í byggingarbréfinu frá 1859 sé merkjum lýst á vatnaskilum.

Að auki telji landeigendur ósannaðar þær vangaveltur ríkisins um að Múlaafrétt sé þjóðlenda. Svæðið sé greinilega hluti af jörðinni Þingmúla og háð beinum eignarétti. Þá bendi heimildir til þess að sá eignaréttur hafi færst yfir til jarðarinnar Vallaness, sbr. fasteignamatið 1916–1918. Um þetta telji landeigendur rétt að benda á, sem komi jafnframt fram í fasteignamatinu, að þar sé vísað til þess að presturinn á Vallanesi sé umráðamaður en ekki eigandi. Þá sé einnig talað um ítök en ekki eign og einnig komi það fram í yfirmatinu að presturinn að Vallanesi líti á ítökin sem sjálfstæðar eignir Vallanesprestakalls.

Því sé harðlega mótmælt af hálfu landeigenda að landfræðileg lega, gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent sé sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið sé ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafi verið til eignarlanda. Þá sé svæðið umlukið eignarlandi, en ríkið hafi m.a. fallist á að jörðin Berufjörður eigi landamerki á vatnaskil á Öxi. Þess beri að geta að eigendur Berufjarðar hafi einnig viðurkennt eignarrétt Vatnsskóga sem og Beruneshreppur, sbr. yfirlýsing frá 1983.

Landeigendur telji ljóst að landamerki Múlaafréttar séu dregin af óljósum heimildum, enda engin skynsemi fólgin í því að landamerkjum hafi verið háttað eins og kröfulýsing íslenska ríkisins geri ráð fyrir. Þá sé horft fram hjá landamerkjum jarðarinnar

Vatnsskóga samkvæmt heimildum. Ljóst sé að hafna beri framkominni þjóðlendukröfu ríkisins inná land jarðarinnar Vatnsskóga.

Um lagarök er vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig sé vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá sé vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Vísað sé til venjuréttar og til almennra reglna samninga og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt sé vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega sé vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Vísað sé til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. Þá sé vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt sé vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur, einkum 1., 5., 15., 17., 11. og 2. mgr. 12. gr. Krafa um málskostnað byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

## 7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 7.2 Almenn atriði

#### 7.2.1 *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B, 10A, 10B og í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga um nýgengna dóma og álitafni um stjórnskipulegt gildi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, laga-grundvöll málsmeðferðar samkvæmt því ákvæði og réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

#### 7.2.2 *Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga voru kveðnir upp 17. október 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið



upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendlögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að fjórir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir, sbr. ákvarðanir Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, 2024-97, 2024-98 og 2024-99 þar sem beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar var í öllum tilvikum hafnað. Um er að ræða dóma Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Hins vegar liggur enn ekki fyrir hvort dómar Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfa-afreitur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), komi til kasta Hæstaréttar og því verður ekki fjallað nánar um þá hér að sinni.

Framangreindir dómar Landsréttar í málum nr. 430–433/2022, sem fyrir liggur að eru endanlegir, vörðuðu allir úrskurð óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls væri þjóðlenda. Í öllum málunum, sem höfðuð voru af eigendum fjögurra jarða sem töldu til réttinda á umræddu svæði, staðfesti Landsréttur niðurstöður óbyggðanefndar.

Meginágreiningsefnið í öllum málunum laut að túlkun á lýsingum í landamerkjabréfum viðkomandi jarða á merkjum þeirra til fjalla. Eigendur jarðanna byggðu á því að merki þeirra næðu upp á vatnaskil milli norðurs og suðurs á Snæfellsnesi, á Snæfellsjökli og austan hans, en íslenska ríkið byggði á því að draga ætti beinar línur á milli efstu merkjapunkta samkvæmt landamerkjabréfunum. Í úrskurði óbyggðanefndar var við túlkun landamerkjabréfanna m.a. litið til staðhátta og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum jarða vestan og austan við ágreiningssvæði málsins. Efstu merkjapunktar til fjalla samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um voru tiltekin örnefni sem eru talsvert langt frá jöklinum og vatnaskilunum sem landeigendur byggðu á að miða bæri við. Mat nefndarinnar var að gögn málsins styddu ekki að merki jarðanna næðu lengra til fjalls en að umræddum örnefnum og þar sem merkjum milli efstu merkjapunkta væri ekki lýst væri eðlilegast, að teknu tilliti til staðhátta, að draga beinar línur þar á milli, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot). Í því sambandi var m.a. horft til þess að rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða vestan ágreiningssvæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í Snæfellsjökul eða örnefni við jökulrönd og í landamerkjabréfum austan svæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í vatnaskil. Það var ekki gert í landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um og því var orðalag þeirra talið mæla gegn því að merki jarðanna næðu að jöklinum eða vatnaskilum. Þá var jafnframt litið til þess að línur sem dregnar væru beint á

milli efstu merkjapunkta í landamerkjabréfum jarðanna væru á eða nærri frambrún fjallanna sem risu nokkuð skarpt upp frá láglandi þeirra, en þar fyrir ofan tæki við aflíðandi land upp að vatnaskilum og jöklinum. Staðhættir voru því taldir mæla með afmörkun íslenska ríkisins á landi jarðanna.

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar var, að virtum gögnum málanna, fallist á framangreindar röksemdir og niðurstöður óbyggðanefndar um túlkun á afmörkun jarðanna sem deilt var um.

Gagnaðilar ríkisins í öllum málunum byggðu einnig á því að íslenska ríkið hefði með fyrri athöfnum sínum í tengslum við ríkisjörðina Arnarstapa, sem liggur að ágreinings- svæði málanna, skapað öðrum landeigendum á svæðinu réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í úrskurði óbyggðanefndar var því hafnað með vísan til þess að þær athafnir sem vísað væri til, m.a. útleiga lóðar innan ágreinings- svæðisins til námurekstrar árið 1936, beindust ekki að öðrum landeigendum og væru því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 430/2022 var fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar með svofelldum rökstuðningi:

Þá hafa áfrýjendur vísað til þess að stefndi hafi um árabíl farið með ríkisjörðina Arnarstapa eins og væri hún undirorpin eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum á því svæði sem það telji nú þjóðlendu. Þannig hafi umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði leigt út lóð til námurekstrar á Arnarstapa árið 1936 en leigusamningurinn var staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Vikurnámur voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul en námuvinnsla mun hafa lagst þar af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig liggur fyrir minnisblað Ríkiseigna 25. febrúar 2019 þar sem kemur fram að Arnarstapaland hafi verið í eigu stjórnvalda frá árinu 1556. Landamerkjalyásingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmerkjum ná frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan. Segir í minnisblaðinu að litið sé svo á að landamerkjalinur jarðarinnar náí upp í jökulrætur. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að tiltekna athafnir ríkisins geti skapað ákveðnar væntingar hjá aðilum og haft þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi lands, sbr. dóma réttarins 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005, 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 og 28. september 2017 í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Hér háttar á hinn bóginn svo til að þessar athafnir og yfirlýsingar íslenska ríkisins, sem eru tiltölulega nýtilkomnar, samrýmast ekki eldri heimildum og lutu auk þess einvörðungu að jörðinni Arnarstapa en beindust ekki að aðliggjandi jörðum. Verður því ekki fallist á það með áfrýjendum að þær hafi verið til þess fallnar að skapa öðrum landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu ágreinings- svæðisins.

Sama eða sambærilegan rökstuðning um þetta atriði er að finna í hinum dómum Landsréttar sem hér eru til umfjöllunar. Í dómunum var staðfest túlkun óbyggðanefndar á dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á eignarréttarlega stöðu lands sem deilt er um á grundvelli þjóðlendulaga. Af þeim verður ráðið að svo til álita geti komi hvort tiltekna athafnir ríkisins hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu lands, þannig að þýðingu hafi við úrlausn þjóðlendumála, þá verði þær að hafa beinst að öðrum en ríkinu sjálfu eða jörðum í eigu þess. Af þeim verður einnig ráðið að athafnir eða yfirlýsingar ríkisins sem beinast að tiltekinni jörð

geti almennt ekki skapað eigendum annarra nærliggjandi jarða réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu þeirra. Athafnir og yfirlýsingar ríkisins verði að hafa beinst að tiltekinni jörð og eigendum hennar svo að til álita komi hvort þær hafi skapað viðkomandi eigendum síkar væntingar.

### 7.3 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>750</sup> Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram greinir *Landnáma* frá því að Graut-Atli hafi numið eystri strönd Lagarfljóts, milli Gilsár og Vallaness fyrir vestan Öxnalæk. Þá segir að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan og Vellina út til Eyvindarár. Fram kemur að Brynjólfur hafi gefið Ævari bróður sínum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum. Um landnám í Breiðdal segir í *Landnámu* að Hjalti hafi numið Kleifarlönd og allan Breiðdal þar upp frá og að Herjólfur bróðir Brynjólfs hafi numið Heydalalönd fyrir neðan Tinnudalsá og út til Ormsár.

Af framangeindum frásögnum *Landnámu* verður ráðið að austanverður Fljótsdalur hafi verið numinn beggja vegna Gilsár og auk þess Skriðdalur allur og allur Breiðdalur. Kröfusvæði ríkisins eru í Gilsárdal, Skriðdal og Breiðdal og með hliðsjón af staðháttum verður að telja líklegt að þau hafi verið innan landnáms, að minnsta kosti að töluverðu leyti. Gera verður þann fyrirvara að ekki kemur fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð og því ekki hægt að fullyrða með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðunum. Þannig verður t.a.m. að telja að minni líkur séu á að kröfusvæði ríkisins í *Búðartungum* og á syðsta hluta *Múlaafréttar* hafi verið numin en yfirgnæfandi líkur á að kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels* í miðjum Breiðdal hafi verið innan landnáms þar.

### 7.4 Gilsárdalsafrétt, sunnanverður Skriðdalshreppur og Breiðdalur

Í þeim undirköflum sem hér fylgja á eftir verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins, sem eru fimm í þessu máli, tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Tilhögun þeirrar umfjöll-

<sup>750</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

unar er þannig að fyrst verður fjallað um þjóðlendukröfusvæðið sem í kröfugerð íslenska ríkisins er nefnt *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels*, því næst um svæðið sem í kröfugerð þess er nefnt *Múlaafrétt*, þar á eftir *Búðartungur*, þá *Geitdalsafrétt* og loks *Gilsárdalsafrétt*.

Fyrst verður fjallað um staðhætti einstakra þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki kröfusvæðanna og aðliggjandi jarða. Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæða ríkisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða þau, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæðunum byggjast að mestu leyti á því að kröfusvæði ríkisins hafi aðra eignarréttarlega stöðu en heimaland þeirra jarða sem um ræðir þrátt fyrir að þeim sé lýst innan landamerkja viðkomandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, að nokkru eða öllu leyti. Á þjóðlendukröfusvæðinu sem nefnt er *Búðartungur*, sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.3, byggir ríkið hins vegar á því að um sé að ræða landsvæði utan merkja jarða. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna.<sup>751</sup>

#### 7.4.1 *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Óskiptarland Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels*. Að svæðinu norðaustanverðu liggur óumdeilt eignarland Höskuldsstaðasels í Breiðdal en kröfu er lýst vegna jarðarinnar sem tekur til alls kröfusvæðis ríkisins. Krafa gagnaðila ríkisins styðst við landamerkjabréf Höskuldsstaðasels frá 27. ágúst 1990, eldra landamerkjabréf jarðarinnar frá 25. júní 1885 og landamerkjabréf Höskuldsstaða frá 23. júní 1885.

Að austan- og suðaustanverðu liggur að ágreiningssvæðinu óumdeilt eignarland Höskuldsstaða og að vestan- og norðvestanverðu óumdeilt eignarland Ánastaða. Báðar þessar jarðir eru í Breiðdal. Að suðvestanverðu svæðinu liggur hins vegar óumdeilt eignarland jarðarinnar Berufjarðar í samnefndum firði.

Þjóðlendukröfusvæðið er í sunnanverðum Breiðdal, sunnan Breiðdalsár. Það afmarkast að utanverðu af Innri-Ljósá og að innanverðu af línu sem liggur frá Breiðdalsá um Járnhrygg, sem er lóðréttur berggangur í hlíðinni innan við Innri-Ljósá, upp á vatnaskil milli Breiðdals og Berufjarðar við Dýrhundstind. Svæðið er lægst í um 100 m

<sup>751</sup> Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem *Árbókum Ferðafélags Íslands*.

hæð við Breiðdalsá en rís hæst í um 1.100 m hæð á vatnaskilum við Dýrhundstind. Svæðið er mjög vel gróið, sérstaklega á láglandari hluta þess. Svæðið liggur frá norð-austri til suðvesturs og er um 5 km langt í beinni loftlínu en aðeins um 1,5 km á breidd þar sem það er breiðast. Frá bæjarstæði Höskuldsstaðasels að þeim hluta ágreinings-svæðisins sem liggur næst bænum eru aðeins um 700 m.

Í kafla 7.4.1.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu byggist á því að ágreiningssvæðinu sé lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels í landamerkjabréfum þeirra sem óskiptu landi. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreinings-svæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarðanna. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.1.2.

#### 7.4.1.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og jarða sem liggja að því.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins af Breiðdalsá að norðaustanverðu, Innri-Ljósá að austan- og suðaustanverðu, vatnaskilum að suðvestanverðu og línu að norðvestan- og vestanverðu sem dregin er um Járnhrygg milli vatnaskilanna og Breiðdalsár.

Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Höskuldsstaðasels með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar frá 27. ágúst 1990, eldra landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1885 og landamerkjabréfs Höskuldsstaða frá sama ári. Byggt er á því að svæðið hafi verið í óskiptri sameign Höskuldsstaðasels og Höskuldsstaða en síðar hafi eigandi Höskuldsstaðasels keypt hlut Höskuldsstaða í því og eftir það hafi svæðið allt tilheyrt Höskuldsstaðaseli.

Í landamerkjabréfi Höskuldsstaðasels frá 27. ágúst 1990 er merkjum jarðarinnar sunnan Breiðdalsár lýst að utanverðu um Innri-Ljósá og að innanverðu um Járnhrygg. Í landamerkjabréfinu segir svo að við frágang þess falli úr gildi „landamerki Höskuldsstaðasels, sem þinglýst var á Eydalamanntalsþingi 29. júní 1885“.

Eldra landamerkjabréf Höskuldsstaðasels er frá 25. júní 1885 og því var þinglýst 29. júní sama ár. Þar er fyrst lýst merkjum jarðarinnar norðan Breiðdalsár, en svo segir:

Beitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá, milli innri „Ljósár“ og „Járnhryggs“ er Höskuldsstaðasel á í sameiningu við Höskuldsstaði, nota báðar jarðirnar sameiginlega eptir dýrleika og tiltölulega eptir jarðardýrleika.

Í landamerkjabréfi Höskuldsstaða frá 23. júní 1885, sem var þinglýst 29. júní sama ár, er sambærileg umfjöllun um sameiginlegt land jarðanna milli Innri-Ljósár og Járnhryggs:

Fyrir sunnan Breiðdalsá eiga báðar jarðirnar Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel óskipt land – milli „Járnhryggs“, sem er skamt fyrir utan Ánastaði – og innri Ljósár, er þær nota sameiginlega og tiltölulega eptir jarðadýrleika

Þá segir jafnframt að eigendur Höskuldsstaða og Flögu, næstu jarðar utan við Höskuldsstaði, hafi gert með sér samkomulag um skiptingu þess hluta Ljósárlands sem er utan við Innri-Ljósá, þ.e. austan við ána.

Fyrir liggja fleiri heimildir um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel, bæði eldri og yngri en landamerkjabréfin, sem lýsa sameiginlegu landi jarðanna með sambærilegum hætti, þ.e. milli Innri-Ljósár og Járnhryggs.

Í landamerkjabréfi Ánastaða, sem er næsta jörð innan við ágreiningssvæðið segir að Járnhryggur ráði merkjum milli Ánastaða „og lands þess, sem Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel eiga fyrir sunnan Breiðdalsá“.

Líkt og áður segir er ekki ágreiningur milli aðila um merki ágreiningssvæðisins og gögn málsins styðja jafnframt við þá afmörkun. Ágreiningssvæðið er innan merkja sameiginlegs lands Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels samkvæmt landamerkjabréfum þeirra frá 1885 og innan merkja Höskuldsstaðasels samkvæmt yngra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1990.

#### 7.4.1.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir að Hjalti hafi numið Kleifarlönd og allan Breiðdal þar upp frá og að Herfjólfur bróðir Brynjólfs hafi numið Heydalalönd fyrir neðan Tinnudalsá og út til Ormsár.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að landnám Hjalta tók til alls Breiðdals upp frá Kleifarlöndum, sem eru utan við ágreiningssvæðið í Breiðdal. Að mati nefndarinnar eru samkvæmt því og að teknu tilliti til staðháttar yfirgnæfandi líkur á að ágreiningssvæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki

landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið væri innan merkja Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels samkvæmt landamerkjabréfum þeirra frá 1885 og innan merkja Höskuldsstaðasels samkvæmt yngra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1990.

Af gögnum málsins er ljóst að Höskuldsstaðasel var áður hjáleiga frá Höskuldsstöðum. Um það geta m.a. jarðamöt Suður-Múlasýslu 1804 og 1849–1850 og *Jarðatal* Johnsens frá 1847, þar sem Höskuldsstaðasel er metið með Höskuldsstöðum og sagt hjáleiga frá jörðinni.

Elsta fyrirliggjandi heimild um Höskuldsstaði er kaupbréf frá 20. ágúst 1457. Þar kemur m.a. fram að Höskuldsstaðir eigi Þrætutungur fyrir sunnan ána í Breiðdal. Í nokkrum vitnisburðum um Höskuldsstaði frá 1601, 1603 og 1620 kemur fram að jörðin eigi land sunnan Breiðdalsár, milli Járnhryggs og Ytri-Ljósár.

Varðveist hefur afrit af gjafabréfi frá 11. nóvember 1685, en afritið er frá 1883, þar sem eigandi Höskuldsstaða og Flögu í Breiðdal færði land milli Ljósáanna, þ.e. Innri- og Ytri-Ljósár, frá Höskuldsstöðum til Flögu. Jafnframt var tiltekið að Höskuldsstaðir skyldu á móti eiga beit og grasatekju á umræddu landi. Þessara réttinda Höskuldsstaða á svæðinu milli Ljósáanna, sem einnig nefnist Ljósárland, er getið í lögfestu Ljósárlands frá 25. maí 1791 og byggingarbréfi fyrir Flögu frá 21. október 1824. Á seinni hluta 19. aldar reis ágreiningur milli eigenda Höskuldsstaða og Flögu um eignarhald á Ljósárlandi og merki jarðanna þar en honum virðist hafa lokið með samningi um skipti á Ljósárlandi milli Höskuldsstaða og Flögu 23. október 1884.

Af gögnum málsins má sjá að Höskuldsstaðir og Höskuldsstaðasel fóru að ganga kaupum og sölum hvor í sínu lagi eftir 1840. Þá liggur fyrir að 12. júní 1846 riðu

eigendur Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, ásamt skoðunarmönnum, á land og engjar jarðanna til að skipta þeim, hagabeit, skógi og landsnyttjum. Fjallað var um land jarðanna sunnan Breiðdalsár og ákveðið að það skyldi haldast óskipt: „landstikki það er liggur fyrir Sunnan breiddals ána, millum Jarn hriggs og innri ljósár samt ítak í liosár landi nóta hvöru tveggju eptir Jardar magni“. Riðið var á land og engjar jarðanna öðru sinni 31. júlí 1866 og merki milli þeirra ákveðin. Aftur var tekið fram að land jarðanna sunnan Breiðdalsár, milli Járnhryggs og Innri-Ljósár, skyldi haldast óskipt og nýtt af eigendum beggja jarða.

Í maí 1883 skráði eigandi Höskuldsstaða lýsingu á landamerkjum milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels, sem árituð var um samþykki vegna Höskuldsstaðasels. Í þeirri lýsingu er tekið fram, eins og áður, að „[b]eitarlandsstykkið fyrir sunnan Breiðdalsá milli innri Ljósár og Járnhryggs“ skyldi áfram vera óskipt og nýtt af báðum jörðum. Landamerkjaskrá þessari var þinglýst 27. maí 1883.

Eins og áður segir voru gerð landamerkjabréf fyrir Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel 23. og 25. júní 1885, en í þeim báðum var áfram tekið fram að jarðirnar ættu sameiginlegt beitarland sunnan Breiðdalsár milli Innri-Ljósár og Járnhryggs.

Með kaupsamningi 29. júní 1903 seldi eigandi Höskuldsstaða 1/8 hluta úr Höskuldsstöðum til vinnumanns í Höskuldsstaðaseli. Í afsali, sem er dagsett sama dag, kemur fram að einnig fylgi með kaupunum „sameignar stykki téðra jarða, sunnan Breiðdalsár, sem eru 2/3 úr nefndu stykki, og ræður Ynnri ljósá að utan en Járnhryggur að innan, merkum sameignar lands þessa“. Í afsalinu kemur einnig fram að hinn seldi hluti Höskuldsstaða „fall[i] innan af Höskuldsstaða landareign“ og í framhaldi af því voru skilgreind ný landamerki milli Höskuldsstaðasels og Höskuldsstaða. Með öðrum orðum var hluti Höskuldsstaða færður undir Höskuldsstaðasel, auk þess sem hlutdeild Höskuldsstaða í sameiginlegu landi jarðanna sunnan Breiðdalsár, 2/3 hlutar, færðist til Höskuldsstaðasels. Með því var sameignarlandið allt komið undir Höskuldsstaðasel. Það endurspeglast svo í landamerkjabréfi sem gert var fyrir Höskuldsstaðasel árið 1990 þar sem ágreiningssvæðinu sunnan Breiðdalsár er að öllu leyti lýst innan merkja Höskuldsstaðasels.

Af framangreindu má sjá að elstu heimildir um Höskuldsstaði eigna jörðinni land sunnan Breiðdalsár milli Járnhryggs og Ytri-Ljósár. Árið 1791 færðist land milli Innri-Ljósár og Ytri-Ljósár til Flögu en Höskuldsstaðir héldu eftir landi milli Járnhryggs og Innri-Ljósár. Við landskipti milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels um miðja 19. öld var landi norðan Breiðdalsár skipt á milli jarðanna en ágreiningssvæðinu sunnan árinna haldið óskiptu. Sú skipan var enn við lýði árið 1885, þegar landamerkjabréf voru gerð fyrir jarðirnar, og allt þar til einn eigenda Höskuldsstaðasels keypti hlut Höskuldsstaða í hinu óskipta landi árið 1903. Upp frá því virðist ágreiningssvæðið alfarið hafa tilheyrt Höskuldsstaðaseli, eins og sést á landamerkjabréfi sem gert var fyrir jörðina árið 1990.

Þjóðlenskrafa ríkisins er einkum við það studd að ágreiningssvæðinu hafi í heimildum iðulega verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðanna Höskuldsstaða



og Höskuldsstaðasels og þess einkum getið í tengslum við beit eða önnur takmörkuð not. Að virtri sögu jarðanna, sem rakin er hér að framan, verður að telja eðlilegt að þeim hluta lands jarðanna sem enn hélst í óskiptri sameign eftir að Höskuldsstaðaseli var skipt úr Höskuldsstöðum væri lýst sérstaklega í landamerkjabréfum jarðanna. Þá telur nefndin að vísun til ágreiningssvæðisins sem beitarlandsstykkis í heimildum vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitolandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðanna. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en viðkomandi landeigendur hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir ágreiningssvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið hafi frá öndverðu verið hluti jarðanna og sé háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli.

Staðhættir og gróðurfar benda að mati nefndarinnar eindregið til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti en það er að miklu leyti láglent og vel gróið, auk þess sem það er í miðjum Breiðdal og umlukið eignarlöndum á allar hliðar.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðið sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.2 *Múlaafrétt*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Múlaafrétt*. Að norðanverðu liggur að kröfusvæði ríkisins óumdeilt eignarland Þingmúla og fyrrum hjáleigna hans í Skriðdal og Geitdal.<sup>752</sup> Ekki er gerð krafa í málinu vegna Þingmúla sem er ríkisjörð. Að austanverðu liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Vatnsskóga, fyrrum hjáleigu frá Þingmúla, en kröfu er lýst vegna jarðarinnar sem tekur til suðausturhluta kröfusvæðis ríkisins, sunnan og austan Ódáðavatna. Að sunnanverðu liggja að kröfusvæði ríkisins óumdeild eignarlönd jarðanna Berufjarðar, Eyjólfsstaða, Víðiness og Eiríksstaða í Berufirði. Vestast á suðurmörkum kröfusvæðisins, við Brattháls, er aðliggjandi það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Hamarsbætur*, og er til umfjöllunar í máli nr. 4/2022. Að syðri hluta vesturmarka kröfusvæðisins liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Búðartungur* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3, en þar norðan við liggur að vesturmörkum kröfusvæðisins það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Geitdalsafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.4.

<sup>752</sup> Hluti Skriðdals nefnist einnig Suðurdalur og Geitdalur nefnist einnig Norðurdalur en hér verða heitin Skriðdalur og Geitdalur notuð.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að einungis hluti svæðisins sé undirorpinn gagnkröfu er eignarréttarleg staða þess hluta kröfusvæðisins sem ekki er undirorpinn kröfu vegna Vatnsskóga engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þjóðlendukröfusvæðið er á heiðinni milli Skriðdals og Geitdals, á syðsta hluta múlans sem skilur dalina að og inn af honum. Í heild er múlinn stundum nefndur Þingmúli eða Múli, þó að einstakir hlutar hans beri einnig sérstök heiti. Kröfusvæði ríkisins afmarkast af vatnsföllum og vatnaskilum. Að vestanverðu af Geitdalsá, að norðanverðu af Djúpagilsá og Rauðabergsá og að austanverðu af Axará. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af vatnaskilum milli annars vegar Skriðdals og Berufjarðar og hins vegar Geitdals og Hamarsdals í Hamarsfirði. Svæðið er lægst í um 250 m hæð þar sem Djúpagilsá og Axará mætast við norðausturmörk þess en það er annars að mestu leyti í um og yfir 600 m hæð og ríst hæst í um 900 m hæð á suðvesturhlutanum við Brattháls. Svæðið er nokkuð vel gróið á láglandustu hlutum þess, einkum í dölunum á norðvestur- og norðausturhluta svæðisins. Eftir því sem ofar dregur er gróðurþekja minni og syðst er svæðið lítt gróið og einkennist einkum af grýttum melum og klöppum.

Í kafla 7.4.2.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að kröfusvæði ríkisins en ekki er fyrir að fara heimildum sem varða merki þess sérstaklega. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu byggist á því að svæðinu sé lýst í heimildum sem afrétti Þingmúla. Í málinu er því einkum uppi það álitafni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar og fyrrum hjáleigna hennar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.2.2.

#### 7.4.2.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að kröfusvæði ríkisins.

Kröfusvæðið afmarkast að norðanverðu af Djúpagilsá og Rauðabergsá auk línu sem dregin er milli upptaka þeirra á múlanum. Fyrirnefnda áin rennur ofan af múlanum til austurs í Axará í Skriðdal og hin síðarnefnda til vesturs í Geitdalsá í Geitdal. Að austanverðu afmarkast kröfusvæðið af Axará suður að þeim stað þar sem sú kvísl árinna sem kemur úr Ódáðavötnum beygir til norðurs. Frá þeim stað í ánni er dregin bein lína suðaustur að vatnaskilum milli Skriðdals og Berufjarðar við Þrívörðuháls. Að sunnanverðu afmarkast kröfusvæði ríkisins af umræddum vatnaskilum, frá Þrívörðuhálsi og austur að Bratthálsi, en á vestasta hluta suðurmarkanna skilja vatnaskilin milli Geitdals og Hamarsdals í Hamarsfirði. Að vestanverðu afmarkast kröfusvæði ríkisins af Geitdalsá frá upptökum á áðurnefndum vatnaskilum við Brattháls, en efsti hluti Geitdalsár er einnig stundum nefndur Leirdalsá. Geitdalsá er svo er fylgt norður að þeim stað þar sem áðurnefnd Rauðabergsá rennur í hana. Afmörkun ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu styðst fyrst og fremst við landamerkjabréf Þingmúla frá 7. júní 1883 og lýsingu á Múlafrétt í örnefnaskrá fyrir Stefánsstaði, sem voru hjáleiga frá Þingmúla.

Landamerkjabréf Þingmúla er frá 7. júní 1883 og því var þinglýst 20. júní 1884. Þar er lýst merkjum jarðarinnar með hjáleigunum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum. Efni landamerkjabréfsins er svohljóðandi:

Landamerki Þingmúla í Skriðdal með hjáleigum Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum eru samkvæmt máldögum: að sunnan til Breiðdalsheiðar uppá Breiðdalsheiði svonefndur „Tjarnarás“, eða þar sem vötnum hallar til beggja sveitanna. Til Berufjarðar eru landamerki á Öxi svonefndur „Þrívarðnaháls, og heim áframhaldandi röðull af „Þrívarðnahálsi“ uppá hraunið allt að „Beinvörðu“ eða Smjörvörðu, og svo til austurs melröðull, sem liggur allt að Kistufelli. Fram á öræfi á Þingmúli land allt þangað sem vötnum hallar. Að norðan ræður Geitdalsá, allt á fjall upp. Að austanverðu ræður Múla á, innað Vatnsdalsá, sem ræður svo á fjall upp.

Að austanverðu er merkjum lýst frá norðri til suðurs um Múlaá inn að Vatnsdalsá og svo eftir henni á fjall upp. Múlaá rennur um Skriðdal en sunnan við Skriðuvatn, sem er sunnarlega í dalnum, nefnist áin Axará. Vatnsdalsá rennur í Múlaá skammt norðan við Skriðuvatn eftir að hafa runnið um Vatnsdal sem gengur austur úr Skriðdal og inn í fjallgarðinn milli Skriðdals og Breiðdals. Að vestanverðu er merkjum Þingmúla lýst um Geitdalsá, allt á fjall upp. Í landamerkjabréfinu segir að Geitdalsá ráði „að norðan“ en málvenja er á svæðinu að vísa til vesturs sem norðurs, sbr. t.d. að Geitdalur, sem er vestari inndalur Skriðdals, nefnist einnig Norðurdalur. Suðaustur- og suðurmörkum jarðarinnar er lýst um vatnaskil gagnvart Breiðdal á Breiðdalsheiði og á Öxi gagnvart Berufirði um Þrívarðnaháls, allt að Kistufelli,<sup>753</sup> sem er á mörkum Skriðdals, Breiðdals og Berufjarðar suðaustast í Skriðdal. Þá segir að fram á öræfi eigi Þingmúli „land allt þangað sem vötnum hallar“. Þegar lýsingar landamerkjabréfsins á austur- og vesturmörkum jarðarinnar, þar sem merkjum er lýst „á fjall upp“, eru túlkaðar verður að hafa

<sup>753</sup> Í *Árbók Ferðafélags Íslands* 2018 segir að Kistufell sé rangnefni sem fylgt hafi landabréfum allt frá korti Björns Gunnlaugssonar, en Íslandskort hans voru gefin út árin 1844 og 1849. Rétt nafn sé Kjalfjall. Í ljósi þess að heitið Kistufell er notað í landamerkjabréfi Þingmúla verður það þó notað hér.

hliðsjón af lýsingum á suðurmörkum jarðarinnar þar sem merkjum er lýst um vatnaskil gagnvart Breiðdal og fram á öræfi upp á vatnaskil. Þegar litið er heildstætt á lýsingar landamerkjabréfsins er að mati nefndarinnar ljóst að þar er merkjum lýst um tilteknar ár og vatnaskil, þ.e. um Múlaá í Skriðdal að austanverðu að Vatnsdalsá og eftir henni um Vatnsdal upp á vatnaskil gagnvart Breiðdal. Þaðan suður eftir þeim vatnaskilum í Kistufell, á mörkum Skriðdals, Breiðdals og Berufjarðar, og svo vestur eftir vatnaskilum á Öxi gagnvart Berufirði á móts við upptök Geitdalsár. Þaðan eftir Geitdalsá norður eftir Geitdal þar til hún mætir Múlaá, við bæjarstæði Þingmúla. Samkvæmt því er allur austanverður Geitdalur og allur vestanverður Skriðdalur, allt frá ármótum Geitdalsár og Múlaár í norðri og suður að vatnaskilum gagnvart Berufirði, innan merkja jarðarinnar, auk þess hluta austanverðs Skriðdals sem er sunnan Vatnsdalsár.

Þessi túlkun landamerkjabréfsins er í samræmi við afmörkun íslenska ríkisins á suður- og vesturmörkum kröfusvæðisins en það tekur til suðvesturhluta þess landsvæðis sem landamerkjabréfið lýsir innan merkja Þingmúla. Ríkið byggir á því að hluti þess svæðis sem lýst er innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfinu, þ.e. Múlaafrétt, sé þjóðlenda en að aðrir hlutar séu eignarlönd. Af hálfu ríkisins er þannig á því byggt að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land sem lýst er innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfinu. Um innbyrðis afmörkun Múlaafréttar gagnvart öðrum hlutum Þingmúla, eða hjáleigna jarðarinnar, vísar ríkið einkum til lýsingar á afréttinni í örnefnaskrá fyrir Stefánsstaði, sem voru hjáleiga frá Þingmúla, en ágreiningur er milli ríkisins og eigenda Vatnsskóga, fyrrum hjáleigu Þingmúla, um afmörkun þeirrar jarðar á suðausturhluta kröfusvæðis ríkisins. Landamerkjabréfið hefur hins vegar ekki að geyma lýsingu á innbyrðis merkjum hjáleigna eða afréttarlandi Þingmúla.

Af framangreindu er ljóst að kröfusvæði ríkisins er allt innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883. Þar sem landamerkjabréfið hefur ekki að geyma sérstaka lýsingu á afréttarlandi jarðarinnar eða hjáleigum hennar koma hér til skoðunar aðrar heimildir um merki jarðarinnar eða einstakra hluta hennar.

Í biskupsvísitasíu fyrir Þingmúlakirkju frá 1641 segir m.a. að kirkjan eigi heimaland allt, hálfan Jórunnardal fram á Stafsheiði þar til vötnum hallar, allan Öxarárdal fram á Öxi þar til vötnum hallar, að undanskildu landi Hauga, hálfan Geitdal og Búðartungur. Þar er einnig getið annarra jarða í eigu Þingmúlakirkju. Jórunnardalur mun vera eldra heiti á Þórudal sem liggur inn að Stafsheiði milli Skriðdals og Breiðdals, norðan Vatnsdals. Öxarárdalur er annað heiti á Skriðdal, en eins og áður segir rennur Axará, sem einnig er stundum nefnd Öxará, um hann sunnan Skriðuvatns. Norðan vatnsins nefnist áin Múlaá. Því er ljóst að vísitasían eignar Þingmúlakirkju allan Skriðdal, fram á Öxi á vatnaskil, að undanskildu landi Hauga, og hálfan Geitdal, en um hann rennur Geitdalsá. Hún samræmist því nokkuð vel landamerkjabréfi Þingmúla sem lýsir merkjum að vestanverðu um Geitdalsá, og eignar Þingmúla þannig allan austurhluta Geitdals, og

tekur jafnframt til alls vesturhluta Skriðdals, og austurhluta dalsins sunnan Vatnsdalsár, allt suður að vatnaskilum á móts við Berufjörð.

Sömu upplýsingar um land Þingmúlakirkju og fram koma í biskupsvísitasíunni frá 1641 er að finna í síðari vísitasíum fram á síðari hluta 19. aldar og einnig í texta frá miðri 18. öld í kirkjubók Þingmúla. Þá liggja einnig fyrir tvær lögfestur fyrir Þingmúla frá 1703 og 1718 sem lýsa landi Þingmúla með sama hætti.

Í lýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna segir að Þingmúlastaður standi austan undir Múlakollinum hjá Múlaá, nærri yst á tungunni milli hennar og Geitdalsár, „og á staðurinn alla tunguna milli áнна inn á öræfi svo langt sem vötnum hallar til Skriðdals og þar að auki afréttarlandið inn frá, sem nefnist Víðirgróf, sunnan við Öxará eða Skriðdalsá, suður á há-Breiðdalsheiði og á fjöllin suðvestur af henni og eins norðaustur allt til Vatnsdalsár“. Þessi lýsing virðist taka til alls þess landsvæðis sem lýst er innan merkja Þingmúla í landamerkjabréfinu frá 1883.

Ljóst er að ýmsar hjáleigur hafa í gegnum tíðina verið innan heildarmerkja Þingmúla og sumar þeirra hafa síðar orðið sjálfstæðar jarðir með aðgreind landamerki. Áður er þess getið að landamerkjabréf Þingmúla frá 1883 tekur einnig til þriggja hjáleigna, Borgar, Stefánsstaða og Vatnsskóga, en innbyrðis merkjum er þar ekki lýst með aðgreindum hætti. Að auki er fjórða hjáleigan, Hátún, nefnd í sumum öðrum heimildum. Borg og Stefánsstaðir eru í vestanverðum Skriðdal en Borg er næsta hjáleiga sunnan við heimaland Þingmúla og Stefánsstaðir eru sunnan við land Borgar en norðan afréttarinnar. Vatnsskógar eru í austanverðum Skriðdal, sunnan Vatnsdalsár, en Hátún í Geitdal, sunnan við heimaland Þingmúla.

Í fyrirbyggjandi heimildum eru þessar hjáleigur Þingmúla taldar upp með ýmsum hætti og breytilegt kann að hafa verið hverjar þeirra voru byggðar. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er getið um Borg, Stefánsstaði og Hátún sem hjáleigur Þingmúla. Í skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls frá 1854, sem varðar árin 1849–1853, er getið um hjáleigurnar Borg og Stefánsstaði. Í sambærilegri skýrslu fyrir árin 1872–1877 er getið um Borg, Stefánsstaði og Vatnsskóga, og í lýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna segir að hjáleigur Þingmúla séu Hátún, Borg, Stefánsstaðir og Vatnsskógar. Fyrir liggja ýmsar heimildir um heimaland Þingmúla og hjáleigur jarðarinnar þar sem merkjum er lýst með aðgreindum hætti og þær koma nú til frekari skoðunar.

Í byggingarbréfi fyrir Þingmúla frá 1893, ári eftir að prestsetur þar var lagt niður, er greint frá merkjum heimalands jarðarinnar:

Landamerki jarðarinnar eru: Sunnan Múlans á milli Borgar og Þingmúla svo nefndir „Þrimelar“; að austan Múlaá; að norðan Geitdalsá og á Hátúnadal grjótgardur sá hinn forni, er þar sjest enn kippkorn fyrir utan Dalhús. Landið frá garði þessum og inn að aðalafirjettinni er fráskilið þessari byggingu Þar á móti er hið venjulega slægnaftak í Hallbjarnarstaðalandi, „Lónatangi“ leigt með jörðinni.

Þá er einnig tekið fram að leiguliða sé ásamt heimalandinu byggð afrétt staðarins, að undanteknum rétti til slægna í henni, gegn sérstöku gjaldi sem bætist við landsskuld vegna jarðarinnar sjálfar. Þessi merkjalýsing lýsir heimalandi Þingmúla, nyrst í landi jarðarinnar, þannig að það takmarkist að suðaustanverðu af landi Borgar í Skriðdal og að suðvestanverðu af fornum grjótgarði í Geitdal. Auk þess er tekið fram að afrétt Þingmúla, Múlaafrétt, sé byggð með aðaljörðinni en merkjum hennar er ekki lýst nánar.

Í vísitasíubók er skráð færsla um embættisskoðunarferð prófasts að Vallanesi 23. ágúst 1904, en á þeim tíma hafði Þingmúlasókn verið sameinuð Vallanessókn og prestsetur í Þingmúla lagt niður. Þar kemur fram að kirkjujörðinni Þingmúla hafi verið skipt í þrjár jarðir, Þingmúla, Múlustekk og Hátún, og að sú skipan hafi verið samþykkt af stiftsyfirvöldunum með bréfi 24. mars 1904. Þar er getið merkja jarðanna þriggja eftir þessa skiptingu, og af lýsingum þeirra er ljóst að þær eru allar innan þess landsvæðis sem lýst er sem heimalandi Þingmúla í áðurnefndu byggingarbréfi frá 1893.

Eins og áður segir voru Hátún í Geitdal hjáleiga frá Þingmúla. Í framangreindri færslu í vísitasíubók um embættisskoðunarferð prófasts að Vallanesi 1904 er merkjum Hátúna lýst svo: „Landamerki að utan: Merkilækur, að norðan Geitdalsá, að framan: forn Grjótgarður utan við Dalhús, að austan háöxlar Múlans“. Í fasteignamati 1916–1918 er að finna efnislega sömu lýsingu á merkjum Hátúna. Nákvæm staðsetning forns grjótgarðs utan við Dalhús, sem vísað er til í framangreindum lýsingum, liggur ekki fyrir en af lýsingum í örnefnaskrá má ráða að hann sé talsvert norðan við vesturhluta norðurmarka kröfuvæðis ríkisins, sem miðast við Rauðabergsá. Í örnefnaskrá fyrir Hátún segir að innan við umræddan grjótgarð hafi verið eyðibýlið Dalhús. Litlar heimildir eru um búsetu þar, og Dalhúsa er ekki getið meðal hjáleigna Þingmúla í fyrirbyggjandi heimildum. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 2018 segir að á árunum 1872–1892 hafi fjórar fjölskyldur reynt fyrir sér á Dalhúsum en enginn eftir það. Í *Sveitum og jörðum í Múlapingi*, 2. bindi, segir að nafngreindur maður hafi byggt bæ í gamalli tótt á Dalhúsum árið 1890 og búið þar til 1893. Ekki liggja fyrir heimildir um afmörkun Dalhúsa til suðurs, en í örnefnaskrá fyrir Hátún frá 1975 segir að við áðurnefndan grjótgarð, sem markaði suðurmörk Hátúna, hafi áður verið mörk afréttar og heimalands.

Næst koma til skoðunar heimildir um hjáleigur Þingmúla í Skriðdal: Borg, Stefánsstaði og Vatnsskóga.

Í byggingarbréfi fyrir Borg frá 1857 segir að merki Borgar að utan, gagnvart heimalandi Þingmúla, séu um Þrímela en að innan, gagnvart Stefánsstöðum, séu merkin um Þverá. Að ofan séu þau þar sem vötnum halli og að neðan ráði áin, þ.e. Múlaá. Sömu lýsingu á merkjum Borgar er að finna í byggingarbréfi frá 1870 og fasteignamati 1916–1918. Í byggingarbréfunum er þess getið að Borg fylgi hlutdeild í afrétt Þingmúla en leiguliði megi ekki leyfa öðrum þar landsnot. Af gögnum málsins verður ráðið að árið 1936 hafi nýbýlið Birkihlíð verið stofnað í landi Borgar og árið 1950 hafi nýbýlið Hjarðarhlíð einnig verið stofnað í landi Borgar en af gögnunum er ljóst að land Borgar,

og nýbýla sem þar var stofnað til, liggur ekki að kröfusvæði ríkisins og því er ekki ástæða til að fjalla um það nánar.

Sunnan við Borg í vestanverðum Skriðdal er land Stefánsstaða. Í byggingarbréfi fyrir Stefánsstaði frá 1871 segir að landamerki séu „að utan lækr skammt þar útfrá, að innan en að ofan eftir því sem vötnum hallar til landsins; að neðan ræður vatnið og og áin“. Í öðru byggingarbréfi frá 1885 er landamerkjum lýst með sama hætti með þeirri viðbót að Djúpagilsá ráði merkjum að innanverðu. Í fasteignamati 1916–1918 er merkjum Stefánsstaða lýst svo: „Að ofan sem vötnum hallar, að utan Þverá, að neðan Axará, að innan Djúpagilsá.“ Djúpagilsá rennur ofan af múlanum í vestanverðum Skriðdal og sameinast Axará í dalbotninum.

Austurhluti norðurmarka kröfusvæðis ríkisins, þ.e. í Skriðdal, miðast við Djúpagilsá, sem er í samræmi við framangreindar heimildir um merki Stefánsstaða.

Gerð er krafa til hluta kröfusvæðis ríkisins af hálfu eigenda Vatnsskóga en þar er m.a. byggt á byggingarbréfi fyrir Viðigróf frá 1859. Þar er merkjum lýst svo: „allt land frá Vatnsdalsá og inná Öxi þarsem vötnum hallar suduraf, austaramegin Oxarár á fjall upp“. Í virðingargjörð á Vatnsskógum frá 1916, sem var þinglýst sama ár, segir að jörðin hafi verið hjáleiga byggð út úr landi Þingmúla. Um landamerki jarðarinnar segir eftirfarandi:

Um landamerki jarðarinnar er það að segja að þau eru skakt til færð í útskrift sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, skirð landamerki annarar jarðar en þeirrar sem hér er um að ræða.

En eftir þeim upplýsingum sem við höfum getað aflað okkur eru landamerki þessi: að utan „Vatnsdalsá“, að neðan Múlaá, að ofan Vatnsdalsvörp og fjallgarður til Breiðdalsheiðar, en að innan virðist dálítill ágreiningur milli landsdrottins og leiguliða, þannig að landsdrottin virðist halda því fram, að land jarðarinnar nái aðeins inn að svo kölluðum Íxnagilsám, en leiguliði vill halda því fram, að allt landið innúr, til Berufjarðarvarpa, sé hér um að ræða. En því er þannig varið að leiguliði hefur aðeins munnlega byggingu fyrir jörðunni, en ekkert byggingarbréf, svo ekki verður séð hve mikið land felst í byggingunni. Að okkar dómi er hér um lítilfjörlegt landstykki að ræða: fjallendis reim, að miklu leyti gróðurlaus, innst til dala, enda er ábúandi ekkert áfram um að halda landstykki þessu. En vegna þessa misskilnings virðum við jörðina innað Íxnagilsám sér, og afreitarstykkið þar fyrir innan til Berufjarðarvarpa sérstaklega.

Í fasteignamati 1916–1918 er jörðin Vatnsskógar sögð eyðijörð í eigu Þingmúla-kirkju. Þar kemur fram að jörðin hafi nægt upprekstrarland. Um landamerki segir: „Að neðan Axará og Skriðuvatn, að utan Vatnsdalsá, að ofan og framan þar sem vötnum hallar.“

Í þessum heimildum um merki Vatnsskóga er norðurmörkum lýst um Vatnsdalsá og vesturmörkum um Axará. Orðalag þeirra um merki til fjalla að austan og sunnan er hins vegar aðeins mismunandi. Í byggingarbréfinu frá 1859 er merkjum lýst frá Vatnsdalsá inn á Öxi þar sem vötnum hallar til suðurs, austan Axarár á fjall upp. Í virðingargjörðinni frá 1916 segir að austurmörk jarðarinnar séu á Vatnsdalsvörpum og um fjallgarðinn til Breiðdalsheiðar, en að ágreiningur sé milli landeiganda og leiguliða um suðurmörk. Þau miðist annaðhvort við Yxnagilsár, eða Berufjarðarvörp, þ.e. vatnaskil gagnvart

Berufirði. Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að merki jarðarinnar „að ofan og framan“ séu þar sem vötnum hallar.

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Vatnsskóga er byggt á því að Axará ráði vesturmörkum jarðarinnar allt til upptaka, sem þeir byggja á að séu í Ódáðavötnum. Af hálfu ríkisins er byggt á því að austurmörk kröfusvæðisins séu um Axará, en ríkið byggir á því að ekki eigi að fylgja þeirri kvísl árinna sem rennur úr Ódáðavötnum heldur draga beina línu úr tilteknum stað í Axará, innarlega í Skriðdal, til suðausturs að vatnaskilum gagnvart Berufirði.

Framangreindar heimildir veita þeirri túlkun gagnaðila ríkisins stoð að mörk jarðarinnar fylgi Axará til upptaka, með vísan til þess að í byggingarbréfinu frá 1859 og fasteignamati 1916–1918 er merkjum til suðurs lýst að vatnaskilum. Að mati nefndarinnar hefur virðingargjörðin frá 1916 minna vægi í þessu sambandi, enda ber hún með sér að ágreiningur landeiganda og leiguliða hafi snúist um umfang hins leigða landsvæðis en ekki um eignarréttarlega stöðu svæðisins sem deilt var um, þ.e. ofan Yxnagilsáa, sem auk þess er að mestu leyti óumdeilt eignarland í máli þessu. Þá styðja gögn málsins að upptök Axará séu í Ódáðavötnum, t.d. örnefnaskrár fyrir Vatnsskóga og Borg, auk þess sem vel sást í vettvangsferð nefndarinnar að sú kvísl árinna sem rennur úr Ódáðavötnum er greinilegri og stærri en aðrar sem renna ofan af vatnaskilum milli Berufjarðar og Skriðdals. Framangreindar heimildir eru hins vegar ekki skýrar um hvernig draga beri mörkin úr upptökum Axará við Ódáðavötn að vatnaskilum gagnvart Berufirði. Það atriði kemur hins vegar ekki til nánari skoðunar ef önnur atriði leiða til þeirrar niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé ekki þjóðlenda.

Líkt og áður kemur fram er þess getið í ýmsum skjölum, t.d. byggingarbréfum fyrir Þingmúla og hjáleigur jarðarinnar og einnig fasteignamati, að Þingmúla hafi fylgt afrétt sem nefnd er Múlaafrétt. Í þessum skjölum er hins vegar ekki að finna lýsingar á afmörkun afréttarinnar og slíka afmörkun er heldur ekki að finna í landamerkjabréfi Þingmúla frá 1883 þar sem heildarmerkjum er lýst án aðgreiningar heimalands, hjáleigna eða afréttar.

Í lýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna segir að inn af Þingmúlasókn séu miklar og góðar afréttir. Þar segir að Múlaafrétt sé inn af Múlanum og Suðurdal inn á Háöxi.

Í örnefnaskrá Stefánsstaða frá 1971 segir að austurhluti Múlaafréttar liggi að Stefánsstaðalandi og að Djúpagilsá skipti löndum milli heimalands og afréttar. Það á sér einnig stoð í þeim heimildum um merki Stefánsstaða sem áður er lýst. Í örnefnaskránni segir einnig að landamerki milli Skriðdals og Berufjarðar séu við vatnaskil og að Axará skipti m.a. löndum milli Stefánsstaða og Vatnsskóga. Þá kemur jafnframt fram að nokkur hluti af Múlaafrétt sé talinn með Hátúnum. Landamerki þar á milli séu á Háufs, þar sem vötn falli til Geitdalsár og Axará, og þar séu einnig landamerki milli Stefánsstaða og Hátúna.



Í ritinu *Göngur og réttir V* segir að Múlaafrétt nefnist svæði það sem sé fyrir innan byggð á milli Geitdalsár og Axarár, sem komi úr Ódáðavötnum. Nokkur hluti afréttarlandsins liggja sunnan Ódáðavatna, eða þangað er vötnum halli til Fossárdals sem er í Berufirði. Vesturmörk Múlaafréttar séu um Brattháls, suður að vatnaskilum gagnvart Hamarsdal. Þar segir einnig að Geitdalsá komi úr Leirdalsvatni og Bratthálsi.

Í svari oddvita Skriðdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt árið 1989 segir að frá fornu fari hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þær liggja suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð. Ekki er gerð nánari grein fyrir afmörkun þeirra, t.d. að norðanverðu, eða innbyrðis afmörkun afréttanna.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir og landsvæði, þ.e. vestan og sunnan við kröfusvæði ríkisins, en Þingmúli og fyrrum hjáleigur jarðarinnar sem hér hefur verið fjallað um liggja að kröfusvæðinu norðan- og austanverðu.

Að norðvestanverðu svæðinu liggur það kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Geitdalsafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.4. Í landamerkjabréfi Geitdals frá 14. júní 1883, sem var þinglýst 20. júní 1884, er austurmerkjum jarðarinnar lýst um Geitdalsá „sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið ut dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla“. Að vestan- og suðvestanverðu kröfusvæði ríkisins liggur annað kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Búðartungur* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Búðartungur frá 28. maí 1884, sem var þinglýst 20. júní sama ár. Þar er austanverðum merkjum þeirra lýst um Geitdalsá. Framangreint er í samræmi við afmörkun ríkisins á vesturmörkum kröfusvæðisins sem afmarkast af Geitdalsá frá Bratthálsi að þeim stað þar sem Rauðabergsá rennur í hana ofan af Háufs.

Að sunnanverðu kröfusvæði ríkisins liggja jarðir og landsvæði í Berufirði og Hamarsfirði. Austast er þar óumdeilt eignarland jarðarinnar Berufjarðar í samnefndum firði. Þar vestan við liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Eyjólfsstaða, Víðiness og Eiríksstaða í Fossárdal í Berufirði. Loks liggur að vestasta hluta suðurmörku kröfusvæðis ríkisins annað kröfusvæði sem nefnt er *Hamarsbætur* og er til umfjöllunar í máli nr. 4/2022. Upphaflega voru gerðar kröfur í málinu af hálfu eigenda Berufjarðar, Eyjólfsstaða, Víðiness og Eiríksstaða, en eftir að íslenska ríkið aðlagði suðurmörk kröfusvæðisins *Múlaafréttar* að vatnaskilum milli Skriðdals og Berufjarðar lýstu eigendur umræddra jarða því yfir að ekki væri lengur ágreiningur við ríkið um mörk jarðanna og að þeir létu málið ekki frekar til sín taka.

Í landamerkjabréfum Berufjarðar frá 10. maí 1884 og Fossárdals frá 2. maí 1884, sem tekur til Eiríksstaða, Víðiness og Eyjólfsstaða, er merkjum þessara jarða að norðanverðu, gagnvart kröfusvæði ríkisins, lýst um vatnaskil og efstu fjallseggar milli Berufjarðar og Skriðdals. Í landamerkjabréfi Hamars í Hamarsfirði frá 9. apríl 1884 er því lýst að Hamar eigi afréttarland innst í Hamarsdal „frá Veturhúsalandi og á Sker inn og upp“. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2022, sem kveðinn er upp samhliða

úrskurði þessum, er komist að þeirri niðurstöðu að svæðið sem lýst er sem afréttarlandi Hamars í Hamarsdal sé eignarland.

Af framangreindu verður séð að heimildir um aðliggjandi jarðir og landsvæði styðja við afmörkun ríkisins á Múlaafrétt að vestan- og sunnanverðu og eru einnig í samræmi við lýsingu í landamerkjabréfi Þingmúla frá 1883 á umræddum hluta merkja jarðarinnar.

Samandregið styðja fyrirbyggjandi heimildir um Þingmúla og fyrrum hjáleigur jarðarinnar við afmörkun ríkisins á Múlaafrétt, með tveimur undantekningum. Sú fyrri er niðurstaða nefndarinnar að heimildir um Vatnsskóga styðji við afmörkun gagnaðila ríkisins á vesturmörkum Vatnsskóga um Axará til upptaka í Ódáðavötnum. Eins og áður segir er hins vegar nokkur óvissa um hvernig draga beri mörkin úr Ódáðavötnum suður að vatnaskilum milli Berufjarðar og Skriðdals, á suðausturhluta kröfusvæðis ríkisins. Síðari undantekningin er að ekki er fyllilega skýrt af gögnum málsins hvernig Múlaafrétt afmarkast að norðvestanverðu, en ríkið byggir á að mörkin séu í Rauðabergsá. Í örnefnaskrá fyrir Hátún frá 1975 segir að við fornan grjótgarð utan við Dalhús, sem mun vera talsvert norðan við Rauðabergsá í Geitdal, hafi verið mörk afréttar og heimalands, en í örnefnaskrá Stefánsstaða segir að norðurmörk Múlaafréttar séu á Háufs, þar sem vötn falli til Geitdalsár og Axarár. Rauðabergsá, sem ríkið miðar norðvesturmörk kröfusvæðisins við, rennur ofan af Háufs og síðarnefnda skjalið veitir afmörkun ríkisins á umræddum hluta kröfusvæðisins því nokkra stoð.

Þrátt fyrir að gögn málsins séu ekki fyllilega skýr um afmörkun Múlaafréttar til norðvesturs og suðausturs gagnvart fyrrum hjáleigum Þingmúla er að mati óbyggðanefndar ljóst að kröfusvæði ríkisins er allt innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883. Jafnframt er niðurstaða nefndarinnar að afmörkun Þingmúla í landamerkjabréfinu eigi sér stoð í eldri heimildum um merki jarðarinnar. Nánari afmörkun Múlaafréttar kemur einungis til skoðunar ef komist er að þeirri niðurstöðu að um þjóðlendu sé að ræða, enda er ekki á valdsviði nefndarinnar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda.

#### 7.4.2.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða kröfusvæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áður nefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan og Vellina út til Eyvindarár. Fram kemur að Brynjólfur hafi gefið Ævari bróður sínum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að landnám Brynjólfs hefur tekið til Skriðdals og að Ævar bróðir hans hafi svo tekið við þeim hluta landnámsins. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðinu. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna er þó að mati óbyggðanefndar líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að töluverðu leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvers jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins væri allt innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á því byggð að svæðinu sé lýst í heimildum sem afrétt Þingmúla. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja jarðarinnar í landamerkjabréfinu án neinnar aðgreiningar.

Í umfjöllun um afmörkun svæðisins hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að lýsing landamerkjabréfs Þingmúla á merkjum jarðarinnar ætti sér stoð í eldri heimildum. Þar var vísað til biskupsvísitasíu frá 1641 og síðari vísitasía fram á síðari hluta 19. aldar, texta frá miðri 18. öld í kirkjubók Þingmúla og tveggja lögfestna fyrir Þingmúla frá 1703 og 1718. Í þessum skjölum segir m.a. að kirkjan í Þingmúla eigi allan Öxarárdal fram á Öxi þar sem vötnum hallar, að fráteknu Haugalandi, og hálfan Geitdal. Sambærilega lýsingu á merkjum jarðarinnar og þá sem fram kemur í landamerkjabréfinu frá 1883 er einnig að finna í lýsingu Hallormsstaða- og Þingmúlasóknar frá 1874 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna, þar sem merkjum er lýst inn á öræfi svo langt sem vötnum hallar.

Í elstu heimildum sem liggja fyrir um Þingmúla, þ.e. skrá Páls Jónssonar biskups um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 og kirkjumáldögum frá 1397 og 1570, verður ekki séð að fjallað sé sérstaklega um kröfusvæði ríkisins, en raunar er lítið sem ekkert fjallað um landamerki í umræddum skjölum.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. um Þingmúla að útigangur sé í betra lagi og landrými jarðarinnar mikið.

Í byggingarbréfi fyrir Borg frá 1856 segir meðal annars um Múlaafrétt:

Gjeldfje sitt og lömb skal hann á hvörju ári reka til afrettar þeirrar sem Þingmúlakyrkja á og Borg hefur hlutdeild í, en ekki má fara af neinum öðrum fje á afrett taka eða leifa þar öðrum neinar þær landsnyttjar sem hann sjalfur má þó brúka so sem grasatekju og þessháttar hann skal vera skildur ad safna stadarins afrett á haustum þá þörf er og lögsöfn uppabodinn en stórgripi þá sem heima eru skal hann vera skildur ad passa so ekki gangi i landlandsdrottins leifislaust eða i slægjur sambilismanns ...

Það sama kemur efnislega fram í byggingarbréfum fyrir Borg frá 1857 og 1870. Þá segir í byggingarbréfi fyrir Þingmúla frá 1870:

Afrétt Þingmúla staðar, sem eigi er öðrum byggð, skal hann hafa um leið til byggingar og gjaldi serstaklega af henni 10<sup>rd</sup> á ári – og er honum þá heimilt að taka grasafólk og fé af öðrum í afréttina, fyrir akveðna borgun, en gæti jafnframt allra þeirra skyldna, sem lands lögin skilja á afréttarbonda.

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls eftir fimm ára meðaltali 1872–1877 er m.a. fjallað um afrétt Þingmúla. Þar segir að afrétt fylgi staðnum, víðlend og góð þó mikill hluti hennar sé hrjóstugur, og að þangað megi taka margt fé á sumrum. Einnig segir að töluvert hey megi sækja inn á afrétt þegar vel vaxi til fjalla en þangað sé langt að fara. Þá er jafnframt fjallað um tekjur sem kirkjan hafi af afréttinni fyrir utan upprekstur staðarins og hjáleignanna.

Í byggingarbréfi fyrir Þingmúla frá 1893 er tekið fram að til viðbótar heimajörðinni sé leiguliða byggð afréttin sem staðnum fylgi „til allrar löglegrar notkunar, að undan- teknum rjetti til slægna í henni“, gegn tilteknu gjaldi til viðbótar við landskuldina vegna heimajarðarinnar.

Í fasteignamati 1916–1918 er skráð athugasemd við Þingmúla þess efnis að Múlaafrétt hafi gengið undan Þingmúla, og að sóknarpresturinn í Vallanesi telji hana engar tekjur hafa gefið næstu ár á undan. Í umfjöllun um Vallanes í sama fasteignamati kemur

fram að jörðin hafi upprekstrarland á Múlaafrétt. Svo virðist því sem réttindi yfir Múlaafrétt hafi á þessum tíma færst frá Þingmúla til Vallaness, en prestsetur í Þingmúla var lagt niður árið 1892 þegar Þingmúlasókn var sameinuð Vallanesprestakalli. Í byggingarbréfi fyrir Þingmúla frá 1940 kemur hins vegar fram að Múlaafrétt fylgi jörðinni.

Í svari oddvita Skriðdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt árið 1989 segir að frá fornu fari hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þær liggi suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveggjar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja Þingmúla samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi hennar, þó að einstökum hjáleigum Þingmúla hafi síðar verið skipt út úr jörðinni og skilji nú heimaland hennar frá kröfusvæðinu. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðarinnar og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkjanna. Þá á lýsing landamerkjabréfsins á merkjum jarðarinnar sér stoð í eldri heimildum um merkin.

Kröfusvæði ríkisins er nokkuð vel gróið á láglandustu hlutum þess, einkum í Geitdal og Skriðdal á norðvestur- og norðausturhluta svæðisins. Gögn málsins benda enda til þess að svæðið hafi m.a. verið nýtt til slæгна. Eftir því sem ofar dregur er gróðurþekja minni og syðsti hluti svæðisins er lítt gróinn og einkennist einkum af grýttum melum og klöppum. Þrátt fyrir það telur nefndin að gróðurfur mæli ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar, einkum þegar horft er til þess að aðliggjandi svæði til norðurs, austurs og suðurs eru um margt mjög sambærileg gróðurfarslega en engu að síður óumdeild eignarlönd. Í því sambandi er einkum horft til þess hluta Múlans sem er norðan kröfusvæðisins, þess hluta Skriðdals sem er austan Axarár og heiðarsvæða inn af Berufirði sem liggja að kröfusvæðinu sunnanverðu. Öll þessi svæði hefur íslenska ríkið viðurkennt að séu eignarlönd þrátt fyrir að staðhættir og gróðurfur séu að miklu leyti sambærileg við kröfusvæðið. Ekki verður því séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfur bendi til þess að svæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en þessi aðliggjandi svæði. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda

er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að vestanverðu liggja að kröfusvæðinu önnur kröfusvæði ríkisins sem eru til umfjöllunar í köflum 7.4.3 og 7.4.4. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar bæði um að ræða eignarland og þjóðlendu. Að suðvestanverðu liggur að svæðinu annað kröfusvæði ríkisins sem er eignarland samkvæmt úrskurði nefndarinnar í máli nr. 4/2022 sem kveðinn er upp samhliða úrskurði þessum.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að þjóðlendukröfusvæðið sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan þjóðlendukröfusvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afréttur vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarluta sem beitilandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m.fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfusvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfusvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að svæðið sé háð beinum eignarrétti.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

### 7.4.3 *Búðartungur*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Búðartungur*. Að norðvestan, norðan, austan og sunnan liggja að svæðinu önnur kröfusvæði ríkisins. Að norðvestanverðu er það kröfusvæði sem af hálfu ríkisins er nefnt *Gilsárdalsafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.5, að norðanverðu *Geitdalsafrétt* sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.4, að austanverðu *Múlaafrétt* sem er til umfjöllunar í kafla 7.4.2, og að sunnanverðu *Hamarsbætur* sem eru til umfjöllunar í máli nr. 4/2022. Að vestanverðu liggur þjóðlendukröfusvæðið að svæðamörkum milli svæða 5 og 11 við málsmeðferð óbyggðanefndar. Handan svæðamarkanna liggur að mestu leyti eignarland að kröfusvæðinu samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar frá 29. maí 2007 í máli nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal), en allra syðst á vesturmörkum kröfusvæðisins liggur að því þjóðlendan Villingadalur samkvæmt sama úrskurði, sem staðfestur var að þessu leyti með dómi Héraðsdóms Austurlands frá 20. apríl 2009 í máli nr. E-352/2007 (Villingadalur). Engar gagnkröfur bárust vegna Búðartungna og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til svæðisins.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa til svæðisins af öðrum en íslenska ríkinu er eignarréttarleg staða kröfusvæðisins engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þjóðlendukröfusvæðið er inn af Geitdal. Það afmarkast að norðan- og austanverðu af tveimur vatnsföllum, Innri-Sauða og Geitdalsá. Að sunnanverðu afmarkast það af vatnaskilum milli Geitdals og Hamarsdals og að vestanverðu af vatnaskilum milli Geitdals og Gilsárdals. Svæðið er lægst í um 450 m hæð á norðausturhluta þess við ármót Innri-Sauðár og Geitdalsár en rís nokkuð skarpt þegar sunnar dregur og er að stærstum hluta í yfir 700 m hæð. Hæst rís það í Hornbrynju í um 960 m hæð. Svæðið er ágætlega

gróið á láglandustu hlutum þess, einkum að norðaustan- og austanverðu í grennd við árfarvegi, en eftir því sem ofar dregur er gróðurþekja minni og syðst og vestast er svæðið lítt gróið og einkennist einkum af grýttum melum og klöppum.

Í kafla 7.4.3.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki svæðisins, svo og jarða og landsvæða sem liggja að kröfusvæði ríkisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar ríkisins á svæðinu. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist einkum á því að því sé lýst í heimildum sem afréttarsvæði. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðinu. Um nánari afmörkun kröfu ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.3.2.

#### 7.4.3.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki kröfusvæðis ríkisins.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins að norðanverðu af Innri-Sauða, frá upptökum á Hraungarði, þar sem vatnaskil eru milli Gilsárdals og Geitdals, og þar til hún rennur í Geitdalsá í dalsbotni Geitdals. Þaðan er Geitdalsá fylgt til suðurs allt til upptaka við Brattháls, á vatnaskilum milli Geitdals og Hamarsdals. Syðsti hluti Geitdalsár nefnist einnig Leirdalsá. Frá upptökum Geitdalsár á Bratthálsi er vatnaskilum milli Geitdals og Hamarsdals fylgt til vesturs að svæða- og sveitarfélagamörkum, þar sem svæði 5 og 11 hjá óbyggðanefnd mætast og einnig Múlaþing og Fljótsdalshreppur. Umræddum svæða- og sveitarfélagamörkum er svo fylgt til norðurs að Hornbrynju en þaðan er kröfulína ríkisins dregin til norðausturs eftir vatnaskilum milli Gilsárdals og Geitdals að upptökum Innri-Sauðár. Afmörkun ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu er fyrst og fremst sögð styðjast við landamerkjabréf fyrir Búðartungur frá 28. maí 1884, landamerkjabréf Geitdals frá 14. júní 1883 og landamerkjabréf Þingmúla frá 7. júní 1883.

Í landamerkjabréfi fyrir Búðartungur frá 28. maí 1884, sem var þinglýst 20. júní sama ár, segir:

Samkvæmt máldögum og biskupa visitascium á Þingmúlakirkja: Búðartungur „efri og ytri“ sem eru innanvert við Geitdalsafrejt.

[...]

Takmörkin á Búðartungum eru: að utan „Sauða“ norður á „Hornbrynju“, sem ræður svo að norðan, að innan „Hraun“ innað Vatnajökli, að austan ræður Geitdalsá.

Landamerkjabréfið var útbúið af sr. Páli Pálssyni, presti í Þingmúla og á Hallormsstað. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af Páli sjálfum vegna Hallormsstaðar



og einnig af eigendum Geitdals, sem segjast samþykkir „landamerkjalýsingu þessari og eignarheimild“.

Landamerkjabréfið lýsir merkjum að norðan um Sauða, vestur<sup>754</sup> að Hornbrynju sem ráði að vestan. Að austan ráði Geitdalsá en að sunnan, Hraun „innað Vatnajökli“. Hraun er heiti á víðlendu og gróðurlitlu öræfasvæði norðaustan Vatnajökuls inn af Fljótsdal að vatnaskilum við Lón og austur undir Öxi. Suðurhluti kröfusvæðisins telst samkvæmt lýsingum til Hrauna, en þar sem örnefnið Hraun tekur til stórs svæðis á hálendinu sunnan Fljótsdals og Skriðdals verður ekki skýrlega ráðið af landamerkjabréfinu hvernig Búðartungur afmarkast að sunnanverðu. Að öðru leyti samræmist lýsing landamerkjabréfsins á merkjum Búðartungna afmörkun íslenska ríkisins á þjóðlendukröfusvæðinu.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem lýsa merkjum Búðartungna sérstaklega en þeirra er getið í landamerkjabréfi jarðarinnar Geitdals frá 14. júní 1883, sem lýsir merkjum norðan Búðartungna. Þar er merkjum Geitdals lýst að vestan um Hraungarð inn að Innri-Sauða sem fellur í Geitdalsá, en þar taki við „svokallaðar „Búðartungur“ sem sra Páll Pálsson á Þingmúla hefur uppglökkvað að Þingmúlakirkja egi“. Landamerkjabréf Geitdals er undirritað af tveimur nafngreindum eigendum jarðarinnar, sem eru þeir sömu og undirrituðu ári síðar landamerkjabréf fyrir Búðartungur vegna Geitdals. Í síðarnefnda landamerkjabréfinu er um norðurmörk vísað til Sauðár. Þegar það er túlkað með hliðsjón af landamerkjabréfi Geitdals verður að telja ljóst að átt sé við Innri-Sauða, en Ytri-Sauða rennur nokkru norðar ofan af Hraungarði í Geitdalsá. Það er í samræmi við afmörkun ríkisins á norðurmörkum kröfusvæðisins.

Í landamerkjabréfi Þingmúla frá 7. júní 1883 er merkjum jarðarinnar að vestan lýst um Geitdalsá, allt á fjall upp. Það er í samræmi við afmörkun ríkisins á austurmörkum kröfusvæðisins.

Í landamerkjabréfi Hamars í Hamarsfirði frá 9. apríl 1884 er því lýst að Hamar eigi afréttarland innst í Hamarsdal „frá Veturhúsalandi og á Sker inn og upp“. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2022, sem kveðinn er upp samhliða úrskurði þessum, er komist að þeirri niðurstöðu að svæðið sem lýst er sem afréttarlandi Hamars í Hamarsdal sé eignarland.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins í Búðartungum að vestanverðu af svæða- og sveitarfélagamörkum en handan þeirra liggur að mestu leyti eignarland að kröfusvæðinu samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar frá 29. maí 2007 í máli nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal). Allra syðst á vesturmörkum kröfusvæðisins liggur að því þjóðlendan Villingadalur samkvæmt sama úrskurði, sem staðfestur var að þessu leyti með dómi Héraðsdóms Austurlands frá 20. apríl 2009 í máli nr. E-352/2007 (Villingadalur). Þessi landsvæði afmarkast af svæða- og sveitar-

<sup>754</sup> Málvenja er á svæðinu að norður merki vestur.

félagamörkum og eru þannig í samræmi við afmörkun ríkisins á vesturmörkum kröfuvæðisins.

Í landamerkjabréfi Hallormsstaðar er merkjum lýst um Hraungarð alla leið suður í Hornbrynju. Það er í samræmi við afmörkun ríkisins á norðvesturmörkum kröfuvæðisins. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Búðartungna af sr. Páli Pálssyni sem áður er nefndur.

Að framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun ríkisins á kröfuvæðinu sé í samræmi við landamerkjabréf fyrir Búðartungur frá 1884. Heimildir um merki aðliggjandi jarða og landsvæða styðja líka við afmörkun ríkisins á svæðinu.

#### 7.4.3.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða svæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áður nefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan og Vellina út til Eyvindarár. Fram kemur að Brynjólfur hafi gefið Ævari bróður sínum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að landnám Brynjólfs hefur tekið til Skriðdals og að Ævar bróðir hans hafi svo tekið við þeim hluta landnámsins. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðinu. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna er þó að mati óbyggðanefndar hugsanlegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarétt og í fyrirbyggj-

andi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins væri allt innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Búðartungur frá 1884. Engar heimildir eru hins vegar fyrir því að Búðartungur hafi nokkurn tímann verið jörð eða innan merkja jarða. Gögn málsins bera hins vegar með sér að Búðartungur hafi haft tengsl við tvær kirkjur, Valþjófsstaðarkirkju og Þingmúlakirkju.

Elstu fyrirliggjandi heimildir um Búðartungur eru máldagar Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal frá um 1397 og 1570 þar sem Búðartungur eru taldar upp meðal eigna og ítaka kirkjunnar. Sömu sögu er að segja af biskupsvísitasíum fyrir Valþjófsstaðarkirkju frá 17. öld og fram að lokum 19. aldar. Búðartungna er hins vegar ekki getið í landamerkjabréfi Valþjófsstaðar frá 6. júní 1885 og ekki heldur í skjali um ítök Valþjófsstaðarkirkju frá sama degi sem fært var inn í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og þinglýst 8. júní 1885. Samkvæmt 2. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 skyldi landeigandi eða fyrirsvarsaður hans geta í landamerkjabréfi ítaka og hlunninda sem jörðinni fylgdu. Ætla má að síðarnefnda skjalinu um ítök Valþjófsstaðarkirkju hafi verið ætlað að fullnægja þeirri skyldu. Þar sem Búðartungna er ekki getið þar má ætla að lítið hafi verið svo á að Valþjófsstaðarkirkja ætti ekki réttindi þar við gerð þessara skjala árið 1885, enda kemur fram í biskupsvísitasíu frá 1850 að lengi hafi Búðartungur ekki verið nýttar.

Búðartungur efri og ytri eru taldar upp meðal eigna Þingmúlakirkju í biskups- og prófastsvísitasíum frá 17. öld og fram að lokum 19. aldar og í tveimur lögfestum fyrir Þingmúla frá 1703 og 1718. Í biskupsvísitasíu frá 1890 segir að vísu að Búðartungur tjáist nú orðnar gagnslitlar. Í skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls 1872 til 1877 er m.a. fjallað um Búðartungur undir lið um tekjur af ítökum, ískyldum og hlunnindum sem fylgja prestakallinu eftir máldögum og biskupsvísitasíum. Þar segir að lítið gagn sé af Búðartungum en þær séu taldar með afréttinni, þ.e. Múlaafrétt. Eins og áður segir var gert landamerkjabréf fyrir Búðartungur árið 1884 sem fært var inn í landamerkjabók Suður-Múlasýslu. Í því segir að samkvæmt máldögum og biskupsvísitasíum

eigi Þingmúlakirkja Búðartungur efri og ytri og í framhaldi fylgir lýsing á merkjum svæðisins, sem áður hefur verið fjallað um í kafla 7.4.3.1. Landamerkjabréfið er undirritað af Páli Pálssyni sem á ritunartímanum var prestur í Þingmúla og á Hallormsstað. Það er áritað um samþykki af Páli sjálfum vegna Hallormsstaðar og einnig af tveimur nafngreindum eigendum Geitdals. Af landamerkjabréfinu verður skýrlega ráðið að Þingmúlakirkja hafi talið til réttinda í Búðartungum en Valþjófsstaðarkirkju er ekki getið í því samhengi. Í landamerkjabréfi Geitdals sem gert var ári fyrr, 14. júní 1883, en þinglýst sama dag og landamerkjabréfi Búðartungna, 20. júní 1884, kemur fram að land Geitdals sé fyrir utan Búðartungur „sem sra Páll Pálsson á Þingmúla hefur uppglökkvað að Þingmúlakirkja egi“.

Í lögfestu fyrir jörðina Geitdal frá 1846 er merkjum jarðarinnar lýst um Hraungarð suður að Hornbrynju „og þaðan ofan í búðartungur miðjar, hvörjar tileinkast hálfar Geitdal, á móti Múlakirkju, eptir Wilchins máldaga“. Þessi lýsing á sér hins vegar ekki stoð í öðrum gögnum og ekki er fjallað um Búðartungur í tengslum við Þingmúla eða Geitdal í Vilchins-máldaga þótt vísað virðist til þess í lögfestunni.

Svo virðist sem Búðartungur hafi einkum verið nýttar til uppreksturs en eins og áður segir kemur fram í skýrslu um tekjur og útgjöld Þingmúlaprestakalls frá 1872–1877 að þær séu taldar með „afréttinni“. Í svari oddvita Skriðdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins frá 20. febrúar 1989 um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt segir að frá fornu fari hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þær liggja suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð. Af þessari lýsingu er ljóst að það svæði sem telst til Búðartungna samkvæmt landamerkjabréfi þeirra frá 1884 er innan þess svæðis sem tilgreint er sem afréttarland í hreppnum.

Í þeim heimildum sem eru raktar hér að framan er Búðartungna fyrst og fremst getið í tengslum við beit eða önnur sambærileg takmörkuð not, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Engar heimildir eru um byggð innan kröfusvæðisins og engar heimildir um að það hafi verið innan merkja jarða. Gögn málsins bera þannig með sér að Búðartungur hafi upphaflega tengst kirkjunum á Valþjófsstað og í Þingmúla og síðar aðeins Þingmúla, en ekki sem hlutar jarðanna. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að Búðartungur hafi aðeins verið heiti á landsvæði sem viðkomandi kirkjur töldu til réttinda yfir og átti sér í meginatriðum skýr landfræðileg mörk.

Um eðli og inntak réttinda yfir Búðartungum er þess að gæta að í elstu heimildum um svæðið er notað orðalag á borð við að kirkjurnar á Valþjófsstað og í Þingmúla eigi Búðartungur. Orðalag á borð við þetta getur í sumum tilfellum bent til eignarlands en þess er að gæta í því sambandi að ekki kemur fram í framangreindum skjölum hvers eðlis réttindi kirknanna hafi verið eða um hvers konar land sé að ræða. Hæstiréttur hefur í dómum sínum tekið afstöðu til þess að ummæli í máldögum og vísitasíum af þessu tagi geti ekki ráðið úrslitum um hvort átt hafi verið við beinan eignarrétt eða réttindi af öðrum toga, sbr. dóma Hæstaréttar frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 og frá

21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 sem fjölluðu um sambærilegt orðalag í máldögum og vísitasíum varðandi landsvæðin Mælifell og Steinvarartungu í Vopnafjarðarhreppi. Í báðum tilvikum var niðurstaða óbyggðanefndar um þjóðlendu staðfest. Hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar frá 22. desember 2020 í máli nr. 4/2020 (Hvannahlíð). Eins og áður segir er Búðartungna fyrst og fremst getið í heimildum í tengslum við beit eða önnur sambærileg takmörkuð not. Þær benda til þess að inntak réttinda yfir svæðinu hafi verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár og annarra hefðbundinna afréttarnota. Búðartungur hafi þannig lotið sjálfstæðri afmörkun sem afrétt en ekki sjálfstæð jörð. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum og staðháttum að hugsanlegt sé að landsvæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Jafnvel þótt svæðið kunni að hafa verið numið í öndverðu liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í þessu sambandi vísast til dæmis til úrskurðar óbyggðanefndar um Þórsmörk í máli nr. 5/2003 og dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 um sama landsvæði.

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, séu ekki nægjanleg ein og sér til að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerka jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Að þessu öllu virtu verður ekki talið að svæðið sé undirorpið beinum eignarrétti á grundvelli hefðar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd ekki hafa verið leitt í ljós að ef á annað borð hefur stofnast til eignarlands á því kröfufsvæði ríkisins sem hér er til umfjöllunar með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka) hafi hann haldist síðan. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.

Samkvæmt gögnum málsins munu réttindi í Búðartungum í öndverðu hafa tilheyrð bæði Valþjófsstað og Þingmúla og þannig verið afréttareign sem fylgdi jörðunum. Eins og áður segir benda gögn málsins hins vegar til þess að tilkall Valþjófsstaðar til réttinda á svæðinu hafi fallið niður og við gerð landamerkjabréfa fyrir Valþjófsstað og Búðartungur hafi Valþjófsstaður ekki lengur talið til réttinda á svæðinu heldur hafi þau aðeins fylgt Þingmúla. Af fyrirliggjandi gögnum verður því ráðið að svæðið sé afréttareign sem fylgi Þingmúla.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breyt-

ingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Landið sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Búðartungur, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

*Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauða rennur í Geitdalsá. Þaðan er Geitdalsá fylgt suður að upptökum við Brattháls á vatnaskilum milli Geitdals og Hamarsdals. Þeim vatnaskilum er svo fylgt vestur að sveitarfélagamörkum Múlaþings og Fljótsdalshrepps. Sveitarfélagamörkunum er síðan fylgt norður í Hornbrynju. Þaðan er vatnaskilum milli Geitdals og Gilsárdals fylgt norðaustur að upptökum Innri-Sauðár, sem er fylgt austur í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Þingmúla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

#### 7.4.4 Geitdalsafrétt

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Geitdalsafrétt*. Að svæðinu norðanverðu liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Geitdals. Að nyrðri hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland Þingmúla en að syðri hlutanum liggur það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Múlaafrétt*. Að sunnanverðu liggur að svæðinu kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Búðartungur* og að vestanverðu kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Gilsárdalsafrétt*. Af hálfu sveitarfélagsins Múlaþings er gerð krafa til alls þjóðlendukröfusvæðisins á Geitdalsafrétt en krafan styðst einkum við landamerkjabréf Geitdals frá 14. júní 1884 og afsal Skriðdalshrepps á hluta jarðarinnar Geitdals frá 4. apríl 1943.

Þjóðlendukröfusvæðið er í vestanverðum Geitdal.<sup>755</sup> Að norðanverðu afmarkast það af Fossá, að austanverðu af Geitdalsá og að sunnanverðu af Innri-Sauða. Að vestanverðu afmarkast svæðið af Hraungarði, sem skilur að Geitdal og Gilsárdal, milli upptaka Innri-Sauðár og Fossár. Svæðið er lægst í um og yfir 200 m hæð á norðaustur- og austurhluta þess í botni Geitdals. Það rís hins vegar nokkuð skarpt upp í um 600 m hæð úr dalbotninum til vesturs og þar bera tilteknir hlutar fjallanna ofan dalsins sérstök heiti, t.d. Miðárfell og Fossárfell. Þaðan hækkar svæðið nokkuð aflíðandi til vesturs að vesturmörkum þess, þó að bratti aukist nokkuð eftir því sem vestar og ofar dregur. Svæðið rís hæst í um 950 m hæð á norðvesturmörkunum á Hraungarði. Svæðið er að miklu leyti mjög vel gróið. Gróðurþekja er mest á láglandari hlutum svæðisins við austurmörk þess en minnkar eftir því sem ofar dregur. Vestast á svæðinu, þegar komið er í um og yfir 800 m hæð einkennist svæðið þó helst af grýttum melum og klöppum.

<sup>755</sup> Geitdalur nefnist einnig Norðurdalur.

Frá bæjarstæði Geitdals eru um 4 km í beinni loftlínu að þeim hluta ágreiningssvæðisins sem næst liggur.

Í kafla 7.4.4.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist einkum á því að því sé lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi Geitdals, sem afrétt jarðarinnar. Ágreiningur aðila snýr því einkum að því hvort ágreiningssvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.4.2.

#### 7.4.4.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki ágreiningssvæðisins og aðliggjandi jarða.

Eins og áður segir afmarkast kröfusvæði ríkisins af vatnsföllum á þrjár hliðar, Fossá að norðanverðu, Geitdalsá að austanverðu og Innri-Sauða að sunnanverðu. Að vestanverðu afmarkast ágreiningssvæðið af Hraungarði, sem skilur að Geitdal og Gilsárdal.

Gerð er krafa til alls ágreiningssvæðisins vegna Geitdalsafréttar með vísan til landamerkjabréfs jarðarinnar Geitdals frá 14. júní 1884 og afsals frá 4. apríl 1943, þar sem afréttarlandi innan við Fossá var haldið eftir við sölu jarðarinnar. Einkum er byggt á því að Geitdalsafrétt, innan við Fossá, hafi verið hluti af eignarlandi jarðarinnar sem undanskilinn hafi verið við sölu hennar árið 1943 og fengið sjálfstæða afmörkun í kjölfar þeirrar sölu.

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Geitdals frá 14. júní 1884, sem var þinglýst 20. júní sama ár, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

að utan ræður „Marká“ sem kemur ofan úr „Hraungarði og fellur í smá króka í Geitdalsá ofan, að ofan ræður „Hraungarður“ allt innað innri „Sauða sem hefur upptök sín úr „Hraungarðsslakka“ og fellur ofan í Geitdalsá og utan svokallaðar „Búðartungur“ sem sra Páll Pálsson hefur á Þingmúla ~~hefur~~ upplökkvað að Þingmúlakirkja egi.

Fyrir innan ofangreinda á kemur saman land Þingmúla og Hallormsstaðar, að austan ræður Geitdalsá, sem kemur innan frá Bratthálsi og fellur alla leið ut dalinn úti Grímsá fyrir utan Þingmúla.

Samkvæmt landamerkjabréfinu ráða þrjú vatnsföll merkjum jarðarinnar, Marká að utan eða norðan, Geitdalsá að austan og Innri-Sauða að innan eða sunnan, gagnvart Búðartungum. Að ofan eða vestan eru mörkin á Hraungarði. Samkvæmt þessari lýsingu

er ágreiningssvæðið allt innan merkja jarðarinnar Geitdals, en auk ágreiningssvæðisins tekur landamerkjalýsingin til óumdeilds eignarlands jarðarinnar frá Fossá að Myrká.

Í málinu liggur fyrir lögfesta fyrir Geitdal frá 29. apríl 1846, sem var þinglýst 1. maí sama ár. Þar er merkjum jarðarinnar lýst svo:

úr markár aur ytra beint upp í Marká á fialls brúninni, þaðan beint norðr á Hraungarð, þartil vötnum hallar, svo þaðan beina stefnu inn heidi Inni Hornbriniu, og þaðan ofan í búðartungur miðjar, hvöriar tileinkast hálfar Geitdal, á móti við Múlakirkju, eptir Vilchins máldaga, enn frá Sandá fremri skal Geitdalsá ráða landamörkum að austan, út eptir, allt úti fyrst nefndt Landamarka kennimarki.

Landi Geitdals er hér lýst heldur sunnar en í landamerkjabréfinu frá 1884, eða allt suður að Hornbrynju, auk þess sem hálfar Búðartungur eru eignaðar Geitdal á móti Múlakirkju. Eins og fram kemur í kafla 7.4.3.2 á tilkall Geitdals til Búðartungna sér ekki stoð í öðrum gögnum málsins og ekki er fjallað um Búðartungur í tengslum við Þingmúla eða Geitdal í Vilchins-máldaga þótt vísað virðist til þess í lögfestunni. Einnig segir í lögfestunni að Geitdalsá ráði mörkum að austan, frá „Sandá fremri“ en engin Sandá er á svæðinu. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er á því byggt að um misritun sé að ræða og þarna sé vísað til Sauðár, þ.e. Innri-Sauðár. Að teknu tilliti til staðhátta og örnefna á svæðinu fellst nefndin á að sú skýring sé nærtækust. Að því gefnu að með Sandá fremri sé átt við Innri-Sauðá er merkjum Geitdals þá lýst um Geitdalsá frá Innri-Sauðá, sem er í samræmi við lýsingu landamerkjabréfsins á suður- og austurmörkum jarðarinnar. Að öðru leyti eru lýsingar lögfestunnar á merkjum jarðarinnar einnig í samræmi við landamerkjabréfið.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir um jörðina Geitdal að landrými sé þar mikið, gott sauðland og afrétt stór.

Með afsali 4. apríl 1943 afsalaði þáverandi eigandi Geitdals, Skriðdalshreppur, jörðinni til nafngreinds manns „að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrétt, er verður eftir sem áður eign Skriðdalshrepps“.

Í svari oddvita Skriðdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt frá 20. febrúar 1989 segir að frá fornu fari hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þær liggja suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð. Í bréfi oddvitans er ekki að finna nánari afmörkun á afréttunum, hvorki innbyrðis, né gagnvart heimalöndum jarða sem liggja að þeim.

Ekki liggja fyrir frekari gögn um afmörkun Geitdals eða ágreiningssvæðisins sérstaklega en næst verður vikið að heimildum um merki aðliggjandi jarða og landsvæða til austurs, suðurs og vesturs.

Eins og áður segir liggur óumdeilt eignarland Þingmúla að norðanverðum austurmörkum ágreiningssvæðisins, en þar sunnan við tekur við það kröfufsvæði ríkisins sem nefnt er *Múlaafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.2. Þeim svæðum er báðum lýst innan merkja Þingmúla í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 7. júní 1883 en samkvæmt því



ræður Geitdalsá merkjum að vestanverðu allt á fjall upp. Það er í samræmi við lýsingu á austurmörkum Geitdals í landamerkjabréfi þeirrar jarðar.

Að sunnanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfussvæði ríkisins sem nefnt er *Búðartungur* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.3. Eins og áður segir er Búðartungna getið í landamerkjabréfi Geitdals, þar sem suðurmerkjum jarðarinnar er lýst um Innri-Sauða gagnvart Búðartungum, en í landamerkjabréfi Búðartungna frá 28. maí 1884 er merkjum milli Búðartungna og Geitdals lýst með sama hætti, þ.e. um Sauða.

Að vestanverðu liggur að ágreiningssvæðinu það kröfussvæði ríkisins sem nefnt er *Gilsárdalsafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.5. Því svæði er lýst innan merkja Hallormsstaðar í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 8. maí 1884 þar sem merkjum gagnvart Geitdal er lýst um Hraungarð þar sem hann ber hæst alla leið suður að Hornbrynju. Það er í samræmi við lýsingu á vesturmörkum Geitdals í landamerkjabréfi jarðarinnar, sem lýsir merkjum þar um Hraungarð.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins. Ljóst er að ágreiningssvæðið er allt innan merkja Geitdals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883 en jafnframt að ágreiningssvæðið er sá hluti jarðarinnar sem var undanskilinn við sölu hennar 1943 og nefndur er Geitdalsafrétt í viðkomandi afsali.

#### 7.4.4.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan og Vellina út til Eyvindarár. Fram kemur að Brynjólfur hafi gefið Ævari bróður sínum Skriðdal allan fyrir ofan Gilsá og hann hafi búið á Arnaldsstöðum.

Af þessum frásögnum *Landnámu* er ljóst að landnám Brynjólfs hefur tekið til Skriðdals og að Ævar bróðir hans hafi svo tekið við þeim hluta landnámsins. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðinu. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna er þó að mati óbyggðanefndar líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að töluverðu leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landa-

merkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið sé allt innan merkja Geitdals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883 en jafnframt að ágreiningssvæðið sé sá hluti jarðarinnar sem var undanskilinn við sölu hennar 1943 og nefndur er Geitdalsafrétt í viðkomandi afsali. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einkum á því byggð að ágreiningssvæðinu sé lýst sem afrétt Geitdals. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja í landamerkjabréfinu án neinnar aðgreiningar.

Elsta fyrirbyggjandi skjal sem varðar jörðina Geitdal er frá 17. maí 1580 og varðar skipti á arfi nafngreindrar konu til dætra hennar, en Geitdalur er meðal jarða sem komu í hlut einnar þeirra. Í málinu liggja einnig fyrir ýmis önnur skjöl um yfirfærslu eignarréttar að jörðinni, ýmist fyrir kaup eða erfðir, fram á 20. öld. Í þeim skjölum er ekki gerður sérstakur greinarmunur á heimalandi og afrétt jarðarinnar fyrr en í áðurnefndu afsali 1943 þegar Geitdalsafrétt er undanskilin við sölu jarðarinnar. Í umræddu afsali kemur fram að Skriðdalshreppur selji og afsali „eignarjörð hreppsins Geitdal í Skriðdalshreppi innan Suður-Múlasýslu með húsum og mannvirkjum, sem hreppurinn á þar og jörðinni fylgja, að undanskildu afréttarlandinu innan við Fossá, hinni svokölluðu Geitdalsafrétt, er verður eftir sem áður eign Skriðdalshrepps“. Kaupandi er nafngreindur ábúandi á jörðinni. Af afsalinu er ljóst að við sölu jarðarinnar árið 1943 hélt Skriðdalshreppur eftir þeim hluta jarðarinnar sem er „innan við Fossá“ og er í skjalinu nefndur Geitdalsafrétt. Skriðdalshreppur sameinaðist árið 1998 fjórum öðrum hreppum

undir nafninu Austur-Hérað, sem svo varð hluti Fljótsdalshéraðs árið 2004 og Múlaþings árið 2020, en Múlaþing er gagnaðili ríkisins í máli þessu og gerir kröfu til alls ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Eins og áður segir byggir gagnaðili ríkisins einkum á því að ágreiningssvæðið hafi verið hluti jarðarinnar og að ekki sé munur á eignarréttarlegri stöðu lands innan merkja hennar samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1883.

Í jarðamati 1804 kemur fram um Geitdal að jörðin eigi „Afret for 4 Storhundred“ og í jarðamati 1849–1850 segir m.a. um jörðina að þar sé landrými mikið, gott sauðland og afrétt stór.

Líkt og áður segir liggur fyrir lögfesta fyrir Geitdal frá 29. apríl 1846 sem var þinglýst 1. maí sama ár. Þar er merkjum jarðarinnar m.a. lýst og sú lýsing tekur til alls ágreiningssvæðisins, eins og áður hefur verið vikið að. Þá segir einnig í lögfestunni:

Fyriribíð eg því öllum nær og fjarliggiandi mönnum mitt sér að ofan tilgreinda eignarland til allrar brúkonar eda afnota, enn þeir sem rekið hafa að undanfögnu gélðfé sitt í eignarland mitt eda á Geitdalsafrett, skulu framvegis méga halda hinu sama fram, samt með eptirfylgiandi skilordi, nefnilega að þeir reki Gélðféð á dégi en ekki á nóttu og fari um hiá mér, og tilgreini mér hvað margt hvör um sig þeirra reki af fé á afréttina; sömuleiðis að þeir gialdi mér í hagatoll árlega 2<sup>r</sup> rS. eptir hvört hundrad fiár, tregdulaust án dóms og Laga

Í skjalinu kemur einnig fram að því hafi ekki verið mótmælt við þinglýsingu, þ.e. við lestur á manntalsþingi að Þingmúla. Lögfestan ber með sér að eigandi Geitdals hafi litið á Geitdalsafrétt sem hluta af jörðinni og heimilað öðrum upprekstur þar gegn gjaldi.

Í lýsingu á Hallormsstaða- og Þingmúlasóknum í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múla-sýslna frá 1874 segir að Geitdalur nái inn á öræfi þar sem vötnum hallar til Geitdals „og er mikið af honum inn í afrétt“. Í umfjöllun um afréttir segir einnig að Geitdalsafrétt sé inn af Geitdal og að hún sé meðal afrétta sem Skriðdælingar reki á geldfé sitt og lömb en að réttir séu heima á bæjum hjá afréttarbændum. Með afréttarbændum má ætla að átt sé við bændur sem höfðu aðgang að afrétt á landi sínu, til aðgreiningar frá bændum sem þurftu að tryggja sér upprekstur utan jarða sinna.

Í málinu liggur fyrir nokkur fjöldi skjala sem varða ágreining um fjallskil tiltekinna bænda í Skriðdalshreppi vegna Geitdalsafréttar haustið 1895. Af skjölunum er ljóst að á þessum tíma hafi afréttin verið nýtt til beitar fyrir fé af nokkrum bæjum en að öðru leyti varpa þau ekki ljósi á eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Í svari oddvita Skriðdalshrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarétt frá 20. febrúar 1989 segir að frá fornu fari hafi verið taldar þrjár afréttir í Skriðdal, þ.e. Öxi, Múlaafrétt og Geitdalsafrétt. Þær liggja suðvestur af Skriðdal, að vatnaskilum við Breiðdal, Berufjörð, Hamarsdal, Brattháls, Hornbrynju og Hraungarð.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hvefarrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því

að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja Geitdals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1883. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi hennar. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðarinnar og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkjanna. Þá á lýsing landamerkjabréfsins á merkjum jarðarinnar sér stoð í merkjalýsingu í lögfestu jarðarinnar frá 1846 og ekki liggja fyrir eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Kröfusvæði ríkisins er vel gróið á láglandustu hlutum þess, einkum við austurmörk svæðisins sem teygja sig niður í dalbotn Geitdals. Eftir því sem ofar dregur er gróðurþekja hins vegar minni og vestast á svæðinu, þar sem það ríst hæst í um 800–950 m hæð, einkennist það einkum af grýttum melum og klöppum. Þrátt fyrir að hluti svæðisins sé lítt gróinn telur nefndin að gróðurfur mæli ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar, einkum þegar horft er til þess að aðliggjandi svæði til norðurs, út með Geitdal vestanverðum, er um margt mjög sambærilegt gróðurfarslega en engu að síður óumdeilt eignarland. Það sama á við um svæðið norðaustan ágreiningssvæðisins og við nyrðri hluta austurmarka þess, sem eru óumdeild eignarlönd út með Geitdal austanverðum. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfur bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en þessi aðliggjandi svæði í sama dal. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að syðri hluta austurmarka svæðisins og suður- og vesturmörkum þess liggja að ágreiningssvæðinu önnur kröfusvæði ríkisins sem eru til umfjöllunar í köflum 7.4.2, 7.4.3 og 7.4.5. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar einkum um að ræða eignarlönd, þ.e. að vestan- og austanverðu, en þjóðlendu að sunnanverðu.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að þjóðlendukröfusvæðið sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitsland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki

úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan ágreiningssvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afréttur vísi í þessu tilfalli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beutilandi fremur en að endurspeglar mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m.fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið *afrétt* hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfusvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfusvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að ágreiningssvæðið sé háð beinum eignarrétti.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfusvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

#### 7.4.5 *Gilsárdalsafrétt*

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Gilsárdalsafrétt*. Að svæðinu norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Hallormsstaðar. Gögn málsins benda til þess að kröfusvæði ríkisins tengist Hallormsstað en ekki er gerð krafa í málinu vegna jarðarinnar sem er í eigu íslenska ríkisins. Að nyrsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Geitdals í samnefndum dal sem gengur inn af Skriðdal. Þar sunnan við liggur að austurmörkum svæðisins það kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Geitdalsafrétt* og enn sunnar annað kröfusvæði ríkisins sem nefnt er *Búðartungur*, en hið síðarnefnda liggur að syðsta hluta

austurmarka svæðisins. Að suðvestan- og vestanverðu liggja að svæðinu eignarlönd nokkurra jarða í Suðurdal Fljótsdals. Frá suðri til norðurs er þar um að ræða Sturluflöt, Víðivallagerði, Fremri-Víðivelli, Klúku, Ytri-Víðivelli og Hrafnkelsstaði. Engar gagnkröfur bárust vegna Gilsárdalsafréttar og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til svæðisins.

Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að ekki sé gerð krafa til svæðisins af öðrum en íslenska ríkinu er eignarréttarleg staða kröfusvæðisins engu að síður til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 19. mars 2024 þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Þjóðlendukröfusvæðið er í Gilsárdal sem gengur suður úr Fljótsdal við Gilsáreyrar, á mörkum byggðarlaganna í Fljótsdal og Skógum. Gilsá greinir þar á milli en um hana liggja einnig mörk milli sveitarfélaganna Fljótsdalshrepps og Múlaþings og mörk milli svæða 5 og 11 hjá óbyggðanefnd. Hún afmarkar kröfusvæði ríkisins að vestan- og suðvestanverðu. Að austanverðu afmarkast svæðið af Hraungarði, sem skilur milli Gilsárdals og Geitdals, allt frá Hornbrynju í suðri norður að upptökum Strýtulækjar. Að norðanverðu afmarkast svæðið af Strýtulæk, frá upptökum á Hraungarði að Gilsá í botni Gilsárdals. Kröfusvæði ríkisins tekur þannig til austanverðs Gilsárdals sunnan Strýtulækjar. Svæðið er lægst í um 400 m hæð á norðvesturmörkum þess við Gilsá en hækkar svo nokkuð aflíðandi upp með ánni til suðurs eftir vesturmörkum svæðisins. Til austurs hækkar svæðið hins vegar nokkuð skarpt upp í allt að 900–1.000 m hæð á hæsta hluta Hraungarðs. Svæðið er nokkuð vel gróið á láglandari hlutum þess en gróðurþekja minnkar eftir því sem ofar dregur, bæði til austurs og suðurs. Þegar komið er í um og yfir 750 m hæð einkennist svæðið helst af grýttum melum og klöppum.

Í kafla 7.4.5.1 verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirbyggjandi heimildum um merki svæðisins, svo og jarða og landsvæða sem liggja að kröfusvæði ríkisins. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða kröfusvæðið, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar ríkisins á svæðinu. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á kröfusvæðinu byggist einkum á því að því sé lýst í heimildum sem afréttarsvæði. Í málinu er því einkum uppi það álitaeftni hvort stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðinu. Um nánari afmörkun kröfu ríkisins vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts

málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðisins í kafla 7.4.5.2.

#### 7.4.5.1 Afmörkun

Fyrst kemur til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki þjóðlendukröfuvæðisins og jarða og landsvæða sem liggja að því.

Eins og áður segir tekur kröfuvæðið til austurhluta Gilsárdals og afmarkast af Strýtulæk í norðri, frá upptökum á Hraungarði í austri að þeim stað þar sem lækurinn rennur í Gilsá. Þaðan er ánni fylgt til suðurs á vesturmörkum svæðisins að upptökum í Hornbrynju og austurmörk svæðisins dregin þaðan til norðurs um Hraungarð á vatnaskilum milli Gilsárdals og Geitdals, að upptökum Strýtulækjar.

Eins og áður segir gerir íslenska ríkið eitt kröfu í málinu en að kröfuvæðinu norðanverðu liggur óumdeilt eignarland Hallormsstaðar í Skógum, sem er ríkisjörð. Í landamerkjabréfi Hallormsstaðar frá 8. maí 1884, sem var þinglýst 6. júlí 1885, er merkjum jarðarinnar að innan lýst um Gilsá allt til upptaka hennar og að sunnan um Hraungarð „þar sem hann ber hæzt alla leið inni „Hornbrynju““. Að utanverðu er merkum lýst um tiltekin kennileiti sem eru langt norðan við kröfuvæðið og þarfnast ekki nánari skoðunar. Af framangreindri lýsingu er ljóst að kröfuvæðið er allt innan merkja Hallormsstaðar samkvæmt landamerkjabréfinu, enda er merkjum annars vegar lýst um Gilsá til upptaka og hins vegar um Hraungarð suður að Hornbrynju.

Fyrir liggja nokkrar eldri heimildir um Hallormsstað þar sem merkjum er lýst á sama veg. Í biskupsvísitásiu fyrir Hallormsstað frá 1641 segir að kirkjan þar eigi heimaland allt, sem er lýst svo: „fra Haffursá ad utan og Jnn ad Gilsa offan J Fliöt og uppä Skarhrygg, er Suo og allann Hallormsstadahals, utan fra Reydgotum og til þess votnum hallar Sudur ä Oræfe“. Merkjum er hér lýst inn að Gilsá og um Hallormsstaðarháls þar til vötnum hallar suður á öræfi. Hallormsstaðarháls er samkvæmt útgefnum kortum nyrsti hluti hálsins milli Skóga annars vegar og Skriðdals og Geitdals hins vegar en sunnar, þar sem hálsinn er hæstur, nefnist hann Hraungarður. Þar sem merkjum er í vísitásiunni lýst um Gilsá og svo eftir Hallormsstaðarhálsi suður að vatnaskilum gagnvart öræfum verður að ætla, að teknu tilliti til staðhátta, að verið sé að lýsa merkjum allt suður á syðsta hluta kröfuvæðis ríkisins. Sömu upplýsingar koma fram í öðrum biskups- og prófastsvísitásium frá 17. öld og fram á 19. öld og einnig í ódagsettum texta, líklega frá miðri 18. öld, í kirkjustól Hallormsstaðarkirkju.

Sömu lýsingu á heimalandi Hallormsstaðar er að finna í skjali sem prestur á Hallormsstað sendi til biskups með bréfi 14. júní 1806 þar sem óskað var eftir gögnum um landamerki Hallormsstaðar. Biskup svaraði erindinu 24. október sama ár og sagði biskupsvísitásiu frá 1641, sem fjallað er um hér að framan, vera besta leiðarvísinn um merki jarðarinnar.

Í lögfestu fyrir Hallormsstað frá 31. ágúst 1851, sem var þinglýst 15. september sama ár, er heimalandi staðarins lýst svo: „frá Hafursá, ad utan, og alt innad Gilsá, ofan i fljót,

og uppá Skard hrigg; Sömuleidis allann Hallormstada háls, utan frá Reidgötum á hálls-inum, og svo allt Sudur á Øræfe til þess vótnum hallar, ásamt med Dalnum austan Gilsá“. Lýsingin er í samræmi við merkjalýsinguna í biskupsvísitasíunni frá 1641, með þeirri viðbót að tekið er fram að dalurinn austan Gilsár, sem kröfusvæði ríkisins tekur til, sé hluti heimalandsins.

Með bréfi prests í Vallanesi til stiftsfirvalda 30. júní 1831 fylgdi kort af Fljótsdal, Buðlungavallaheiði, Hallormstaðarhálsi, Skriðdal og Þingmúla. Í bréfinu var kortinu lýst og einnig er þar að finna lýsingu á landi Hallormsstaðar. Þar segir m.a.:

Til straxnævnte Gaard Hallormstads Hjemmemark hörer og den halve Gilsárdal, hvor der kan have Afret eller græsgang for de golde Faar om Sommeren, og ellers falde nogen Fjeldegræs.

Þess er þarna getið að hálfur Gilsárdalur teljist til heimalands Hallormsstaðar og að hann nýtist m.a. sem afrétt fyrir geldfé á sumrum.

Í biskupsskjalasafni er varðveitt skjal frá 21. júní 1834 sem inniheldur afskriftir prests á Hallormsstað á nokkrum skjölum um staðinn frá 18. öld, þar á meðal skjali um eignir og ítök Hallormsstaðarkirkju. Í því er að finna lýsingu á heimalandi Hallormsstaðar sem er eins og lýsingin í biskupsvísitasíunni frá 1641 sem áður er fjallað um.

Í öllum framangreindum heimildum er merkjum heimalands Hallormsstaðar lýst með sambærilegum hætti og í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Í málinu liggur því fyrir nokkur fjöldi eldri heimilda sem styður við afmörkun jarðarinnar í landamerkjabréfinu, sem tekur m.a. til alls kröfusvæðis ríkisins.

Í áður nefndu bréfi prests í Vallanesi til stiftsfirvalda frá 1831 kemur fram að hálfur Gilsárdalur, sem talinn er til heimalands Hallormsstaðar, sé nýttur sem afrétt. Einnig liggja fyrir í málinu aðrar heimildir sem fjalla um afrétt í Gilsárdal.

Í sóknalýsingu Hallormsstaðasóknar í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna frá 1840 segir m.a. að inn af Skógum liggi Gilsárdalur og að Gilsá falli eftir dalnum sunnan af öræfum norður í Lagarfljót. Um Gilsárdal segir einnig: „Austan megin árinna liggur afrétt Hallormsstaðar milli fjallgarðsins er liggur inn af Buðlungavallaheiði og kallast þar, af grýttu og graslausu landi, Hraungarður.“ Í annarri lýsingu á Hallormsstaða- og Þingmúlasókn frá 1874 í sama riti segir að Hallormsstaðasókn tilheyri engar afréttir nema Hallormsstaðarafrétt sem sé „Gilsárdalur innan til, austan við Gilsá inn að Hornbrynju og upp á Hraungarð inn af Hallormsstaðarhálsi“.

Í svari oddvita Vallahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 20. febrúar 1989 er fjallað um tvær afréttir. Önnur þeirra er Gilsárdalur sem er sögð fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Um afmörkun segir: „Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.“

Hjörleifur Guttormsson tók árið 2002 saman ítarlega örnefnaskrá fyrir Hallormsstað og studdist m.a. við eldri örnefnaskrár og athugasemdir við þær úr safni Örnefna-



stofnunar.<sup>756</sup> Þar segir að Gilsárdalsafrétt sé austan Gilsár í Gilsárdal innan við Krosslækjartanga.

Í kröfugerð ríkisins eru norðurmörk kröfusvæðisins miðuð við Strýtulæk en af kröfulýsingu og greinargerð ríkisins verður ekki skýrlega ráðið við hvað sú afmörkun styðst. Í þeim fyrirbyggjandi heimildum sem geta norðurmarka afréttar í Gilsárdal eru þau ýmist miðuð við Grafningsá, sem er um 3,5 km norðan við Strýtulæk, eða Krosslækjartanga, sem er aðeins um 400 m norðan við Strýtulæk. Í flestum heimildum sem geta landamerkjia Hallormsstaðar er landi jarðarinnar hins vegar lýst án aðgreiningar og á þann veg að það taki m.a. til kröfusvæðisins. Að öðru leyti styðja framangreindar heimildir afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu, þ.e. að vestan- og suðvestanverðu um Gilsá að Hornbrynju og að austanverðu um Hraungarð.

Næst koma til skoðunar heimildir um aðliggjandi jarðir og landsvæði austan, sunnan og vestan kröfusvæðis ríkisins, en að norðanverðu liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Hallormsstaðar eins og fram hefur komið.

Að nyrsta hluta austurmarka svæðisins liggur óumdeilt eignarland jarðarinnar Geitdals í samnefndum dal og þar sunnan við liggur kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Geitdalsafrétt* og er til umfjöllunar í kafla 7.4.4. Í landamerkjabréfi Geitdals frá 14. júní 1883 er merkjum jarðarinnar lýst um Hraungarð, frá upptökum Markár að norðanverðu og suður að upptökum Innri-Sauðár. Þar segir að fyrir innan Innri-Sauða komi saman land Þingmúla og Hallormsstaðar. Landamerkjabréfið tekur bæði til óumdeilds eignarlands Geitdals og lands sem fellur innan kröfusvæðis ríkisins á *Geitdalsafrétt*, en merkjum gagnvart svæðinu sem hér er til umfjöllunar er lýst um Hraungarð, sem er í samræmi við afmörkun ríkisins á svæðinu.

Sunnan við kröfusvæði ríkisins á *Geitdalsafrétt*, við suðausturmörk svæðisins sem hér er fjallað um, er það kröfusvæði ríkisins sem nefnist *Búðartungur*. Í landamerkjabréfi fyrir Búðartungur frá 28. maí 1884 er merkjum gagnvart Gilsárdal lýst frá Sauða að Hornbrynju, sem er einnig í samræmi við afmörkun ríkisins á svæðinu sem hér er til umfjöllunar.

Að suðvestan- og vestanverðu liggja að svæðinu eignarlönd nokkurra jarða í Suðurdal Fljótsdals. Frá suðri til norðurs er þar um að ræða Sturluflöt, Víðivallagerði, Fremri-Víðivelli, Klúku, Ytri-Víðivelli og Hrafnkelsstaði.

Í landamerkjabréfi Sturluflatar frá 25. júlí 1925 er merkjum að utanverðu gagnvart kröfusvæðinu lýst um „Sturlá upp fyrir brúnir og síðan bein stefna austur á Hraun“. Hraun er heiti á víðlendu og gróðurlitlu öræfasvæði norðaustan Vatnajökuls inn af Fljótsdal að vatnaskilum við Lón og austur undir Öxi. Samhljóða lýsing er á þessum hluta merkjanna í eldra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 18. júní 1884. Gerð var þjóðlendu- og krafu- til austasta hluta Sturluflatar, þ.e. þess hluta sem er aðliggjandi kröfusvæði ríkisins í þessu máli, í máli nr. 1/2005 (Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á

<sup>756</sup> Nú hluti af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Jökuldal) á svæði 5. Í úrskurði óbyggðanefndar 29. maí 2007 í málinu var þjóðlendu-kröfu ríkisins á umræddu svæði hafnað og komist að þeirri niðurstöðu að þar væri eignarland.

Í landamerkjabréfi Víðivallagerðis frá 16. júní 1884 er merkjum að innanverðu lýst um „Sturlá upp á fjall og svo bein stefna austur í Hraungarð og Gilsá“ en að utanverðu er merkjum lýst um Skriðulæk og austur til fjalls beina stefnu. Þar er einnig getið landamerkja Fremri-Víðivalla og segir að Gilsá í Gilsárdal ráði merkjum þeirrar jarðar að austanverðu.

Í landamerkjabréfi Fremri-Víðivalla frá 1. september 1921 er merkjum að innanverðu lýst um Skriðulæk suðaustur til fjalls og beina stefnu í Gilsá en að utanverðu um Hagagarð beina stefnu suðaustur yfir fjallgarð og í Gilsá. Svo segir að Gilsá ráði merkjum að austanverðu.

Í landamerkjabréfi Ytri-Víðivalla ásamt hjáleigunni Klúku frá 14. janúar 1884 er merkjum að innanverðu lýst um Hagagarð yfir fjall og í Gilsá, að austanverðu eftir Gilsá og að utanverðu úr Gilsá norður yfir fjallgarð við Brandsöxl í Jökulsá.

Ekkert landamerkjabréf er skráð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu fyrir Hrafnkelsstaði en landamerki milli Hrafnkelsstaða og Ytri-Víðivalla voru ákveðin með landamerkjadómi 21. maí 1887, með sambærilegum hætti og utanverðum merkjum Ytri-Víðivalla er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884, þ.e. úr tilteknum stað í Jökulsá yfir fjallgarðinn við Brandsöxl og austur í Gilsá.

Af þessum landamerkjabréfum sést að jarðir í austanverðum Suðurdal Fljótisdals lýsa allar merkjum yfir Víðivallaháls sem skilur dalinn frá Gilsárdal og yfir í Gilsá, sem ræður austurmörkum þeirra. Það er einnig í samræmi við afmörkun ríkisins á suðvestur- og vesturmörkum kröfusvæðisins.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun ríkisins á kröfusvæðinu eigi sér stoð í gögnum málsins, að undanskilinni afmörkun ríkisins á norðurmörkum svæðisins en gögn málsins eru ekki samhljóða um hvar norðurmörk afréttar í Gilsárdal séu. Hvað sem því líður, og þrátt fyrir að í sumum heimildum sé fjallað um afrétt í Gilsárdal, er að mati nefndarinnar ljóst að kröfusvæðið er að öllu leyti innan merkja Hallormsstaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Afmörkun jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfinu á sér einnig stoð í eldri heimildum um merki jarðarinnar, sem eru allmargar, og engin þeirra mælir afmörkuninni í mót.

#### 7.4.5.2 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða svæðisins. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til svæðisins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli áður nefnds fyrirvara íslenska ríkisins þess efnis að á svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar væri þess óskað að óbyggðanefnd kannaði og skæri úr um hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda.

Í kafla 7.3 er fjallað um landnám á svæðinu en í *Landnámu* segir frá því að Graut-Atli hafi numið eystri strönd Lagarfljóts, milli Gilsár og Vallaness fyrir vestan Öxnalæk. Þá segir að Brynjólfur gamli Þorgeirsson hafi numið Fljótsdal allan fyrir ofan Hengifossá fyrir vestan en fyrir ofan Gilsá fyrir austan, Skriðdal allan og Vellina út til Eyvindarár.

Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ráðið að austanverður Fljótsdalur hafi verið numinn beggja vegna Gilsár, en þjóðlendukröfusvæðið er í austanverðum Gilsárdal sem gengur inn úr Fljótsdal. Þó verður að gera þann fyrirvara að landnámsmörk inn til lands eru ekki tiltekin og því ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um nákvæma stærð landnámsins, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Óvissa um þetta atriði er meiri eftir því sem ofar dregur á svæðinu. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna er þó að mati óbyggðanefndar líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að töluverðu leyti.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessa máls reynir því helst á hvort þjóðlendukröfusvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan marka jarða og sé þar með þjóðlenda sem eftir atvikum er háð óbeinum eignarréttindum.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja Hallormsstaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884 og að sú afmörkun

eigi sér stoð í eldri heimildum um merki jarðarinnar. Eins og áður segir er krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu einkum á því byggð að svæðinu sé í sumum heimildum lýst sem afrétt Hallormsstaðar. Í málinu er því einkum uppi það álitaefni hvort kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar, þrátt fyrir að vera lýst innan merkja í landamerkjabréfinu án neinnar aðgreiningar.

Kirkju á Hallormsstað er fyrst getið í skrá um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 og í elstu máldögum kirkjunnar frá 14.–16. öld er þess aðeins getið að hún eigi heimaland allt án þess að því sé nánar lýst. Eins og áður segir er heimalandi staðarins nánar lýst í biskupsvísitasíu fyrir Hallormsstað frá 1641. Sú lýsing, eins og hún hefur verið túlkuð hér að framan, tekur m.a. til kröfusvæðis ríkisins. Í vísitasíunni er enginn greinarmunur gerður á landi innan þess svæðis sem lýst er sem heimalandi staðarins. Sömu upplýsingar um heimaland Hallormsstaðar koma fram í öðrum biskups- og prófastsvísitasíum fram á 19. öld og einnig í ódagsettum texta, líklega frá miðri 18. öld, í kirkjustól Hallormsstaðarkirkju.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1804 kemur m.a. fram að jörðin eigi afrétt en því er ekki lýst nánar hvar hún sé.

Sömu lýsingu á heimalandi Hallormsstaðar og kemur fyrir í biskupsvísitasíunni frá 1641 og síðari vísitasíum er að finna í skjali sem prestur á Hallormsstað sendi til biskups með bréfi 14. júní 1806 þar sem óskað var eftir gögnum um landamerki Hallormsstaðar. Biskup svaraði erindinu 24. október 1806 og sagði biskupsvísitasíuna frá 1641 vera besta leiðarvísinn um merki jarðarinnar.

Í lögfestu fyrir Hallormsstað frá 31. ágúst 1851, sem var þinglýst 15. september sama ár, er heimalandi staðarins lýst með sama hætti en þó með þeirri viðbót að tekið er fram að dalurinn austan Gilsár sé hluti heimalandsins.

Með bréfi prests í Vallanesi til stiftsyfirvalda 30. júní 1831 fylgdi kort af Fljótsdal, Buðlungavallaheiði, Hallormstaðarhálsi, Skriðdal og Þingmúla. Í bréfinu var kortinu lýst og einnig er þar að finna lýsingu á landi Hallormsstaðar. Þar segir m.a.:

Til straxnævnte Gaard Hallormstads Hjemmemark hörer og den halve Gilsárdal, hvor der kan have Afret eller græsgang for de golde Faar om Sommeren, og ellers falde nogen Fjeldegræs.

Þess er þarna getið að hálfur Gilsárdalur teljist til heimalands Hallormsstaðar og að hann nýtist m.a. sem afrétt fyrir geldfé á sumrum.

Í biskupsskjalasafni er varðveitt skjal frá 21. júní 1834 sem inniheldur afskriftir prests á Hallormsstað á nokkrum skjölum um staðinn frá 18. öld, þar á meðal skjali um eignir og ítök Hallormsstaðarkirkju. Í því er að finna lýsingu á heimalandi Hallormsstaðar sem er eins og lýsingin í biskupsvísitasíunni frá 1641 sem áður er fjallað um.

Í skýrslu yfir inntektir Hallormsstaðarprestakalls frá 24. júní 1839 er fjallað um afrétt Hallormsstaðar: „Afrétt á Prestsetrid áfasta við Heimaland nægilega Handa sér fyrir Saudfénað; enn fyrir alla Stórgripi er mikid þraungt um beit bæði Vetur og Sumar“. Í

skýrslu frá 1854 um tekjur og útgjöld prestakallsins 1849–1853 segir að jörðinni hafi fylgt afrétt og skógur.

Í jarðamati Suður-Múlasýslu 1849–1850 segir m.a. að á Hallormsstað sé útigangur fyrir sauðfé hinn besti.

Í lýsingu Hallormsstaðasóknar í *Sýslu- og sóknalýsingum* Múlasýslna frá 1840 segir m.a. að inn af Skógum liggi Gilsárdalur og að Gilsá falli eftir dalnum sunnan af öræfum norður í Lagarfljót. Um Gilsárdal segir einnig: „Austan megin árinna liggur afrétt Hallormsstaðar milli fjallgarðsins er liggur inn af Buðlungavallaheiði og kallast þar, af grýttu og graslausu landi, Hraungarður.“ Þar segir einnig að afrétt sé engin í sókninni nema Gilsárdalur austan Gilsár „er brúkast frá heimastaðnum og afbýlinu Skjögrastöðum hvar í eru ennú nokkur grasatekja.“ Í annarri lýsingu á Hallormsstaða- og Þingmúlasókn frá 1874 í sama riti segir að Hallormsstaðasókn tilheyri engar afréttir nema Hallormsstaðarafrétt sem sé „Gilsárdalur innan til, austan við Gilsá inn að Hornbrynju og upp á Hraungarð inn af Hallormsstaðarhálsi“. Þar segir að þessi afrétt nægi aðeins hluta fjárins frá Hallormsstað og hjáleigum jarðarinnar. Aðrir bæir í sókninni verði að kaupa afrétt á Fljótsdals- eða Skriðdalsheiðum. Rétt sé á Hallormsstað.

Biskup Íslands seldi og afsalaði Hallormsstað, fyrir hönd kirkjunnar, til landssjóðs með afsali 8. nóvember 1904, sem var þinglýst 22. júní 1906.

Í fasteignamati Suður-Múlasýslu 1916–1918 kemur m.a. fram að upprekstrarland á Gilsárdalsafrétt fylgi Hallormsstað og að tekjur af henni hafi árlega numið 45 kr., auk afnota fyrir fé frá jörðinni.

Í svari oddvita Vallahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt frá 20. febrúar 1989 er fjallað um tvær afréttir. Önnur þeirra er Gilsárdalur sem er sögð fyrir bændur vestan Grímsár, þ.e. á Norður-Völlum. Um afmörkun segir: „Gilsárdalur afmarkast að vestan af Gilsá sunnan Hornbrynju (Sauðahnúkur) austan Hraungarður þar sem hann er hæstur norðan Grafningsá.“

Hjörleifur Guttormsson tók árið 2002 saman ítarlega örnefnaskrá fyrir Hallormsstað og studdist m.a. við eldri örnefnaskrár og athugasemdir við þær úr safni Örnefnastofnunar.<sup>757</sup> Þar segir að Gilsárdalsafrétt sé austan Gilsár í Gilsárdal innan við Krosslækjartanga.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um að landsvæði hveirrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Þá er tekið fram að nefndin telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og að af einstökum dæmum verði engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Leggja megi þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

<sup>757</sup> Nú hluti af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sem fyrr segir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfusvæði ríkisins sé allt innan merkja Hallormsstaðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1884. Þar er heildarmerkjum jarðarinnar lýst og kröfusvæðið er ekki aðskilið frá öðru landi hennar. Enginn greinarmunur er gerður á einstökum hlutum jarðarinnar og að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið munur á eignarréttarlegri stöðu svæða innan merkjanna. Þá á lýsing landamerkjabréfsins á merkjum jarðarinnar sér stoð í allmörgum eldri heimildum sem lýsa heimalandi Hallormsstaðar, en ekki liggja fyrir aðrar eldri heimildir sem mæla þeirri afmörkun í mót.

Kröfusvæði ríkisins er nokkuð vel gróið á láglandi hlutum þess, einkum við vesturmörk svæðisins sem teygja sig niður í dalbotn Gilsárdals. Eftir því sem ofar dregur er gróðurþekja hins vegar minni og á svæðinu austan- og sunnanverðu, þegar komið er í um og yfir 750 m hæð, einkennist það einkum af grýttum melum og klöppum. Þrátt fyrir að hluti svæðisins sé lítt gróinn telur nefndin að gróðurfur mæli ekki gegn því að stofnast hafi til beins eignarréttar, einkum þegar horft er til þess að aðliggjandi svæði til flestra átta eru um margt mjög sambærileg gróðurfarslega en engu að síður óumdeild eignarlönd. Það á einkum við um vesturhluta Gilsárdals, þar sem eru óumdeild eignarlönd jarða í Suðurdal Fljótsdals, svæðið norðan kröfusvæðisins sem er óumdeilt eignarland Hallormsstaðar, og svæðið norðaustan kröfusvæðisins og við nyrðri hluta austurmarka þess, þar sem óumdeilt eignarland Geitdals teygir sig upp á Hraungarð til móts við kröfusvæðið. Ekki verður séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfur bendi til þess að kröfusvæðið hafi síður orðið undirorpið beinum eignarrétti en þessi aðliggjandi svæði í sama dal og þeim næsta til austurs. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi innan kröfusvæðisins hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að syðri hluta austurmarka svæðisins og suðausturmörkum þess liggja að því önnur kröfusvæði ríkisins sem eru til umfjöllunar í köflum 7.4.3 og 7.4.4. Sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu er þar um að ræða eignarland að austanverðu en þjóðlendu að suðaustanverðu.

Íslenska ríkið byggir einkum á því að þjóðlendukröfusvæðið sé afrétt sem einungis hafi verið undirorpin óbeinum eignarréttindum. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Að mati óbyggðanefndar

verður ekki fram hjá því litið að gögn málsins benda fremur til beins eignarréttar á landi innan þjóðlendukröfuvæðisins en óbeinna eignarréttinda. Óbyggðanefnd telur líklegt að notkun hugtaksins afréttur vísi í þessu tilfelli til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitolandi fremur en að endurspegla mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðarinnar, sbr. til hliðsjónar úrskurð óbyggðanefndar frá 14. nóvember 2003 í máli nr. 5/2001 (Lón), að því er varðar jörðina Bæ í Lóni. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt fjallskilareglugerðum 19. aldar var búendum gert skylt að reka geldfé og lömb á afrétt ásamt því að aðgreina afréttir frá heimalöndum. Í 12. gr. reglugerðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m.fl., dags. 4. júlí 1892, segir að afrétt sé þar sem venja hafi verið, enda sé búsmala eigi haldið þar á sumrum að staðaldri, og eftir því skuli í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Að mati nefndarinnar bendir þetta orðalag reglugerðarinnar, sem var sett skömmu eftir gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, til þess að orðið afrétt hafi á svæðinu fyrst og fremst verið notað í þeim tilgangi að lýsa því með hvaða hætti landsvæði var nýtt, fremur en að lýsa mismunandi eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Ekki liggja fyrir heimildir sem benda til annars en að viðkomandi landeigendur hafi í gegnum tíðina farið með umráð og hagnýtingu yfir þjóðlendukröfuvæðinu og ekki er að sjá að svæðið hafi tilheyrt eða verið nýtt af öðrum án leyfis landeigenda. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að kröfuvæði ríkisins hafi nokkru sinni haft stöðu samnotaafréttar. Að mati nefndarinnar bendir framangreint til þess að svæðið sé háð beinum eignarrétti.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að land innan marka kröfuvæðis þess sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

## 7.5 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagnunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja mætti sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til.

Í samræmi við framangreint var gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður á fundi óbyggðanefndar 17. október 2024. Vegna takmarkaðra fjár-

heimilda óbyggðanefndar var þó einungis úrskurðað um hluta af málskostnaðinum. Ákvörðun um málskostnað að öðru leyti er frestað og málið verður endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stendur.

Áður hafði óbyggðanefnd, á fundi 19. desember 2023, úrskurðað gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur um mörk jarða. Sú ákvörðun er endanleg og málskostnaður samkvæmt henni hefur þegar verið greiddur.

Úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.



## 8 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Búðartungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

*Upphafspunktur er þar sem Innri-Sauðá rennur í Geitdalsá. Þaðan er Geitdalsá fylgt suður að upptökum við Brattháls á vatnaskilum milli Geitdals og Hamarsdals. Þeim vatnaskilum er svo fylgt vestur að sveitarfélagamörkum Múlabings og Fljótsdalshrepps. Sveitarfélagamörkunum er síðan fylgt norður í Hornbrynju. Þaðan er vatnaskilum milli Geitdals og Gilsárdals fylgt norðaustur að upptökum Innri-Sauðár, sem er fylgt austur í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign eiganda Þingmúla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Hulda Árnadóttir

Allan V. Magnússon

Sigmar Aron Ómarsson



**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

— með viðaukum —



**Svæði 1–10A, 10B, 10C o.fl.**

**Sérprentun 5. nóvember 2024**

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á einstökum svæðum hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliðgjandi *Almennar niðurstöður*. Þegar tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi hefur gefist fer sá texti lítillaga stytur hér á eftir í 7.–15. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

## EFNISYFIRLIT

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>IV</b>
<b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR</b> .....	<b>V</b>
<b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA</b> .....	<b>VI</b>
3.1. Landnám .....	VI
3.2. Hefð .....	VIII
3.3. Lög .....	XII
<b>4. FLOKKUN LANDS</b> .....	<b>XIV</b>
4.1. Almennt .....	XIV
4.2. Jörð .....	XV
4.3. Almenningar .....	XX
4.4. Afréttir .....	XXII
4.5. Jörð eða afréttur? .....	XXIX
4.6. Jöklar .....	XXX
4.7. Fjallskil .....	XXXV
4.8. Ítök .....	XXXIX
4.9. Fjörur og rekæign .....	XLII
<b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD</b> .....	<b>XLVII</b>
5.1. Almennt .....	XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur .....	XLVII
5.3. Máldagar og vísitásiur .....	XLIX
5.4. Lögfestur .....	LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf .....	LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur .....	LVI
5.7. Aðrar heimildir .....	LVIII
<b>6. NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>LIX</b>
<b>7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5</b> .....	<b>LXIV</b>
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða .....	LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi .....	LXVII

<b>8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6</b> .....	<b>LXIX</b>
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana .....	LXIX
<b>9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A</b> .....	<b>LXXIII</b>
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	LXXIII
<b>10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B</b> .....	<b>LXXIII</b>
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar .....	LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna .....	LXXVI
<b>11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A</b> .....	<b>LXXVIII</b>
11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir .....	LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis .....	LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna .....	LXXXIV
<b>12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B</b> .....	<b>LXXXVIII</b>
12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur .....	LXXXVIII
12.2. Almennar stöðuvatna .....	LXXXIX
<b>13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C</b> .....	<b>XCI</b>
13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	XCI
13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 .....	XCI
<b>14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B</b> .....	<b>XCVII</b>
14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	XCVII
14.2. Almenn álitæfni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla .....	C
<b>15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023</b> .....	<b>CXIII</b>
15.1. Almenn álitæfni um stjórnskipulegt gildi	
1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 .....	CXIII
15.2. Almenn álitæfni um lagagrundvöll málsmedferðar	
skv. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 .....	CXVI
15.3. Almenn álitæfni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins .....	CXXVIII

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrir á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.<sup>1</sup> Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfars stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um  $\frac{2}{3}$  hluta af yfirborði landsins.<sup>2</sup> Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfars í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins í heild og um  $\frac{10}{100}$  hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um  $\frac{1}{100}$  hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

<sup>1</sup> Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

<sup>2</sup> Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>3</sup>

Að þessu gættu er ekki fallist á að vísa kröfum íslenska ríkisins frá óbyggðanefnd á þeim grundvelli að athugasemdir óbyggðanefndar við kröfugerð ráðherra í fyrri úrskurðum nefndarinnar, sem liggja til grundvallar málsmeðferð í málum nr. 1–5/2023, geti ekki talist vera athugasemdir í skilningi 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga.

### 15.3. Almenn álitæfni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins<sup>252</sup>

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á því að kröfugerð ríkisins í málunum sé ósamrýmanleg kröfugerð ríkisins í eldri málum fyrir óbyggðanefnd. Með því að lýsa ekki kröfum til viðkomandi landsvæða í eldri málum hafi ríkið skapað réttmætar væntingar til þess að landsvæði sem ekki voru úrskurðuð þjóðlendur á þeim tíma væru eignarlönd. Þar sem flestir gagnaðilar íslenska ríkisins í málum nr. 1–5/2023 byggja á sjónarmiðum af þessu tagi þykir rétt að taka þau til almennrar umfjöllunar. Til stuðnings þessari málsástæðu vísa gagnaðilar ríkisins til dóma Hæstaréttar 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þessir dómur verða teknir til nánari skoðunar í þessu samhengi og einnig dómur Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II),<sup>253</sup> auk tveggja úrskurða óbyggðanefndar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var um að ræða landsvæði á Skeiðarársandi sem var innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfi Skaftafells II en Hæstiréttur taldi þó að eldri heimildir styddu ekki að það hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Aftur á móti taldi rétturinn að með tilteknum gerðum í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð „ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra“. Dómkröfur ríkisins um að svæðið væri þjóðlenda væru þessu alls ósamrýmanlegar. Þau lögskipti sem þar um ræðir fólust m.a. í því að menntamálaráðherra undirritaði árið 1966 afsal fyrir hönd ríkisins sem kaupanda að landinu, þar sem vísað var til framangreinds landamerkjabréfs Skaftafells II, og Náttúruverndarráð gaf út yfirlýsingu árið 1987 um að ágreiningssvæðið utan þjóðgarðsins væri í eigu lögbýlisins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var sú staða uppi að íslenska ríkið var meðal þeirra sem seldu hluta ágreiningssvæðisins til Orku-

<sup>252</sup> Kafli 7.2.5 í úrskurðum í málum nr. 1–5/2023, dags. 17. október 2024.

<sup>253</sup> Sjá einnig umfjöllun um þessa dóma í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og í úrskurði óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla).



veitu Reykjavíkur 1999 og við kaupin var gengið út frá því að svæðið væri innan merkja jarða og háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Jafnframt var þar gengið út frá því að hið sama ætti við um svæði sem Orkuveitan keypti af eigendum nærliggjandi jarða. Réð þetta atriði úrslitum um þá niðurstöðu réttarins að svæðið væri eignarland en ekki þjóðlenda, þrátt fyrir að rétturinn teldi eldri heimildir mæla gegn þeirri lýsingu landamerkjabréfa umræddra jarða að svæðið væri innan merkja þeirra. Talið var að ríkið hefði með þeim gerðum sem um ræddi viðurkennt í lögskiptum sínum við Orkuveituna að svæðið sem deila hennar við ríkið laut að væri háð beinum eignarrétti. Krafa ríkisins um mörk þjóðlendu var talin alls ósamrýmanleg þessu.

Um þessa tvo dóma segir í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*:

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Eftir að þetta var ritað féll einn dómur til viðbótar í Hæstarétti þar sem reyndi á sambærilegt álitaefni, þ.e. áður nefndur dómur Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Þar réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirbyggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigju þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“. Þau lögskipti sem um ræðir fólu í sér að landbúnaðarráðherra samþykkti landskipti á því landi sem deilt var um í málinu og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land jarðar væri að ræða. Í forsendum fyrir niðurstöðu dómsins segir:

Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk

Þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Á sambærilegt álítaefni reyndi einnig í úrskurði óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár), að því er varðar Sauðafellsselland. Þar lá fyrir samningur um fjölnytjaskógrækt, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra, þar sem ótvírætt virtist gert ráð fyrir að svæðið sem samningurinn tók til og var innan ágreiningssvæðis málsins væri hluti af viðkomandi lögbýli og háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd taldi að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði væri þjóðlenda væri ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds, sem girti jafnframt fyrir að unnt væri að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðaði.

Einnig má nefna úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018 (Fjallendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla). Þar lá m.a. fyrir að skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu hafði, fyrir hönd ráðherra, undirritað tvær yfirlýsingar 1964 um landamerki tiltekinna jarða sunnan Baulárvallavatns. Þá lá einnig fyrir afsal frá 1992, undirritað af landbúnaðarráðherra, vegna einnar jarðarinnar, þar sem vísað var um landamerki jarðarinnar til annarrar af landamerkjayfirlýsingunum frá 1964. Um þetta segir í úrskurði óbyggðanefndar:

Landbúnaðarráðherra og starfsmenn ráðuneytisins voru ekki til þess bærir að breyta eignarréttarlegri stöðu hins umdeilda svæðis með því að undirrita umræddar tvær yfirlýsingar um landamerki 1964 og afsala 1992 stærra svæði en áður tilheyrði Ytra-Lágafelli, sbr. þá meginreglu eignarréttar að eigandi fasteignar getur ekki afsalað viðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Þrátt fyrir það verður að telja að með þessum gerðum hafi íslenska ríkið viðurkennt gagnvart Ársæli Jóhannessyni, sem keypti Ytra-Lágafell 1992, að sameiginleg landamerki Ytra-Lágafells og Hofstaða væru þau sem greinir í yfirlýsingunni frá 1964. Jafnframt mátti ríkinu vera ljóst að eigendur Hofstaða og Elliða gætu lagt traust sitt á að í þessu fælist að ríkið viðurkenndi þau landamerki sem lýst er í yfirlýsingunum tveimur frá 1964 sem báðar eru undirritaðar af skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Breytir engu um þetta þótt sýslumannsembættið hafi þinglýst skjölunum með athugasemdum um að embættið hefði ekki borið landamerkjalyfingarnar saman við eldri heimildarskjöl um svæðin. Krafa ríkisins um þjóðlendu innan þeirra merkja sem lýst er í umræddum yfirlýsingum er þessu ósamrýmanleg, sbr. áður nefnda dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005, 617/2012 og 94/2017, og er henni því hafnað.

Hér hefur verið rakin réttarframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál fyrir óbyggðanefnd og dómstólum. Í þeim tilvikum sem slíkt hefur haft áhrif á niðurstöður þjóðlendumála hafa tilteknar *athafnir* ríkisins verið taldar hafa skapað væntingar hjá landeigendum og verið ósamrýmanlegar síðari þjóðlendukröfum, en kröfunum hefur verið hafnað á þeim grundvelli. Allar þær athafnir ríkisins sem í áður nefndum dómum voru taldar ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins eiga það sam-

eiginlegt að hafa varðað tiltekin afmörkuð landsvæði og beinst að eigendum tiltekinna jarða. Umræddar athafnir ríkisins fólu þannig í sér viðurkenningu á því að afmörkuð landsvæði væru hlutar tiltekinna jarða og eignarlönd viðkomandi landeigenda á þeim grundvelli. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) var til umfjöllunar land á Skeiðarársandi sem menntamálaráðherra hafði afsalað fyrir hönd ríkisins árið 1966 þar sem um landamerki var vísað til landamerkjabréfs Skaftafells II, sem tók til ágreiningssvæðis málsins, auk þess sem fyrir lá yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá 1987 um að ágreiningssvæðið væri í eigu lögbýlisins. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) var um það að ræða að íslenska ríkið hafði verið meðal seljenda hluta ágreiningssvæðis málsins til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999 þar sem gengið var út frá því að svæðið væri innan merkja tiltekinna jarða. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) var til umfjöllunar land þar sem landbúnaðaráðherra hafði samþykkt landskipti og töku þess úr landbúnaðarnotum á þeim grundvelli að um land tiltekinna jarðar væri að ræða. Það sama á við um úrskurði óbyggðanefndar sem hér hafa verið nefndir.

*Aðgerðaleyssi* ríkisins hefur á hinn bóginn almennt ekki verið talið nægja til að skapa slíkar væntingar. Sem dæmi má nefna að aðgerðaleyssi eða tómlæti ríkisins — t.d. þegar látið hefur verið hjá líða að gera athugasemdir eða aðhafast vegna skráningar á eignarhaldi lands á grundvelli eignarheimilda eins og landamerkjabréfa eða þinglýsingabóka — hefur ekki haft sérstaka þýðingu í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Slíkt aðgerðaleyssi ríkisins hefur ekki verið talið nægja til þess að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um eignarhaldið. Athugasemdalaus þinglýsing landamerkjabréfs eða annarrar eignarheimildar hefur þannig ekki verið talin leiða til réttmætra væntinga eigenda jarðar um að beinn eignarréttur hafi með því unnist að landi sem ekki átti undir jörðina áður, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (Hofsafréttur).

Af framangreindri dómaframkvæmd verður ráðið að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Í slíkum tilvikum virðast réttmætar væntingar geta haft sjálfstæða þýðingu að lögum og umfram þá vernd sem meintur rétthafi gæti reist á hefðbundnum heimildum að landsrétti. Í ljósi þeirrar þýðingarmiklu meginreglu eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum ber að varast að túlka áðurnefnda dóma um sjálfstæða þýðingu réttmætra væntinga rúmt, enda verður beiting slíkra sjónarmiða að teljast undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.

Þá hefur einnig þýðingu í þessu sambandi að þegar íslenska ríkið lýsti kröfum í öndverðu á hverju svæði, innan lögbundins kröfulýsingarfrests, lágu ekki öll gögn um svæðið fyrir. Undir rekstri hvers máls komu fram ýmsar heimildir og upplýsingar sem

ekki voru fyrir hendi þegar ríkið lýsti kröfum á svæðunum. Íslenska ríkinu var hins vegar ekki, fyrir gildistöku laga nr. 34/2020, heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð ríkisins. Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 34/2020 segir um þetta atriði:

Samkvæmt dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum, einkum dómi frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafreittur), er óbyggðanefnd bundin af kröfugerð aðila við úrlausn mála og getur því ekki úrskurðað um þjóðlendir á öðrum svæðum en þeim sem kröfur ríkisins ná til. Kröfum ríkisins er lýst á því stigi málsmeðferðar þegar gagnaöflun vegna viðkomandi svæðis er einungis lokið að hluta, enda er leit í sumum heimildaflokkum það seinleg að ógerlegt væri að koma henni við án þess að takmarka hana við þau svæði sem þjóðlendukröfur varða nema ætla mun lengri tíma til verksins en hingað til hefur tíðkast. Við gagnaöflun sem á sér stað eftir að kröfum ríkisins er lýst geta komið fram skjöl sem breyta forsendum kröfugerðar og benda í sumum tilvikum til þess að þjóðlendukröfur ríkisins hefðu átt að taka til stærra svæðis eða fleiri svæða. Að óbreyttum lögum eru verulegar skorður reistar við aukningu krafna ríkisins eftir að upphaflegar kröfur hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna, sbr. t.d. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008 (Hörgárbyggð austan Öxnadalsár) og dóma Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 11. október 2013 í máli nr. 71/2010 (Vaskárdalur), frá 14. sama mánaðar í máli nr. 75/2010 (Almenningur í Öxnadal) og frá 15. sama mánaðar í máli nr. 74/2010 (syðri hluti Bakkasels). Þar var því hafnað að kröfur ríkisins sem komu fram eftir tiltekið tímamark yrðu teknar til meðferðar og dómarnir standa allir óraskaðir af Hæstarétti. Þessi réttarstaða getur leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendir vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað.

Að mati nefndarinnar þarf að hafa þessa réttarstöðu í huga við mat á því hvort réttmætar væntingar kunni eftir atvikum að hafa skapast á grundvelli upphaflegrar kröfugerðar ríkisins sem tók til landsvæða aðliggjandi þeim svæðum sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023.

Samkvæmt öllu framansögðu er ekki unnt að fallast á að almennar athafnir ríkisins, eins og þær að lýsa ekki kröfum til landsvæða í þjóðlendumálum fyrir óbyggðanefnd, geti verið til þess fallnar að skapa landeigendum réttmætar væntingar um að slík landsvæði séu eignarlönd þeirra. Hafa verður hugfast að í kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd felst almennt ekki afstaða til þess að afmörkuð landsvæði utan þjóðlendukröfuvæða ríkisins séu eignarlönd tiltekinnna jarða. Það er enda ekki hlutverk óbyggðanefndar að skera úr um mörk milli eignarlanda og slíkt er því ekki til umfjöllunar í málum fyrir nefndinni eða eftirfarandi dómsmálum í þjóðlendumálum.

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir

því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrir en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kæranda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignaréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.<sup>254</sup> Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.<sup>255</sup>

<sup>254</sup> Sjá 49. mgr. í dómnum: „There was a difference [...] between a mere hope of restitution, however understandable that hope may be, and a “legitimate expectation”, which must be of a nature more concrete than a mere hope and be based on a legal provision or a legal act such as a judicial decision.“

<sup>255</sup> Sjá 50. mgr. í dómnum: „Similarly, no legitimate expectation can be said to arise where there is a dispute as to the correct interpretation and application of domestic law and the applicant’s submissions are subsequently rejected by the national courts.“

Af framangreindu, og annarri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,<sup>256</sup> verður ráðið að við mat á því hvort um réttmætar væntingar í framangreindum skilningi sé að ræða skipti einkum máli hvort nægilegur grundvöllur sé fyrir þeim í landslögum, t.d. samkvæmt fyrirbyggjandi dómaframkvæmd. Væntingar sem ekki eiga sér nægilega traustan grundvöll í landslögum eða dómaframkvæmd njóta þannig ekki verndar eignarréttarákvæðis mannréttinasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttinasáttmála Evrópu vernda ekki rétt manna til að öðlast eignir.<sup>257</sup>

Hér að framan hefur innlend dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál verið tekin til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Telja verður að það sé fyrst og fremst í slíkum tilvikum sem landeigendur geta talist hafa réttmætar væntingar til beins eignarréttar að tilteknum landsvæðum í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttinasáttmála Evrópu, enda eiga slíkar væntingar sér stoð í fyrirbyggjandi dómaframkvæmd.

---

<sup>256</sup> Sjá t.d. dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Gratzinger og Gratzingerova gegn Tékklandi, nr. 39794/98, Anheuser-Busch Inc. gegn Portúgal, nr. 73049/01, og Béláné Nagy gegn Ungverjalandi, nr. 53080/13.

<sup>257</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Stummer gegn Austurríki, nr. 37452/02.

## VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundi óbyggðanefndar 17. október 2024 úrskurðuðu nefndarmenn í máli nr. 2/2022 gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað að hluta sem hér segir, sbr. kafla 7.5 í úrskurði málsins:

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:

- Múlaþing vegna Geitdalsafréttar: 550.000 kr.
- Björn Björgvinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Baldur Björgvinsson og Ingibjörg Björgvinsdóttir vegna Höskuldsstaðasels: 450.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Sólmundur Már Jónsson, Ágúst Már Jónsson, Magnús Björn Jónsson, Björn Már Jónsson, Guðrún Rós Jónsdóttir, Ívar Björgvinsson og Ellert Már Jónsson vegna Vatnsskóga: 550.000 kr.

Eins og fram kemur í kafla 7.5 er um hluta málskostnaðar gagnaðila ríkisins að ræða, vegna takmarkaðra fjárheimilda óbyggðanefndar. Málið verður endurupptekið í byrjun árs 2025 í því skyni að úrskurða um það sem eftir stendur af málskostnaðinum.

Áður hafði óbyggðanefnd, á fundi 19. desember 2023, úrskurðað gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu málskostnað í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur um mörk jarða, sem hér segir:

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Óskar Gunnlaugsson og Baldur Gunnlaugsson vegna Berufjarðar: 500.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.
- Alda Jónsdóttir vegna Eyjólfsstaða; og Félagsbúið Lindarbrekka ehf. vegna Víðiness: 300.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.
- Guðný Gréta Eyþórsdóttir og Hafliði Sævarsson vegna Eiríksstaða: 300.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmannna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

## FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ<sup>1</sup>

Þjóðlendum:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Geitdalsafreitt:	Múlaþing
Höskuldsstaðasel:	Björn Björgvinsson, Unnur Björgvinsdóttir, Baldur Björgvinsson og Ingibjörg Björgvinsdóttir
Vatnsskógar:	Sólmundur Már Jónsson, Ágúst Már Jónsson, Magnús Björn Jónsson, Björn Már Jónsson, Guðrún Rós Jónsdóttir, Ívar Björgvinsson og Ellert Már Jónsson

---

<sup>1</sup> Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Berufjarðar í Berufirði af hálfu Óskars Gunnlaugssonar og Baldurs Gunnlaugssonar; Eyjólsstaða í Berufirði af hálfu Öldu Jónsdóttur; Víðiness í Berufirði af hálfu Félagsbúsins Lindarbrekku ehf.; og Eiríksstaða í Berufirði af hálfu Guðnýjar Grétu Eyþórsdóttur og Hafliða Sævarssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað.



## FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ<sup>1</sup>

### a) Efnisflokkuð skjalaskrá<sup>2</sup>

#### Skjöl lögð fram í máli nr. 3/2022 (OBN 22120003)

Lagt fram af Eddu Andradóttur og Andra Andrasyni lögmönnum f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.1.2022, leiðrétt 4.2.2022.
	1(1)	Skjalaskrá fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.1.2022.
	1(2)	Yfirlitskort, svæði 11. Kröfulínur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 28.1.2021.
	1(3)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 11 og kröfulýsingarfrest, dags. 20.4.2021, ásamt yfirlitskortum og bréfi til lögmans ríkisins, dags. 20.4.2021. Nr. 24 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(4)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 5.10.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 30.9.2021. Nr. 25 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(5)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 4.11.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 1.11.2021. Nr. 26 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(6)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 3.12.2021, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 2.12.2021. Nr. 27 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(7)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 8.1.2022, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 5.1.2022. Nr. 28 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(8)	Bréf óbyggðanefndar um framlengdan kröfulýsingarfrest, dags. 24.1.2022, ásamt beiðni um viðbótarfrest frá lögmanni ríkisins, dags. 24.1.2022. Nr. 29 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(9)	Listi yfir jarðir og landnúmer þeirra á svæði 11. Nr. 19 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(10)	Uppskriftir úr landamerkjabók Norður-Múlasýslu, ásamt efnisyfirliti. Nr. 20–21 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(11)	Uppskriftir úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu, ásamt efnisyfirliti. Nr. 22–23 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(12)	Minnisblöð frá Þjóðskjalasafni Íslands sem varða m.a.: 1) Gilsárdalsafrétt, 2) Geitdalsafrétt, Búðartungur og Öxi, 3) Múlaafrétt, 4) Ljósárland. Dags. 4.12.2021, 20.1.2022 og 21.1.2022. Nr. 6, 12–13 og 18 í skjalaskrá, skjali 1(1).
	1(13)	Greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins í máli nr. 3/2022, dags. 13.12.2023.

<sup>1</sup> Skjöl undir nr. 2 eru afrakstur kerfisbundinnar gagnaöflunar á Þjóðskjalasafni Íslands. Tilvísanir til merkingar aftast í hverri færslu þar vísa til auðkenningar Þjóðskjalasafnsins, sbr. heildarskilabréf og greinargerð Þjóðskjalasafnsins, skjöl nr. 2 og 3(2), en þar er að finna nánari upplýsingar en skráðar eru hér í skjalaskrána um uppruna viðkomandi skjala.

<sup>2</sup> Skjöl undir nr. 2 og 4 eru ekki í númeraröð heldur efnisflokkuð, sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“ en þar eru m.a. upplýsingar um gagnaflokka: <https://obyggdaneind.is/wp-content/uploads/frumgagnayfirlit.pdf>

**Lagt fram af óbyggðanefnd:***Skilabréf og söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands:*

2		Heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands; yfirlit um heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 26.6.2024.
3	3(1)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 3/2022, 1. útg., dags. 14.7.2023.
	3(2)	Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands í máli nr. 3/2022, 2. útg., dags. 26.6.2024.
	3(3)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands um <i>The Old Icelandic Land Registers</i> eftir Björn Lárusson og frumrit jarðabóka, dags. 2.2.2024.
	3(4)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands vegna fyrirspurnar um tilskipun frá 20. febrúar 1754, dags. 16.5.2024
	3(5)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands um gagnaöflun um nýbýli í Álftafirði og fleiri jarðir, dags. 2.2.2024
	3(6)	Minnisblað frá Þjóðskjalasafni Íslands um Ánastaði í Breiðdal, dags. 10.5.2024.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1):*

	2(1) a–b	Hallormsstaður í Skógum, landamerki, dags. 8.5.1884, þinglýst 6.7.1885. Merkt A.1.71a–c.
	2(2) a–b	Flaga í Skriðdal, landamerki, dags. 15.5.1883, þinglýst 20.6.1883. Merkt A.1.45.
	2(3) a–b	Þorvaldsstaðir í Skriðdal, landamerki, dags. 31.5.1883, þinglýst 20.6.1883. Merkt A.1.46.
	2(4) a–b	Geitdalur í Skriðdal, landamerki, dags. 14.6.1883, þinglýst 20.6.1883. Merkt A.1.47a–b.
	2(5) a–b	Þingmúli í Skriðdal ásamt Borg, Stefánsstöðum og Vatnsskógum, landamerki, dags. 7.6.1883, þinglýst 20.6.1884. Merkt A.1.49a–b.
	2(6) a–b	Búðartungur (Þingmúli í Skriðdal), landamerki, dags. 28.5.1884, þinglýst 20.6.1884. Merkt A.1.48.
	2(7) a–b	Borg í Skriðdal og Birkihlíð, landamerki, dags. 23.6.1963, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.111.
	2(8) a–b	Hjarðarhlíð í Skriðdal, landamerki, dags. 23.6.1963, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.112.
	2(9) a–b	Höskuldsstaðir í Breiðdal, landamerki, dags. 23.6.1885, þinglýst 29.6.1885. Merkt A.1.68a–c.
	2(10) a–b	Höskuldsstaðasel í Breiðdal, landamerki, dags. 25.6.1885, þinglýst 29.6.1885. Merkt A.1.69.
	2(11) a–b	Heydalir í Breiðdal, landamerki, dags. 29.4.1884, þinglýst 27.6.1884. Merkt A.1.57a–b.
	2(12) a–b	Heydalir og Fell í Breiðdal, landskipti, dags. 4.4.1946, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.110a–b.
	2(13) a–b	Flaga í Breiðdal, landamerki, dags. 12.6.1885, þinglýst en dagsetning og ár ekki tilgreind. Merkt A.1.70a–b.
	2(14) a–b	Ánastaðir í Breiðdal, landamerki, dags. 29.5.1883, þinglýst 27.6.1883. Merkt A.1.42a–b.
	2(15) a–b	Ánastaðir í Breiðdal, landamerki, dags. 20.6.1946, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.106.
	2(16) a–b	Berufjörður, landamerki, dags. 10.5.1884, þinglýst 23.6.1884. Merkt A.1.58a–b.
	2(17) a–b	Berufjörður og Kelduskógar í Berufirði, landamerki, dags. 12.7.1919, þinglýst 16.7.1919. Merkt A.1.97a–b.
	2(18) a–b	Berufjarðarkirkja, eyjar sem heyra undir kirkjuna og ítök í landi Kelduskóga, ódagsett, þinglýst 16.6.1886. Merkt A.1.84.

2(19) a–b	Fossárdalur í Berufirði (Eiríksstaðir, Víðines og Eyjólfstaðir), landamerki, dags. 2.5.1884, þinglýst 23.6.1884. Merkt A.1.59a–b.
2(20) a–b	Hamar í Hamarsfirði ásamt Hamarsseli, landamerki, dags. 9.4.1884, þinglýst 23.6.1884. Merkt A.1.61.
2(21) a–b	Hamar og Hamarsel í Hamarsfirði, landamerki, dags. 22.5.1918, þinglýst 5.7.1920. Merkt A.1.98.
2(22) a–b	Hrafnkelsstaðir og Vallholt í Fljótsdal, útrættir úr landskiptagjörð, dags. 20.6.1939, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.139a–b.
2(23) a–b	Ytri-Víðivellir í Fljótsdal, landamerki milli Ytri-Víðivalla I og II, dags. 15.7.1979, þinglýsingardags ekki getið. Merkt A.1.151.
2(24) a–b	Klúka í Fljótsdal, landamerki, dags. 17.12.1921, þinglýst 25.7.1922. Merkt A.1.113a–b.
2(25) a–b	Fremri-Víðivellir í Fljótsdal, landamerki, dags. 1.12.1921, þinglýst 25.7.1922. Merkt A.1.114a–b.
2(26) a–b	Sturluflöt í Fljótsdal, landamerki, dags. 18.6.1884, þinglýst 19.6.1884. Merkt A.1.5.
2(27) a–b	Sturluflöt í Fljótsdal, landamerki, dags. 16.12.1921, þinglýst 25.7.1922. Merkt A.1.115.
2(28) a–b	Víðivallagerði í Fljótsdal, landamerki, dags. 16.6.1884, þinglýst 19.6.1884. Merkt A.1.4a–b.
2(475) a–b	Valþjófsstaður í Fljótsdal, landamerki, dags. 6.6.1885, þinglýst 8.6.1885. Merkt A.1.153a–b.
2(476) a–b	Ítök Valþjófsstaðarkirkju, dags. 6.6.1885, þinglýst 8.6.1885. Merkt A.1.154a–b.

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2):*

2(79) a–b	Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal, Klúka í Fljótsdal, Ytri-Víðivellir í Fljótsdal: Skjal merkt K í landamerkjamáli Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku annars vegar og Hrafnkelsstaða hins vegar með samantekt á upplýsingum sem varða merki jarðanna og athugasemdum þar að lútandi. Skráð er á skjalið að það hafi verið lagt fram í aukarétti Norður-Múlasýslu 20.5.1887 og einnig í landsyfirdómi 20.11.1888, 20.5.1889 og 10.3.1890, sjá Landsyfirtjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum III, bls. 421–422 (mál nr. 32/1888), 500–501 (mál nr. 2/1889) og Landsyfirtjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum IV, bls. 33–34 (mál nr. 43/1889). Merkt A.2.22a–e.
2(80)	Ytri-Víðivellir í Fljótsdal: Kaupgjörningur þar sem Hallgrímur Jónsson Thorlacius sýslumaður seldi Þorsteini Sigurðssyni 24 hundruð úr heimajörðinni Ytri-Víðivöllum fyrir sex ríkisdali hvert hundruð eða alls 144 ríkisdali. Með í kaupunum fylgdi þriggja hundruða rekasandur, tilheyrandi hálfum Víðivöllum. Bætt er við skjalið 7.6.1719 að Þorsteinn Sigurðsson bauð náungum Hallgríms sýslumanns, í fyrsta lið eða annan, að fá nefnd 24 hundruð fyrir sama verð og hann greiddi. Kaupbréfið er dagsett 21.9.1718 og var upplesið í Lögréttu 8.7.1719. Skráð er á skjalið að það hafi komið frá Guttormi Vigfússyni 8.11.1917. Merkt A.2.68a–c.

*Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):*

2(81) a–b	Ytri-Víðivellir í Fljótsdal: Afsalsbréf hvar Guttormur Pálsson prófastur Suður-Múlaprófastsdæmis, fyrir hönd Geirs Vídalíns biskups, selur á uppboði jörðina Víðivelli ytri í Fljótsdalshrepp (sextán hundruð að dýrleika) til séra Vigfúsar Ormssonar á Arnheiðarstöðum. Dags. 30.7.1821, þinglýst 12.5.1823. Merkt A.3.3.
-----------	---

2(82) a–b	Höskuldsstaðir í Breiðdal: Kaupbréf hvar Þorvarður Gíslason selur tvö hundruð í Höskuldsstöðum til sonar síns Gísla Þorvarðssonar. Dags. 3.3.1840, þinglýst 29.7.1840. Merkt A.3.41.
2(83) a–b	Höskuldsstaðasel í Breiðdal, Höskuldsstaðir í Breiðdal: Gjafabréf hvar Þorvarður Gíslason gefur börnum sínum fjögur hundruð í Höskuldsstöðum (Gísla og Brynjólfi tvö hundruð hvorum) og þrjú hundruð í Höskuldsstaðaseli (Ragnheiður, Helga og Ingibjörg fá eitt hundrað hver). Dags. 26.5.1843, þinglýst 7.6.1843. Merkt A.3.52.
2(84) a–b	Höskuldsstaðasel í Breiðdal: Kaupbréf hvar Jón Magnússon, fyrir hönd eiginkonu sinnar, selur eitt hundrað í Höskuldsstaðaseli til Gunnlaugs Bjarnasonar. Dags. 28.5.1843, þinglýst 7.6.1843. Merkt A.3.53.
2(85) a–b	Höskuldsstaðir í Breiðdal: Kaupbréf hvar Brynjólfur Þorvarðarson selur tvö hundruð í Höskuldsstöðum til bróður síns Gísla Þorvarðarsonar. Dags. 7.8.1843, þinglýst 18.7.1844. Merkt A.3.58a–b.
2(86) a–b	Höskuldsstaðasel í Breiðdal: Kaupbréf hvar Sigurður Sigurðsson selur eitt hundrað í Höskuldsstaðaseli til Jónasar Magnússonar. Dags. 25.6.1843, þinglýst 18.7.1844. Merkt A.3.59.
2(87) a–b	Geitdalur í Skriðdal: Lögfesta hvar Guðmundur Sigmundsson lögfestir land Geitdals innan tilgreindra landamerkja. Dags. 29.4.1846, þinglýst 1.5.1846. Merkt A.3.62a–b.
2(88) a–b	Berufjörður í Berufirði, Flaga í Breiðdal, Ljósárland: Lögfesta hvar Pétur Jónsson prestur í Berufirði lögfestir Ljósárland í landi kirkjujarðarinnar Flögu í Breiðdal. Dags. 18.4.1850, þinglýst 6.6.1851. Merkt A.3.76.

*Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3):*

*Skjöl frá sýslumanni Austurlands:*

4(36)	Ánastaðir í Breiðdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(37)	Berufjörður í Berufirði; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(38)	Eiríksstaðir í Berufirði; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(39)	Eyjólfsstaðir í Berufirði; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(40)	Hallormsstaður í Skógum; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(41)	Höskuldsstaðasel í Breiðdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(42)	Höskuldsstaðir í Breiðdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(43)	Valþjófsstaður í Fljótssdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(44)	Vatnsskógar í Skriðdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(45)	Víðines í Berufirði; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.
4(46)	Þingmúli í Skriðdal; registur veðbóka frá sýslumanni Austurlands.

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5):*

*Jarðamat 1804 (Skjalaflokkur A.5.a):*

2(29) a–b	Jarðamat 1804: Sturluflöt í Fljótssdal. Merkt A.5.a.35.
2(30) a–b	Jarðamat 1804: Víðivallagerði í Fljótssdal. Merkt A.5.a.36.
2(31) a–b	Jarðamat 1804: Fremri-Víðivellir í Fljótssdal. Merkt A.5.a.37.
2(32) a–b	Jarðamat 1804: Klúka í Fljótssdal. Merkt A.5.a.38.
2(33) a–b	Jarðamat 1804: Ytri-Víðivellir í Fljótssdal. Merkt A.5.a.39.
2(34) a–b	Jarðamat 1804: Hrafnkelsstaðir í Fljótssdal. Merkt A.5.a.40.
2(35) a–b	Jarðamat 1804: Hallormsstaður í Skógum. Merkt A.5.a.93.
2(36) a–b	Jarðamat 1804: Borg í Skriðdal. Merkt A.5.a.98.
2(37) a–b	Jarðamat 1804: Þingmúli í Skriðdal. Merkt A.5.a.99.
2(38) a–b	Jarðamat 1804: Geitdalur í Skriðdal. Merkt A.5.a.100.

2(39) a-b	Jarðamat 1804: Þorvaldsstaðir í Skriðdal. Merkt A.5.a.101.
2(40) a-b	Jarðamat 1804: Flaga í Skriðdal. Merkt A.5.a.102.
2(41) a-b	Jarðamat 1804: Flaga í Breiðdal. Merkt A.5.a.103.
2(42) a-b	Jarðamat 1804: Ánastaðir í Breiðdal. Merkt A.5.a.104.
2(43) a-b	Jarðamat 1804: Höskuldsstaðir í Breiðdal. Merkt A.5.a.105.
2(44) a-b	Jarðamat 1804: Höskuldsstaðasel í Breiðdal. Merkt A.5.a.106.
2(45) a-b	Jarðamat 1804: Heydalir í Breiðdal. Merkt A.5.a.107.
2(46) a-b	Jarðamat 1804: Hamar í Hamarsfirði. Merkt A.5.a.117.
2(47) a-b	Jarðamat 1804: Fossárdalur í Berufirði. Merkt A.5.a.120.
2(48) a-b	Jarðamat 1804: Berufjörður í Berufirði. Merkt A.5.a.121.
2(466) a-b	Jarðamat 1804: Valþjófsstaður í Fljótsdal. Merkt A.5.a.124.

*Jarðamat 1849–1850 (skjalaflokkur A.5.b):*

2(49) a-b	Jarðamat 1849–1850: Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal, Ytri-Víðivellir í Fljótsdal, Fremri-Víðivellir í Fljótsdal, Víðivallagerði í Fljótsdal, Sturluflöt í Fljótsdal. Merkt A.5.b.5a–f.
2(50) a-b	Jarðamat 1849–1850: Hallormsstaður í Skógum o.fl. Merkt A.5.b.10a–h.
2(51) a-b	Jarðamat 1849–1850: Þingmúli í Skriðdal, Borg í Skriðdal, Geitdalur í Skriðdal, Þorvaldsstaðir í Skriðdal, Flaga í Skriðdal o.fl. Merkt A.5.b.11a–e.
2(52) a-b	Jarðamat 1849–1850: Flaga í Breiðdal, Ánastaðir í Breiðdal, Höskuldsstaðir í Breiðdal, Heydalir í Breiðdal. Merkt A.5.b.12a–g.
2(53) a-b	Jarðamat 1849–1850: Berufjörður í Berufirði, Fossárdalur í Berufirði, Eiríksstaðir í Berufirði. Merkt A.5.b.13a–d.
2(54) a-b	Jarðamat 1849–1850: Hamar í Hamarsfirði o.fl. Merkt A.5.b.14a–g.
2(467) a-b	Jarðamat 1849–1850: Valþjófsstaður í Fljótsdal. Merkt A.5.b.15a–c.

*Fasteignamat 1916–1918 (skjalaflokkur A.5.c):*

2(55) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal. Merkt A.5.c.1a–c.
2(56) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Ytri-Víðivellir í Fljótsdal. Merkt A.5.c.2a–c.
2(57) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Klúka í Fljótsdal. Merkt A.5.c.3a–b.
2(58) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Fremri-Víðivellir í Fljótsdal. Merkt A.5.c.4a–c.
2(59) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Víðivallagerði í Fljótsdal. Merkt A.5.c.5a–c.
2(60) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Sturluflöt í Fljótsdal. Merkt A.5.c.6a–b.
2(61) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Vatnsskógar í Skriðdal. Merkt A.5.c.66a–b.
2(62) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Stefánsstaðir í Skriðdal. Merkt A.5.c.67.
2(63) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Borg í Skriðdal. Merkt A.5.c.68a–b.
2(64) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Þingmúli í Skriðdal. Merkt A.5.c.69a–b.
2(65) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Hátún í Geitdal. Merkt A.5.c.70a–b.
2(66) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Geitdalur í Skriðdal. Merkt A.5.c.71.
2(67) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Þorvaldsstaðir í Skriðdal. Merkt A.5.c.72.
2(68) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Flaga í Skriðdal. Merkt A.5.c.73a–b.
2(69) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Hallormsstaður í Skógum. Merkt A.5.c.87a–c.
2(70) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Flaga í Breiðdal. Merkt A.5.c.122a–b.
2(71) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Ánastaðir í Breiðdal. Merkt A.5.c.123.
2(72) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Höskuldsstaðasel í Breiðdal. Merkt A.5.c.124a–b.
2(73) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Höskuldsstaðir í Breiðdal. Merkt A.5.c.125a–b.
2(74) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Eiríksstaðir í Berufirði. Merkt A.5.c.126.
2(75) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Víðines í Berufirði. Merkt A.5.c.127a–b.
2(76) a-b	Fasteignamat 1916–1918: Eyjófsstaðir í Berufirði. Merkt A.5.c.128a–b.

2(77) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Berufjörður í Berufirði. Merkt A.5.c.129a–b.
2(78) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Hamar í Hamarsfirði. Merkt A.5.c.142.
2(468) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Valbjófsstaður í Fljótsdal. Merkt A.5.c.144a–c.
2(469) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Heydalir í Breiðdal. Merkt A.5.c.145a–b.
2(492) a–b	Fasteignamat 1916–1918: Vallanes á Völlum. Merkt A.5.c.86a–d.

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6):*

*Yfirlit úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.a):*

2(375)	Yfirlit úr dómabókum sýslumanna: Afrétt, Ánastaðir í Breiðdal, Berufjörður í Berufirði, Borg í Skriðdal, Búðartungur, Eiríksstaðir í Berufirði, Eyjólfstaðir í Berufirði, Flaga í Breiðdal, Flaga í Skriðdal, Fossárdalur í Berufirði, Fremri-Víðivellir í Fljótsdal, Geitdalsafréttur, Geitdalur í Skriðdal, Hallormsstaður í Skógum, Hamar í Hamarsfirði, Hátún í Geitdal, Heydalir í Breiðdal, Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal, Höskuldsstaðasel í Breiðdal, Höskuldsstaðir í Breiðdal, Klúka í Fljótsdal, Stefánsstaðir í Skriðdal, Sturluflöt í Fljótsdal, Vatnsskógar í Skriðdal, Víðivallagerði í Fljótsdal, Ytri-Víðivellir í Fljótsdal, Þingmúli í Skriðdal, Þorvaldsstaðir í Skriðdal.
--------	--

*Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna (skjalaflokkur A.6.b):*

2(376) a–b	Arnkelsgerði á Völlum, Hallormsstaður í Skógum. Manntalsþing 22. júní 1906. Þinglesið var afsalsbréf, dagsett 8. nóvember 1904, hvar biskups Íslands seldi og afsalaði landssjóði jörðina Hallormsstöðum með hjáleigum. Enn fremur var þinglesið kaup- og afsalsbréf, dagsett 21. mars 1906, hvar Eymundur Einarsson seldi Nikulási Guðmundssyni tvö hundruð úr Arnkelsgerði. Merkt A.6.b.7.
2(377) a–b	Arnhólsstaðir í Skriðdal, Búðartungur, Eyrarteigur í Skriðdal, Flaga í Skriðdal, Geitdalur í Skriðdal, Hryggstekkur í Skriðdal, Litla-Sandfell í Skriðdal, Þingmúli í Skriðdal, Þorvaldsstaðir í Skriðdal. Manntalsþing 20. júní 1884. Þinglesnar voru landamerkjaskrár fyrir Litla-Sandfell, Eyrarteig, Arnhólsstaði með Hryggstekki, Þingmúla með hjáleigum, Búðartungur, Geitdal, Þorvaldsstaði og Flögu. Merkt A.6.b.11a–b.
2(378) a–b	Ánastaðir í Breiðdal, Áreyjar í Reyðarfirði, Höskuldsstaðasel í Breiðdal. Manntalsþing 27. júní 1883. Þinglesið var forboð Jóhanns Péturssonar í Áreyjum um beit utan Áreyjarklifs. Enn fremur var þinglesin landamerkjaskrá Ánastaða. Skráð er að þinglesin hafi verið landamerkjaskrá Höskuldsstaða en svo er strikað yfir þá færslu. Merkt A.6.b.12a–b.
2(379)	Ánastaðir í Breiðdal. Aukaréttur 28. júní 1892. Tekin var fyrir sú ósk prestsins að Bjarnanesi, sr. Þorsteins Benediktssonar, um að bera út af jörðinni Ánastöðum ábúandann Bjarna Bjarnasyni. Fram kemur að honum hafi ekki verið löglega útbyggð jörðin og sömuleiðis að byggingarbréf Guðmundar Guðmundssonar hafi verið ógilt þar sem landamerki Ánastaða hafi ekki verið tilgreind í byggingarbréfinu. Í úrskurði var ekki farið að ósk prestsins. Merkt A.6.b.13a–b.
2(380)	Ánastaðir í Breiðdal. Fógetaréttur 30. júní 1893. Tekin var fyrir ósk sr. Þorsteins Benediktssonar á Bjarnanesi um að bera Bjarna Bjarnason út af jörðinni Ánastöðum. Úrskurðaðist svo að útburður á Bjarna af Ánastöðum upp á ábyrgð prestsins skyldi hafa framgang. Merkt A.6.b.14.
2(381)	Ánastaðir í Breiðdal, Hátún í Geitdal. Aukaréttur 1. júlí 1929. Guðmundur Árnason og Jón Björgólfsson voru dómkvaddir til að meta jörðina Ánastaði. Þá voru Helgi Finnsson og Einar Jónsson dómkvaddir til að meta jörðina Hátún. Merkt A.6.b.15a–b.

2(382) a–b	Ánastaðir í Útmanasveit, Árnastaðir í Loðmundarfirði, Fremri-Víðivellir í Fljótsdal, Hríjótur í Útmanasveit, Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal, Nes í Loðmundarfirði, Neshjáleiga í Loðmundarfirði, Stakkahlíð í Loðmundarfirði, Sturluföt í Fljótsdal, Úlfsstaðir í Loðmundarfirði, Víðivallagerði í Fljótsdal, Úlfsstaðir. Extraréttur 2. október 1828. Skoðun og virðing á Skriðuklaustursjörðum. Fram koma lýsingar um landamerki. Merkt A.6.b.19a–r.
2(383) a–b	Berufjörður í Berufirði, Bragðavellir í Hamarsfirði, Geithellnar í Álftafirði. Manntalsþing 30. apríl 1839. Upplesin var uppáteiknun, dagsett 20. apríl 1839, upp á kaupbréf, dagsett 30. mars 1830, hvar Jón Sigurðsson seldi Magnúsi Jónssyni fjögur hundruð í Bragðavöllum. Uppáteikninin hafði upplýsingar um landamerki sem Eyjólfur á Melrakknesi mótmælti. Einnig var upplesið skiptabréf eftir Álfheiði Kristjánsdóttur, dagsett 22. mars 1839, hvar afhent voru syni hennar Sigurði Ásmundssyni fjögur hundruð og 40 álnir í jörðinni Geithellum. Enn fremur var upplesin auglýsing, dagsett 24. apríl 1839, hvar sr. Pétur Jónsson á Berufirði og Tómas Skúlason á Búlandsnesi friðlýstu þessara jarða löndum. Merkt A.6.b.53a–b.
2(384) a–b	Berufjörður í Berufirði, Hof í Álftafirði. Manntalsþing 30. júlí 1840. Friðlýst var eftir beiðni sr. J. Bergssonar á Hofi Þvottáreyjum með tilheyrandi skerjum. Einnig var friðlýst Berufjarðareyjum og öllu Berufjarðarprestakalli tilheyrandi landi, fyrir skotum. Enn fremur var þinglesið kaupbréf, dagsett 27. júlí 1840, hvar Jón Ingibjargarson seldi Sigurði Ásmundssyni eitt hundrað og 50 álnir í jörðinni Geithellum. Merkt A.6.b.54.
2(385) a–b	Berufjörður í Berufirði, Háls í Hamarsfirði, Hof í Álftafirði. Manntalsþing 24. maí 1848. Þinglesið var skjal, dagsett 23. maí 1848, hvar prófasturinn Th. Erlendsson friðlýsti æðarvarpi og selaveiðum við staði tilheyrandi Hofs- og Hálskirkjum. Enn fremur afhenti sr. Pétur á Berufirði sams konar skjal um friðlýsingu varplássa tilheyrandi hans prestakalli. Merkt A.6.b.55.
2(386) a–b	Berufjörður í Berufirði, Flaga í Breiðdal, Ljósárland. Manntalsþing 6. júní 1851. Lesin var lögfesta, dagsett 18. apríl 1850, hvar P. Jónsson í Berufirði lögfesti Ljósárland og Flögu. Gísli Þorvarðsson á Höskuldsstöðum mótmælti lögfestunni. Merkt A.6.b.56.
2(387) a–b	Berufjörður í Berufirði, Fossárdalur í Berufirði, Flugustaðir í Álftafirði, Hamar í Hamarsfirði, Hamarssel í Hamarsfirði. Manntalsþing 23. júní 1884. Þinglýst var landamerkjaskrár fyrir jarðirnar Flugustaði, Hamar með Hamarsseli, Berufjörð og Fossárdal. Merkt A.6.b.57a–b.
2(388) a–b	Berufjörður í Berufirði, Flaga í Skriðdal, Hamar í Hamarsfirði. Aukaréttur 15. september 1916. Menn voru útnefndir til að meta eftirfarandi jarðir: Hamar og Kambshjáleigu í Geithellnahreppi, Berufjörð og Kelduskóga í Beruneshreppi ásamt Flögu og Geirólfsstöðum í Skriðdalshreppi. Merkt A.6.b.58a–b.
2(389) a–b	Berufjörður í Berufirði, Eyjólfstaðir í Berufirði. Aukaréttur 2. júlí 1917. Matsmenn staðfestu framlagðar matsgjörðir fyrir jarðirnar Berufjörð og Eyjólfstaði. Merkt A.6.b.59.
2(390) a–b	Berufjörður í Berufirði, Eyjólfstaðir í Berufirði, Geithellnar í Álftafirði. Manntalsþing 12. júlí 1919. Þinglesið var skjal hvar Sigurður Malmquist seldi og afsalaði Guðmundi Eiríkssyni 7,2 hundruð úr jörðinni Geithellum, dagsett 27. nóvember 1918. Þinglesið var skjal hvar ráðherra Íslands seldi og afsalaði Magnúsi Jónssyni jörðina Eyjólfstaði, dagsett 29. október 1918. Enn fremur var þinglesið samkomulag um landamerki jarðanna Berufjarðar og Kelduskóga, dagsett 12. júlí 1919. Merkt A.6.b.60a–b.
2(391) a–b	Borg í Skriðdal, Skuggahlíð í Norðfirði. Aukaréttur 26. mars 1917. Útnefndir voru menn til að meta jarðirnar Hallbjarnarstaði og Borg í Skriðdalshreppi og einnig Skuggahlíð í Norðfjarðarhreppi. Merkt A.6.b.63a–b.

2(392) a–b	Borg í Skriðdal, Flaga í Skriðdal. Aukaréttur 12. júlí 1917. Matsmenn staðfesta framlagðar matsgjörðir fyrir jarðinar Flögu og Borg. Merkt A.6.b.64a–b.
2(393) a–b	Borg í Skriðdal, Flaga í Skriðdal, Vatnsskógar í Skriðdal. Manntalsþing 7. júlí 1919. Þinglesið var skjal hvar landsstjórnin seldi og afsalaði Bjarna Björnssyni jörðina Borg. Þinglesið var skjal hvar ráðherra Íslands seldi og afsalaði Halldóri Halldórssyni jörðina Vatnsskóga. Enn fremur var þinglesið skjal hvar ráðherra seldi og afsalaði Sigríði Guðmundsdóttur jörðina Flögu. Öll skjölin voru dagsett 7. nóvember 1918. Merkt A.6.b.65a–b.
2(394) a–b	Þingmúli í Skriðdal. Aukaréttur 23. maí 1923. Menn voru útnefndir til að meta jörðina Þingmúla. Merkt A.6.b.66a–b.
2(395) a–b	Þorvaldsstaðir í Skriðdal. Manntalsþing 6. júlí 1816. Upplesið var makaskiptabréf, dagsett 17. október 1815, hvar Jón Runólfsson makaskipti til Magnúsar Jónssonar hálfri jörðinni Hallgeirsstöðum á móti jörðinni Þorvaldsstöðum. Merkt A.6.b.109.
2(396) a–b	Eiðar í Eiðapínghá, Hallormsstaður í Skógum, Ormsstaðir í Eiðapínghá, Þuríðarstaðir í Eyvindarárdal. Manntalsþing 15. september 1825. Upplesið var makaskiptabréf, dagsett 22. september 1822, hvar Þórður Jónsson makaskipti hálfri bóndaeygn á Eiðum með tilheyrandi bæjum, Ormsstöðum, Tókastöðum og hálfum Þuríðarstöðum, til Benedikts Vigfússonar á móti hálfum Firði með Fjarðarseli í Seyðisfirði. Einnig var upplesin lögfesta fyrir Hallormsstað, dagsett 4. september 1825. Merkt A.6.b.117.
2(397) a–b	Þorvaldsstaðir í Skriðdal. Manntalsþing 27. júní 1816. Upplesið var makaskipta- og kaupbréf, dagsett 17. október 1815, milli Jóns Runólfssonar á Þorvaldsstöðum og Magnúsar Jónssonar á Hallgeirsstöðum þar sem þeir makaskiptu sínum ábýlisjörðum svoleiðis að Jón keypti eitt hundrað í Þorvaldsstöðum. Merkt A.6.b.119.
2(398) a–b	Eiríksstaðir í Berufirði. Aukaréttur 2. maí 1931. Menn voru útnefndir til að meta jörðina Eiríksstaði. Merkt A.6.b.124.
2(399) a–b	Eiríksstaðir í Berufirði. Aukaréttur 23. júlí 1931. Matsmenn staðfestu matsgjörð fyrir jörðina Eiríksstaði. Merkt A.6.b.125.
2(400) a–b	Þingmúli í Skriðdal. Aukaréttur 4. júlí 1923. Matsmenn staðfesta framlagða matsgjörð fyrir jörðina Þingmúla. Merkt A.6.b.131.
